
ÓSNORTIN EYÐIBYGGÐ Í FJÖRÐUM

FORNLEIFASKRÁNING



I. BINDI

Ritstjóri: Kristborg Þórsdóttir

Höfundar efnis: Kristborg Þórsdóttir, Ragnheiður Gló Gylfadóttir og
Stefán Ólafsson

Reykjavík 2021

FS857-18081

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



Á forsiðumynd er túnið á Arnareyri SP-042 í Hvalvatnsfirði. Mikið landbrot er við ströndina og stór hluti túnsins er horfinn af þeim sökum. Loftljósmynd tók Ragnheiður Gló Gylfadóttir.

©Fornleifastofnun Íslands 2021

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Vefsíða: www.fornleif.is

Samantekt

Árin 2018-2019 fór fram fornleifaskráning í Fjörðum, eyðibýggð í Grýtubakkahreppi í Suður-Píngeyjarsýslu. Byggðin fór endanlega í eyði árið 1944 og lítið rask hefur orðið á minjum af mannavöldum síðan. Þar hefur því varðveist einstakt menningarlandslag sem þó er í hættu að hluta til vegna landbrots og annarrar náttúruvár. Í Fjörðum voru 11 lögbýli en á svæðinu öllu voru skráðar 883 fornleifar, að jafnaði um 80 minjar á hverju býli, og er það mun hærra hlutfall en algengt er á svæðum þar sem byggð hefur haldist fram til loka 20. aldar. Verkefnið var styrkt af Fornminjasjóði og Grýtubakkahreppi.

Í minjunum í Fjörðum eru fólgnar ómetanlegar og ríkulegar upplýsingar um þessa harðbýlu sveit. Þar að finna fjölmarga minjaflokka sem ekki sjást lengur á svæðum þar sem byggð hefur haldist fram á þennan dag. Á það einkum við um bæjarstæðin og heimatúnin þar sem sjá má heillegar bæjartóftir og öskuhauga á bæjarhólum, nokkrar kynslóðir útihúsa og umfangsmikil mannvirki í tengslum við vatnsveitu heim að bæjum.

Efnisorð: Fjörður, Grýtubakkahreppur, fornleifaskráning, Fornminjasjóður, jadarbyggð, eyðibýggð, menningarlandslag

Summary

A general survey was carried out in 2018-2019 for the abandoned settlement of Fjörður in Grýtubakkahreppur, North-East Iceland. The settlement was always a marginal one, in parts due to heavy snowfall during winter time and isolation, and was completely abandoned in the year 1944. Since the area has more or less been free from modern disturbance the condition of the archaeology is very good, even though some parts are threatened by natural processes, mainly coastal erosion. In the settlement of Fjörður there were 11 independent farms and in the whole area a total of 883 archaeological sites were surveyed, making the average count per farm close to 80 sites, which is much higher than the average for farms that have been in occupation up until the end of the 20th century.

The results of the survey in Fjörður provide abundant and important information about life in this harsh terrain. Many types of sites that have mostly vanished in other areas where settlement has continued up until modern times are still in tact in Fjörður. This includes the farm site itself and the homefield where well preserved farm mounds, farm ruins and middens are to be found, along with a few generations of outhouses and considerable structures in relation to water supply for the farms.

Keywords: Fjörður, Grýtubakkahreppur, archaeological survey, Archaeological heritage Fund, marginal settlement, abandoned settlement, cultural landscape

Efnisyfirlit

I. Bindi

Samantekt.....	3
Summary.....	3
I. Inngangur.....	6
II. Saga fornleifaskráningar og löggjöf.....	9
III. Skýringar.....	11
IV. Fornleifaskrá-Hvalvatnsfjörður.....	13
SP-037 Gil.....	14
SP-038 Kussungsstaðir.....	33
SP-039 Þverá.....	74
SP-040 Kaðalstaðir.....	101
SP-040b Kúsveinsstaðir.....	137
SP-041 Tindriðastaðir.....	146
SP-042 Arnareyri.....	184
SP-043 Brekka.....	226
SP-623 Jórunnarstaðaafreittur.....	270
Viðauki II: Minjakort Hvalvatnsfjörður.....	291

II. Bindi

IV. Fornleifaskrá-Þorgeirsfjörður og Keflavík

SP-044 Þönglabakki	
SP-045 Botn	
SP-046 Hóll	
SP-047 Keflavík	
SP-621 Fornleifar á fleiri en einni jörð	

V. Byggðasaga

VI. Skráning örnefna í Fjörðum

VII. Minjaflokkar

Bæjarhólar, öskuhaugar og bæjartóftir

Kirkjur, kuml og legstaðir

Þjóðtrú

Vatnsból

Tún og túngarðar

Kálgarðar

Útihús

Minjar um sjósókn og útgerð

Kvíar og stekkir

Forngarðar

Beitarhús

Seljabúskapur

Réttir

Landnýting utan túna (mógrafir, torfrista, kolagrafir, útslægjur, áveita)

Landamerki

Samgönguminjar

Samantekt

VIII. Varðveisla minja

IX. Kynning og áframhaldandi rannsóknir

X. Forspárgildi skráningarinnar í Fjörðum fyrir landið allt

XI. Samantekt og lokaorð

XII. Heimildaskrá


Viðauki I: Tegund og hlutverk allra minja í Fjörðum

Viðauki II: Hnitaskrá ISN93

Viðauki III: Minjakort Þorgeirsfjörður og Keflavík

I. Inngangur

Byggðin í Fjörðum í Grýtubakkahreppi fór í eyði á tímabilinu 1906-1944 og er svæðið nánast ósnortið af vélvæðingu nútímans. Það hefur mikla sérstöðu sem stórt og samfelld minjasvæði sem er lítið raskað og mun vægi þeirrar sérstöðu aukast með tímanum eftir því sem slíkum svæðum fækkar á Íslandi og í heiminum öllum. Líkt og víðast hvar við sjávarsíðuna er mikið landbrot í Fjörðum og margar minjar á svæðinu í stórhættu af þeim sökum. Langt er síðan byggðin fór í eyði og því örfáir enn á lífi sem bjuggu í Fjörðum og eru til frásagnar um lífið í sveitinni. Ljóst er að ef upplýsingum um líf og búskaparhætti á slíkum svæðum er ekki safnað fljótlega er hætt við því að ómetanlegur fróðleikur muni fara forgörðum. Það var því margt sem mælti með því að ráðist yrði í umfangsmikla fornleifaskráningu í Fjörðum. Fornleifastofnun Íslands fékk styrki til verksins úr Fornminjasjóði og frá Grýtubakkahreppi og fór vettvangsvinna fram árin 2018-2019. Verkefnið var unnið undir stjórn Kristborgar Þórsdóttur en auk hennar sáu fornleifafræðingarnir Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Stefán Ólafsson um fornleifaskráninguna. Gylfi Helgason jók eldri svæðisskráningu fyrir Fjörður áður en farið var á vettvang og Magnea Dís Birgisdóttir sá um vinnslu mynda af uppmælingum í fornleifaskrá.



Kort sem sýnir dreifingu minja á skráningarsvæðinu í Fjörðum 2018-2019 (Loftmynd: Loftmyndir ehf.). Á innfelleddu Íslandskorti frá Landmælingum Íslands er staðsetning svæðisins sýnd með rauðum punkti.

Markmið verkefnisins voru fjölþætt en meginmarkmiðið var að fá glögga mynd af búskaparháttum á þessu harðbýla svæði og sögu þess með því að skrá allar þekktar minjar á

svæðinu og mæla þær upp með nákvæmum hætti. Gögnin úr skráningunni verður svo hægt að kynna og setja í samhengi við aðrar sambærilegar eyðibýggðir í landinu. Verkefnið var einnig hugsað sem liður í því að gera minjavörslunni kleift að fylgjast með landbroti á svæðinu og áhrifum þess á minjar meðfram ströndinni. Í því augnamiði var strandlínan framan við sýnilegar minjar mæld en einnig voru árbakkar mældir þar sem landbrot ógnar minjum. Þar sem aðstæður leyfðu voru teknar loftmyndir með flygildi eða dróna.

Fjörðurnar eru á afskekktu og stórskornu landsvæði á Gjögorskaga milli Flateyjardals og Látrastrandar í Eyjafirði. Innan þess er Keflavík vestast, svo kemur Þorgeirsfjörður og Hvalvatnsfjörður er austast. Í Fjörðum voru 11 lögbýli. Vestast í Fjörðum var bærinn Keflavík og í Þorgeirsfirði voru Botn, Hóll og Þönglabakki. Þessar jarðir voru skráðar 2018 en minjar í Hvalvatnsfirði voru skráðar 2019 en þar voru lögbýlin Arnareyri, Brekka, Tindriðastaðir, Þverá, Kussungsstaðir, Kaðalstaðir og Gil. Að auki voru skráðar minjar á Jórunnarstaðaafretti í Hvalvatnsfirði og ferðaleiðir sem lágu yfir fleiri en eina jörð. Alls voru skráðar 883 fornleifar í Fjörðum og voru því að meðaltali um 80 fornleifar á hverri jörð. Er það langtum meiri fjöldi en meðaltalsfjöldi á jörðum sem haldist hafa í byggð fram á síðustu ár.

Í vandaðri fornleifaskráningu er nauðsynlegt að hafa uppi á og ræða við heimildamenn fyrir skráningarsvæði, sé þess nokkur kostur. Heimildamenn geta m.a. gefið ómetanlegar upplýsingar um hlutverk minja og minjar sem eru horfnar. Í eyðibýggð eins og Fjörðum í Grýtubakkahreppi var eðli málsins samkvæmt ekki um auðugan garð að gresja þegar kom að því að finna heimildamenn fyrir svæðið því aðeins eru fáir einstaklingar á lífi sem muna eftir byggðinni þar. Síðustu fjölskyldurnar fóru úr Fjörðum vorið 1944 og bjuggu þær á Þönglabakka og Botni. Rætt var við Hall Jóhannesson sem ólst upp á Þönglabakka til 8 ára aldurs en fleiri systkini hans eru enn á lífi, m.a. Stefanía, og birtist viðtal við hana í Morgunblaðinu í janúar 2017.¹ Foreldrar Halls og Stefaníu hófu búskap á Kaðalstöðum og man Stefanía eftir sér þar. Þau fluttu svo að Þönglabakka árið 1933 þar sem Hallur fæddist. Móðursystir Halls, Guðrún Guðlaugsdóttir, bjó á Botni ásamt sinni fjölskyldu en eiginmaður hennar var Þórhallur Geirfinnsson sem var fæddur í Keflavík. Móðurforeldrar Halls og Stefaníu, Guðlaugur Jónsson og Hólmfríður Tómasdóttir, bjuggu á Tindriðastöðum og voru síðustu ábúendur þar. Hallur minntist æskulóðanna með mikilli hlýju og kvað þau systkinin aldrei hafa liðið skort, alltaf haft nóg að bíta og brenna.

Aðrir heimildamenn sem náðist í hafa ólíka tengingu við svæðið en allir þekkja þeir það vel af fjölmörgum heimsóknum þangað. Haraldur Höskuldsson frá Réttarholti hefur vanið komur sínar í Fjörður frá því hann var á táningsaldri og fór með að reka fé á fjall í Fjörðum og í göngur á haustin. Eftir að Fjörðurnar fóru í eyði voru þær nýttar sem afrettarland fyrir Grýtubakkahrepp. Haraldur hefur einnig tekið að sér leiðsögn fyrir gönguhópa, eins og aðrir heimildamenn; Björn Ingólfsson, Hermann Gunnar Jónsson og Valgarður Egilsson, heitinn.

¹ Atli Viðarsson. „Gaman að alast upp í Fjörðum.“ Morgunblaðið, 5. janúar 2017. Sótt á vef mbl.is: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1624319/>

Eiga allir þessir menn þakkir skildar fyrir veitta aðstoð.

Áður en fornleifaskráningin fór fram í Fjörðum höfðu ekki farið fram neinar fornleifarannsóknir á svæðinu ef frá er talinn uppgröftur á fornu mannvirki í landi Keflavíkur sem gerður var af Fornleifavernd ríkisins árið 2002.² Fornleifastofnun Íslands vann svæðisskráningu (heimildaskráningu) í Grýtubakkahreppi árið 1996 og var hún lögð til grundvallar frekari heimildavinnu um svæðið þegar verkefnið hófst 2018. Voru þá skráðar 147 minjar á svæðinu upp úr heimildum. Þar sem skráningin var komin til ára sinna var hún uppfærð og aukin. Mikill hluti undirbúningsins fólst í því að rýna í loftmyndir af svæðinu og leita að vísbendingum um minjar á þeim. Þegar undirbúningur hófst vorið 2018 lét Grýtubakkahreppur í té loftmyndir frá Loftmyndum ehf. sem til voru af svæðinu á þeim tíma en gæði þeirra mynda voru ekki mjög mikil. Loftmyndir á leitarvélinni Bing reyndust vel við þennan hluta undirbúningsins, þó að þær væru heldur ekki í sérlega góðri upplausn. Eftir að vettvangsvinnu lauk 2019 hafa verið teknar mjög góðar loftmyndir af svæðinu af Loftmyndum ehf. og á úrvinnslustigi voru nokkrar minjar skráðar af þeim sem ekki höfðu sést á eldri myndum, á svæðum sem ekki var gengið um á vettvangi.

Skýrsla þessi er byggð upp á svipaðan hátt og aðrar aðalskráningarskýrslur Fornleifastofnunar. Á eftir inngangi er kafli um sögu fornleifaskráningar og löggjöf og í kjölfarið er kafli um aðferðir. Þar er finna skýringamynd fyrir uppmælingar sem sýndar eru í fornleifaskrá og á minjakortum. Hryggjarstykkið í skýrslunni er sjálf fornleifaskráin sem er mikil að vexti og í framhaldi af henni er fjallað um byggðasögu svæðisins og helstu niðurstöður verkefnisins. Aftast er heimildaskrá, listi yfir tegundir og hlutverk og hnitaskrá í ISN93. Skýrslan er tvö bindi og eru viðeigandi minjakort aftast í hvoru þeirra.

² Sigurður Bergsteinnsson. 2002.

II. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a.** búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b.** vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c.** tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d.** vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt

kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.


Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Umhverfis allar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði en umhverfis friðlýstar fornleifar er 100 m friðhelgað svæði.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.


III. Skýringar

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (SP, RA o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala en það er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: RA-084:001). Séu fleiri en ein fornleif (minjaeining) á hverjum minjastað bætist við eininganúmer aftast í númeraröðinni (dæmi: RA-084:001_1). Fornleifaskrá hvernjar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari, búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hvernjar jarðar.

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens	Númer fornleifar á tiltekinni jörð	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93
Sýslutákn	SF-175-009	Sveinshlaða	tóft	hlaða	E: 528751 N: 352323



Sveinshlaða 009, horft til norðurs



Ljósmynd af minjastað og uppmæling/teikning

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlínu Skaftártúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártúnguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs. Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgráfin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hölf eða annað mannvirki og er það torflaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfín virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfíð norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920

Hætta sem stöðjar að fornleif

Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá

Dæmi um framsetningu á upplýsingum um fornleifar í skýrslunni.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernjar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að

ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Uppmælingar voru gerðar á öllum sýnilegum minjastöðum með Trimble Geoexplorer 6000 og er möguleg skekkja mælinganna innan við 1 metri, allt niður í nokkra sentimetra.

Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.


Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir séu þær fyrir hendi en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Í síðustu línu er svo getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Uppmælingar_skýringar		
• fornleif	— óljóst	■ torf
- - - leið	— renna	■ steypa
- - - leið af loftmynd	- - - þúst	■ tún
- - - náma	- - - þúst	— náttúrulegt_lína
— hrun	- - - bæjarhóll	■ náttúrulegt_fláki
— kantur	▨ grjót	— landamerki_ónákvæm
— niðurgröftur	■ torf og grjót	

Allar uppmælingar sem gerðar voru í skráningunni eru skilgreindar til glöggvunar m.t.t. til byggingarefnis eða eðlis minjanna og eru skýringar á þeim sýndar í lista hér fyrir ofan. Þessar skýringar gilda fyrir öll minjakort og myndir af uppmældum minjum í fornleifaskrá.

IV. Fornleifaskrá - Hvalvatnsfjörður



Kort frá 1933 af skráningarsvæðinu sem sýnir staðsetningu allra lögbýla. Uppdráttur Íslands, Kort 61. Siglufjörður (hluti af korti).

SP-037 Gil



Kort sem sýnir túnið á Gili og minjar innan þess. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

1712: “Dýrleikinn óviss, því þetta kot er heimaland Höfðastaðar [SP-060], sem áður segir um Brekku [SP-043]. [...] í eyði undir 20 ár [...]. Aftur má hjer byggja, ef fólk til fengist. Enginn brúkar nú þetta kot eður hefur brúkað, síðan jörðin lagðist í eyði.” JÁM XI, 57-58. 1847: Jarðardýrleiki óviss, Höfðakirkjueign. JJ, 316. Í neðanmálsgrein á sama stað stendur: “A.M. segir hér frá leigumála, og segir hann jörðina gamla eyðijörð Höfða kirkju, en 1805 er hún talin hjáleiga frá Höfða og er hvergi sagt frá dýrleika hennar. Sýslumaður telur hér nú 1 kúgildi.”

“Gil. Dýrleiki að fornu óviss, nýtt mat 7,2 h. Var byggt upp með vissu 1805, í byggð 1811-86 og 1889-99. Eign lénskirkjunnar í Höfða.” BT, 38.

Jörðin fór í eyði 1899 og “hefur lengi verið talin afréttarland og þá nefnt Gilsafréttur.” Ö-Gil AG, 1.

1712: Túnið er fordjarfað af lángrvarandi órækt. Engið er votunnið, og jetur vatnið úr rótina. Úthagarnir góðir og miklir.” í JÁM XI, 58.

1839: “Það er landmikil jörð og landgóð [...]. Engin hlunnindi fylgja heldur önnur jörðinni nema grastekja nóg fram til heiða og dala, ekki skógland, ekki slægjuland nema fjallsslægjureitur, ekki mótak, ekki tilkall til trjáreka.” í SSP, 69.


1898: “Túnið var lítið, gaf ekki af sér nema í mesta lagi eitt kýrfóður, og varð því að treysta á þessar fjallendis slægjur, sem á jörðinni voru.” Theódór Friðriksson 208-209. Síðustu búskaparárin á Gili var bústofninn 1 kýr, 2 hross og 30 ár í kvíum auk lamba og geldfjár á fjalli. Theódór Friðriksson, 209.

1916-1918: “Lýsing jarðarinnar: Jörðin sem liggur uppvið Leirdalsheiði, hefir verið í eyði í 19 ár. Tún því eyðilagt fyrir löngu og fallin öll hús. Engjar voru grasgefna, greiðfærar og þurrar hálfdeigjur, nokkuð samfelldar og nærtækar, en engjavegur ógreiðfær. Búfjárhagar víðlendir. Sumarheit ágæt, en vetrarheit engin að telja, sökum snjóþyngsla. Landið nú aðeins notað sem upprekstrarland, enda allfjarri byggð. Árlegt upprekstrargjald síðustu árin um 16 krónur. En töluvert ber landið fleira fé en sem því nemur. Mat jarðarinnar: Jörðin sjálf Kr. 300.00.” Fasteignamat Suður-Þingeyjarsýslu 1916-1918 - undirmat I, 71.

SP-037:001_1 Gil bæjarhóll bústaður

541679 620420

“Jörð í Grýtubakkahreppi í Fjörðum fremst í Hvalvatnsfirði vestanverðum næst sunnan við Kussungstaði [SP-038]. Þessi jörð fór að fullu í eyði 1899 og hefur lengi verið talin afréttarland og þá nefnt Gilsafréttur,” segir í ornefnaskrá. Bæjarhóllinn á Gili er vestast í miðju túni um 180m norð-norðvestan við Grenivíkurtungusporð og tæpa 100m vestan við Gilsá (heitir einnig Fjarðará/Austurá). Á honum er stór bæjartóft með sambyggðu útihúsi og meintur öskuhaugur. Vísbindingar um húsaskipan í bænum á Gili er að finna í frásögn Theódórs Friðrikssonar í bók hans Í verum þegar hann lýsir heimkomu að bænum eftir haustróðra: “Mér blöskraði snjórinn, og kom það í hug að bærinn mundi alveg kominn í kaf. [...]. Eg byrjaði á því að rífa til með stafnum til þess að gera mér holu til að setjast að í. Þá varð fyrir mér undarleg misfella. Þetta var norðurstafrinn á eldhúsinu. [...]. Þegar eg gætti betur að var baðstofufakið



Bæjarhóllinn á Gili 001 og nálægar minjar. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

að mestu upp úr fönninni, og eins bæjarþilið, er vísaði fram á hlaðið. En af eldhúsinu, sem var í miðið, var ekki annað upp úr en strompurinn, og var mikið að ég skyldi ekki stingast á hausinn ofan í hlóðirnar. Ef eg hefði farið fjórum föðmum neðar, hefði eg lent í kvosinni, sem mokuð hafði verið upp framan við bæjarþilið. Nú var þar fennt upp á miðja bæjardyrhurð, og lokur dregnar fyrir að innan. Eg skreið því upp á baðstofugluggann.” Í sama riti kemur fram að ný baðstofa var reist á bænum árið 1898. Teikning Gríms Sigurðssonar af bænum sem finna má í bókinni Fagurt er í Fjörðum reyndist einnig gagnleg við túlkun minjanna.

Túnið í Gili er á fremur mjóu undirlendi á milli Gilshnúks og Gilsár og hallar því til austurs að ánni. Það er lítið þýft en deiglent. Bæjarhóllinn á milli tveggja mýrardraga og er nokkuð af lækjum vestan við hann sem renna úr hlíðunum ofan við bæinn.

Bæjarhóllinn er um 60x35m að stærð og snýr norður og suður. Norðurhlutinn er 38x35 m að stærð þar sem bæjartóft 001_2 og öskuhaugur 001_3 eru (snýr norður-suður). Suðurhlutinn er 22x27 m að stærð (snýr austur-vestur). Upphleðsla hans er skýrust að austanverðu í norðurhlutanum þar sem hún er um 2m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö- Gil, 1; Theódór Friðriksson, 213-214, 202; Fagurt er í Fjörðum, teikningar aftast í bók

SP-037:001_2 tóft bústaður

541673 620413

Á bæjarhólnum er stór tóft, hlaðin úr torfi og grjóti. Heildarstærð hennar er 40x20 m og snýr hún norður-suður. Tóftin skiptist í tvo meginhluta, annars vegar bæjartóft í norðurenda og hins vegar í tvískipta úthúsatóft í suðurhluta. eru þessir tveir hlutar samtengdir með stórum heygardi. Í lýsingunni hér á eftir verður hverju hólfi innan tóftarinnar gefinn bókstafur til aðgreiningar og hefst hún nyrst, á bæjartóftinni. Í þeim hluta bæjarins sem hafður hefur verið til íbúðar eru fimm hólfi og var bæjarhlaðið austan við tóftina. Hólf A er í norðausturhorni bæjartóftarinnar og er op á því í suðausturhorni. Þar voru dyrnar inn í bæinn og hefur þar líklega verið bæjarþilið sem Theódór Friðriksson nefnir í tilvísun hér að framan (sjá 001_1) og sýnt er á teikningu Gríms Sigurðssonar af bænum. Þetta hólf er 3,5x2 m að innanmáli



Yfirlitsmynd tekin með dróna til SSV sem sýnir minjar á bæjarhóli Gils 001.



Bæjartóftin á Gili 001_2, horft til austurs.

og snýr norður-suður, líkt og flest hólfin innan bæjarins gera. Úr þessu hólfi er op í suðvesturhorni inn í stutt bæjargöng. Við austurenda þeirra er lítið hólfi sem er um 2 m á kant að innanmáli. Stafn þess vísaði fram á hlað til austurs ef marka má uppdrátt Gríms. Hólfi C er á vinstri hönd ef gengið er eftir göngum til vesturs. Það er samansigið, 2x0,5 m að innanmáli. Mögulega hefur eldhúsið verið þarna því hólfið er í miðri tóft og Theódór Friðriksson nefnir það að eldhúsið hafi verið í miðjum bænum. Næsta hólfi vestan við hólfi C er hólfi D sem er 3x1,5 m að innanmáli og norðan við það, við enda bæjarganganna, er hólfi E sem er 3x1,5 m að innanmáli. Er líklegt að baðstofan á Gili hafi verið í öðru hvoru þessara vestustu hólfa í tóftinni. Syðst í bæjartóftinni, sunnan við hólfi B og C, er lítið hólfi sem er 2,5x2,5 m að innanmáli. Veggir þess virðast þykkir en einnig kemur til greina að það hafi verið niðurgrafið. Ekki er op á því og tengsl þess við íbúðarhluta bæjarins ekki skýr. Hólfi G og H eru hlaðin vestan í tóftina og virðast tilheyra eldra byggingarskeiði en sá hluti tóftarinnar sem þegar hefur verið lýst. Syðra hólfið G er tæpir 2 m á kant innanmáls og er op á því í suðvesturhorni. Í því kann að hafa verið brunnhús því að vatni hefur verið veitt að því og frá eftir rennu 010. Norðan við hólfi G er hólfi H sem er 4,5x1,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er á því í vesturenda. Síðasta hólfið í bæjartóftinni er hólfi I sem er allra nyrst, norðan við hólfi A. Það er 2,5x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á því í norðvesturhorni. Heygarðurinn sem tengir saman bæjartóft og útihúsatóft er hólfi J og er 7x6 m að innanmáli, snýr norður-suður. Op er á því í norðvesturhorni. Sunnan við það er tvískipt útihúsatóft og er hólfi K í vesturhluta hennar. Það er 7x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Ekki er hlaðinn veggur á austurgafli og hefur þar verið timburþil með dyrum. Sennilegt er að þetta hafi verið fjósið á bænum og framan við það til austurs er lág þúst sem ætla má að sé fjóshaugur. Aftan og vestan við meint fjós er heystæði eða hlaða í hólfi L sem er 4,5x2 m að innanmáli og snýr einnig austur-vestur. Op er á því í suðausturhorni og svo virðist sem að op hafi verið á milli fjóss og heystæðis/hlöðu. Innrabyrði veggja er 30-160cm á hæð en ytrabyrði 50-200cm á hæð. Vegghleðslur eru um 1,5-2m á breidd og má víða sjá rof í þeim. Ennfremur má sjá votta fyrir fallinni þekju hér og hvar.

Hættumat: engin hætta

SP-037:001_3 öskuhaugur

541682 620413

Fast austan við bæjartóft 001_2 og suðaustan við bæjardyrnar er allstór þúst sem líklegt er að sé öskuhaugur. Þústin er 15x10 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er 0,2-0,3 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

SP-037:002 *Sauðabæli* heimild um vað

541758 619900

“Heiðará er með mörgum fossum og staksteinótt. Tvö vöð eru á henni. Það ytra er skammt fyrir framan bæinn að Gili og heitir Sauðabæli; það er gott aðgöngu að vestan [...]. Fossvað [003] er lítið eitt sunnar og vatnsmikið nokkuð,” segir í örnefnaskrá.

“Tvö vöð [sjá einnig 003] eru á þessari síðari [Vestri-Illagilsá], skammt fyrir framan og sunnan Gilsbæ, vestanmegin tungusporðsins. Ytra vaðið heitir Sauðabæli. Það er gott aðgöngu að vestan, lyngt og gott undir í botninn að fráteknum steini sem stendur vestarlega í ánni þar sem yfrum verður að fara. Ekki má hér heldur hestinn bera afvega, sökum flúðar, yfir 1/2 hestlengd. Breidd árinna er hér um 8 álnir. En þegar yfrum er komið tekur hesturinn heima í strandbergi áður hann fer upp úr vatninu. Verður þá að fara af baki og teyma hestinn út með berginu frekar 20 álnir, þar til sniðgata liggur upp á bakkann. Ekki þarf maðurinn að vaða, sé ekki áin í vexti,” segir í Sýslu- og sóknalýsingu Þingeyjarsýslna 1839. “Vaðið Sauðabæli var litlu ofar og sunnar en eldri brú 007 sem er horfin fyrir allöngu og 480 m sunnan við bæinn á Gili 001.

Allbratt en gróið er niður af vesturbakka árinna að vaðinu en þar sem farið er frá vaðinu upp á austurbakkann er bratt og grýtt. Áin er að mestu laus við flúðir þar sem farið var yfir hana á þessu vaði en talsverðar flúðir eru ofan og neðan við það.

Engin ummerki um umferð sjást við vaðið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Gil, 1; SSP, 63-64

SP-037:003 *Fossvað* heimild um vað

541720 619356

“Heiðará er með mörgum fossum og staksteinótt. Tvö vöð eru á henni. Það ytra er skammt fyrir framan bæinn að Gili og heitir Sauðabæli [002] [...]. Fossvað er lítið eitt sunnar og vatnsmikið nokkuð. Þetta er suður og upp frá gili, þar uppaf er Fossvaðsskál í fjallinu [...],” segir í örnefnaskrá. Haraldur Höskuldsson, heimildamaður, þekkir vel vöðin á Heiðará eða Vestari-Illagilsá. Margir fossar eru í ánni og var vaðið ofan við einn slíkan að sögn Haraldar, litlu neðan við þar sem Fossvaðslækur rennur út í ána úr Fossvaðsskál. Vaðið er 500 m sunnan við vaðið Sauðabæli 002 og rúmum 1 km sunnan við bæ 001.



Fossvað 003, horft til norðausturs.

Af bökkum Heiðarár/Vestari-Illagilsá eru brattar og ógrónar hlíðar niður að ánni á Fossvaði. Stór steinn er í ánni fast ofan við vaðið og neðan við það eru flúðir og foss.

Áin rennur í nokkuð þröngum árfarvegi. Á vaðinu breikkar áin svolítið en hún er þó nokkuð vatnsmikil og straumhörð þar. Engin merki um umferð sjást við vaðið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Gil, 1

SP-037:004 *Skeiðarvað* heimild um vað

540072 617419

“Svo er Skeiðarvað, það er frammarlega í Trölladal [sjá SP-055:011], er þrautavað en mjög úr vegi. Upp af því vaði eru flöt holt, sem heita Skeiðavaðstindar, og þar uppaf vaðinu heitir Skeiðarvaðsskál,” segir í örnefnalýsingu. “Skeiðarvað, það er framalega í áminnstum Trölladal og er þrautavað kallað í vatnavöxtum, en mjög úr vegi. Hér er breiðari farvegur og ekki mjög brattur. Bakkar ekki háir en mjög er hún grýtt í botninn með smáflúðum, sem mikið má sneiða fyrir,” segir í Sýslu- og sóknalýsingu Þingeyjarsýslna 1839. Skeiðarvað er langt inni á Trölladal, um 2,5 km suðvestan við Fossvað 003 og 3,4 km suðvestan við bæinn á Gili 001. Ekki var það skoðað á vettvangi þegar aðalskráning var gerð í Fjörðum 2019 en Haraldur Höskuldsson, heimildamaður, staðsetti vaðið á loftmynd. Af aðstæðum af loftmyndum að dæma er lýsing á aðstæðum í Sýslu- og sóknalýsingum nokkuð góð og sýnilega eru árbakkarnir mun grónari, lægri og meira aflíðandi en þar sem Fossvað 003 og Sauðabæli 002 eru.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Gil, 1; SSP, 64

SP-037:005 *Dysjar* örnefni legstaður

“Lækur kemur úr Þórðardal, sem rennur svo í Þverá [...] og með henni er Þverárdalur. Þar rétt við vaðið [líklega átt við Gangnamannaá SP-055:010], þegar komið er yfir Þverá, heita Dysjar,” segir í örnefnaskrá. Nafnið Dysjar gæti verið vísbending um að á þeim stað séu heiðnir legstaðir. Dysjar eru á mjög afskekktum stað, innst á Gilsafrétti, um 4 km suðvestan við bæ 001. Reyndar er einnig hægt að skilja örnefnalýsinguna þannig að Dysjar séu sunnan við Þverá, innst í Trölladal. Ekki var farið svo langt inn á afréttinn þegar aðalskráning var unnin á svæðinu árið 2019. Um ólíklega staðsetningu fyrir legstað er að ræða en ekki er hægt að útiloka neitt í þeim efnum.

Heimildir: Ö-Gil, 1

SP-037:006 *Gilsvað* heimild um vað

541782 620654



Gilsvað 006, horft til norðausturs.

“Skammt innan við Gil er hóll, sem heitir Stakhóll. Eftir að báðar árnar eru komnar saman, er á þeim vað, sem kallað er Gilsvað,” segir í örnefnaskrá. Að sögn Haraldar Höskuldssonar, heimildamanns, er Gilsvað gott vað sem er 260 m norðaustan við bæ 001, þar sem lækur úr fjallshlíðinni rennur út í Fjarðará/Austurá.

Á vesturbakka árinna er hálfgróinn melur og er hvorki bratt né hátt fram af honum niður að ánni. Stórt bjarg er í ánni fast neðan við Gilsvað. Austurbakki árinna er gróinn og hvorki hár né brattur við vaðið. Áin er ekki straumhörð á þessu svæði né eru í henni strengir eða flúðir.

Ekki sjást mjög afgerandi merki um umferð við vaðið en sjá má fjárgötur á bökkum beggja vegna

árinna. Á loftmyndum má greina götur liggja af leið SP-621:006 niður að ánni við vaðið.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Gil, 1; Ö-Gil HL, 1

SP-037:007 renna

541703 620429



Framræsluskurður 007, horft til suðvesturs.

Framræsluskurður er í túni Gils um 15m austan við bæjarhól 001 og 5m sunnan við fjárhústöft 019.

Skurðurinn er í flatlendu túni sunnan við blautt mýrlendi og vestan við brattan árbakka Fjarðarár/Austurár. Skurðurinn liggur fram á árbakkann.

Skurðurinn er vinkillaga, annar armurinn er rúmlega 40m á lengd og liggur suður-norður. Frá norðurenda hans liggur hinn armurinn til austurs og er um 80m á lengd. Meðfram þeim hluta skurðarins sem snýr norður-suður er garðlag, vestanvert við það, sem er 30-40cm á hæð og 50-80cm á breidd. Svipað garðlag liggur meðfram hinum armi skurðarins, þeim sem liggur frá vestri til austurs en það er um 40m langt og liggur bara meðfram vesturhluta skurðarins.

Hættumat: engin hætta

SP-037:008 heimild um brú

541787 619877

“Áður voru árnar oft hinn versti farartálmi, er fara þurfti á milli Höfðahverfis og fjarða, en um aldamótin var Þveraldalsáin brúuð við svonefnt Sauðabæli, svo fara mátti yfir hana með hesta og sauðfé, og þótti það á þeim tímum hin bezta samgöngubót, og var brú þeirri síðan vel við haldið,” segir í örnefnaskránni Úr Fjörðum. “Göngubrú er hér vestur yfir Gilsá, og var fyrst sett á 1894,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 2000. Gilsá heitir líka Heiðará og Vestari-Ilлагilsá áður en hún sameinast Austari-Ilлагilsá norðan við Grenivíkurtungusporð. Sú göngubrú sem enn er við lýði og síðast var endurnýjuð árið 1980 er litlu neðar og norðar en elsta brúarstæðið sem hér er skráð. Var fyrsta brúin byggð um 20 m norðan við vaðið Sauðabæli 002 og 540 m SSA við bæ 001.

Heiðará/Vestari-Ilлагilsá rennur í nokkuð djúpum og þröngum árfarvegi. Bratt er niður af bökkum hennar og víða ógróið og klettum girt.

Að sögn Haraldar Höskuldssonar, heimildamanns, var hlaðinn stöpull undir austurenda brúarinnar en hann hvarf árið 1962 í vatnavöxtum. Brúin sjálf hlaut sömu örlög nokkru fyrr. Engin ummerki sjást lengur um brúna og ekki sjást heldur skýrar götur sem liggja að henni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Úr Fjörðum, 9; ÁFÍ 2000, 155

SP-037:009 náma mógrafir

541680 620280

Mógrafarsvæði er tæpum 80m sunnan við bæ 001 og um 6m vestan við tóft 026.

Mógrafarsvæðið er suðaustan við blautt mýrardrag nærri böttum árbakka Gilsár og hallar landið til suðausturs.

Mógrafarsvæðið er u.þ.b. 30x30m að stærð og eru þær í mjög blautu landi. Mógrafirnar eru misdjúpar og eru sumar fullar af vatni.

Hættumat: engin hætta



Mógrafir 009, horft til vesturs.

SP-037:010 renna vatnsból

541643 620445

Vatnsveita var á Gili og hefur vatni verið veitt eftir mjóum skurði úr læk sem rennur niður fjallshlíðina suðvestan við bæinn að bæjartóftinni 001_2 og frá henni aftur í sama lækjarfarveg.


Rennan er grafin í aflíðandi halla til austurs í grasi grónu deiglendi.

Frá læk liggur rennan til norðausturs að bæ og er 38 m löng. Á þessum kafla hefur hún grafið nokkuð niður og er allbreið næst lækjarfarveginum. Rennan liggur svo aftur frá bæ til norðausturs að lækjarfarvegi og er sá hluti hennar 46 m langur. Rennan er samansigin og gróin. Hún er víðast 0,2-0,4 m á breidd og svipuð á dýpt. Ekki sjást ummerki um fyrirstöðu í læknum neðan við suðvesturenda rennunnar.

Hættumat: engin hætta

SP-037:011_1 tóft sel

541488 618821



Meintar seljatóftir 011.

Tvær stórar tóftir eru inni á Gilsafrétti, um 1,6 km sunnan við bæ 001 og 2 km norðaustan við Skeiðarvað 004. Staðsetning og lögun tóftanna gefur einna helst til kynna að hér hafi verið sel frá Gili. Eru tóftirnar á svæði sem er 18x15 m að stærð, á þurrilendum stalli í hallamýrum um 360 m sunnan við Fossvaðslæk og beint vestur af allmiklum fossi í Heiðará/Vestari-Illagilsá. Engar kvíar fundust hér í nágrenninu en víðast hafa verið kvíar við sel þar sem ærnar voru mjólkaðar.

Það hallar dálítið undan seljatóftum til suðausturs en svo eru stallar í brekkunni niður að ánni. Ofar í landinu og vestan við selið eru hálfgrónir hálsar og grasgefnar útengjar eru hér í kring.



Seltóft 011_1, horft til suðurs.

Tóft 011_1 er litlu neðar og austar en tóft 011_2. Hún skiptist í þrjú hólf sem raðast í einfalda röð. Tóftin er 13x6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þessi tóft er nokkuð greinilegri en efri tóftin og kann að vera yngri en hún er þó vel gróin og hvergi sést grjót í veggjum. Stærsta hólfíð er í norðausturenda tóftar. Það er 3,5x3 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Op er á því á miðri suðvesturhlið og á það einnig við um hin tvö hólfín. Miðhólfíð er 3x2 m að innanmáli og snýr þvert á legu tóftar. Það gerir suðvestasta hólfíð einnig sem er mjög svipað að innanmáli en litlu mjórra. Ekki er að sjá að op hafi verið á milli hólfá. Mesta

hæð veggja er 0,4-0,5 m.

Hættumat: engin hætta

SB-037:011_2 tóft sel

541475 618825



Seltóft 011_2, horft til suðurs.

Efri og vestari tóftin 011_2 er einnig þrískipt og virðist að mestu torfhlaðin því hvergi sést í grjót. Tóftin er 13x8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Norðaustast í tóftinni er skýrt hólf sem er 4,5x3 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Í suðvesturenda tóftarinnar er annað skýrt hólf sem snýr eins og er 3x2,5 m að innanmáli. Op er inn í bæði þessi hólf í austurhornum þeirra en ekki er opið á milli hólfá. Á milli þessara hólfá og suðaustan við þau er ógreinilegt og mjög sigið hólf sem er tæpir 2 m í þvermál innanmáls og er op inn í það á miðri suðvesturhlið. Veggjahæð í tóftinni er víða 0,4-0,5 m og er hún vaxin grasi og lyngi. Suðvesturhluti tóftarinnar er

signari en aðrir hlutar og er hún nánast útfloft þar.

Hættumat: engin hætta

SB-037:012 heimild um rist

“Torfrista og stúnga lök,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1712. Engin ummerki um torfristu fundust í landi Gils og engin þekkt örnefni innan jarðarinnar benda á slíka staði. Þó má geta þess að nokkur ummerki eru um torfristu í kringum tóft 015 sem hefur óljóst hlutverk. Mögulega eru

ummerkin aðeins eftir efnistöku fyrir byggingu tóftarinnar en einnig kemur til greina að þarna hafi verið torfristusvæði og torfið hafi verið geymt í tóftinni.

Heimildir: JÁM XI, 58


SP-037:013 heimild um kolagröf

“Rifhrís, víðir og fjalldrapi nóg til eldiviðar, má og hjálpa til kolgjörðar,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1712. Engar aðrar vísbendingar hafa fundist um kolagerð/kolagrafir í landi Gils en þessi texti í Jarðabókinni. Ekki fundust neinar kolagrafir á þeim svæðum sem gengin voru þegar aðalskráning fór fram í Fjörðum 2019.

Heimildir: JÁM XI, 58

SP-037:014 tóft heystæði

541731 620713



Heystæði 014, horft til suðurs á ljósmynd.

Tóft er um 280m norðan við bæ 001, um 85m sunnan við tóft 025 og um 4m sunnan við tóft 016. Út frá staðsetningu og útliti er mjög líklegt að um heystæði sé að ræða.

Tóftin er á jaðri graslendis og deiglendis sem liggur að vesturbakka Gilsár.

Tóftin er 5x4m að stærð og snýr norður og suður. Hún er einföld og er op á henni á suðurgaffli. Vegghleðslur eru um 1m á breidd og 30-50cm á hæð. Tóftin er vel gróin grasi og sjást engar grjóthleðslur í henni. Ekkert rof sést í henni heldur.

Hættumat: engin hættu


SP-037:015 tóft óþekkt

541659 619051

Einföld, torfhlaðin tóft er frammi á snarbröttum og háum bakka Heiðarár/Vestari-Illagilsár um 280 m norðaustan við sel 011 og 1,4 km sunnan við bæ 001.

Tóftin er á flatlendu en deiglendu svæði. Til vesturs og norðurs eru grónir móar og mýrlend svæði inn á milli. Frá tóftinni sést nokkuð tilkomumikill foss ofar í ánni sem er beint niður og austur af seli 011.

Tóftin er 5,5x3,5 m að stærð og snýr NNV-SSA. Op er á henni í austurhorni, mjög nálægt árbakkanum. Veggir tóftarinnar eru 0,5-0,6 m á hæð og um 1 m á breidd. Mikil ummerki eru um torfskurð í kringum tóftina. Mögulega er það aðeins torf sem rist var til að hlaða tóftina en einnig kemur til greina að þarna hafi verið torfristustaður (sjá 012) og tóftin ef til vill notuð til þess að geyma torfið. Einnig kemur vel til greina að tóftin hafi verið notuð sem heystæði en ólíklegt er að þarna hafi verið hús með þaki. Ekkert er þó hægt að segja um hlutverk tóftarinnar með vissu.




Torfhláðin tóft 015 og efnistökusvæði í kringum hana. Horft til SSV á ljósmynd.

Hættumat: engin hætta

SP-037:016 tóft heystæði

541731 620722



Heystæði 016, horft til suðvesturs á ljósmynd.

Tóft er um 290m norðan við bæ 001, um 80m sunnan við tóft 025 og um 4m norðan við tóft 014.

Tóftin er á mörkum graslendis sem ágætlega flatt og deiglendis sem liggur að árbökkum Gilsár.


Tóftin er 12x5m að stærð og snýr austur og vestur. Vestara hólfíð er 4x2m að innanmáli. Það eru tvo op á því, annað í norðausturhorni og hitt í suðvesturhorni. Austara hólfíð er 2x2m að innanmáli og er eitt op á því austast á norðurhlíð. Vegghleðslur eystra hólfins eru um 1m á breidd og eru þær veglegri er hólfins að vestanverðu sem eru talsvert umfangsminni og varla meira en 50-70cm á breidd. Ætla má að tóftin sé af tvískiptu heystæði og er sú ályktun dregin út frá ásýnd tóftarinnar og staðsetningu. Ekki er þó hægt að útiloka að lítill fjárhúskofi hafi verið í austurhluta tóftarinnar. Almenn er innrabyrði 30-50cm á hæð en ytrabyrði um 40-60cm á hæð. Tóftin er vel gróin grasi og er ekki hægt að sjá neinar grjóthleðslur í henni. Ekkert rof er í henni.

Hættumat: engin hætta

SP-037:017 tóft fjárhús

620306 541714

Fjárhústóft með áfastri hlöðu er í heimatúni um 85m norðvestan við bæ 001, rúma 20m suðaustan við tóft 018 og tæpa 20m norðan við tóft 026.



Fjánhústóft 017, horft til vesturs á ljósmynd.


Tóftin er á grösugum og stórum hól nærri bröttum vesturbakka Gilsár.

Tóftin er 16x7m að stærð og snýr vestur og austur. Hún er tvískipt, fjárhús eru í austurhluta og hlaða í vesturhluta. Hlaðan er 4x1,5m að innanmáli og snýr eins og tóft. Ekkert greinilegt op er á henni. Fjárhúsin eru 6x2m að innanmáli og er op á þeim á austurgafli. Eftir fjárhúsunum miðjum liggur garði sem er tæpur 5m á lengd og tæpur 1m á breidd. Horn hans eru rúnuð og er hann 30-40cm á hæð. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og glittir í grjóthleðslur í henni austast við innganginn en svo er rof í tóftinni hér og þar. Veggheðslur eru 1-1,5m að breidd, allar smábýfðar og signar. Innrabyrði þeirra er 60-100cm á hæð en ytrabyrði 50-80cm á hæð. Tóftin virðist vera á upphlöðnum hól sem ber mest á að norðanverðu og gæti upphleðslan verið allt að 1m á hæð.

Hættumat: engin hætta

SB-037:018 tóft útihús

541692 620323



Útihústóft 018, horft til SSV á loftljósmynd.

Tóft er um 90 m sunnan við bæ 001 og 19 m norðvestan við tóft 017. Ekki er ljóst hvort að tóftin var innan heimatúns en líklegast að hún hafi gegnt hlutverki útihúss.


Milli bæjarins og þessarar tóftar er deiglendi og lækjarsprænur.

Tóftin er 5x4 m að stærð og snýr norður-suður. Veggir eru 0,3 m á hæð og lyngi- og grasivaxnir. Op sést norðarlega á austurhlið og ekki sést hlaðinn veggur á suðurgafli. Tóftin er 3x1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Fast sunnan við tóftina er þúst sem er 3,7x2,7 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er 0,3 m á hæð og algróin. Hlutverk hennar er óljóst en hún gæti verið útmokstur innan úr útihúsinu.

Hættumat: engin hætta

SP-037:019 tóft fjárhús

541761 620463



Fjárhústóft 019, horft til suðurs á ljósmynd.

Fjárhústóft er um 75m norðaustan við bæ 001, tæpum 50m vestan við Gilsá og 50m norður af tóft 020. Tóftin er á tiltölulega flötu vallendi sem er upp af vesturbakka Gilsár. Vestan við hana er mýrardrag. Tóftin er 20x14m að stærð og snýr norður og suður. Hún hefur tvö greinileg hólfi sem liggja hvort upp af öðru og svo eitt mjög ógreinilegt vestan megin við syðra hólfið. Nyrst eru fjárhús sem eru 5x2,5m að innanmáli og snúa þau norður-suður. Eftir því miðju liggur garði sem er um 3m á lengd, 1m á breidd og 80cm á hæð. Hann er grjóthlaðinn en mikið gróinn svo að umför verða ekki talin. Sunnan við fjárhúsin er hlaða sem er 5x2,5m að innanmáli og snýr hún líka norður-suður eins og fjárhúsin. Vestan við hlöðuna er ógreinilegt hólfi sem er um 2,5x1,5m að innanmáli og það snýr vestur austur en vestan við það er þúst eða hólbunga sem er 5x6m að stærð. Veggheðslur eru orðnar smáþýfðar og signar en almennt má segja að innrabyrði þeirra sé 70-100cm á hæð og ytrabyrði 60-100cm á hæð. Breidd veggja er 2-2,5m. Tóftin er grjót- og torfhlaðin og sér í grjóthleðslur á ytrabyrði hlöðunnar sem er að sunnanverðu og er hægt að telja þar um 2 umför. Innrabyrði hlöðunnar er algróið. Grjóthleðsla sést einnig í innrabyrði fjárhúsanna og má þar telja um 3 umför en ytrabyrðið er algróið. Þústin sem er vestan við hlöðuna er smáþýfð og 50-60cm á hæð.

Hættumat: engin hætta

SP-037:020 tóft útihús


541762 620402

Ógreinileg tóft er á vesturbakka Gilsár, tæpum 80m austan við bæ 001, rúma 50m sunnan við fjárhústóft 019 og um 100m norð-norðvestan við tóft 018.

Fast sunnan við tóftina er vatnslæna sem rennur frá mýrardragi og út í Gilsá.

Tóftin er 8x5m að stærð og snýr norður og suður. Hún er tvískipt og eru hólfin hvort upp af öðru. Syðra hólfið er 2x2m að innanmáli og er op á því til austurs. Nyrðra hólfið er 1x1,5m að innanmáli, snýr norður-suður og er op á því á norðurgafli. Innrabyrði veggheðslna er 30-60cm á hæð en ytrabyrði 50-60cm á hæð. Veggir eru 1-2m á breidd en eru gengnar í þúfur og hafa aflagast. Það er því möguleiki að þær hafi verið sléttaðar að einhverju leyti. Öll tóftin er mjög grasi vaxin og sér hvergi í grjóthleðslur. Tóftin er nærri heimatúni Gils og má ætla að hún hafi gegnt hlutverki útihúss.


Hættumat: hætta, vegna rofs



Útihústóft 020, horft til suðurs á ljósmynd.

SP-037:021 tóft útihús

541624 620355



Útihústóft 021, horft til vesturs á ljósmynd.

Einföld tóft er sunnarlega í túni um 50m suðvestan við bæ 001, rúma 40m austan við tóft 022 og um 70m vest-norðvestan við tóft 018.

Túninu hallar til austurs og er nokkuð þurrilent en smáþýft. Deiglent er í kringum það.

Tóftin er 7x6m að stærð og snýr norður-suður. Op á henni á austurhlið. Vegghleðslur eru signar og um 2m að breidd en vera má að þær virðist breiðari en ella vegna innfallinar þekju. Vegghleðslurnar eru vel grónar og rúnaðar og sést ekkert hleðslugrjót í þeim. Innrabyrði þeirra er 30-70cm en ytrabyrði 40-60cm. Af staðsetningu og gerð tóftarinnar að dæma hefur hún gegnt hlutverki útihúss.


Hættumat: engin hætta

SP-037:022 tóft kvíar

541577 620372

Tóft er rétt utan og vestan túns, um 80m vestan við bæ 001 og rúma 40m norðvestan við tóft 021. Tóftinni svipar mjög til kvíatófta sem skráðar hafa verið á langflestum jörðum í Fjörðum og styður staðsetning tóftarinnar þá túlkun. Hins vegar er tóftin tvískipt sem er harla óvenjulegt fyrir kvíar og því ekki óhugsandi að tóftin hafi haft annað hlutverk. Síðustu búskaparárin í Gili voru 30 kvíaær.

Tóftin er í nokkuð brattri brekku sem hallar til norðausturs og er á mörkum túns og mólendis. Vatnslæna er fast sunnan við tóftina en almennt má segja að landið sé blautt og víða skorið af litlum lækjum.



Kvíar 022, horft til suðvesturs á ljósmynd.

Tóftin er 12x5m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Op er inn í tóftina í norðurhorni og er þar komið inn í lítið hólfið sem er 2x1 m að innanmáli og snýr þvert á legu tóftarinnar. Op er úr því til suðvesturs inn í stærra hólfið sem er 5x1,5m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Sá hluti tóftarinnar er niðurgrafinn en hún er öll hlaðin út torfi og grjóti. Innrabyrði veggja er 50-120cm á hæð og sjást 3-4 umför grjóts. Ytrabyrði er grasi gróið og 10-70cm á hæð. Vegghleðslur eru 1-1,5m að breidd. Rof er í suðurhorninu.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Theódór Friðriksson, 209

SP-037:023 tóft útihús

541651 620450

Þúst sem er mjög líklega útflött tóft er um 20m norðvestur af bæ 001, 100m vestan við fjárhúsatóft 019 og um 100m norðaustan við kvíatóft 022. Þar sem að þústin er í heimatúni er líklegt að á þessum stað hafi verið útihús.

Þústin er í grösugu túni og norðaustan megin við hana er renna 010 sem veitir vatni frá meintu brunnhúsi í bæjartóftinni 001_2.

Þústin er 13x10m að stærð og snýr norður og suður. Þetta er ávöl bunga, grösug og áberandi, sem er um 80cm á hæð.

Hættumat: engin hættu

SP-037:024 tóft heystæði


541705 620632

Tóft er norðan við heimatúnið, tæplega 200m norðan við bæ 001, um 85m vestan við Gilsvað 006 og rúma 160m sunnan við tóft 025.

Tóftin er í flötu graslendi sem afmarkast af Gilsá til austurs og lækjum að sunnan- og norðanverðu. Að vestanverðu er deiglendi sem rís til vesturs.

Tóftin er 10x6m að stærð og snýr norður suður. Hún er tvískipt og liggja hólfin hvort upp af öðru. Nyrðra hólfið er um 2,5x2,5m að innanmáli og er op á því syðst á austurhlið. Syðra hólfið er óreglulegt en í því má greina tvær lautir. Ekkert op er á þessu hólfi. Vegghleðslur eru 1,5-2m á breidd og er ekki hægt að greina neitt hleðslugrjót í þeim. Ytrabyrði er 60-80cm á hæð en innrabyrði er 40-50cm á hæð. Innrabyrðið er jafnframt skarpara en ytrabyrðið. Tóftin er í suðurjaðri grasflatar og því má ætla að tóftin hafi þjónað sem heystæði.

Hættumat: engin hættu




Heystæði 024, horft til vesturs á ljósmynd.

SP-037:025 tóft óþekkt

620803 541710

Tóft er norðan við heimatúnið, rúmum 360m norðan við bæ 001, tæpa 15m vestan við Gilsá og tæpa 80m norðan við tóft 016.

Tóftin er fremst á árbakka sem er austan megin við tóftina og fast norðan við hana rennur lækur. Fast vestan við tóftina er gata á leið SP-621:013.



Tóft 025, horft til austurs á ljósmynd.


Tóftin er 12x6m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hún er tvískipt og liggja hólfin hvort upp af öðru. Nyrðra hólfið er 2x2m að innanmáli og er op á því til norðvesturs á norðvesturgaffli en syðra hólfið er 5x2m að innanmáli og hefur op á miðjum suðaustur gaffli. Út frá suðaustur- og suðvesturhornum tóftarinnar liggja tveir veggstubbar. Sá austari, sem liggur að Gilsá er hlaðinn úr stóru grjóti sem er yfirgróið og er um 4m langur. Sá vestari gæti verið meira torfhlaðinn og er hann um 5m langur. Innrabyrði tóftar er 60-80cm á hæð en ytrabyrði 60-100cm á hæð og þá er breidd veggja 1,5-2m. Ekkert rof er í veggjum. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessi tóft hefur gegnt en líklega hefur hún verið einhvers konar skepnuhús.

Hættumat: hætta, vegna rofs

SP-037:026 tóft útihús

541703 620284

Tóft er rúma 100m sunnan við bæ 001, um 20m suð-suðvestan við fjárhústóft 017 og um 6m austan við



Tóft 026, horft til VSV á ljósmynd.

mógrafarsvæði 009.

Tóftin er í grösugu landi sem hallar til suðurs. Um 3m vestan við tóftina er vatnslæna og austan við tóftina er stutt að bröttum bakka Gilsár.

Tóftin er 6x4m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hún er einföld og er op á suðausturgaffli. Tóftin er niðurgrafin í landið sem hallar til suðurs og sjást engar grjóthleðslur henni. Veggheðslurnar eru frekar skarpar en þær eru 1-1,2m á breidd. Innrabyrði er 40-80cm og ytrabyrði 10-60cm. Það vottar mögulega fyrir jötu meðfram vestur langhlið en það gæti líka verið hrun. Þar sem tóftin er skammt frá heimatúni er líklegt að hún hafi gegnt hlutverki útihúss.

Hættumat: engin hætta

SB-037:027_1 náma mógrafir

541771 619759



Mógrafir 027_1, horft til norðausturs.

Mógrafarsvæði eru á tveimur stöðum nærri Heiðará/Vestari-Illagilsá, um 30 m sunnan við vaðið Sauðabæli 002 og 600 m sunnan við bæinn á Gili 001. Annað svæðið er syðst í mýrarsundi milli klettahóla og hitt er í lækjargili neðan við sundið þar sem vatn úr því rennur til norðurs. Hvort mógrafarsvæði er skráð undir sérstöku eininga-númeri en saman eru þau á svæði sem er 115x30 m að stærð og snýr norður-suður.

Mýrarsundið er deiglent og grösugt. Vatn rennur úr því undan halla til NNA, gegnum grösugt, deiglent svæði og fram af árbakkanum.

Umfjöllunin hefst á efra og syðra mógrafarsvæðinu 027_1 sem er í fremur sléttlendu og flatlendu sundi sem er skýrt afmarkað af hólum nema til

norðurs. Þar sjást nokkuð greinilegar en samansignar mógrafir á svæði sem er 55x23 m að stærð en mjókkar mikið í suðurenda. Grafirnar eru stökkagrafir sem eru 0,2-0,5 m á dýpt. Stendur vatn í dýpstu gröfunum sem enn sjást. Mikið vatnsveður var þegar skráning fór fram (ágúst 2019) og var drukknað lamb í einni gröfinni.

Hættumat: engin hætta

SP-037:027_2 náma mógrafir

541784 619814



Mógrafir 027_2, horft til norðurs.

Mógrafir 027_2 eru 20 m NNA við grafir 027_1 og eru í affiðandi halla til NNA, niður að Heiðará/Vestari-Illagilsá. Grafirnar sjást á svæði sem er 35x15 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þær eru grafnar í bakka lækjarins sem rennur úr sundinu og öðru mýrlendi sem er ofar og sunnar. Grafirnar eru að mestu þurrar og eru um 0,5-0,6 m niður á botn af grafarbökkum.

Hættumat: engin hætta

SP-037:028 sáðslétta tún

541659 620371



Túnið á Gili 028 var aðallega í kringum bæinn en útihús voru að mestu leyti utan þess, á þurrum blettum innan um mýrlend svæði. Horft til vesturs á loftljósmynd.

Í bókinni Í verum eftir Theódór Friðriksson segir um túnið á Gili: “Túnið var lítið, gaf ekki af sér nema í mesta lagi eitt kýrfóður, og varð því að treysta á þessar fjallendis slægjur, sem á jörðinni voru.” Umhverfis bæinn á Gili 001 er þurrleitt svæði á um 1 ha svæði og má ætla að það hafi verið hið eiginlega tún á Gili en austan og neðan við bæinn er grasgefið mýrlendi með framræsluskurði 007 og í grennd við túnið er talsverð grænka í grasgróðri í kringum útihús niður við bakka Gilsár. Samtals er þetta svæði er um 2,8 ha að stærð.

Túnið á Gili er ofarlega og vestarlega á undirlendi á milli fjalls og ár. Það er í affiðandi halla til austurs, niður að Gilsá.


Túnið í kringum bæinn á Gili er að mestu þurrt og ekki mjög þýft. Það er um 190x70 m að stærð og snýr

NNA-SSV. Túnið er ekki afmarkað með görðum eða skurðum og ekki er til kort af því frá byrjun 20. aldar. Ekki sjást bersýnileg ummerki um að túnið hafi verið sléttað.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Theódór Friðriksson, 208-209

SP-038 Kussungsstaðir



Minjar í túni Kussungsstaða SP-038. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Líklega er átt við Kussungsstaði frekar en Kúsveinsstaði SP-040b þar sem Kúsveinsstaðir eru nefndir í máldaga Laufáskirkju frá 1318. Þar er jörðin sögð eign kirkjunnar. DI II, 447.

1686: 6 hdr. og 160 ál., Laufáskirkjueign. BL, 290.

1696: Jarðardýrleiki óviss, Laufáskirkjueign. BL, 290.

1712: “Jarðardýrleiki óviss, því þetta kot er haldið heimaland Laufásstaðar [SP-024], og hefur því aldrei tíundast so menn viti. [...] í eyði næstu tvö ár [...]. Enginn brúkar nú þetta kot.” JÁM XI, 57.

1847: Jarðardýrleiki óviss, Laufáskirkjueign., JJ, 316. Í neðanmálgrein á sama stað stendur: “A.M. sem hér segir frá leigumála (sýslumaður telur nú 1 kúg. á jörðinni), segir jörð þessa í eyði og, að sögn, Laufás kirkjueign en sýslumaður telur hana nú (líklega af vangá) Grýtubakka kirkju eign 1805 og í brauðskýrslu prestsins er hún talin 10 h. að dýrleika.”

“Kussungsstaðir. Fornt mat sjá Laufás (10 h. Í jarðab. 1805), nýtt 10,8 h. Var í byggð 1703-10, en í eyði 1712 og 1735, aftur í byggð frá því fyrir 1754 samfellt til 1904. Eign lénskirkjunnar í Laufási.” BT, 38.

1712: “Engið spillist af vatni, sem jetur úr rótina. Úthagarnir eru nægir.” JÁM XI, 57.

1839: “Beitiland er gott á sumrum til fjalls, en slægjuland ekkert nema reytingur af misjöfnu heyfalli á svokölluðum Kusungsstaðaafreitti, mýra- og móaflesum á fjallsheiði milli Gils [SP-037] og Kusungsstaða. Engin hlunnindi liggja undir jörð þessa nema grasatekja á heiðum uppi. Ekki mótak.” SSP, 69.


1916-1918: “Lýsing jarðarinnar: Jörðin hefir verið í eyði 16 ár, rækt því horfin úr túni, og það orðið snöggglent valllendi, er gefur af sér 25 hesta. Engjar reitingslegar, fremur greiðfærar og mikið til þurrar, sumt nærtækt, annað langsókt og til fjalls. Um 100 hestar hafa verið heyaðir undanfarið frá Kaðalstöðum, en þangað langt og yfir á að fara. Léttingshey. Búfjárhagar víðlendir. Sumarhagar góðir fyrir allan fénað.

Vetrararbeit sem engin, sökum snjóþyngsla. Fjárgeymsla erfið. Mótak allgott. Jörðin liggur við afrétt og ágangur mjög mikill af afréttarfé. Hús öll löngu fallin. Mat jarðarinnar: Jörðin sjálf Kr. 600.00.” Fasteignamat Suður-Þingeyjarsýslu 1916-1918 - undirmat I, 71.

SP-038:001_1 *Kussungsstaðir* bæjarhóll bústaður

541603 624389

“Bærinn stóð niðri á láglendinu skammt sunnan við Þverá,” segir í örnefnaskrá. Bæjarhóllinn á Kussungsstöðum er austast í túni, nánast frammi á bakka Fjarðarár/Austurár og er talsvert hátt og mjög bratt fram af honum niður í ána. Fjórar fornleifar eru á bæjarstaði Kussungsstaða; bæjarhóll 001_1, stór og stæðileg bæjartóft 001_2, öskuhaugur 001_4 og kálgarður 001_3 sem er að hluta til á bæjarhólnum.



Minjar á bæjarhóli Kussungsstaða 001. Loftmynd:Loftmyndir ehf.

Tún Kussungsstaða er fremur þurrt og flatlent, sérstaklega austast, í elsta hluta þess. Grasgróður er gulleitur og ekki lengur mjög kjarnmikill og túnið er nokkuð þýft en þó alls ekkert kargapýfi. Líklega hefur einhver túnasléttun verið stunduð hér þó að hennar sjáist ekki mjög skýr merki lengur. Upp frá túninu til vesturs eru grösugar brekkur en ógrónir melkollar víða til suðvesturs og suðurs. Gott útsýni er frá bænum yfir úthagann til suðurs að Ölduhóli og Öldu. Einnig sést upp í Þverárgil en það sést ekki yfir að Þverá til norðurs (hvorki ánni né bænum) fyrir hólunum sem ber á milli. Frá bænum sést yfir að Kúsveinsstöðum SP-040b, sem eru austan ár, en ekki Kaðalstöðum.

Minjalýsingin hefst á sjálfum bæjarhólnum sem er 34x34 m að stærð. Hann virðist hafa hlaðist upp á lágru náttúrulegri hæð sem sést vel austan við kálgarð 001_3 og sunnan við öskuhaug 001_4. Ætla má að uppsöfnun mannvistarlaga í bæjarhólnum sé um 1,5 m. Á bæjarhólnum er gríðarstór bæjartóft 001_2 og var bæjarhlaðið austan við hana, þar sem flatur stallur er á hólnum. Hæstur er hólinn austast þar öskuhaug bæjarins 001_4 er að líkindum að finna. Þarna austast er hólinn 2 m á hæð en þar er ekki hægt að greina á milli uppsafnaðra mannvistarleifa og náttúrulegrar hæðar.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Kussungsstaðir, 1

SB-038:001_2 tóft bústaður

541594 624386

Bæjartóftin nær yfir megnið af bæjarhólnum og er hlaðin úr torfi og grjóti. Hún er 28x22 m að stærð og snýr norður-suður. Óviða sést lengur í grjót í hleðslum og ekki er hægt að greina fjölda umfara. Veggjahæð er víðast um 1 m utanmáls en lægstir eru veggir austast í tóft þar sem framhús bæjarins voru. Bæjardyr voru á miðri austurhlið tóftarinnar og göng liggja frá þeim inn eftir allri tóftinni og að brunnhúsi þar sem vatni var veitt að bænum (sjá vatnsból 015). Nánari lýsingin á tóftinni hefst austast í henni og fá hólfin bókstafi til aðgreiningar. Austast í tóftinni eru þrjú hólf sem snúa austur-vestur og



Bæjartóft 001_2 á bæjarhóli 001_1, horft til austurs.

hafa verið timburpil á austurgöflum þeirra. Hólf A er syðst af þessum þremur hólfum og er það 2x2,5 m að innanmáli. Op virðist hafa verið inn í það í norðvesturhorni úr bæjargöngum. Miðhólf B er norðan við bæjardyr og er það 4,5x1,5 m á breidd en litlu breiðara austast. Á austurgaffli hólfins er lágur og lítilfjörlegur veggur sem timburpil hefur að líkindum hvílt á. Er botn fremri og austari hluta hólfins litlu lægri en í innri hluta hólfins. Óljóst op er inn í hólfid á miðri suðurhlið þess úr bæjargöngum. Hólf C er nyrst af þessum þremur austustu framhúsum. Er það 2x1,5 m að innanmáli. Þegar gengið er inn bæjargöngin til vesturs er hólf D fyrst á hægri hönd. Það er 4x2 m að innanmáli, mjókkar lítillaga til norðurs. Hólf E er vestan við hólf D og er einnig á hægri hönd þegar gengið er inn eftir bæjargöngum. Það er 3x2 m að innanmáli og úr því er gangur til norðurs inn í hólf F sem er 5,5x2 m að innanmáli. Snúa öll þessi hólfa norður-suður. Vestan við hólf E er hólf G sem er 3x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Ekki er genget inn í það úr bæjargöngum en op er inn í það í norðvesturhorni. Framan við opið er lítil þúst sem er sennilega veggjahrun.

Á vinstri hönd þegar gengið er inn bæjargöngin er stærsta hólfid í tóftinni (hólf H) og stendur það hæst (botn þess er hærri en í öðrum hólfum og veggir þess stæðilegastir). Það er á mótis við hólf D

sem er norðan við göngin. Ekki sést skýrt op inn í það, ólíkt öðrum hólum sem tengjast göngunum. Þó er líklegt að op inn í þetta hól hafi verið í norðvesturhorni. Hólfið er 5,5x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Er líklegt að hér hafi verið baðstofa, mögulega baðstofuloft, og kemur til greina að fjós hafi verið undir henni. Hólf I er vestan við hól H og er einnig á vinstri hönd þegar gengið er inn eftir bæjargöngunum. Það stendur mun lægra en hól H, er 3x2 m að innanmáli og snýr einnig norður-suður. Við vesturenda bæjarganganna er lítill krókur J þar sem vatni hefur verið veitt inn bæinn eftir rennu 015. Hefur þarna verið einhvers konar brunnhús og sjást grjóthleðslur í veggjum þess en rof eða op er úr brunnhúsi til suðurs og út úr tóftinni. Er þá enn eftir að nefna lítið hól K sem er byggt utan í tóftina í suðvesturhorni. Það er 2x1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Óljóst op er á suðurgafli. Veggir hólfsins eru óverulegir og hafa varla borið þak.

Hættumat: engin hætta

SP-038:001_3 gerði kálgarður

541593 624370



Kálgarður 001_3, horft til norðurs.

Gerði umhverfis kálgarð 001_3 er fast sunnan við bæjartóft 001_2. Það er í mjög aflíðandi halla til suðurs og er suðurhluti þess utan við bæjarhólinn sjálfan. Torfhláðnir veggir afmarka kálgarðinn á þrjá vegu en bæjartóftin afmarkar hann til norðurs. Veggirnir eru 0,6 m á breidd og 0,4 m á hæð. Gerðið er 12 m breitt og er austurhlið þess 18 m löng en vesturhliðin aðeins 8 m löng. Er kálgarðurinn 115 m² að stærð.

Hættumat: engin hætta

SP-038:001_4 öskuhaugur

541610 624395



Öskuhaugur 001_4, horft til suðvesturs. Hér sést hvar grafið hefur verið úr haugnum neðan við skilti á bæjarhólnum.

Bæjarhóllinn 001_1 er hæstur austast, þar sem hann virðist hafa hlaðist upp á lágri, náttúrulegri hæð. Framan og austan við bæjartóft 001_2 er flatur stallur þar sem bæjarhlaðið var og eru ummerki um öskuhaug austan við það, austast í bæjarhólnum. Ekki er gott að greina hann frá öðrum hlutum bæjarhólsins en hann er á að giska 12x6 m að stærð og snýr norður-suður. Afgerandi hvilft er inn í hæsta hluta bæjarhólsins í norðausturjaðri og virðist þar hafa verið grafið inn í hann til þess að ná í skarn sem dreift hefur verið sem áburði á túnið.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

SP-038:002 garðlag óþekkt

541628 624265

Mjög siginn og ógreinilegur garður er í móa sunnan við túnið á Kussungsstöðum, 120 m sunnan við bæ 001 og 10 m ASA við forngarð 030_1. Ekki er útilokað að sá garður sem hér er skráður hafi tengst



Meintur garður 002, horft til austurs.

garði 030_1.

Garðurinn er í aflíðandi halla til austurs, fast norðan við alldjúpan lækjarfarveg. Innan og norðan við lækinn er fremur sléttlent og lítið um þúfur en talsvert meira þýfi er utan og sunnan við garðinn.

Hægt er að rekja garðinn frá syðri læknum á 64 m kafla til ANA þar sem hann sveigir niður að sama læk og hverfur þar. Götur 038 liggja yfir miðjan garðinn sem er torfhláðinn. Einnig eru margar götur sem liggja á milli þessa garðs og garðs 030_1 en þær virðast aðallega vera eftir sauðfé og göngufólk og eru því ekki skráðar sem sérstök leið. Garðurinn er rétt rúmur 1 m á breidd og 0,1-0,3 m á hæð. Á milli þessa garðs og túngarðs 003_2 er tiltölulega slétt og hefur

túnið ef til vill verið fært út til suðurs á einhverjum tímamarki. Garðurinn hefur þá mögulega afmarkað þessa útfærslu og gegnt hlutverki túngarðs en eins kemur til greina að hann hafi þjónað sem vörslugarður.


Hættumat: engin hætta

SP-038:003_1 garðlag túngarður

541666 624299

Túngarður sem afmarkaði tún Kussungsstaða sést enn meðfram suðurjaðri túnsins og í suðvesturhorni elsta hluta túnsins, vestan við bæjarlækinn þar sem hann kemur inn á túnið. Elsti og austasti hluti túnsins afmarkast af Fjarðará/Austurá að austanverðu, túngarði að sunnanverðu og bæjarlæk að norðvestanverðu. Þetta tún hefur verið þríhyrningslaga, 160 m langt og 140 m breitt syðst en mjókkar í odd til norðurs. Í seinni tíð virðist túnið hafa verið fært mikið út til vesturs og er í heildina um 200x150 m að stærð, snýr norður-suður. Alls voru skráðar átta minjæiningar sem tilheyra túngarðinum og eru þær á svæði sem er 140x50 m að stærð og snýr austur-vestur. Minjastaðurinn samanstendur af eldri túngarði, yngri túngarði, tveimur kvíatóftum, þremur öðrum tóftum sem eru sambyggðar garðinum og einn þúst sem er fast við garðinn.

Túnið á Kussungsstöðum er fremur flatlent. Mesta þýfið er í elsta hlutanum en utan hans er túnið ekki mjög þýft.



Túngarður 003_1-2 og sambyggð mannvirki 3-8, þar á meðal tvær kvíatóftir (3-4). Loftmynd: Loftmyndir ehf.



Eldri túngarður 003_1, horft til austurs.

m löngum ef austurveggur gerðis er talinn með túngarðinum). Þessi eldri túngarður afmarkar því svæði sem er 145x45 m að stærð og snýr austur-vestur. Garðurinn sést best í austurenda þar sem hann er 1,5-2 m á breidd og 0,3 m á hæð. Annarsstaðar garðurinn ýmist undir yngri garði eða nánast alveg útflattur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kussungsstaðir, 1

SB-038:003_2 garðlag túngarður

541610 624291



Yngri túngarður 003_2, horft til vesturs.

Túngarður 003_2 er byggður ofan á eldri garð 003_1 í suðurjaðri túnsins. Austurendi garðsins byrjar nokkru norðar en austurendi á eldri garði 003_1. Í þeim enda er stór þúst eða þúfa og liggur garðurinn frá henni til suðvesturs á 25 m löngum kafla þar til hann kemur á eldri garðinn. Einn hlykkur er á garðinum á þessum kafla. Þá heldur garðurinn áfram ofan á eldri garðinum á 105 m löngum kafla til vesturs, að vesturenda kvíatóftar 003_4. Þar hættir hann að sjást. Garðurinn afmarkar svæði sem er 118x20 m að stærð og snýr austur-vestur. Þar sem garðurinn hefur verið hlaðinn ofan á eldri garð er hann yfir 1 m á hæð, víðast 1,1-1,2 m, en þar sem hann beygir af gamla garðinum í austurenda er hann 0,6 m á hæð. Rof er í gegnum garðinn þar sem götur

liggja yfir hann á þremur stöðum. Ein þessara gatna virðist vera ferðaleið en ekki eingöngu fjárgata, sjá 038. Á milli kvíatófta 003_3 og 003_4 verður garðurinn mjög ógreinilegur og hverfur á kafla ofan við kvíar 003_4.

Hættumat: engin hætta

SB-038:003_3 Kvíar tóft kvíar

541576 624296

Í ornefnalýsingu segir: “Rétt suður af túni voru og Kvíar.” Tvær kvíatóftir eru sambyggðar vesturhluta túngarði 003_2 að utanverðu. Austari tóftin 003_3 er skráð hér og er hún 8,5x2,5 m að innanmáli en 11x5,5 m að utanmáli og snýr austur-vestur. Op er inn í hana í austurenda. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti en ekki sést fjöldi umfara. Suður-langveggur hennar orðinn siginn en veggir eru víðast 0,6-0,8 m á



Kvíatóft 003_3, horft til austurs.

hæð. Framan og austan við tóftina er lág þúst sem er sennilega uppsafnaður útmokstur úr kvíunum. Þessi tóft virðist aðeins yngri en hin kvíatóftin 003_4.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kussungsstaðir, 1

SP-038:003_4 Kvíar tóft kvíar

541548 624292



Kvíatóft 003_4, horft til vesturs.

Í örnefnalýsingu segir: “Rétt suður af túni voru og Kvíar.” Tvær kvíatóftir eru sambyggðar vesturhluta túngarði 003_2 að utanverðu. Vestari tóftin 003_4 er skráð hér og er hún 16 m vestan við kvíatóft 003_3. Tóftin er 9x2 m að innanmáli og 11x5 m að utanmáli, snýr austur-vestur. Op er í austurenda. Þessi tóft er sambærileg hinni kvíatóftinni en er meira samansigin. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti en vel gróin svo að lítið sem ekkert sést í grjóthleðslur. Veggir eru hæstir um 0,6 m og er suðurveggur aðeins farinn að síga inn á við. Þessi tóft virðist aðeins eldri en hin kvíatóftin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kussungsstaðir, 1

SP-038:003_5 tóft óþekkt

541538 624293



Lítill tóft 003_5, horft til vesturs.

Mjög lítil, einföld tóft er sambyggð utanverðum túngarði 003_1, nærri vesturenda hans. Tóftin er 3 m vestar en kvíar 003_4. Hún er 2x3 m að stærð og snýr austur-vestur. Óljóst op er í austurenda og veggir eru mjóir og lágir, aðeins 0,4 m á breidd og 0,2 m á hæð. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessi tóft hefur gegnt en mögulega hefur hún þjónað sem heystæði.

Hættumat: engin hætta

SP-038:003_6 tóft útihús

541540 624297



Tóft 003_6, horft til suðurs.

Afar óljós tóft 003_6 er sambyggð innanverðum túngarði 003_1, nærri vesturenda hans og norðan við tóft 003_5. Tóftin virðist vera einföld og er 6x4,5 m að stærð, snýr norður-suður. Óljóst op er í norðurenda. Veggir eru útflattir og standa ekki meira en 0,1-0,2 upp úr umhverfinu. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt líklega er um einhvers konar útihús að ræða.

Hættumat: engin hætta

SP-038:003_7 þúst óþekkt

541534 624298



Þúst 003_7, horft til ANA.

Mjög óljós þúst 003_7 er í suðvesturhorni túngarðs 003_1 og fast vestan við tóft 003_6. Hún er 8x3,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þústin er 0,2-0,3 m á hæð og er það aðallega grænn grasgróður á henni sem greinir hana frá umhverfinu. Ekki er ljóst hvers konar mannvirki hefur verið á þessum stað eða hvernig það tengist túngarðinum.

Hættumat: engin hætta

SP-038:003_8 gerði rétt

541533 624309



Réttartóft 003_8, horft til suðurs.

Mjög óljóst áframhald af túngarði 003_1 er eftir lágru hæð í túni austan við bæjarlækinn. Þar er hann mjög siginn og ógreinilegur og vaxinn grasi í bland við mosa og lítilsháttar lyng. Gerði 003_8 er sambyggt honum að vestanverðu og er op inn í það í norðvesturhorni. Gerðið er 11,5x6 m að utamáli og snýr norður-suður. Veggir eru 0,2-0,3 m á hæð og víðast 0,7-0,8 m á breidd en norðurveggur er 2,5 m breiður. Meira lyng vex á þessu gerði en annarsstaðar innan túns. Má ætla að gerðið hafi gegnt hlutverki heimaréttar.

Hættumat: engin hætta



Meint rétt 004_1 og stekkur 004_2. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

“[...] en þar heita Selmýrar [sjá 053] suður undir svokallaðri Öldu sem eru melhryggir er ganga austur að ánni. Við læk í þessum melhryggjum eru tóftir sem erfitt er að átta sig á hvað verið hefur,” segir í Árbók Þingeyinga 2012. Líklega er hér einhver misskilningur varðandi staðsetningu Selmýra sem í örnefnalýsingu eru sagðar vera sunnan við Ölduhól sem er talsvert ofar og vestar en Alda. En tóftirnar sem nefndar eru hér að framan má ætla að séu þær sömu og sjást á láglendi milli Austurár/Fjarðará og Öldugilslækjar. Þar eru tvær tóftir tæpum 380 m SSV við stekk 006 og rúmum 850 m sunnan við bæ 001. Tóftirnar eru á svæði sem er 50x9 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóft 004_1 er lyngi vaxin og fornleg en tóft 004_2 er talsvert yngri og er stekkjartóft, mjög áþekkt stekkjartóft 006 en eldri en hún.

Ekki er ljóst hvert samband þeirra minja sem hér eru skráðar hefur verið.

Minjarnar eru í grónum og skjólsælum hvammi við Öldugil. Fast vestan og sunnan við tóftirnar eru háar brekkur og Öldulækur í rennur eftir Öldugili litlu sunnan við þær. Hvammurinn er fremur flatlendur og lyng og mosi eru ríkjandi gróður.

Tóft 004_1 er vestast á minjasvæðinu og staðsett sunnan og austan undir hárrí brekku. Hún er einföld, 5,3x4,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggirnir eru 0,2-0,3 m á hæð, 2 m á breidd og útflattir, innri brún veggja er lægri en ytri brún. Op er á tóftinni í suðurhorni. Sé tekið mið af lögun og staðsetningu tóftarinnar má telja líklegt að hún hafi verið notuð sem aðhald.



Meint réttartóft 004_1, horft til vesturs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Árbók Þingeyinga 2012, 76-77

SP-038:004_2 tóft stekkur

541879 623556



Stekkjartóft 004_2, horft til vesturs.

Stekkjartóft 004_2 er 30 m austan við rétt 004_1. Hún er 9,2x6,6 m að stærð, snýr VSV-ANA og skiptist í tvö til þrjú hólf. Veggir í tóftinni eru 0,3-0,7 m á hæð, grasi- og lyngivaxnir. Þeir eru þýfðir og signir. Hólf A, lambakróin, er syðst í tóftinni. Það er 2 x 1 m stórt og op er á því í ANA-enda. Í norðurhluta tóftar er ílangt hólf eftir henni endilangri og virðist það hafa skiptst í tvö minni hólf. Vestast í þessum hluta er hólf B sem er nálega 2x2 m að innanmáli en er óljóst. Op er úr því í norðausturhorni, yfir í hólf C. Það hólf er norðan við og samsíða hólf A. Það er 3,8x0,8 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Op er út úr því og tóftinni í suðausturhorni.

Hættumat: engin hætta

SP-038:005 hleðsla óþekkt

541530 624398



Hleðsla 005, horft til norðurs.

Rúmum 3 m norðan við útihús 014 og 50 m vestan við bæ 001 er óljós hleðsla. Hún er á grasivöxnu og fremur sléttu svæði innan yngri og vestari hluta túnsins en hlutverk hennar er óljóst. Túnið á Kussungsstöðum er fremur flatlent. Mesta þýfið er í elsta hlutanum, austan bæjarlækjarins, en utan hans er túnið ekki mjög þýft.

Hleðslan er tæplega 15 m löng og snýr norður-suður. Í miðjunni er beygja, þar liggur hún austur-vestur á 4 m löngum kafla. Hleðslan er umfangslítill, 1 m á breidd og 0,3 m á hæð. Lítil grænka er í henni og mögulega var tóft undir henni sem hefur verið sléttuð.

Hættumat: engin hætta

SP-038:006 Stekkjarnes tóft stekkur


541969 623907

“Niður af Ölduhól er hæð, sem liggur til austurs og heitir Alda. Þar niður af er Stekkjarnes, er liggur niður að ánni, og þar er stekkur,” segir í örnefnaskrá. Stekkurinn er um 230 m suðaustan við mógrafir 009 og um 600 m SSA við bæ 001. Stekkurinn er á nesi sem gengur til austurs í Fjarðará.

Stekkjareyri er grýtt og flatlend. Þunn gróðurþekja er ríkjandi og sunnarlega á eyrinni er grýttur hryggur. Stekkurinn er vestan í hryggnum. Víða eru steinar á svæðinu, bæði stórir og smáir.

Stekkurinn er 9x7,5 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur og skiptist í þrjú hólf. Hann er grjóthlaðinn, veggirnir eru 2 m á breidd og 0,3-0,8 m á hæð. Það glittir í 2-4 umföör grjóthleðslu í þeim. Veggirnir eru bæði hlaðnir úr stórum og smáum steinum og grónir að ofan. Hólf A er norðvestast og liggur eftir tóftinni endilangri. Innanmál þess er 7x1 m og op er í austurhorni. Sunnan við það op er hólf B í suðausturhluta tóftarinnar. Op er einnig inn í það í austurhorni og er innanmál þess 1x1 m. Hólf C er suðvestan við hólf B, í suðurhorni tóftar. Innanmál þess er 1,5x1,5 m. Ekkert op sést inn í það.

Hættumat: engin hætta



Stekkur 006, horft til suðvesturs á ljósmynd.

Heimildir: Ö-Kussungsstaðir, 1

SP-038:007 Nautavað örnefni vað

541916 623245

“Þegar komið er fram fyrir Ölduna er Nautavaðshvammur, sem er niður við á, og þar er Nautavað á ánni,” segir í örnefnaskrá. Vaðið er um 300 m sunnan við sel 004 og tæpum 1,2 km sunnan við bæ 001. Á loftmynd má sjá götur liggja af leið SP-621:006 á austurbakka Fjarðarár að vaðinu og tengjast leið SP-621:013 vestan árinna. Á vaðinu var farið yfir grynningar í ánni og flatlenda gróna eyri.

Fjarðará rennur í djúpu og bröttu gili á þessum slóðum. Brekkurnar eru grónar en óviða er hægt að komast að ánni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kussungsstaðir, 1

SP-038:008 heimild um rist

“Torfrista og stúnga lök og lítt nýtandi,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1712. Ekki er vitað hvar torf var rist í landi Kussungsstaða og ekki fundust óyggjandi ummerki um hana við vettvangsskráningu sumarið 2019. Torfristusvæði gróa yfirleitt fljótt aftur og ummerkin hverfa á skömmum tíma.

Heimildir: JÁM XI, 57

SP-038:009 náma mógrafir

541786 624080




Lítið, skýrt afmarkað mógrafasvæði er rúnum 70 m sunnan við mógrafir 024 og tæpum 350 m SSA við bæ 001. Mógrafirnar eru í mýri sem afmarkast af mólendi og grjóthryggjum til allra átta.

Gróin mýri nærri Fjarðará.

Mógrafasvæðið er 36x28 m að stærð og snýr norður-suður. Enn sjást stakar mógrafir vel innan svæðisins og þær eru hið minnsta 30 talsins. Stærð og stefna þeirra er breytileg. Þær eru 0,5-1 m á dýpt og stendur vatn í sumum þeirra.

Hættumat: engin hætta

Mógrafir 009, horft til austurs.



Útihús 010, horft til vesturs á ljósmynd.

Útihústóft er rúmum 30 m vestan við bæ 001 og 13 m suðaustan við útihús 014, fast norðan við bæjarlækinn og í yngri hluta túnsins.

Túnið á Kussungsstöðum er fremur flatlent. Mesta þýfið er í elsta hlutanum, austan bæjarlækjar, en utan hans er túnið ekki mjög þýft.

Tóftin er 4,2x3,5 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin er einföld og er op á henni á suðurgafli, í átt að bæjarlæknum. Syðsti hlutinn er raskaður og fallinn í lækinn. Inni í tóftinni er hrun úr vesturvegg sem er einna best varðveittur. Hann er 1 m á hæð en aðrir veggir 0,3 m. Tóftin er líklega torfhláðin og veggirnir eru 2 m á breidd. Útmokstur er fast vestan við tóftina, þar er lág þúst.

Hættumat: engin hætta



Útihúsatóftir 011_1-2. Loftmynd. Loftmyndir ehf.

Tóftir tveggja fjárhúsa eru í yngsta og vestasta hluta heimatúnsins, um 120m vestan við bæ 001 og 75 m ASA við tóft 012. Tóftirnar eru samtengdar með heygarði og eru skráðar í sitt hvoru lagi. Saman eru þær á svæði sem er 40x22 m að stærð og snýr norður-suður. eru þær frá yngsta búsetuskeiði á jörðinni.

Túnið er nokkuð jafnlent, þýft og grösugt. Utan við það til vesturs tekur við lyngmói.

Lýsingin hefst á syðri tóftinni sem er 25x20m að stærð og hefur 9 hólfrá A til I. Tóftin hefur að lágmarki verið tvöfalt fjárhús og þrjár hlöður en hvaða hlutverk önnur rými kunna að hafa haft er ekki eins ljóst. Hólfrá A er stórum hluta í tveimur hólfráðum sem liggja frá norðri til suðurs og verður hér byrjað á að fjalla um vestari hólfráðina sem samanstendur af hólfrá A - C. Þau eiga það öll sameiginlegt að á þeim sást ekkert op og er talið að þau hafi verið nýtt sem hlöður. Hólfrá A er nyrst og vestast í tóftinni og er það 2,5x2m að innanmáli. Sunnan við það er hólfrá B sem er 2,5x2m að



Tóft 011_2 í forgrunni en tóft 011_1 er fjær, horft til suðausturs.

innanmáli og snýr vestur og austur. Hólf C er svo sunnan við hólf B og er það 4,5x2m að innanmáli og snýr norður og suður. Austari hólfaröðin samanstendur af hólfulum D - H og er hólf D nyrst og austast í tóftinni. Hólf D er 4x2m að innanmáli og snýr austur og vestur. Op er á því til austurs og má vel vera að í því hafi verið fjárhús þó að ummerki um það séu ekki augljós. Hólf E og F eru bæði fjárhús sem eru um 6,5x3m að innanmáli og snúa austur og vestur. Rúmlega 4m langir garðar liggja eftir þeim endilöngum og á þeim báðum er op á austurgafli. Í suðurenda tóftar og sunnan við hólf F er hólf G sem er um 4x4m að innanmáli. Ekki er hlaðinn veggur á suðurhlið þess og þar kann að hafa verið timburgafl. Austan við hólf G

og sunnan við hólf F er hólf H. Það er 2x1,5m að innanmáli og snýr norður og suður. Op er á því til suðurs. Að lokum er mjög ógreinilegt hólf I vestast í tóftinni, vestan við hólf C. Þetta rými virðist vera sporöskjulaga og er það um 2,5x2m að innanmáli, snýr norðvestur og suðaustur. Vegghleðslur eru mikið signar og grónar. Mikið hrun er í tóftinni sem hefur greinilega verið torf og grjóthlaðin en grjóthleðslur eru mjög signar. Innrabyrði er almennt frá 30 til 160cm á hæð og ytra byrði 30 til 130cm á hæð. Garðarnir í fjárhúsunum (hólfulum E og F) eru 80-100cm á breidd og 30-40cm á hæð. Rofsár eru víða í veggjum tóftarinnar. Ógreinilegt haft er á milli þessarar tóftar og fjárhústóftar 011_2 sem er fast norðan við hana. Á milli tóftanna og vestan við haftið hefur mögulega verið heygarður.

Hættumat: engin hætta

SB-038:011_2 tóft fjárhús

541458 624375




Fjárhústóft 011_2, horft til austurs.

Fjárhústóft 011_2 er 21x13m að stærð og snýr vestur og austur. Hún hefur fimm hólf sem hér verða auðkennd með bókstöfum frá A til E til að auðvelda alla umfjöllun um þau. Vestast er hólf A og er það 2x2m að innanmáli. Austan við það er hólf B sem er 3x2m að innanmáli og austan við hólf B er hólf C sem er 5x3m að innanmáli. Hólf B og C snúa austur-vestur. Ekki var hægt að greina nein augljós op á hólfulum A og B og því líklegt að þau hafi verið nýtt sem hlöður. Ekkert greinilegt op sást heldur á hólfi C en eftir því liggur garði sem er rúmlega 80cm á breidd og 30-40cm á hæð og því hefur þar greinilega verið fjárhús. Sunnan við hólf C er lítið hólf D sem 2,5x1m að innanmáli og snýr vestur og

austur. Tvö op eru á því, annað til austurs en hitt til suðurs inn í hólf E sem er 2,5x1m að innanmáli og snýr vestur og austur. Vegghleðslur eru signar og þónokkuð hrun í þeim. Þær eru 1,5-2,5m á breidd og hlaðnar úr torfi og grjóti. Grjóthleðslur sjást hér og þar en virðast mikið til fallnar og má vera að þær hafi verið rifnar niður að einhverju leyti. Ytrabyrði veggja er 30-120cm á hæð en innrabyrði 30-160cm á hæð. Víða eru rofsár í tóftinni. Ógreinilegt haft er á milli þessarar tóftar og fjárhústóftar 011_1 sem er fast sunnan við hana.

Hættumat: engin hætta




Tóft 012, horft til suðurs á ljósmynd.

Nokkuð fornleg en vel greinileg tóft er rétt utan túns, 200 m vestan við bæ 001 og 50 m norðaustan við vörslugarð 031_1.

Tóftin er í lyngmóa innan um lágar þýfðar hæðir. Jarðvegsrof er efst í mörgum þeirra.

Tóftin er einföld, 6x3,5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Mögulega hefur verið op í ANA-horni. Tóftin er lyngi vaxin og grasi og er hlaðin úr torfi og grjóti. Veggir hennar eru 0,4-0,5 m á hæð. Ekki er augljóst hvaða hlutverki þessi tóft hefur gegnt.

Hættumat: engin hætta



Heystæði 013, horft til suðausturs á ljósmynd.

Tóft af heystæði er í túni tæplega 140m vest-suðvestur af bæ 001, um 25m sunnan við tóftir 011 og um 25m norðan við túngarð 003.


Túnið er nokkuð flatlent en er þýft og komið í mikla órækt.

Tóftin sést sem upphlaðinn pallur sem er 6x4m að stærð og snýr norður og suður. Ytrabyrði hans er 30-100cm hátt og er það hæst að vestan- og sunnanverðu. Tóftin er mjög grösug og sjást engar grjóthleðslur í henni. Fast austan við hana er niðurgrafinn kantur um 20cm hár og 6m langur og má vera að hann sé ummerki eftir efnistöskuna í tóftina.

Hættumat: engin hætta

SP-038:014 tóft útihús

541533 624382



Útihústóft 014, horft til vesturs á ljósmynd.

Stæðileg útihústóft er 45 m vestan við bæ 001 og 16 m norðvestan við útihús 010.

Tóftin er í heimatúni Kussungsstaða, í yngri hluta þess, vestan við bæjarlækinn. Túnið er smápýft og gróið á þessu svæði.

Tóftin er 12,5 x 11,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 2-3 m á breidd og 0,2-0,8 m á hæð. Tóftin er torfhlaðin og sigin en á yfirborði má greina fjögur hólf í henni. Lýsingin hefst á hólf A, suðaustast í tóftinni. Innanmál þess er 2,5x2 m og það snýr norður-suður. Op er á því nyrst á austurlanghlið. Ekki er mikið hrun inni í hólfinu. Hólf B er norðan við hólf A. Það er um 3x3 m að innanmáli og op á miðri austurhlið. Hólf C er inn af og vestan við hólf A. Það er 2x1,8 m stórt og ekkert op sést á því. Hólf D er inn af og vestan við hólf C, skilin á milli þeirra eru óljós. Hólfid er 1,4x1,2 m að innanmáli og nánast ferhyrnt. Hluti veggjanna sjást sem þýfðir bakkar. Ekkert op sést á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

SP-038:015 renna vatnsból

541580 624387



Renna 015 er grafin frá bæjarlæknum í sveig að bænum á Kussungsstöðum, horft til ANA.



Hér er horft til suðausturs og sjást grjóthleðslur í rangala sem renna 015 lá inn í.

Vatnsveitumannvirki er í vesturjaðri bæjarhóls Kussungsstaða 001_1. Þar má sjá handgrafna rennu sem liggur í sveig og veitir vatni úr bæjarlæknum að bæjartóft 001_2 og frá henni aftur.

Túnið á Kussungsstöðum er fremur flatt og tiltölulega slétt. Bæjarlækurinn rennur til norðausturs niður úr Kussungsstaðabrekum sem eru neðarlega í fjallinu Darra, litlu vestan við bæinn. Lækurinn rennur svo fram af háum bakka ofan í Fjarðará/Austurá norðan við bæinn.

Rennan sem grafin hefur verið frá bæjarlæknum er um 15 m löng og liggur í sveig, sem fyrr segir, frá læknum að bæjartóft og aftur frá henni og út í lækinn. Er 6,5 m frá bæjarlæk og að bæjartóft. Skurðurinn er 0,5-1 m á breidd og 0,5 m á dýpt. Hann er samansiginn og gróinn og ekki sést vatn í honum.

Hættumat: engin hætta

SB-038:016 tóft útihús

541636 624334



Ætla má að útlött útihústóft sé þar sem allstór, en ekki afgerandi þúst er suðaustast í heimatúni Kussungsstaða, nærri bakka Fjarðará/Austurár. Þústin er 60 m suðaustan við bæ 001 og 30 m norðvestan við túngarð 003_2.

Túnið er smápýft og flatlent. Á miðri þústinni er hundapúfa.


Þústin 12x8 m að stærð og er 0,3-0,4 m á hæð. Hún er þýfð og grænt gras vex efst á henni.

Hættumat: engin hætta

Útlött útihústóft, horft til SSA á ljósmynd.

SB-038:017 tóft útihús

541606 624377



Útihústóft 017. Í forgrunni á ljósmynd er kálgarður 001_3, horft til austurs.

Þrískipt tóft er fast suðaustan við bæjartóft 001_2 á sama náttúrulega hólnum og bæjarhóllinn 001_1 er á. Frá tóftinni eru 12 m til austurs að háum og snarbröttum bakka Fjarðará/Austurár.

Túnið á Kussungsstöðum er nokkuð flatlent og er lítið um hóla og hæðir í því. Nokkurt þýfi er hins vegar fast SSV við tóftina og ekki útilokað að mannvistarleifar leynist þar undir sverði.

Tóftin er 14,5x10 m að stærð og snýr norður-suður. Er stærstur hluti tóftarinnar í halla til austurs en syðsti hlutinn er á jafnsléttu. Þar er flati og mjög ógreinilegt innanmál hólfs sem er 3x2 m að innanmáli


og snýr NNA-SSV. Ekki sést op inn í það. Greinilegasta hólfið er þar norðan við, í miðri tóft, og er það 6x2,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Ekki er heldur að sjá að op hafi verið inn í það. Að lokum er ógreinilegt hólfi í norðurenda tóftarinnar sem er 5x2 m að innanmáli, snýr ANA-VSV. Op er á því hólfi í norðausturhorni og nær austurveggur á hólfinu aðeins norður fyrir tóftina. Hvergi sést grjót í veggjum sem eru 0,5 m á hæð þar sem þeir eru hæstir suðaustast í tóftinni. Hlutverk þessarar tóftar er ekki ljóst en um einhvers konar útihús er líklega að ræða.

Hættumat: engin hætta

SP-038:018 tóft fjárhús

541588 624350

Stór þrískipt tóft er á lágri hæð í túninu fast sunnan við bæ 001, um 6 m sunnan við kálgarð 001_3 og 22 m austan við útihús 035.



Fjárhústóft 018, horft til suðurs á ljósmynd.

Túnið á Kussungsstöðum er nokkuð flatlent og er lítið um hóla og hæðir í því.

Tóftin er úr torfi og grjóti og snýr norður-suður. Hún er nokkuð sigin, gengin í þúfur og farin að aflagast. Tóftin er 22x7,5 m að stærð og snýr NNV-SSA. Öll þrjú hólfin snúa eins og tóftin. Lýsingin hefst í NNV-enda á hólfi sem er 4x3 m að innanmáli. Ekki er skýrt op á því en í NNA-horni virðist vera rof frekar en dyraop. Á miðri ANA-hlið tóftarinnar virðist vera op inn í miðhólf tóftarinnar sem er 2,5x1,5 m að innanmál. Úr opi inn í miðhólfið er óljóst op inn í hólfi í SSA-enda tóftarinnar sem er 7x3 m að innanmáli. Eftir því endilöngu er mikill bálkur sem er 0,3-0,4 m á hæð. Er hann ef til vill aðeins hrun úr veggjum eða leifar af þekju en gæti einnig verið garði. Líklega er tóftin af fjárhúsum og hefur fjárhúshlutinn verið í SSA-enda og mögulega hlaða í NNV-enda. Veggjahleðslur eru 0,5 m á hæð en ekki er hægt að greina fjölda umfara í grjóthleðslum. Veggir virðast stæðilegri í SSA-enda en í NNV-enda eru veggir minna gengnir í þúfur.

Hættumat: engin hætta

SP-038:019 heimild um landamerki

“Er áin [Þverá] hefur runnið fram úr gljúfrum sínum er stefnan úr þeim beint mitt á milli Arnarhóls og árinna og sýna tvær vörður hver fyrir neðan aðra, stefnu þessa austur í austasta farveg Fjarðarár.” segir í Landamerkjabréfi Kussungsstaða No. 70, þinglýstu 1890. Í Landamerkjabréfi Þverárlands No. 64, þinglýstu 1890 segir: “Að sunnanverðu til móts við Kussungsstaðaland ræður áin, sem kemur framan Þverárdal og rennur fram úr djúpu klettagili, hvaðan tekin er bein stefna mitt á milli Arnarhóls Kussungsstaðamegin og Þverárinna að utanverðu, eftir tveim hlöðnum vörðum, sem bera hver í aðra austur í austasta farveg Fjarðarárinnar [...]” Vörður þær sem hér eru nefndar í landamerkjalyýsingum

(sjá einnig 020) voru á eyrum neðan og norðan við Hóla. Hefur þetta svæði breyst mikið í gegnum tíðina samfara breytingum á farvegum Þverár og Fjarðarár/Austurár. Ekki sáust skýr ummerki um vörður á eyrunum þegar aðalskráning fornminja fór fram í Fjörðum 2019. Er líklegt að þær séu horfnar vegna landbrots og flóða en ekki var gengið skipulega um svæðið og því ekki hægt að taka af allan vafa um að þær séu með öllu horfnar.

Heimildir: Landamerkjabréf Kussungsstaða No. 70; Landamerkjabréf Þverár No. 64

SP-038:020 heimild um landamerki

“Er áin [Þverá] hefur runnið fram úr gljúfrum sínum er stefnan úr þeim beint mitt á milli Arnarhóls og árinna og sýna tvær vörður hver fyrir neðan aðra, stefnu þessa austur í austasta farveg Fjarðarár.” segir í Landamerkjabréfi Kussungsstaða No. 70, þinglýstu 1890. Í Landamerkjabréfi Þverárlands No. 64, þinglýstu 1890 segir: “Að sunnanverðu til móts við Kussungsstaðaland ræður áin, sem kemur framan Þverárdal og rennur fram úr djúpu klettagili, hvaðan tekin er bein stefna mitt á milli Arnarhóls Kussungsstaðamegin og Þverárinnar að utanverðu, eftir tveim hlöðnum vörðum, sem bera hver í aðra austur í austasta farveg Fjarðarárinnar [...]” Vörður þær sem hér eru nefndar í landamerkjalykingum (sjá einnig 019) voru á eyrum neðan og norðan við Hóla. Hefur þetta svæði breyst mikið í gegnum tíðina samfara breytingum á farvegum Þverár og Fjarðarár/Austurár. Ekki sáust skýr ummerki um vörður á eyrunum þegar aðalskráning fornminja fór fram í Fjörðum 2019. Er líklegt að þær séu horfnar vegna landbrots og flóða en ekki var gengið skipulega um svæðið og því ekki hægt að taka af allan vafa um að þær séu með öllu horfnar.

Heimildir: Landamerkjabréf Kussungsstaða No. 70; Landamerkjabréf Þverár No. 64

SP-038:021_1 tóft óþekkt

541382 624293




Tóft 021_1, horft til austurs.

Tóft og óljóst garðlag eru fast utan og vestan við forngarð 031_1, um 220m vest-suðvestan við bæ 001 og tæpa 50m aust-norðaustan við tóft 032. Saman eru minjarnar á svæði sem er 20x10 m að stærð og snýr norður-suður. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessar minjar hafa gengt.

Minjarnar eru í þýfðu og grösugu landi utan túns. Lýsingin hefst á tóft 021_1 sem er syðst á svæðinu. Hún er einföld, 7x5m að stærð og snýr

vestur og austur. Vegghleðslur eru 30-50cm á hæð og um 2m á breidd. Hún er 4,5x1m að innanmáli og er op á henni til vesturs. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni en hún er öll hlaupin í þúfur.

Hættumat: engin hættu



Tóft 021_2 og óljóst garðlag 021_1 eru fast vestan við forngarð 031_1.

SP-038:021_2 garðlag óþekkt

541387 624302



Óljóst garðlag 021_2, horft til austurs.


Frá utanverðum austurgafli tóftar 021_1 liggur garðlag 021_2 í sveig norðvesturs. Það er 21 m á lengd, 10-30cm hátt og um 2m breitt. Ekkert er vitað um hlut

Hættumat: engin hætta

SP-038:022 tóft rétt

541366 624532

Stór rúningsrétt er 17 m austan við rétt 042 og um 240 m norðvestan við bæ 001. Réttin er ekki mjög gömul, hún var hlaðin eftir að byggðin í Fjörðum fór endanlega í eyði og svæðið varð hluti af afréttarlandi hreppsins.



Rúningsrétt 022, horft til suðausturs á ljósmynd.

Réttin er undir vallendisbrún, mýri er til norðurs og austurs. Gróið er við réttina en það má greina ummerki um efnistöku við gerð hennar í næsta nágrenni.

Réttin er 33,5x20,5 m að stærð og snýr norður-suður. Veggirnir eru algrónir, torfhláðnir, 1-1,5 m á hæð og víða er rof í þeim. Hólf A er í vesturluta tóftarinnar. Innarmál þess er 30x7,5 m og það snýr norður-suður. Op er inn í hólflið og réttina vestarlega á norðurskammhlið og á austurhlið eru tvö op, yfir í hólf B og C. Hólf B er norðar og innarmál þess er 8x3,5 m. Op er út úr því til austurs. Hólf C er sunnar og innarmál þess er 7x6 m. Op er út úr hólfinu á miðri austurhlið.

Hættumat: engin hætta

SP-038:023 náma mógrafir

541438 624579

Stórt mógrafasvæði er 150 NNV við bæ 001 og um 50 m austan við rúningsrétt 022.



Mógrafir 023, horft til vesturs.

Mógrafirnar eru í mýri, á milli gróins holts að austan og brekku til vesturs.

Mógrafasvæðið er 160x30 m að stærð og snýr NNV-SSA. Mikið af stökum mógröfum sjást þar enn og ljóst að þær skipta tugum ef ekki hundruðum. Vatn er enn í þeim og þær eru um 1-1,5 m á dýpt.

Hættumat: engin hætta

SP-038:024_1 náma mógrafir

541745 624171



Yfirlitskort af mógröfum og mótóft 024. Loftmynd: Loftmyndir ehf.



Greinilegar mógrafir 024_1, horft til ASA.

Mógrafir eru um 220 m SSA við bæ 001 og rúmum 70 m norðan við mógrafir 009. Svæðið er 70x35 m að stærð og tvær fornleifar eru þar, mógrafir 024_1 og móstæði 024_2.

Mógrafasvæðið er í mýri milli tveggja melhryggja og valllendis.

Mógrafirnar eru 63x25 m að stærð og snúa norður-suður. Lækur afmarkar það að sunnan og vallendi að norðan. Svæðið er stórt og stakar mógrafir innan þess skipta tugum en ekki reyndist unnt að áætla nákvæman fjölda þeirra. Mógrafirnar eru þurrar að mestu, 0,3-1,5 m á dýpt en stærð og stefna þeirra er breytileg. Brún mógrafasvæðisins er 0,3-0,5 m á hæð og mjög greinileg. Líklegt er að svæðið hafi verið notað lengi sé horft til þess hversu mikið efni hefur verið tekið héðan.


Hættumat: engin hætta

SP-038:024_2 tóft skemma

541743 624149

Móstæði 024_2 er 3 m suðvestan við mógrafir 024_1. Það er 4,7x2,5 m að stærð, einfalt og opið til suðurs. Veggir eru signir, 1-1,5 m á breidd og 0,3 m á hæð. Tóftin er líklega allforn, veggir eru signir, lyngi- og mosavaxnir.

Hættumat: engin hætta



Mótóft 024_1, horft til norðurs á ljósmynd.

SP-038:025_1 náma mógrafir

541357 624090



Yfirlitskort af mógröfum og mótóftum 025. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Mógrafir 025_1, horft til suðurs.

Mógrafarsvæði er 22 m vestan við forngarð 030_1, um 360m suðvestan við bæ 001 og um 30 m norðvestan við mógrafir 026_1. Tvö móstæði 025_2 og 025_3 eru rúnum 10m norðvestur af mógrafarsvæðinu.

Mínjarnar eru í grösugu og blautu mýrlendi.

Mógrafarsvæðið er 33x25m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Mógrafirnar eru mjög misjafnar að stærð og dýpt. Sumar eru grónar í botninn en aðrar fullar af vatni. Brúnir þeirra flestra eru frekar skarpar.

Hættumat: engin hættu


SP-038:025_2 tóft skemma

541420 624232

Tóft 025_2 er rúnum 10 m norðvestan við mógrafir 025_1 og má ætla af útliti hennar og nálægð við mógrafarsvæðið að hún sé af móstæði. Hún er fast norðan við lækjarsytru sem rennur í djúpum og nánast yfirgrónum farvegi í grösugu deiglendi. Tóftin er 5x3m að stærð og snýr vestur og austur. Hún er einföld en ekkert op sést á henni. Tóftin ytri brún veggja er skýr og er hún 50-90cm á hæð en innrabyrðið er óljósara og varla meira en 30-40cm á hæð. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni, hún er vel gróin og er mikið vex af fjalldrapa á henni.

Hættumat: engin hættu

SP-038:025



Móstæði 025_2-3.



Mótóft 025_2, horft til vesturs.

SP-038:025_3 þúst skemma



Móstæði 025_3, horft til vesturs.


541235 624090

Þúst 025_3 er rúma 10m norðvestan við mógrafarsvæði 025_1 og um 4m austan við tóft 025_2. Þústin er í grösugu deiglendi fast norðan við lækjarsytra sem rennur í djúpum farvegi. Þústin er sennilega manngerð og gæti hafa þjónað sem pallur til að þurrka mó og geyma hann á. Líka er mögulegt að þústin sé yfirgrónir hnausar sem þar hafa verið skildir eftir. Þústin sem er eilítið toppmynduð er 3x3m að stærð og 30-50cm á hæð.

Hættumat: engin hætta

SP-038:026_1 náma mógrafir

541501 624193



Yfirlitskort sem sýnir mógrafir og mótóftir 026.
Loftmynd: Loftmyndir ehf.



Mógrafir 026_1, horft til suðvesturs.

Mógrafarsvæði er rúma 200m suðvestan við bæjarhól 001 og um 40m suðaustan við mógrafarsvæði 025. Norðvestan við mógrafarsvæðið eru tvær tóftir 026_2 og 026_3 sem út frá útliti og staðsetningu munu vera móstæði.


Minjarnar eru í grösugu mýrlendi norðaustan við lækjarfarveg.

Mógrafarsvæðið er 70x15m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Mógrafirnar eru frekar grunnar, 30-50cm djúpar og flestar grónar.

Hættumat: engin hætta

SP-038:026_2 tóft skemma

541480 624192




Mótóft 026_2, horft til suðurs á ljósmynd.

Mótóft 026_2 er um 6m norðan við mógrafarsvæði 026_1 og um 4m sunnan við tóft 026_3. Hún er 6x4m að stærð og snýr norður og suður. Tóftin er einföld og ekkert op sést á henni. Ytrabyrði veggja í henni er skýrt og er 80-120cm á hæð en innrabyrðið er óljósara og varla meira en 10-20cm á hæð. Vegghleðslurnar sem eru um 1m á breidd eru vel grónar og sjást engar grjóthleðslur í þeim.

Hættumat: engin hætta

SP-038:026_3 tóft skemma

541480 624199



Mótóft 026_3, horft til suðurs á ljósmynd.

Mótóft er um 15m norðan við mógrafarsvæði 026_1 og um 4m norðan við tóft 026_2. Hún er 4x3m að


stærð og snýr norður og suður. Tóftin er einföld og ekkert op sést á henni. Veggheðslur eru vel grónar og sjást engar grjóthleðslur í þeim. Þær eru um 1m á breidd, ytrabyrði 60-80cm á hæð en innrabyrðið er óljósara og varla meira en 10-20cm á hæð.

Hættumat: engin hætta

SP-038:027 tóft fjárhús

541567 624500

Tóft er um 35 m austan við tóft 043 og rúmum 100 m norðan við bæ 001. Hún er uppi á árbakka Fjarðarár, um 15 m eru niður til austurs að ánni. Löggun tóftarinnar bendir til þess að um fjárhús sé að ræða.



Fjárhústóft 027, horft til suðurs á ljósmynd.

Tóftin er á grónu, þýfðu svæði utan heimatúnsins. Engu að síður er gróðurinn mikill og líklegt að ræktun hafi átt sér stað á einhverjum tímamarki.

Tóftin er 10x7 m að stærð og snýr norður-suður. Veggirnir eru algrónir, 2 m á breidd og 0,5-0,6 m á hæð. Tóftin skiptist í fjögur hólf og fær hvert þeirra bókstaf til aðgreiningar í lýsingu. Á miðjum norðurvegg er op til suðurs inn í hólf A og til austurs inn í hólf B. Hólf A er vestast í tóftinni og innmál þess er 1,5x1,5, Austan við hólf A er hólf B. Innanmálið er 1,6x1,1 og áttahorfið nálega austur-vestur. Suðurveggur hólfsins er siginn og ógreinilegur. Hólf C er sunnan við hólf B. Það er 1,6x1,6 m að innanmáli, veggir þess eru signir en op sést á miðri austurlanghlið. Hólf D er syðst í tóftinni. Innanmálið er 2,5x2 og op er til vesturs, norðlega á vesturhlið.

Hættumat: engin hætta

SP-038:028 tóft heystæði


541484 624634

Tæpum 150 m norðan við tóft 043 og 260 m norðan við bæ 001 er heystæði. Tóftin er í grónum hvammi sunnan við Arnarhól og kindagata liggur fast austan við hana. Vestan við tóftina er 5-10 m há brekka, upp á valllendishrygg.

Gróinn hvammur, milli tveggja lágra malarhóla til austurs og vesturs.

Tóftin er 5,5x3,5 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Hún er einföld og op er á henni á austurgaffli, í átt að hvamminum. Hæð veggja er 0,5 og þeir eru 1-1,5 m á breidd. Veggirnir eru lyngi- og mosavaxnir og tóftin er fornleg.

Hættumat: engin hætta




Tóft af heystæði 028, horft til austurs á ljósmynd.

SP-038:029 tóft rétt

541499 624409

Óljós tóft er um 90 m VNV við bæ 001 og 25 m norðvestan við útihús 014. Líklega er þetta rétt sem gæti hafa verið tvískipt. Réttin er austan í sama hól og útihús 014 en er mun lægri í landslaginu. Hún er á flatlendu, grónu svæði.

Jarðvegur sígur til austurs, niður hólinn. Tilraunir til sléttunar sjást nærri réttinni en annars er svæðið þýft.



Réttartóft 029, horft til suðurs á ljósmynd.

Réttin er 17x9 m stór og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,3 - 0,4 m á hæð, 2 m á breidd og algrónir grasi, lyngi og mosa. Líklega er op til suðvesturs en víða er rof í veggjum. Norðan við miðja tóft er þrenging sem gæti bent til þess að þar hafi verið skil á milli hólfa. Veggir í nyrsta hluta réttarinnar eru umfangsminni en veggir í suðurhlutanum.


Hættumat: engin hætta

SP-038:030_1 garðlag vörslugarður

541478 624236

Fornlegt garðlag liggur í sveig frá forngarði 031 við bæjarlækinn til suðurs og afmarkar allstórt svæði sunnan við túnið á Kussungstöðum. Óljós ummerki um sambyggt mannvirki eru við innanverðan garðinn og eru því tvær fornleifar sem tilheyra þessum minjastað. Forngarðurinn er 130 m suðvestan við bæ 001 og á milli hans og túngarðs 003_1-2 eru tóftir 048, 049, 044 og 051 og mógrafir 045.

Garðurinn liggur um þýft mólendi sem er vaxið grasi og lyngi. Innan garðsins er lág hæð.



Kort sem sýnir forngarð 030_1 og þúst 030_2 við hann innanverðan. Innan garðs eru minjar af ýmsum toga sem óvíst er að tengist garðinum eða séu samtíða honum. Tvískiptu tóftirnar sem eru vestast eru unglegar beitarhúsatóftir 048 og 049. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Lýsingin hefst á forngarði 030_1 sem er torfhláðinn og orðinn siginn og ógreinilegur á löngum köflum. Hann er 1-2,5 m á breidd og 0,3-0,5 m á hæð. Garðurinn afmarkar svæði sem er 100x75 m að stærð og snýr austur-vestur. Á nokkrum stöðum er rof í honum en hann er nokkuð greinilegur á vestasta



Forngarður 030_1, horft til suðurs.

hluta svæðisins þar til hann kemur suður að læk sem rennur til austurs. Þar liggur hann eftir norðurbakka lækjarins og er mjög illgreinanlegur. Garðurinn endar nokkuð skyndilega þar sem hann er farinn að beygja frá læknum til norðurs á mótis við kvíatóft 003_3, en hún er sambyggð túngarði 003_2. Þar eru allmiklar götur sem liggja á milli þess garðs sem hér er skráður og garðs 002 og virðast vera eftir sauðfé og göngufólk. Mögulega hafa þessar götur raskað garðinum og valdið því að framhald hans sést ekki í austurjaðri svæðisins sem garðurinn afmarkar. Þar sem garðurinn endar er dálítill stallur við hann innanverðan, sjá 030_2.

Hættumat: engin hætta

SP-038:030_2 þúst óþekkt

541574 624249

Flatur stallur er við innanverðan garð 030_1 í suðausturhorni þess svæðis sem garðurinn afmarkar. Líklega hefur þar verið einhvers konar gerði þó að innri brún veggja sjáist ekki lengur. Stallurinn er um 17x10 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ytri brún hans er 0,3-0,4 m á hæð. Hann er vaxinn



berja- og beitleyngi.

Hættumat: engin hætta


Þúst 030_2, horft til suðurs.

SP-038:031_1 garðlag vörslugarður

541487 624282

Allfornlegur garður liggur til vesturs frá suðvesturhorni elsta hluta heimatúnsins upp með norðurbakka bæjarlækjar og sveigir svo til norðurs, langleiðina að Þverá. Tvær tóftir eru sambyggðar innanverðum garðinum og er fjallað sérstaklega um hverja fornleif.

Minjarnar eru í deiglendum, grasi grónum og þýfðum móa sem er í aflíðandi halla til austurs.



Yfirlitsmynd sem sýnir forngarð 031_1 og sambyggðar tóftir 031_2-3. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Torfhlaðinn garður 031_1 er um 430 m langur og liggur sem fyrr segir frá suðvesturhorni elsta hluta heimatúnsins á Kussungsstöðum, upp með bæjarlæk og til norðurs, langleiðina að Þverá. Hann hefur



Hér sést forngarður 031_1 vel í móanum, horft til austurs.



Ógreinilegri hluti garðs 031_1 í deiglendi, horft til suðausturs.

gegnst hlutverki vörslugarðs og skilið á milli heimalands og úthaga. Þar sem garðurinn stendur best er hann um 1 m á breidd og 0,4 m á hæð en víða er hann nánast alveg útflattur, 2,5 m á breidd og 0,1-0,2 m á hæð. Víða er rof í garðinum og þar sem hann liggur um mýrlend svæði er hann mjög sokkinn og illgreinanlegur. Garðurinn er tvöfaldur á stuttum kafla sunnan við fjárhústóftir 011 og er eins og dálítið gerði á milli garðanna sem er 40x20 m að innanmáli, snýr austur-vestur, og mjókkar til beggja enda. Tóft 031_2 er sambyggð syðri garðinum og er innan þessa gerðis.

Hættumat: engin hætta

SP-038:031_2 tóft óþekkt

541475 624283



Lítill, ógreinileg tóft 031_2 er sambyggð vörslugarði 031_1, horft til suðvesturs á ljósmynd.


Tóft 031_2 er sambyggð innanverðum vörslugarði 031_1 þar sem hann er tvöfaldur og myndar lítið gerði. Tóftin er 7 m vestan við tóft 033 sem einnig er innan gerðisins. Hún er um 5x5 m að stærð, veggir hennar eru um 1 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Mögulega hefur verið op í norðvesturhorni tóftarinnar en það sést ekki vel því að tóftin er öll mjög sigin og orðin illgreinileg. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt.

Hættumat: engin hætta

SP-038:031_3 tóft óþekkt

541228 624450

Nærri norðurenda garðs 031_1 er lyngi vaxin tóft 031_3 sem er sambyggð innanverðum garðinum.




Tóft 031_3 sambyggð vörslugarði 031_1, horft til suðausturs á ljósmynd.

Tóftin er 30 m sunnan við meinta tóft 039 og 360 m norðvestan við bæ 001. Hún er einföld, 9x4,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Mjög óljóst op er á suðausturgafli tóftarinnar. Hvergi sést í grjóti í hleðslum og eru veggir 0,3-0,4 m á hæð. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en hún gæti hafa þjónað sem einhvers konar útihús, mögulega fjárhús.

Hættumat: engin hætta

SP-038:032 tóft óþekkt

541432 624277



Fornleg tóft 032, horft til suðurs á ljósmynd.

Nokkuð fornleg tóft er um 180m suðvestan við bæ 001, um 10m sunnan við forngarð 030_1 og um 40m norðan við tóft 025_3.

Tóftin er í grösugu mólendi skammt utan og suðvestan túns.


Tóftin er einföld, um 8x5m að stærð og snýr norður og suður. Hún er 4,5x1,5 að innanmáli og er op á henni á norðurgafli. Vegghleðslur eru 1-2m að breidd og er innrabyrði þeirra 20-30cm á hæð en ytrabyrði 30-50cm á hæð. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni en vegghleðslur hennar eru rúnaðar og grösugar. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin hefur gegnt.

Hættumat: engin hætta

SP-038:033 tóft heystæði

541487 624285

Óljós tóft er tæpum 150 m suðvestan við bæ 001 og fast norðan við túngarð 031. Tóftin er innan gerðis



Tóft 033 auk tóftar 031_2 og vörslugarðs 031_1.



Meint heystæði 033, horft til austurs.

við vörslugarð 031_1 í móa sem afmarkast af læk til suðurs og yngri hluta heimatúns til norðurs. Líklega er tóftin af heystæði en samband þess við garðlag 031_1 og sambyggða tóft 031_2 er óljóst.

Tóftin er í grösugu mólendi skammt utan og suðvestan túns.

Tóftin er 3,8x2,6 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er opin til vesturs en að austan skagar hún fram í aflíðandi halla til austurs þar sem lækjarfarvegur sameinast öðrum, þurrum farvegi. Veggirnir eru 1 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. Þeir eru signir, lyngi- og mosavaxnir.

Hættumat: engin hætta

SP-038:034 tóft útihús

541585 624324



Útfloött útihústóft 034, horft til suðurs.

Útfloött tóft virðist vera þar sem nokkuð afgerandi en lág þúst er í túni, um 50 m sunnan við bæ 001 og 50 m vestan við þúst 016.

Túnið er fremur flatlent og þýft en lítið þýfi er á þústinni.

Þústin er 12x10 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 0,2-0,3 m á hæð. Ekki sést móta fyrir innanmáli í þústinni en líklegt er að á þessum stað hafi verið útihús sem búið er að jafna um og slétta í tún.

Hættumat: engin hætta



SP-038:035 tóft útihús

541555 624344

Allstór en illgreinanleg tóft er vestarlega í elsta hluta túnsins á Kussungsstöðum, fast suðaustan við bæjarlæk og um 40 m suðvestan við bæ 001.

Túnið er flatlent og fremur þýft.

Tóftin er 18x11 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Hún skiptist í þrjú hól og virðist torf- og grjóthlaðin en orðin gróin, sigin og úr lagi gengin. Op er inn í tóftina í norðurenda og er þar komið inn í hól sem er 4x2,5 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Miðhólfið í tóftinni gengur út til vesturs og er 6x2,5 m að innanmáli og snýr þvert á tóftina. Op er úr því í hól í norður- og suðurendum tóftar. Syðsta hólfið er minnst og er 2,5x2,5 m að innanmáli. Nokkuð afgerandi stórþýfður hryggur er fast norðvestan



Sigin útihústöft 035, horft til norðausturs á ljósmynd.

við tóftina og kann að vera hluti af henni. Tóftin er öll gengin í þúfur og eru veggir 0,3-0,5 m á hæð. Hvergi sést í grjóthleðslur. Mjóar rennur liggja frá bæjarlæknum að norðvesturhorni tóftarinnar og er möguleiki á því að vatni hafi verið veitt eftir þeim inn í tóftina.

Hættumat: engin hætta

SB-038:036 garðlag traðir

541588 624413



Traðir 036, horft til suðausturs.

Óljósar traðir liggja að Kussungsstaðabænum 001_2 í norðurenda túnsins, sunnan við bæjarlækinn. Leið 038 liggur um traðirnar og í gegnum túnið á Kussungsstöðum.

Traðirnar eru í fremur flatlendu og þýfðu túni. Lítillega hallar til norðurs frá bænum að bæjarlæknum.

Traðirnar eru afmarkaðar af tveimur torfhlöðnum görðum. Þeir eru 20 m langar og eru rúmur 1 m á breidd þar sem þeir eru breiðastir í norðvesturenda en mjókka til suðausturs, í átt að bænum. Báðir garðar eru um 1 m á breidd. Suðvestari

garðurinn er orðinn óskýr og úr lagi genginn í norðvesturenda. Ytri brún hans er allsstaðar óljós en innri brún er um 0,6 m á hæð þar sem hleðslur eru hæstar. Traðirnar liggja yfir rennu 037 og þar eru traðarveggir mjög óljósir og signir, 0,1-0,2 m á hæð. Frá suðausturenda traðanna eru óljós ummerki um lága upphleðslu á um 10 m löngum kafla, að bæjartóftinni 001_2. Lágir kantar afmarka hana.

Hættumat: engin hætta

SB-038:037 renna óþekkt

541594 624414

Renna sem virðist manngerð liggur frá nyrsta hólfi í bæjartóft 001_2 til norðausturs og fram á bakka Fjarðarár/Austurár. Traðir 036 liggja yfir rennuna.

Rennan liggur um þýft tún sem er í aflíðandi halla til austurs.

Rennan er um 50 m löng og liggur frá norðurjaðri bæjarhóls 001_1 til norðausturs. Hún er grunn og fremur



Renna 037, horft til norðausturs.

breið efst og næst bænum en dýpkar og mjókkar eftir því sem lengra dregur til norðausturs. Efst er rennan 1-1,5 m á breidd og 0,3-0,5 m á dýpt en neðarlega er hún 0,2-0,5 m á breidd og 0,5-0,6 m á dýpt. Svo virðist sem að rennan hafi verið einhvers konar fráveita og er ekki útilokað að hlandi úr fjósi hafi verið veitt eftir henni sem hefur þá verið hluti af bæjartóftinni. Eins kemur til greina að um vatnsveitu sé að ræða sem er eldri en renna 015.

Hættumat: engin hætta

SP-038:038 gata leið

541619 624294



Gata 038 þar sem hún liggur á milli kálgarðs 001_3 og tóftar 017, horft til SSV.

Greinileg gata liggur í gegnum túnið á Kussungsstöðum, um traðir 036 og áfram í gegnum túnið til suðurs, um rof eða hlið á túngarði 003_2.


Leiðin liggur um elsta hluta túnsins og er það fremur flatlent og þýft.

Í norðurenda túnsins liggur leiðin yfir bæjarlæk og hefur hún grafist þar talsvert niður. Greina má óljósa götu eftir tröðum 036 og aftur sunnan við bæjarhlaðið, meðfram kálgarði 002_3 á bæjarhólnum. Sunnan við bæinn er alldjúp gata sem er 0,1-0,2 m á breidd og 0,3 m á dýpt. Heildarlengd leiðarinnar í gegnum túnið er 145 m. Þessi leið tengist alfaraleið SP-621:013 sem lá á milli bæja frá Gili að Tindriðastöðum.

Hættumat: engin hætta

SP-038:039 tóft óþekkt

541226 624485



Fornleg tóft 039, horft til suðausturs á ljósmynd.

Óljós tóft er norðarlega í landi Kussungsstaða, skammt sunnan við Þverá sem er á merkjum. Tóftin er 6 m innan og austan við norðurenda á vörslugarði 031_1 og 370 m norðvestan við bæ 001.

Tóftin er á suðausturbakka lækjar sem rennur ofan í Þverárgil. Er hún í þýfðum lyngmóa.

Tóftin er 5,5x5,5 m að stærð en norðurhluti hennar er rofinn og eru engar veggjahleðslur sýnilegar á norðurhlið. Líklega hefur tóftin verið um 8 m löng. Hún virðist nokkuð forn og er sigin og lyngi vaxin. Aðeins sést eitt hólf í henni og eru veggir 0,1-0,2 m á hæð. Greinileg ummerki um pælu er umhverfis suðurhluta tóftarinnar. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessi tóft hefur gegnt.

Hættumat: engin hætta

SP-038:040 náma mógrafir

541357 624090



Mógrafasvæði 040, horft til vesturs.

Lítið mógrafasvæði er um 360m suðvestan við bæ 001 og um 150m suðvestan við mógrafarsvæði 025.

Mógrafarsvæðið er í grösugu mýrlendi.


Sjá má mógrafir á svæði sem er 15x10m að stærð og snýr norður-suður. Mógrafirnar sem hafa enn nokkuð skarpar brúnir sem eru algrónar og eru 50-70cm djúpar.

Hættumat: engin hætta

SP-038:041 garðlag áveita

541452 624314

Skurður er meðfram garðlagi er fast sunnan við heystæðistöft 013, rúma 90m austan við 001 og um 30m sunnan við fjárhústóft 011_1.



Meintur áveitugarður 041 ásamt þúst 013, horft til suðausturs á ljósmynd.

Mínjarnar eru í þýfðu túni sem komið er í mikla órækt.


Garðlagið er um 18m langt og er skurður meðfram því að sunnanverðu. Það liggur frá ASA til VNV en í VNV-enda beygir það nokkuð skarpt til norðurs. Garðlagið er sennilega bara gert með uppmokstrinum

úr skurðinum frekar en að það sé hlaðið. Það er um 30cm á breidd og um 10cm á hæð. Skurðurinn er um 30cm á breidd og eitthvað álíka á dýpt. Sameiginleg breidd skurðar og garðlags er um 60cm. Líklegt er að þessu mannvirki séu fráveitu- eða áveitumannvirki.

Hættumat: engin hætta

SP-038:042 tóft rétt

541340 624519



Rúningsréttir 022 og 042. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Rétt 042, horft til suðurs.


Stór rúningsrétt er 17 m vestan við rétt 022 og rúmum 260 m NNV við bæ 001. Réttin er ekki mjög gömul, hún var hlaðin eftir að byggð í Fjörðum lagðist af og svæðið varð hluti af afréttarlandi hreppsins. Réttin er undir vallendisbrún, mýri er til norðurs og austurs. Gróið svæði er við réttina en það má greina ummerki eftir efnistöku við gerð hennar í næsta nágrenni.

Réttin er 29x11,5 m að stærð, snýr norður-suður og skiptist í tvö hólfi. Hún er torfhlaðin og veggir eru víða fallnir. Þeir eru 0,5-1,2 m á hæð og algrónir. Nyrðra hólfið er 16x6,5 m að innanmáli og op er vestarlega á nyrðri skammhlið. Annað op er á miðri suðurhlið, yfir í syðra hólfið. Það er mun minna, um 7x7 m að innanmáli.

Hættumat: engin hætta

SP-038:043 tóft fjárhús

541527 624490



Fjárhústóft 043, horft til suðurs á ljósmynd.

Tóft er um 110 m norðan við bæ 001 og rúnum 30 m vestan við tóft 027. Sé tekið mið af lagi tóftarinnar eru þetta fjárhús.


Gróið vallendi þar sem mosi, gras og lyng eru ríkjandi. Mýri er vestan við ásinn/hrygginn sem tóftin er á.

Tóftin er 14x6 m að stærð og snýr norður-suður. Hún skiptist í þrjú hólfi og veggirnir eru 0,4-1 m á hæð. Þeir eru hlaðnir úr torfi og grjóti. Lýsingin hefst til nyrst, í hólfi A. Það er 1,5x1,5 m að stærð og ekkert op sést inn í það. Hólfið er raskað að austanverðu en líklega var ekki op þar. Hólf B er sunnan við hólfi A. Innanmál þess er 2,3x1,8 m og víða glittir í grjót neðst í veggjum. Op er út úr hólfinu nyrst á austurlanghlið. Hólf C er syðst í tóftinni og var líklega heystæði. Umfang veggja í því er mun minna en annars staðar í tóftinni. Hólfið er 3x2 m að innanmáli og op er í suðvesturhorni þess.

Hættumat: engin hætta

SP-038:044 tóft óþekkt

541519 624281



Fornleg tóft 044, horft til suðurs á ljósmynd.

Fornleg, einföld tóft er rúnum 30 m norðvestan við tóft 051 og 130 m suðvestan við bæ 001. Tóftin er fast sunnan við bæjarlækinn, rétt utan við elsta hluta heimatúnsins. Lækurinn brýtur af landinu norðan við tóftina og er hún komin fram á bakkann. Tóftin tilheyrir að öllum líkindum elstu minjum á Kussungsstöðum og er nyrst á svæði sem er afmarkað af vörslugarði 030_1 að mestu leyti en einnig af túngarði 003_1 og vörslugarði 031_1.

Tóftin er á flötu svæði en norðan hennar er 1,5 m brattur bakki niður að læknum.

Tóftin er 8x5 m að stærð og snýr norður-suður. Ekkert op sést á yfirborði en það kann að hafa verið á norðurgafli sem er að hluta hruninn ofan í lækjarfarveg. Veggirnir eru 0,3 m á hæð, 2 m á breidd og lyngi- og mosavaxnir. Ekkert er vitað um hlutverk þessarar tóftar.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

SP-038:045 náma mógrafir

541526 624227

Mógrafarsvæði er um 160m suð-suðvestan við bæjarhól 001_1, um 25m austan við fjárhústóft 048 og rúma 40m suð-suðvestan við tóft 051.

Mógrafirnar eru í mólendi innan gerðis 030 en utan túngarðs 030.

Mógrafarsvæðið er 18x10m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Gryfjurnar eru mjög mis djúpar og eru sumar grónar í botninn en aðrar fullar af vatni.

Hættumat: engin hætta



Lítið mógrafasvæði 045 er innan forngarðs 030_1.
Loftmynd: Loftmyndir ehf.




Mógrafir 045, horft til suðurs.

SP-038:046 tóft heystæði

541442 624338

Tóft af heystæði er tæpa 150m vest-suðvestan við bæ 001, rúma 10m vestan við fjárhústóft 011_1 og um 25m norðvestan við heystæðistöft 013.



Heystæði 046, horft til suðurs á ljósmynd.

Tóftin er í þýfðu túni sem komið er í mikla órækt.

Tóftin er einföld, 5,5x4m að stærð og snýr norður og suður. Hún er 3,5x2,5m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Op er á tóftinni til norðurs. Vegghleðslur eru um 1m á breidd, innrabyrði er 30-60cm á hæð en ytrabyrði 30-50cm á hæð. Ekkert hleðslugrjót sést í tóftinni sem er töluvert þýfð. Norðan við tóftina er þúst sem er 3,5x1,5m að stærð og snýr vestur og austur.

Hættumat: engin hætta


SP-038:047 tóft heystæði

541441 624358

Tóft af heystæði er rúma 140m vestan við bæ 001, um 8m vestan við fjárhús 011_1 og um 15m norðan við heystæðistöft 046.

Tóftin er í þýfðu túni sem komið er í töluverða órækt.

Tóftin sést sem upphlaðinn pallur og er hann 7x5m að stærð, snýr norður og suður. Ytrabyrði veggja er 30-60cm á hæð og er tóftin töluvert hlaupin í þúfur.



Mynd sem sýnir heystæði og gríðarstóra útihústöft 011.




Heystæði 047, horft til suðurs.

Hættumat: engin hætta

SP-038:048 tóft beitarhús

541493 624235



Beitarhús 048, horft til suðurs á ljósmynd.

Tvískipt tóft er rúmlega 160m suðvestan við bæ 001 og um 10m norðan við tóft 049.

Tóftin er innan garðs 030 en utan túns í þýfðu og frekar deiglendu mólendi.

Tóftin er tvískipt, um 10x5,5m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Hún skiptist í hlöðu sem er 2,5x1,5m að innanmáli og fjárhús sem eru norðaustan megin við hlöðuna. Fjárhúsin eru 5,5x1m að innanmáli og snúa suðvestur og norðaustur. Op er á fjárhúsunum til norðausturs og má þar hafa verið timburgafl. Ekkert op sást á hlöðunni. Vegghleðslur er mjög signar og rúnaðar. Þær eru 30-80cm á hæð og 1,5-2,5m að breidd. Engar grjóthleðslur sást í tóftinni sem er öll lyngivaxin og áberandi í landinu.

Hættumat: engin hætta


SP-038:049 tóft beitarhús

541497 624221

Tvískipt tóft er um 10m sunnan við tóft 048 og 180 m suðvestan við bæ 001.

Tóftin er innan garðs 030 en utan túns í þýfðu og frekar deiglendu mólendi.

Tóftin er tvískipt, um 9x4m að stærð og snýr NNA-SSV suðvestur. Innra og nyrðra hólfið er 2x1,5 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Framan við það er mjög samansigið hólfið og er innanmál þess illgreinlegt af þeim sökum. Ekki er að sjá að hlaðinn veggur hafi verið á SSV-gafl og kann þar að hafa



Beitarhús 049 eru innan forngarðs 030_1.



Beitarhúsatóftin, horft til suðurs.

verið timburþil. Þessari tóft svipar mjög til tóftar 048 sem virðist vera lítil beitarhúsatóft og er því einnig sennilegt að sú tóft sem hér er skráð hafi haft sama hlutverk. Vegghleðslur eru signar og rúnaðar. Þær eru 30-80cm á hæð og 1,5-2,5m að breidd. Engar grjóthleðslur sáust í tóftinni sem er öll lyngivaxin.

Hættumat: engin hætta

SP-038:050 varða óþekkt

541566 623613



Varða 050, horft til suðausturs.

Hrunin varða er uppi á Öldu, hárrí hæð austan og neðan við Ölduhól. Hún er um 320 m vestan við minjar 004 og rúmum 780 m sunnan við bæ 001. Varðan er hátt uppi í hlíðum sem eru neðan við fjallið Darra. Hlutverk hennar er óþekkt.

Varðan er á lágum klapparhól í allbrattri hlíð í halla til austurs. Er svæðið vaxið lágu kjarri að hluta og víða eru háir hólar. Mýrlendir stallar eru í brekkunni og lækir renna víða úr þeim, niður hlíðarnar.

Varðan er 1,5x0,5 m að grunnfleti og 0,2 m á hæð. Hún er hrunin til grunna og aðeins sést eitt umfar neðst í henni. Gróinn lyngkragi er í kringum vörðugrunninn.

Hættumat: engin hætta


SP-038:051 tóft útihús

541557 624266

Fornleg, einföld tóft er rúmum 110 m SSV við bæ 001 og rúmum 30 m ASA við tóft 044. Tóftin er á lágri brekkubrún, skammt sunnan við elsta hluta túnsins, innan svæðis sem er að mestu afmarkað af vörslugarði 030_1 en einnig af túngarði 003_1. Ekki er ljóst hvort að þessi tóft geti hafa verið frá sama tímabili og vörslugarður 031_1 en það þarf að teljast líklegt ef mið er tekið af ástandi tóftarinnar og gróðurfari.

Tóftin er skammt utan við elsta hluta heimatúnsins. Svæðið er gróið og þýft og kindagata liggur fast vestan við tóftina.

Tóftin er 7x5,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Op var líklega á vesturhlíð hennar en sú hlíð er nánast útfloft og illa varðveitt. Tóftin gæti hafa verið tvískipt, óljós hryggur er austarlaga innan hennar. Veggirnir eru 1,5-2 m á breidd, 0,2-0,4 m á hæð og grónir lyngi og mosa. Grasgróður er ríkjandi innan




Tóft 051, horft til austurs á ljósmynd.

hennar.

Hættumat: engin hætta

SP-038:052_1 tóft útihús

541542 624407



Mynd sem sýnir útflattar útihústóftir 052 og hleðslu 005.

Útflött útihústóft 052_1, horft til austurs.

Tvær útflattar tóftir eru í túni tæpum 3 m norðan við hleðslu 005 og um 40 m norðvestan við bæ 001. Má ætla að um leifar af útihúsum sé að ræða. Eru minjarnar á svæði sem er 16x8 m að stærð og snýr ANA-VSV.

Túnið á Kussungstöðum er fremur flatlent. Mesta þýfið er í elsta hlutanum, austan bæjarlækjarins, en utan hans er túnið ekki mjög þýft.

Tóft 052_1 er í austurenda svæðisins. Hún er 10x7 m að stærð og snýr austur-vestur, er 0,2 m á hæð og algróin. Ekki sést móta fyrir innanmáli hólfs/hólfa í henni.

Hættumat: engin hætta

SP-038:052_2 tóft útihús

541531 624404

Tóft 052_2 er á milli þústar 052_1 og hleðslu 005. Hún er 5,2x4,4 m að stærð, er 0,2 m á hæð og snýr norður-suður. Ekki sést móta fyrir innanmáli hólfs í henni.

Hættumat: engin hætta



Útflött útihústöft 052_2, horfi til austurs.

SB-038:053_1 *Selmýrar* örnefni sel

540975 623062

“[...] sunnan í honum [Ölduhól] eru Selmýrar, þar eru tóftarbrot,” segir í örnefnaskrá. Ölduhóll er ofan og vestan við Öldu og sunnan við hann eru víðáttumiklar mýrar sem ætla má að séu Selmýrar. Þegar vettvangsskráning fór fram sumarið 2019 var talið að þessir staðir væru austar og var því svæðið sunnan við Ölduhól ekki skoðað sérstaklega. Selmýrar eru 1,3 km suðvestur af bæ 001 og um 1km vestan við minjar 004 sem eru niður við Austurá. Örnefnið bendir til þess að í grennd við mýrarnar hafi verið sel en einnig kemur það fram í örnefnaskránni að tóftabrot séu það við mýrina og líkur til að þau séu leifar af selbyggingum. Ekki er vitað hvar sel Kussungsstaða 053_1 hefur verið en á loftmyndum má sjá að mógrafir 053_2 eru víða í Selmýrum.

Selmýrar eru býsna hátt yfir sjávarmáli, við rætur fjallsins Darra og eru án efa mikil snjóþyngsli þar langt fram eftir sumri. Grasi gróið er í mýrlendinu og mólendi er víðast utan þess þar sem víða rýr gróður eða ógrónir melar.


Engin skýr ummerki um seltóftir sást við yfirferð loftmynda í kringum Selmýrar. Helst kemur til greina að selið hafi verið á grónu og þurru svæði sunnan við mýrarnar. Þar eru vatnssuppsprettur í grennd og víðáttumiklir beitarhagar í kring.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Kussungsstaðir, 1

SB-038:053_2 *Selmýrar* náma mógrafir

540978 623225



Selmýrar er stórt mýrlent svæði sunnan við Ölduhól. Í þeim sjást ummerki mótekju á svæði sem er 250x210 m að stærð og snýr austur-vestur. Þar sem mógrafirnar voru ekki skráðar á vettvangi er ekki hægt að lýsa þeim ítarlega. Greinilegustu grafirnar eru nyrst, næst Ölduhóli og víða stendur vatn í gröfunum sem eru þó mjög samansignar. Fleiri mógrafasvæði eru vafalaust hér í kring, einkum austan og suðaustan við Selmýrarnar.

Hættumat: engin hættu

Mógrafir 053_2 í Selmýrum. Ekki er vitað nákvæmlega hvar sel 053_1 var en líklegur staður er sunnan við mógrafirnar. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

SP-038:054 Naustahvammur örnefni naust

541930 623516

“Öldugil er svo sunnan við hálsinn, liggur niður í Naustahvamm. Lækurinn úr því heitir Öldugilslækur,” segir í örnefnalýsingu. Naustahvammur er líklega lítill, gróinn hvammur niður við Austurá og rennur Öldugilslækur í gegnum hann. Örnefnið gefur til kynna að bátanaust hafði verið í hvamminum og hlýtur það þá að hafa verið fyrir ferju því að ekki hefur verið hægt að sigla niður ána vegna flúða og því síður hefur verið hægt að sigla upp ána. Engar þekktar heimildir geta þess að ferja hafi verið á þessum stað og er ekki útilokað að upphaflega hafi hvammurinn heitið Nautahvammur. Nautavað 007 og Nautavaðshvammur eru litlu ofar með ánni.


Naustahvammur er lyngivaxinn, lítill hvammur sem er í halla til austurs.

Engar minjar um naust sáust í hvamminum þegar verið var við vettvangsskráningu í Hvalvatnsfirði 2019.

Heimildir: Ö-Kussungsstaðir, 1

SP-038:055 sáðslétta tún

541616 624346



Tún 055 á Kussungsstöðum. Eldri hluti túnsins er austan við bæjarlæk sem skiptir því í tvo hluta. Loftmynd: Loftmyndir ehf.


Túnið á Kussungsstöðum er á flatlendi frammi á háum bakka Hvalfjarðarár. Það afmarkast af ánni til austurs og að hluta af túngarði 003_1-2 til suðurs. Ekki er til túnakort fyrir Kussungsstaði frá byrjun 20. aldar.

Túnið skiptist í tvo hluta og skilur bæjarlækur túnhlutana að. Túnið er fremur þurrt og flatlent, einkum austurhluti þess. Grasgróður er gulleitur og ekki lengur mjög kjarnmikill. Túnið er nokkuð þýft en þó er alls ekkert kargþýfi í því.

Austari hluti túnsins er sýnilega mun eldri en vestari hlutinn. Sá hluti er 1,1 ha og yngri hluti túnsins sem er vestan við bæjarlækinn er um 1,7 ha. Undir lok búsetu á Kussungsstöðum var túnið því 2,8 ha. Líklega hefur einhver túnasléttun verið stunduð þó að hennar sjáist ekki mjög skýr merki lengur.

Hættumat: engin hætta

SP-039 Þverá



Minjar í túni Þverár SP-039 og nágrenni. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

1686: 10 hdr., Höfðakirkjueign. BL, 290.

1696: Jarðardýrleiki óviss, Höfðakirkjueign. BL, 290.

1712: “Dýrleikinn óviss, því þetta kot er kallað heimaland Höfða- staðar [SP-060] ut supra [sjá Tindriðastaðir, SP-041].” JÁM XI, 56.

1847: 10 hdr., Höfðakirkjueign. JJ, 316.

“Þverá. Fornt mat 10 h. (svo í jarðab. 1760), nýtt 8,1 h. Í eyði 1708-10 og 1784-85, annars samfelld byggð til 1913. Eign lénskirkjunnar í Höfða og síðan kirkjufjörð.”BT, 38.

Jarðarinnar er fyrst getið í máldaga Höfðakirkju 1318, og er þá sögð eign kirkjunnar á Höfða (DI II, 446); sbr. einnig máldagi Höfðakirkju 1394 (DI III, 568-569).

1712: “Túninu hefur að fornu grandað Þverá með grjótsáburði, en ekki nýlega. Úthagarnir góðir og

miklir.” JÁM XI, 57.

1839: “Hér eru landkostir góðir og landrymi mikið á dalnum og út og upp í fjallinu Lút [fjallið fyrir ofan Þverá heitir Bollafjall]. Starengi slétt og fagurt með Fjarðaránni er út undan bænum. Engin hlunnindi önnur veit ég jörð þessari fylgja. Ekki mótak, ekki trjáreki, en lítið eitt af fjallagrösum á dal þessum.” SSB, 69.

1916-1918: “Lýsing jarðarinnar: Tún greiðfært að mestu, en í órækt. Stærð um 1.40 ha. Töðufall 18 hest. Engjar sléttar og grasgefnar að sumu leiti líklega véltækar, mest votlendar. Bæði samfelldar og innan um bithaga. Nærtækar og engjavegur sæmilegur. Heyfengur undanfarið 60 hestar. Ágætt hey. Búfjárhagar víðlendir. Sumarheit ágæt handa öllum fénaði. Vetrarheit lítil sökum snjóþyngsla. Fjárgeymsla í meðallagi. Mótak allgott og byggingarefni nærtækt. Vegleysa að bænum og samgöngur afar erfiðar. Engjabætur líklegar. Ágangur af afréttarfé. Gott vatnsból, en aðfenni. Talið er að framfleyta megi á jörðinni: 1 kú, 1 hrossi og 60 kindum. Hús: Gamall torfbær kominn að falli. Mat jarðarinnar: Jörðin sjálf Kr. 600.00. Hús Kr. 300.00.” Fasteignamat Suður-Þingeyjarsýslu 1916-1918 - undirmat I, 69.


SP-039:001_1 Þverá bæjarhóll bústaður

541293 624882

“Bærinn stóð á sléttlendi niður við Austurá eða öllu heldur Þverá, ekki langt frá því þar sem hún fellur í Austurá, [...]” segir í örnefnaskrá. Bæjarhóll Þverár er austast í túni og er Þverá komin alveg upp að honum að austanverðu.

Túnið á Þverá er mjög lítið og þýft og er í aflíðandi halla til austurs niður að Þverá. Áin hefur breytt farvegi sínum mikið og rann áður mun sunnar og austar. Túnið var því mun stærra áður fyrir og náði lengra til austurs.

Bæjarhóllinn er um 30x30m að stærð og er upphleðsla hans allt að 2 - 2,5m, hæst að norðanverðu. Á hólnum er bæjartóft 001_2 og tveir öskuhaugar, 001_3 og 001_4.



Minjar á bæjarhóli Þverár 001 og í næsta nágrenni. Loftmynd: Loftmyndir ehf.



Bæjarhóll Þverár 001_1, horft til suðurs.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Þverá, 1

SP-039:001_2 tóft bústaður

541287 624879

Bæjartóftin er 20x20m að stærð og má greina í henni sjö hólf og fá þau bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Austast í tóftinni eru tvö hólf sem hafa snúið timburgöflum fram á hlað til austurs og á milli þeirra eru bæjardyrnar. Nyrsta hólfid (A) í austustu húsaröðinni er 3x1 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Syðsta hólfid (B) er 6x1 m að innanmáli og snýr eins. Úr bæjardyrum á milli þessara húsa eða



Bæjartóftin 001_2, horft til austurs.

hólfa er farið inn í bæjargöngin sem eru 14 m löng og liggja nálega austur-vestur. Þegar gengið er eftir göngum til vesturs er fyrst op úr þeim til suðurs inn í hólfa C sem er 4x1,5m að innanmáli og snýr svo til austur-vestur. Op er úr því til suðurs inn í hólfa D sem er 3x2m að innanmáli og snýr einnig austur-vestur. Í öllum veggjum þess hólfs sáust grjóthleðslur nema í vesturenda og mátti telja um 3 umför í þeim. Ef áfram er haldið eftir göngunum til vesturs er komið að hólfa E og er gengið inn í það til norðurs. Það er 3x2m að innanmáli og snýr nálega norður-suður. Í norðurvegg þess mátti greina grjóthleðslu. Við vesturenda ganganna er svo komið inn í innsta hólfa (F) sem er stærst. Er það 5x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Grjóthleðslur eru sýnilegar í suðurvegg. Ætla má að baðstofan hafi verið í þessu hólfa. Að lokum eru tvö ógreinileg og grunn hólfa í suðurhluta tóftarinnar, þar sem mörk hennar eru mjög skýr og horn lítið rúnuð. Hólfa G er í suðvesturhorni og er það 5x2 m að innanmáli. Það snýr norður-suður og mjókkar til suðurs. Fast austan við það er svo hólfa H sem snýr eins og er 3x1,5 m að innanmáli. Ekki sjást op inn í þessu hólfa og kemur helst til greina að í þeim hafi verið heystæði en einnig er mögulegt að þarna hafi verið kálgarður. Ytra byrði veggja í tóftinni er 50-170cm á hæð en innra byrði 50-200cm á hæð. Tóftin er mjög gengin í þúfur og mikill grasgróður vex á henni.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SB-039:001_3 öskuhaugur

541295 624894



Rof í öskuhaugi 001_3, horft til vesturs.

Norðaustan við bæjartóft 001_2 er þúst sem er 20x7m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hún er að öllum líkindum öskuhaugur. Rof er í þústinni austast og næst ánni en í rofsárinu má sjá kolaflekki, ösku og móösku. Upphleðsla þústarinnar er 80-120cm. Ofan á þústinni er flöt grjóthella og í henni miðri er hringlaga gróp sem mun einhvern tímann verið hluti af dyraumbúnaði.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SB-039:001_4 öskuhaugur

541024 625279

Austan við bæjartóftina 001_2 er þúst sem er u.þ.b. 6x6m að stærð. Helst má gera ráð fyrir að um öskuhaug sé að ræða og er möguleg upphleðsla 40-60cm.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SB-039:002 heimild um landamerki

“[...] þangað til merkin milli Þverár og Tindriðastaða [SB-041] taka við að utan, sem í beinni línu skifta svo nefndri Slöpp, fyrst með skurði frá austuránni og síðan smávörðum [sjá SB-041:032] austur í Stekkjarlæk [sjá SB-041:047], sem takmarka Tindriðastaða og Þverár land, og beint vestur og upp á Ytri-Bollafjallsöxl, en fjallseggin ræður að vestanverðu, “segir í Landamerkjabréfi Þverár No. 64, þinglýstu 1890. Talið er nokkuð víst að Stekkjarlækur sem skiptir löndum sé sunnan við stekkjartóft SB-041:047. Þúfnanes er að öllum líkindum norðaustur af læknum en í örnefnaskrá Tindriðastaða segir að Þúfnanes sé rétt utan við Stekkjarlæk á merkjum. Þar er varða SB-041:032 sem skráð er með minjum í landi Tindriðastaða. Ætla má að skurður sá sem nefndur er í landamerkjalyðsingunni hafi verið 60-70 m norðaustan við vörðu SB-041:032 og 790 m norðan við bæ 001. Þar er hólmi í Fjarðará/Austurá sem ekki var hægt að fara út í með góðu móti þegar aðalskráning var unnin í Fjörðum sumarið 2019. Engin

merki um skurð er hægt að sjá af loftmyndum af þessu svæði og ekki reyndist unnt að staðsetja hann með innan við 50 m skekkju.

Skurðurinn hefur verið á flatlendum og grösugum engjum niður við Fjarðará/Austurá.

Líkur eru til þess að skurðurinn hafi fyllst af framburði með ánni í vatnavöxtum. Eins er mögulegt að sá hluti engjanna sem skurðurinn var á sé horfinn vegna landbrots.

Heimildir: Landamerkjabréf Þverár No. 64; Ö-Tindriðastaðir, 2

SB-039:003 náma mógrafir

541148 624879



Mógrafasvæði 003, horft til suðausturs.

“Móskurður til eldiviðar hefur verið ut supra,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1712. Mógrafarsvæði er um 70m norðvestan við bæ 001 og um 30 norðan við tóft 029. Fleiri mógrafasvæði eru í landi Þverár, sjá 007. 015, 018 og 036.

Grafirnar eru í mýrlendi á milli klapparhóla.

Mógrafarsvæðið er 100x60m að stærð og er umhverfis klapparhól. Mógrafirnar eru misdjúpar, sumar hverjar nokkuð grunnar en aðrar fullar af vatni.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: JÁM XI, 57

SB-039:004_1 garðlag túngarður

541287 624715

Túngarður afmarkar túnið á Þverá að litlu leyti að vestan- og sunnanverðu og er varðveittur í fjórum hlutum. Samkvæmt Haraldi Höskuldssyni, heimildamanni, voru garðabrot á eyrunum austan við Þverána og hafa þau líklega tilheyrt túngarðinum því áin hefur breytt farvegi sínum og rennur mun vestar en áður. Leifar af túngarði sjást á svæði sem er 114x48 m að stærð og snýr norður-suður. Lítil rétt 004_2 er sambyggð túngarðinum 004_1. Túnið á Þverá er rúmur 1,1 ha en hefur án efa verið mun stærra áður en áin breytti farvegi sínum.

Túngarðurinn sést á grýttri áreyri sem tekin er að gróa upp, austan Þverár. Vestan árinna er túngarðurinn í þýfðu túni sem komið er í órækt. Vesturhliðin er lítið annað en kantur, hlaðinn undir brekkubrún.

Hverjum hluta túngarðsins er gefinn bókstafur til aðgreiningar í lýsingu sem hefst á litlu garðbroti A sem



Túngarðshluti 004_1A, sunnan við Þverá, horft til suðvesturs



Túngarðshluti 004_1B, horft til suðausturs.

er austan Þverár. Það er 7,5 m langt, 0,5 m á hæð og 1 m á breidd. Garðurinn er algróinn að ofan en tvö umför af grjóthleðslu sjást í honum annars. Ekki sáust fleiri garðbrot austan við ána sem líklegt er að hafi tilheyrt túngarðinum, en svæðið var ekki þaulgengið. Hluti B liggur eftir og undir brekkubrún, vestan við Þverá. Hann liggur til norðurs frá tóft 012 og fer á milli tófta 011 og 024. Þessi hluti túngarðsins er hlaðinn úr torfi og grjóti og sést á tæplega 60 m löngum kafla. Hann fjarar úr við sveig til norðausturs, um 30 m sunnan við útihús 010. Túngarðurinn er 2-2,5 m á breidd og hluti er bogadreginn. Að öllum líkindum afmarkaði tóft 012 suðurenda túnsins en mikið rask er þar sunnan við vegna árinna. Hluti C er um 6 m vestan við tóft 012 og líklega hluti af suðvesturhorni túngarðsins. Hann er 7x3,5 m að stærð og sveigir örlítið til suðausturs. Hann er algróinn og 0,3 m á hæð. Hluti D er tæpum 40 m norðan við hluta B. Hann er 16 m að lengd, 2 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð. Hann snýr norður suður og liggur alldjúp fjárgata eftir honum endilöngum þannig að hann virðist vera tveir samsíða garðar. Þessi hluti túngarðsins er algróinn og líklega torfhlaðinn.


Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SP-039:004_2 tóft rétt

541250 624750

Í hvammi í suðurhluta heimatúnsins, er lítil rétt 004_2 byggð utan í túngarð 004_1. Réttin er 3,4 x 2,8 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Hún er byggð upp við brekku til vesturs og þar afmarkar kantur eina hlið hennar. Túngarður 004_1 afmarkar norðurhliðina og réttin er opin til austurs. Að sunnan er

SP-039:004



Hluti af túngarði 004_1 (B-hluti) og lítil tóft 004_2.



Tóft 004_2 við túngarð 004_1, horft til SSA.

hlaðinn, algróin veggur, 0,3 m á hæð. Réttin er utan heimatúnsins, í sama “túni” eða hvammi og tóftir 024 og 025. Brekkan og túngarðurinn afmarka í raun annað tún, fast utan heimatúnsins.

Hættumat: engin hætta

SP-039:005 heimild um ristu

“Torfrista og stúnga góð. Reiðingsrista sæmileg,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712. Ekki fundust nein greinileg ummerki um torfristu í landi Þverár en þau ummerki eru oftast illgreinanleg, jafnvel á eyðijörðum eins og Þverá þar sem lítið sem ekkert rask hefur orðið af mannavöldum eftir að jörðin fór í eyði. Innan jarðarinnar voru skráð nokkur mótekjusvæði (003, 007, 015, 018 og 045) og ekki ósennilegt að innan sumra þeirra hafi einnig verið torfrista.

Heimildir: JÁM XI, 57

SP-039:006 tóft útihús

541253 624935

Stór útihústóft er nyrst í túni, 50m norð-norðvestan við bæ 001 og tæpa 50m suðaustur af tóft 014.



Útihústóft 006, horft til norðausturs á ljósmynd.

Túnið er grösugt og mjög þýft, í aflíðandi halla til austurs.

Tóftin er 16x12m að stærð og snýr vestur austur. Hún hefur þrjú hólf sem í þessari umfjöllun verða gefnir bókstafir til aðgreiningar. Hólf A er austast í tóftinni og er það 3x1,5m að innanmáli, snýr eins og tóft. Innrabyrði þess er 100-160cm á hæð, grjóthlaðið og má telja 3-4 umför. Op er á því til austurs. Vestan við hólf A er hólf B. Það er 2,5x1,5 að innanmáli, snýr í suðvestur og norðaustur og er mun óljósara en hólf A. Innrabyrði þess er um 30-50cm á hæð og á því sést ekkert greinilegt op. Hólf C er sunnan við hólf A og er innanmál þess 3,5x1,5m. Það er álíka óljóst og hólf B og er innrabyrði þess er 30-50cm á hæð. Tvö síðastnefndu hólfín eru líklega heystæði. Ytra byrði tóftar er 60-150cm á hæð, hún er vel gróin og er ekkert rof í henni.

Hættumat: engin hætta

SP-039:007_1 náma mógrafir

541040 625120



Mógafirnar 007_1, horft til norðvesturs.

Mógrafir og hey-/móstæði eru rúmum 30 m NNV við bæ 001 og tæpum 70 m norðvestan við mógrafir 036.

Mógrafirnar eru á flötu mýrlendu svæði, uppi fjallshlíðinni. Þær eru á hjalla í brekkunni. Lækur rennur úr mógröfunum til austurs, niður fjallshlíðina.


Mógrafirnar eru 25x18 m að stærð og snúa norðvestur-suðaustur. Svæðið er fremur lítið og ekki mótár fyrir stökum mógröfum, þær renna allar saman. Brúnir mógrafanna eru hins vegar skýrar og beinar. eru 0,5 m af þeim ofan í grafirnar.

Hættumat: engin hætta

SP-039:007_2 tóft skemma

541058 625132

Um 20 m norðaustan við mógrafir 007_1 er hey-/móstæði á lágum, grónum hól. Tóftin er 6,2 x 3,6 m að



Móstæði 007_2, horft til austurs á ljósmynd.

stærð og snýr NNV-SSA. Veggirnir eru 0,3 m á hæð, 1 m á breidd og ekkert op sést á yfirborði. Veggirnir eru algrónir grasi og lyngi.


Hættumat: engin hætta

SP-039:008 tóft fjárhús

541241 624858

Fjárhústóft er í túni, um 40m suðvestan við bæ 001, tæpa 65m sunnan við tóft 006 og um 35m norðan við tóft 010.

Túnið er grösugt og þýft og er í aflíðandi halla til austurs.



Fjárhústóft 008, horft til suðurs á ljósmynd.

Tóftin er tvískipt, skiptist í fjárhús og hlöðu. Hún er 15x7m að stærð og snýr norður suður. Fjárhúsin eru 4,5x2,5m að innanmáli og liggur garði eftir þeim miðjum sem er 4m á lengd og 70-80cm á breidd. Innrabyrði er 60-100cm á hæð og er op á fjárhúsunum nyrst á austurlanghlið. Sunnan við fjárhúsin er hlaðan. Hún er 4x2m að innanmáli og snýr norður suður. Ekkert op sést á henni en innrabyrði hennar er 60-80cm á hæð. Yrabyrði tóftarinnar er 40-80cm. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og öll smápýfð. Hún er ágætlega grösug en mikið rof er komið í norðurgafli hennar. Upphleðsla virðist vera undir tóftinni og ber mest á henni að norðanverðu þar sem hún er 2-2,5m á hæð.

Hættumat: engin hætta


SP-039:009 tóft útihús

541303 624864

Tóft af útihúsi er í túni á vesturbakka Þverár, um 8m suðaustan við bæ 001 og 4 m suðaustan við

brunnhús 017_2.

Tóftin er á grösugum og þýðum árbakka. Áin étur úr bakkanum og er tóftin í stórhættu vegna landbrots.



Útihústóft 009, horft til suðurs á ljósmynd.

Tóftin er 8x6m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Hún er einföld og hefur op á suðausturlanghlið. Hún hefur verið stærri því á henni eru ógróin rofsár og mun Þveráin hafa brotið landið og þar með eitthvað af suðausturluta tóftarinnar. Í rofsárinu sást ágætis þversnið vegghleðslu sem var eingöngu torfhláðin en með grjótlögn neðst að utanverðu. Breidd veggja er 2-3m, innrabyrði er 70-110cm en ytrabyrði 50-160cm. Frá norðvesturhorni tóftar og til norðvesturs að bæjarhóli 001_1 liggur upphlaðinn pallur eða gata. Þessi hleðsla er um 6m löng og tæplega 3m breið. Kannski hefur þessi hleðsla verið til að auðvelda umgengni milli bæjar og útihúss.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots


SP-039:010 tóft fjárhús

541251 624808

Allstór útihústóft er í túni um 35m sunnan við tóft 008, rúma 60m suðvestan við bæ 001 og um 20m vestan við vesturbakka Þverár.

Túnið er komið er í órækt og orðið þýft.

Tóftin er tvískipt og er að öllum líkindum fjárhús og hlaða. Hún er 15x11m að stærð og snýr austur vestur. Á austurgafli hennar er op inn í hól sem er 4x3m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Líklegt er að fé hafi verið geymt í þessu hólfi þótt enginn sé garðinn. Innrabyrði þess er rúnnað og 30-80cm á



Fjárhústóft 010, horft til austurs á ljósmynd.

hæð, lægst er það við opið að austanverðu. Annað op er á hólfinu á vesturgaffli og liggur það inn í hólfi sem er 2,5x2m að innanmáli og snýr norður suður. Þetta hólfi mun hafa verið hlaða og er innrabyrði þess 30-90cm á hæð. Hún er niðurgrafin að hluta og er ytra byrði hennar 40-70cm. Engar grjóthleðslur sjást í veggheðslum en gera verður ráð fyrir því að hún sé hlaðin úr bæði torfi og grjóti. Hún virðist vera á upphlöðnum hól og er hann 50-80cm hár. Stórir tréstaumar liggja yfir vestara hólfið eða ætlaða hlöðu.


Hættumat: engin hætta

SB-039:011 tóft útihús

541266 624731

Þrískipt útihústóft er tæpum 150 m sunnan við bæ 001 og um 6 m norðaustan við tóft 012, syðst í heimatúninu. Göngubrú yfir Þverá er tæpum 15 m norðaustar. Tóftin virðist tilheyra yngsta búsetuskeiði á jörðinni.

Tóftin er á grónum hól, um 7 m vestan við ána.



Útihústóft 011, horft til austurs á ljósmynd.

Tóftin er 14,5 x 8,5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún skiptist í þrjú hólfi og er nánast L-laga. Veggir eru hlaðnir úr torfi og grjóti og víða glittir í 1-2 umför grjóthleðslu í þeim. Þeir eru 0,5 - 1m á hæð og algónir að ofan. Hólfi A er norðvestast í tóftinni. Það er 1,7x1,7 m að innanmáli og ekkert op sést á yfirborði inn í það. Hólfi B er ASA við hólfi A. Það er 4,2 x 3,2 m stórt og snýr norður-suður. Op er í norðausturhorni. Hólfi C er sunnan við hólfi B og ekkert op sést þar inn á yfirborði. Það er 3,5x1,7 m að stærð og snýr norður-suður. Óljóst mótast fyrir garða þar inni og því kemur til greina að fjárhús hafi verið í þessum hluta tóftarinnar. Til greina kemur að hlaða hafi verið í hólfi B hlaða en ekki er ljóst hvaða hlutverk hólfi A hafði.

Hættumat: hætta, vegna landbrots


SB-039:012 tóft útihús

541250 624717

Útihústóft er tæpum 160 m sunnan við bæ 001 og 6 m suðvestan við útihús 011. Tóftin er syðst í túni og túngarður 004 liggur fast vestan hennar. Eins gæti suðurhluti hennar hafa afmarkað túnið.

Tóftin er í hvammi við Þverá, á mörkum ræktaðs og óræktaðs svæðis.

Tóftin er 13x6,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti og veggir eru signir. Hólfi A er norðaustar, það er 6,5x1,7 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Op er inn í hólfið í suðausturhorni. Veggirnir eru algrónir, stórpýfðir og eru 0,5 m á hæð og 2 m á breidd. Líkast eru þetta fjárhús sé tekið mið af lagi hólfsins en hvorki sést móta fyrir garða né undirstöðum jötu. Hólfi B er í suðvesturenda tóftarinnar og er grafið inn í halla. Það er 3x1,3 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Norðvesturhorn hólfsins og tóftarinnar er raskað við brekkuna og ekki er fyllilega ljóst hvort op var á



Útihústóft 012, horft til suðvesturs á ljósmynd.

milli hólfanna eða inn í hólf B í NNV-enda.


Hættumat: engin hætta

SP-039:013 tóft óþekkt

541205 624808

Ofan og vestan við heimatúnið er tóft sem er tæpa 100m suðvestan við bæ 001 og 20 m norðaustan við mógrafir 015.

Tóftin er í grösugu mólendi skammt utan túns. Landið rís til vesturs. Fast norðan við tóftina er vatnslæna.



Tóft 013, horft til norðurs á ljósmynd.

Tóftin er 10x5m að stærð og snýr norður og suður. Hún er tvískipt og er op á henni austast á norðurgaffli. Opið liggur inn í nyrðra hólfid sem er 2x1,5m að innanmáli og snýr vestur austur. Innrabyrði þess er 60-120cm á hæð. Syðra hólfid hefur ekkert greinilegt op en er 3x1m að innanmáli og snýr norður suður. Innrabyrði þess er 50-70cm á hæð. Ytrabyrði tóftar er 70-90cm á hæð og er hún torfhlaðin og nokkuð fornleg. Hún er vel gróin og sjást engar grjóthleðslur í henni og ekkert rof. Ekki er ljóst hvaða hlutverki hún hefur gegnt.

Hættumat: engin hætta


SP-039:014 tóft skemma

541210 624975

Lítill tóft er norðvestan við heimatún Þverár, fast norðan við mógrafasvæði 003 og rúma 100m norðvestan

við bæ 001.

Tóftin er fremst á lágum bakka í landi sem hallar til austurs en umhverfis hana er mýri og deiglendi.




Meint móstæði 014, horft til suðurs á ljósmynd.

Tóftin er 11x8m að stærð og snýr norður suður. Hún er tvískipt og er op á henni nyrst á austur langhlið. Opið er inn í nyrðra hólfið sem er 2,5x2,5m að innanmáli. Sunnan þess er annað hólfið sem er 2x3,5m að innanmáli og snýr það austur vestur. Innrabyrðið er tóftar er 60-90 cm á hæð en ytra byrði 30-80cm á hæð og er það nokkuð skarpt. Breidd veggja er um 1m og sjást engar grjóthleðslur í þeim. Út frá staðsetningu og gerð má draga þá ályktun að um mótóft sé að ræða.

Hættumat: engin hætta

SP-039:015 náma mógrafir

541161 624773



Mógrafasvæði 015. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Á úrvinnslustigi fundust ummerki um mógrafir á loftmynd sem eru 125 m suðvestan við bæ 001, um 60m vestan við tóft 010 og um 75m sunnan við mógrafarsvæði 003.

Innan mógrafarsvæðisins er blautt mólendi, sambærilegt því sem er innan mógrafasvæðis 003.

Af loftmyndunum að dæma eru mógrafir á svæði sem er 70x60 m að stærð og snýr austur-vestur. Grafirnar virðast samansignar og grónar en ekki er hægt að lýsa þeim nánar þar sem þær voru ekki skoðaðar á vettvangi.

Hættumat: engin hætta


SP-039:016 tóft óþekkt

540995 625307

Nokkuð fornleg tóft er sunnan undir klapparhóli norðarlega í landi Þverár. Hún er um 500m norð-norðvestan við bæ 001 og um 20m norðvestan við Siggugerði 020. Ekki er útilokað að þessi tóft hafi

tengst eldri minjum þar.

Tóftin er í mólendi milli klapparholta og hallar landi lítið eitt til austurs.



Fornleg tóft 016, horft til suðausturs á ljósmynd. Fjær er verið að skrá Siggugerði 020.

Tóftin er 9x7m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hún er tvískipt og er op á henni í austurhorni inn í suðaustara hólfið. Það er um 3x2m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hólfið sem er norðvestan til í tóftinni er um 2x2m að innanmáli og er mjög óljós ummerki um op á milli hólfanna. Vegghleðslur eru vel grónar og eru 1-1,2m að breidd. Innrabyrði þeirra er 60-90cm á hæð og ytra byrði 30-80cm á hæð. Tóftin er öll lyngivaxin og fornleg og var ekki hægt að sjá neitt rof í henni. Hún hefur mögulega verið að hluta niðurgráfin og sjást engar grjóthleðslur í henni.

Hættumat: engin hætta

SP-039:017_1 renna vatnsból

541249 624835

Handgráfin renna liggur frá vesturjaðri túnsins á Þverá til austurs að brunnhúsi 017_2. Meðfram rennuni eru lágir garðar sem hlaðnir hafa verið úr uppmokstri úr skurðinum. Vatni hefur verið veitt eftir skurðinum úr deiglendi utan túnsins að bænum.

Túnið er þýft og nokkuð mishæðótt og er í affliðandi halla til austurs.

Rennan er um 80 m löng og rúmlega 50cm á breidd. Beggja vegna við hana eru mjög þýfð og nokkuð óregluleg garðlög. Þau hafa líklega haft það hlutverk að tryggja að vatnið í rásinni flæddi ekki út fyrir. Garðlögin eru um 20-40cm á hæð og um 60-80cm á breidd. Ekki var hægt að sjá neinar grjóthleðslur í



Kort sem sýnir rennu 017_1 og brunnhúsi 017_2.
Loftmynd: Loftmyndir ehf.




Renna 017_1 lá að brunnhúsi 017_2, horft til norðausturs.

þeim. Heildarbreidd garðlaga og rennu eru um 2m.

Hættumat: engin hætta, vegna landbrots

SP-039:017_2 tóft brunnur

541292 624865



Brunnhústóft 017_2, horft til suðurs á ljósmynd.

Fast sunnan við bæjartóftina 001_2 er tóft sem mun hafa þjónað sem brunnhús. Hún er einföld, 5,5x5m að stærð, snýr norður suður og hefur op á austur langhlið. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og eru vegghleðslur rúmlega 1m á breidd. Tóftin er lítillaga niðurgrafin og er innrabyrði hennar 100-150cm á hæð en ytra byrði 40-130cm á hæð. Vatnsrás 017_1 liggur inn í suðvesturhorn tóftarinnar og út úr henni í suðausturhorni.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SP-039:018 náma mógrafir

540964 625048



Mógrafir 018, horft til suðvesturs.

Greinilegar mógrafir eru á mýrlendu svæði á hjalla í brekku ofan og norðan við túnið á Þverá. Þær eru fast vestan við tóftir 019 og 031_2 en 365 m norðvestan við bæ 001.

Mógrafirnar eru í grónum hallamýrum í lyngmóa.

Mógrafirnar eru á svæði sem er 54x20 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Um tvö aðskilin svæði er að ræða og er það stærra norðaustar. Það er 30x20 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Grafirnar innan þess eru nokkuð samfelldar og jafn djúpar en dýpstar eru grafirnar í suðvestur og norðvestur-jöðrum þar sem þær eru 0,5-1 m djúpar. Lítið mógrafasvæði er 15 m suðvestar og er það aðeins 10x6 m að innanmáli, snýr norður-suður. Ekki

stendur vatn í þessum mógröfum.


Hættumat: engin hætta

SB-039:019 tóft beitarhús

540981 625021

Lítill þrískipt tóft er á hjalla í brekkunni ofan og norðvestan við bæinn, fast austan við mógrafir 018 og sunnan við tóftir 031. Hefur hún líklega gegnt hlutverki beitarhúsa.

Tóftin er í þýfðum móa innan um hallamýrar. Er svæðið fremur grösugt og gróið en blásnir hólkollar sjást víða.



Beitarhúsatóft 019, horft til suðurs á ljósmynd.

Tóftin er ungleg og virðist að mestu torfhlaðin. Hún er 15x6 m að stærð og snýr austur-vestur. Í vesturhluta tóftar eru fjárhús og heystæði og er sá hluti 10,5 m langur og 6 m breiður. Heystæðið er vestast og stendur allhátt og mun herra en fjárhúshlutinn sem er þar austan við. Suðurveggur þess sést og óljóst innanmál í suðurhluta en aðrir veggir eru útflattir. Fjárhúsin eru í miðri tóft og eru 4x3 m að innanmáli, snúa austur-vestur. Hvorki sjást ummerki um undirstöðu jötu eða garða í þeim. Op er úr fjárhúsum til austurs inn í hólfa eða lítið aðhald sem er afmarkað að torfhlaðnum vegg að norðan og austanverðu en kanti að vestanverðu. Ekki er að sjá veggjahleðslu á suðurhlíð þess. Er þetta rými 4,5x3,5 og snýr norður-suður. Mesta hæð veggja í tóft er um 1 m. Tekið er að hrynja úr hleðslum í norðurvegg inn í tóftina.

Hættumat: engin hætta

SB-039:020_1 *Siggugerði* tóft óþekkt

541020 625293

“Gerði er eitt á milli Tindriðastaða og Þverár, þó enn nær Þverár, sem Siggugerði heitir, og þar eru sýnilega leifar mannvirkja,” segir í örnefnaskránni Úr Fjörðum. Siggugerði er þýfð og lyngi vaxin hæð




Eldri tóft 020_1 er undir yngri heystæði 020_2, horft til suðurs.

norðarlega í landi Þverár, neðst í stöllóttri brekku og niður við engjar. Lítill mýri er ofan og vestan við hæðina og lækur úr henni rennur niður þessa hæð og skiptir henni í tvo hluta. Í Siggugerði sjást nokkrar mannvirkjaleifar, bæði eldri minjar og yngri tóftir sem hafa verið byggðar ofan í þær eldri. Á svæði sem er 30x12 m að stærð og snýr norður-suður eru fjórar tóftir, tvær þeirra norðan við læk sem rennur í gegnum svæðið og tvær sunnan við hann. Ekki er að sjá að hlaðið gerði afmarki svæðið eins og nafn þess gefur til kynna. Minjarnar eru 470 m norðvestan við bæ 001 og 20 m suðaustan við tóft 016. Ekki er útilokað að hún tengist

eldri minjum í Siggugerði.

Siggugerði er á mörkum lyngmóa og grösugra og deiglandra útengja sem ná niður að eylandinu á vesturbakka Fjarðarár/Austurár. Afliðandi brekka er upp frá gerðinu til vesturs. Miklar fjárgötur liggja yfir hæðina en líklegt er að einnig hafi ferðaleiðin milli bæja legið um þessar slóðir.

SP-039:020



Ungleg heystæði 2 og 4 hafa verið byggð ofan í eldri minjar 1 og 3 í Siggugerði 020.

Lýsingin hefst nyrst á svæðinu á eldri tóft 020_1 en yngri tóft 020_2 hefur verið byggð ofan í hana. Tóftin er mjög sigin og orðin illgreinileg. Hún er 10,5x8,5 m að stærð og snýr norður-suður. Óljóst má sjá innri brún veggjar í norðurenda tóftarinnar og vestast í henni virðist vera innanmál hólfs sem er 2x5 m að stærð og snýr eins og tóft. Op virðist vera inn í það í norðvesturhorni. Ekki er útilokað að tóftin hafi náð lengra til norðurs og austurs en þar er mjög þýft og ytri brún veggja er ekki afgerandi á þeim hliðum. Mesta hæð veggja er 0,5-0,6 m á vesturhlið. Hvergi sést í grjóti. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessi tóft hefur gegnt en nafnið Siggugerði gefur vísbindingu um að á þessum stað hafi verið búseta í skamman tíma sbr. Káragerði SP-044:011 í landi Þönglabakka.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Úr Fjörðum, 4

SP-039:020_2 tóft heystæði

541024 625292



Tóft 020_2 er torfhláðin og er byggð ofan í eldri tóft 020_1. Hún er 5,5x3,5 m að stærð og snýr norður-suður. Ekki sést op inn í tóftina. Veggir hennar eru um 1 m á breidd og 0,3 m á hæð. Ekki er ljóst hvaða hlutverki hún hefur gegnt en af útliti og staðsetningu að dæma kemur helst til greina að þetta sé heystæði.

Hættumat: engin hætta

Tóft af heystæði 020_2, horft til suðurs.

SP-039:020_3 tóft óþekkt

541027 625273



Stór sigin tóft 020_3 undir yngri tóft 020_4, horft til suðurs.

Sigin og nokkuð fornleg tóft 020_3 er syðst á svæðinu og er hún 5 m sunnan við tóft 020_1 sem er líklega samtíða henni. Yngri tóft 020_4 hefur verið byggð ofan tóftina og hefur það raskað henni að hluta. Tóftin er sporöskjulaga, 13x8,5 m að stærð og snýr norður-suður. Syðst í tóftinni og að hluta inni í yngri tóft má sjá móta fyrir innanmáli hólfs sem er 4,5x3 m að innanmáli. Veggjahæð er um 0,5 m. Fast austan við tóftina er afgerandi þýfður hryggur sem er mögulega manngerður en einnig kemur til greina að hann hafi myndast við efnistöku og/eða rof. Líkt og á við um tóft 020_1 er ekki ljóst hvaða hlutverki þessi tóft hefur gegnt. Nafnið

Siggugerði gefur vísbendingu um að á þessum stað hafi verið búseta í skamman tíma sbr. Káragerði SP-044:011 í landi Þönglabakka. Ekki er útilokað að sú tóft sem hér er skráð hafi verið bústaður en ekki er hægt að fullyrða það án frekari rannsóknar.

Hættumat: engin hættu

SP-039:020_4 tóft heystæði

541024 625279



Heystæði 020_4, horft til suðurs.

Tóft 020_4 er torf- og grjóthlaðin og byggð ofan í eldri tóft 020_3. Tóftin er einföld og ferköntuð, 6x3,5 m að stærð og snýr norður-suður. Mögulegt op eða rof er í norðvesturhorni. Veggir tóftarinnar standa lítið upp úr eldri tóft, eru 0,2 m á hæð utanmáls þar sem þeir sjást en 0,4 m á hæð innanmáls. Ekki sést fjöldi umfara í hleðslum. Hrunið hefur úr suðausturhorni inn í tóftina. suðausturhorni. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en af útliti og staðsetningu að dæma kemur helst til greina að þetta sé heystæði.

Hættumat: engin hættu

SP-039:021 frásögn vað

541311 625429

Að sögn Haraldar Höskuldssonar, heimildamanns, var vað á Fjarðará/Austurá á milli bæjanna Þverár og Tindriðastaða. Vaðið var 300 m ANA við Siggugerði 020 og 550 m norðan við bæ 001. Leið SP-621:009 var á árbakkanum austan ár en leið SP-621:013 vestan ár.

Beggja vegna við ána eru sléttar engjar en vestan við hana er mikið um að áin renni í kvíslum um engjarnar.

Engin ummerki um umferð sjást við vaðið.

Hættumat: hættu, vegna landbrots

SB-039:022 tóft útihús

541267 624760



Útflött tóft 022, horft til suðurs.

Útflött tóft er sunnarlega í heimatúninu og miðað við staðsetningu er líklegt að um leifar af útihúsi sé að ræða. Tóftin er tæpum 20 m norðan við útihús 011 og tæpum 110 m sunnan við bæ 001.

Heimatúnið mjókkar til suðurs og endar í hvammi sem afmarkast af Þverá til austurs og vallendishólum að sunnan. Túnið er gróið og smápýft.

Tóftin er 13 m vestan við Þverá. Hún er 7,5x4,5 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin er á lágu hólbarði en ekki er hægt að segja til um hvort hann sé náttúrulegur eða uppsöfnuð mannvistarlæg. Tóftin er grasivaxin, 0,3 m á hæð og hliðarnar eru aflíðandi. Líklega er búið að slétta yfir þessar minjar með handverkfærum.

Hættumat: engin hætta

SB-039:023 tóft útihús

541258 624762



Útflött tóft 023, horft til suðurs.

Tóft er sunnarlega í heimatúninu og miðað við staðsetningu er líklegt að um leifar af útihúsi sé að ræða. Tóftin er um 5 m vestan við tóft 022 og tæpum 110 m sunnan við bæ 001.

Heimatúnið mjókkar til suðurs og endar í hvammi sem afmarkast af Þverá til austurs og vallendishólum að sunnan. Túnið er gróið og smápýft.

Tóftin er 5,8x4,9 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er öllu ógreinilegri en tóft 022 og grænka gefur einna helst til kynna að mannvist sé þar að finna. Tóftin er 0,3 m á hæð og hliðarnar eru aflíðandi.

Hættumat: engin hætta

SB-039:024 tóft fjárhús


541249 624737

Tóft er um 140 m sunnan við bæ 001 og um 7 m vestan við útihús 011. Sé tekið mið af lögun, staðsetningu og útliti tóftarinnar er um fjárhús að ræða. Tóftin er utan heimatúnsins, túngarður 004_1 er fast austan við tóftina. Tóftin er í hvammi, austan undir brekkubrún.

Heimatúnið mjókkar til suðurs og endar í hvammi sem afmarkast af Þverá til austurs og vallendishólum að sunnan og vestan. Tóftin er í sama hvammi.

Tóftin er 10,8 x 5,3 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hún er grafin inn í brekku að vestan og er aðeins innri brún veggjar sýnileg á þeirri hlið. Op er á miðjum norðurvegg og óljóst mótar fyrir öðru hólfi þar vestan við. Veggirnir eru algrónir, 0,6-0,7 m á hæð og þýfðir. Inni í tóftinni mótar óljóst fyrir garða en hann er algróinn og grasivaxinn.

Hættumat: engin hætta



Tóftir 024 og 025.




Tófti 024, horft til SSA.

SP-039:025 tóft útihús

541239 624734

Lítill tóft er um 4 m vestan við fjárhús 024 og rúmum 150 m sunnan við bæ 001. Tóftin er rétt utan heimatúnsins, í sama hvammi og tóft 024. Tóftin er fornleg, niðurgrafin og er í brekku sem hallar til austurs niður í hvamminn.

Tóftin er austan undir gróinni brekkubrún og Þverá rennur skammt austar.



Tóftir 024 og 025.



Tófti 025, horft til suðvesturs.

Tóftin er 6,2x4,5 m að stærð, snýr NNA-SSV og skiptist í tvö hólf. Veggirnir eru 0,5 m á hæð að utan en kantur afmarkar þá að mestu til norðvesturs. Hann er óljósari og er 0,2-0,3 m á hæð. Veggirnir eru lyngi- og mosavaxnir. Nyrðra hólfíð er 2,2x1,6 m stórt og snýr NNA-SSV. Op er til suðurs, yfir í syðra hólfíð. Það hólf er raskað til suðurs en var að öllum líkindum um 1,5x1,5 m stórt. Til austurs frá tóftinni sést garður sem mögulega lá að tóft 024. Tengslin þar á milli eru horfin. Eins gæti þetta verið aðrekstrargarður inn í tóftina.

Hættumat: engin hætta


SP-039:026 tóft kvíar

541225 624708

Kvíatóft er um 20 m VSV við tóft 012 og um 160 m sunnan við bæ 001. Tóftin er uppi á brekkubrún skammt sunnan við heimatúnið.

Tóftin er á vallendisholti. Malarhólar, mýrar og þunn gróðurþekja er í næsta nágrenni.

Tóftin er 14x5 m stór og snýr norður-suður. Hún er einföld og veggir úr torfi og grjóti. Veggirnir eru 2



Kvíar 026, horft til suðvesturs á ljósmynd.

m á breidd og 0,3 m á hæð. Þeir eru lyngi- og mosavaxnir en rof er í norðausturhorni og þar sést glitta í grjóti. Op er inn í tóftina í suðurenda.

Hættumat: engin hætta


SP-039:027_1 tóft heystæði

541030 625248

Tvö heystæði eru 20 m sunnan við Siggugerði 020 og tæpum 450 m NNV við bæ 001. Heystæðin eru á svæði sem er 20x8 m stórt og snýr VNV-ASA. Mosi og lyng er áberandi á svæðinu við tóftirnar.

Tóftirnar eru uppi á vallendisbrún, ofarlega í brekku og vestan við stóra mýri. Vatn rennur undan brekkunni sem tóftirnar eru uppi á.

SP-039:027_1



SP-039:027_2



Yfirlitskort sem sýnir heystæði 027.

Heystæði 027_1, horft til suðurs.

Tóft 027_1 er vestast á svæðinu. Hún er 7,2x4 m að stærð, er einföld og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,3 m á hæð og op er í norðurenda. Veggirnir eru signir og óskýrir og virðist tóftin nokkuð forn.

Hættumat: engin hætta

SP-039:027_2 tóft heystæði

541046 625245

Heystæði 027_2 er 13 m ASA við heystæði 027_1, neðar í brekkunni. Tóftin er 5x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hleðsla afmarkar suðausturhliðina en kantur er grafinn í brekkuna til vesturs og norðvesturs. Hleðslan er 1 m á breidd, 0,3 m á hæð og algróin mosa og lyngi. Líklega er op á norðurhorni en það sést ekki greinilega.




Heystæði 027_2, horft til austurs.

Hættumat: engin hætta

SP-039:028 tóft heystæði

541246 624845



Heystæði 028 sunnan við fjárhús 008.

Heystæðistöft er í túni rúma 40m suðvestan við bæ 001, fast sunnan við fjárhústóft 008 og um 3m norðaustan við þúst 033.

Túnið er þýft og komið í mikla órækt.

Tóftin er 7x6m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Í henni má sjá móta fyrir einu hólfi sem er 3x1,5m að innanmáli og snýr það vestur og austur. Veggheðslur er frá 1-2,5m að breidd og um 30cm á hæð.


Hættumat: engin hætta

SP-039:029 tóft heystæði

541185 624842

Lítill tóft er tæpa 100m vest-suðvestan við bæjarhól 001, rúma 30m sunnan við mógrafarsvæði 003 og um 10m norðan við heystæði 032.

Tóftin er norðarlega á klapparholti sem er umlukið deiglendi.



Heystæði 029, horft til norðurs á ljósmynd.

Tóftin er einföld, 5,5x4m að stærð og snýr norður og suður. Ekkert op sást á henni en hólfíð er 2x1m að innanmáli og snýr norður og suður. Innrabyrði þess er 30-40cm á hæð en ytra byrði tóftar er 30-100cm á hæð og er norðurgafllinn hæstur. Það vottar fyrir rofi í henni en annars er hún öll vaxin lyngi og mosa og er ekki hægt að greina neinar grjóthleðslur í henni. Út frá staðsetningu og gerð er líklegt að um heystæði sé að ræða.

Hættumat: engin hætta

SP-039:030 varða óþekkt

541231 624612



Varða 030, horft til SSV.

Hrunin varða er á allháum hóli norðan við Þverá og beygir áin til norðausturs þegar komið er framhá hólnum. Í örnefnalýsingu fyrir Þverá er þessi hól nefndur Þverárhöfði en á örnefnaskránni Úr Fjörðum er helst að skilja að sá höfði sé talsvert lengra til vesturs, við Þverárgljúfur. Varðan er 280 m suðvestan við bæ 001 og 90 m sunnan við tóft 026.

Hóllinn sem varðan er á er grýttur melhóll, gróinn mosa og lyngi hér og hvar.

Grjótdreif er á hólnum sem myndar ferkantaðan grunn og er hann um 1,5 m á kant. Aðeins sést eitt umfar hleðslu. Virðist hér hafa verið varða sem hefur hrunið til

grunna og kann grjót úr henni að hafa hrunið til norðurs undan halla. Hlutverk þessarar vörðu er ekki þekkt en mögulega hefur hún verið hlaðin sem landamerki eða stefnumið fyrir landamerki frá Þverárgili til austurs yfir engjarnar.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Þverá, 1; Ö-Úr Fjörðum, 18

SP-039:031_1 tóft beitarhús

540980 625068

Tvær nokkuð fornlegar tóftir eru frammi á hjallabrún í brekku vestur og upp af túninu á Þverá. eru þær fast norðaustan við mógrafir 018 og 360 m norðvestan við bæ 001. Beitarhúsatóft 019 er litlu sunnar á sömu brún. Minjarnar eru á svæði sem er 33x8 m að stærð og snýr norður-suður.

SP-039:031



Tóftir 031.



Beitarhúsatófti 031_1, horft til suðausturs.

Þær eru í þýfðum móa innan um hallamýrar. Er svæðið fremur grösugt og gróið en blásnir hólkollar sjást víða.

Lýsingin hefst á stærri tóftinni 031_1 sem er nyrst á svæðinu. Hún virðist vera tvískipt og er 16,5x8 m að stærð, snýr norður-suður. Norðurendinn er orðinn óskýr en líklega hefur verið op í norðausturhorni. Stærri hólftóftarinnar er í norðurenda og er það 5,5x4 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Op er úr því inni í minna hólftóft í suðurenda sem er 3x3 m að innanmáli. Tóftin er gengin í þúfur og er lyngi vaxin en grasgróður er ríkjandi syðst þar sem tóftin er skýrust. Mesta hæð veggja er 0,5 m og sést hvergi í grjóti í hleðslum. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt. Líklegt er hins vegar að hér hafi verið beitarhús.

Hættumat: engin hætta

SP-039:031_2 tóft heystæði

540976 625051



Fast sunnan við tóft 031_1 er fremur lítilfjörleg tóft 031_2. Hún er 9,5x5,5 að stærð og snýr norður-suður. Tóftin er mjög sigin, vaxin grasi og lítilsháttar lyngi. Hún er orðin ólöguleg og þýfð og eru veggir hennar 0,2-0,3 m á hæð. Óljóst má greina innanmál í einu hólfti í tóftinni og óljóst op er í norðvesturhorni. Helst kemur til greina að þessi tóft sé af heystæði.

Hættumat: engin hætta

Heystæði 031_2, horft til suðausturs. Fjar er beitarhúsatóft 019.


SP-039:032 tóft heystæði

541193 624828

Tóft sem líklega er heystæði út frá gerð og staðsetningu er tæplega 100m vest-suðvestan við bæ 001, tæpa 20m norðan við tóft 013 og rúma 10m sunnan við heystæði 029.

Tóftin er á klapparhól sem er umlukinn deiglendi.

Tóftin er 6x5m að stærð og snýr norður suður. Hún er einföld og er op á henni í suðurenda. Innanmál hennar er 3,5x1 og snýr hólftið norður suður eins og tóftin sem sennilega er að einhverju leyti niðurgrafin í náttúrulegan hól. Engar grjóthleðslur sjást í veggheðslunum sem eru rúnnaðar og um 30cm á hæð og




Heystæði 032, horft til suðurs á ljósmynd.

50-100cm á breidd.

Hættumat: engin hætta

SP-039:033 þúst heystæði

541239 624840



Lítill þúst er fast sunnan við fjárhús 008 og um 50m suðvestan við bæ 001. Út frá staðsetningu má ætla að um sé að ræða ógreinileg ummerki eftir heystæði.

Þústin er í þýfðu túni sem komið er í órákt.

Þústin er 7x6m að stærð og snýr austur vestur. Upphleðsla hennar er 50-70cm og er nokkuð víst að hún sé manngerð er ekkert innanmál sést í henni.

Hættumat: engin hætta


Þúst 033 sem að líkindum er leifar af heystæði.

SP-039:034 tóft rétt

540978 625538

Lítill réttartóft er sunnan við Stekkjarlæk (sjá SP-041:030) sem er á merkjum milli Tindriðastaða og Þverár, um 730 m norðan við bæ 001 og tæpum 15 m sunnan við tóftir 037. Hún er skráð stök og er yngri en hinar tóftirnar sem eru nærri. Tóftin er frá síðasta skeiði búsetu á jörðinni.

Réttin er hlaðin undir melhól eða hrygg við deiglent engjasvæði vestan Fjarðarár.



Lítill réttartóft 034, horft til vesturs á ljósmynd.

Réttin er 7x7 m að stærð og er einföld. Veggir eru 2 m á breidd, 0,5-0,8 m á hæð og grasi- og lyngivaxnir. Þeir eru torfhlaðnir og lítið sem ekkert rof í þeim nema í opi, sem er til nyrst á austurvegg. Frá norðausturhorni tóftarinnar liggur 3,5 m langur aðrekstrargarður til ANA.

Hættumat: engin hætta

SP-039:035 garðlag áveita

541241 624937

Áveita eða hugsanlega frekar fráveita er 60m norðvestan við bæjarhól 001 og fast norðan við tóft 006.



Áveitu-/fráveitugarður 035, horft til suðurs.

Hún er einnig um 25m austan við tóft 014.

Veitan er á mörkum deiglendis og þýfðs túns sem komið er í órækt.

Frá norðvesturhorni á tóft 008 liggur 35 m langur skurður til norðurs, að lækjarfarvegi sem virðist afmarka heimatúnið til norðurs. Skurðurinn er um 50cm á breidd og dýpt og er uppmokað garðlag austan megin við hann. Garðlagið er vel gróið um 30cm á hæð og rúmlega 80cm á breidd. Garðurinn hefur að öllum líkindum einnig nýst sem túngarður.

Hættumat: engin hætta

SP-039:036 náma mógrafir

541134 625097



Mógrafasvæði 036, horft til suðurs.

Lítið mógrafasvæði er um 250m norð-norðvestan við bæ 001, um 75m austan við annað mógrafasvæði 007 og um 150m norðan við þriðja mógrafasvæðið 003.


Mógrafasvæðið er í blautu grösugu mólendi.

Mógrafasvæðið er um 35x35m að stærð. Gryfjurnar eru misstórar og misdjúpar, grónar í botninn og ekki fullar af vatni. Flestar eru þær í hnapp en ein stök er rúma 15m sunnan við aðal svæðið.

Hættumat: engin hætta

SP-039:037_1 tóft rétt

540988 625560



Tóftir 037.

Þrjár tóftir eru 14 m NNA við rétt 034 og um 740 m NNV við bæ 001. Tóftirnar eru sunnan við Merkjälæk eða Stekkjarlæk (sjá SP-041:030) á merkjum milli Tindriðastaða og Þverár. Sunnan við tóftirnar er lækjardrag og eru þær því á eins konar tungu á milli lækjarfarvega. Svæðið er 25x12 m að stærð og hefst lýsingin í miðjunni, á tóft 037_1.

Minjarnar eru á deiglendri tungu á mörkum flæðiengja niður við Þverá og hallamýra upp af þeim til vesturs.

Tóft 037_1 er á miðju svæðinu og er stærst af tóftunum þremur. Hún er 11x6 m stór, einföld og snýr norður-suður. Ekki virðist vera hlaðinn veggur á norðurgaffli hennar, þar sem hún er opin. Veggirnir eru algrónir mosa og lyngi. Vesturveggur tóftarinnar

virðist grafinn inn í affliðandi halla og er sá veggur hærri en aðrir í tóftinni innanmáls. Veggirnir eru 2-2,5 m á breidd, 0,3-0,5 m á hæð og útflattir. Hlutverk tóftarinnar óþekkt en líklega var þetta einhverskonar rétt.

Hættumat: engin hætta



Tóft 037_1, horft til suðurs.



Tóft 037_2, horft til vesturs.

SP-039:037_2 tóft rétt

540980 625558

Tóft 037_2 er fast vestan við tóft 037_1, einungis er 1 m á milli þeirra. Mögulega er þetta tveir hlutar af sömu tóftinni en tengslin á milli þeirra rofin. Tóftin er 7x5,5 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 2 m á breidd og 0,2-0,3 m hæð. Þeir eru umfangslitlir og algrónir. Tóftin er opin til austurs þar sem ekki er sýnileg veggjahleðsla og er í affliðandi halla til þeirrar áttar.

Hættumat: engin hætta

SP-039:037_3 tóft heystæði

540999 625558



Ógreinileg tóft 037_3, horft til SSV.

Tæpum 4 m austan við rétt 037_1 er nánast ferhyrnd útflött tóft 037_3. Hún er 6,3x6,3 m að stærð og 0,2-0,3 m á hæð. Tóftin er mosa- og lyngivaxin og útlínurnar bogadregnar. Kindagata liggur yfir austurhluta hennar og raskar henni nokkuð. Til vesturs sést 2 m langur kantur ofan á útflattri tóftinni og gefur innri brún veggja til kynna. Helst kemur til greina að um leifar af heystæði sé að ræða.

Hættumat: engin hætta

SP-039:038 heimild

540337 624084

Á úrvinnslustigi var komið auga á allstóra tóft á Þverárdal á nýlegri loftmynd frá Loftmyndum ehf. Er það myndir sem ekki voru til þegar undirbúningur og vettvangsvinna fór fram í Fjörðum. Fleiri tóftir

kunna að vera í grennd við meinta tóft sem er 1,2 km suðvestan við bæ 001.

Tóftin virðist vera á fremur deiglendu en grasivöxnu svæði innan um melhóla.

Af loftmyndinni að dæma er tóftin 10x6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Lítið meira er hægt að segja um hana á þessu stigi en fara þarf á vettvang til að staðfesta að um tóft sé að ræða og lýsa henni betur. Út frá staðsetningu tóftarinnar og fjarlægð hennar frá bæ er ekki útilokað að um seltóft sé að ræða.

SP-039:039 sáðslétta tún

541262 624890



Túnið á Þverá er niður við Þverá sem afmarkar það til austurs en túngarður 004_1 afmarkar það til vesturs. Ekki er til kort af túninu frá upphafi 20. aldar.

Túnið er mjög lítið og þýft og er í aflíðandi halla til austurs. Áin hefur breytt farvegi sínum mikið og rann áður mun sunnar og austar. Túnið var því mun stærra áður fyrr og náði lengra til austurs.

Ekki er ljóst hversu mikið hefur brotnað af túninu á Þverá en það hefur líklega aldrei verið mjög stórt. Þegar skráning var unnin 2019 var túnið 270x74 m að stærð (1,1 ha) og snýr það norður-suður. Ekki sjást skýr merki um að túnið hafi verið sléttað.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Tún 039 á Þverá liggur undir miklum skemmdum af völdum Þverár sem hefur þegar brotið mikið af landinu. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

SP-040 Kaðalstaðir

1686: 13 hdr. og 80 ál., Hrafnagilskirkjueign. BL, 290.

1696: 10 hdr., Hrafnagilskirkjueign. BL, 290.

1712: 10 hdr., Hrafnagilskirkjueign. [...] í eyði næstu 3 ár.” JÁM XI, 58.

1847: 10 hdr., Hrafnagilskirkjueign. JJ, 316.

“Kaðalstaðir. Fornt mat 10 h., nýtt 13,5 h. Var í byggð 1703, fór í eyði 1709, en var komin í byggð 1713, sem hélzt síðan. Eign lénskirkjunnar á Hrafnagili í Eyjafirði og síðan kirkjujörð til 1913, eftir það einkaeign. Sjálfsbúð 1913-19,”BT, 38.

Jarðarinnar er fyrst getið í máldaga Þönglabakkakirkju árið 1318. DI II, 443. 1391, 24. febrúar: “Bjarni Ásgrímsson selr Benedikt Brynjólfssyni jarðirnar Syðri-Látur og Kaðalstaði alla Grundarreka samkvæmt viðfestri rekaskrá.” DI III, 455.


1461: Í máldaga Hrafnagilskirkju kemur fram að jörðin sé eign Hrafnagilskirkju (DI V, 317); sbr. einnig máldaga Hrafnagilskirkju 1508 (DI VIII, 215), skrá um eignir Hrafnagilskirkju 1544 (DI XI, 357); og kirkjureikninga Hrafnagilskirkju 1569 (DI XV, 351).

Jörðin fór í eyði 1933. Ö-Kaðalstaðir, 1. Eyðibýli 1712: Arnorstader (SP-040:008). JÁM XI, 59.

1918: Túnstærð 1,3 ha, þar af 1/5 slétt.

1914: Eyðibýlið Kussungsstaðir [SP-038] lá undir Kaðalstaði og var nytjuð þaðan. Árbók Þingeyinga 2013, 50.

1712: “Rekavon í betra lagi, og naut ábúandi leiguliðagagna. [...] Túni og engi grandar ekkert, en mjög er það votunnið. Úthagarnir eru mjög litlir, og því var mjög hætt að engið beittist þá bygt var, nema hagi væri til fenginn á Kúsveinstöðum eður Bakka afrjett. [...] Þessa jörð brúkar nú til slægna presturinn á Þönglabakka, og geldur fyrir þá nytkun xv álnir Í landaurum, þar með kvittast og preststíund.” JÁM XI,



Minjar í túni Kaðalstaða SP-040. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

59.

1839: “Hér er beitiland mikið og víðlent en grýtt, blásið og graslítið vestan og sunnan í fjallinu. Dalur lítill liggur upp frá bæ þessum, heitir Kaðaldalur að öllu leyti graslaus, en frammi í botni hans gnægð af fönnum, eins sumar og vetur. Jörðinni tilheyrir engi, mikið og fagurt, gegnt sunnan frá bæ og fast út að sjá. Trjáreki við sjó utan undir Bjarnarfjallshömrum. Jörðin liggir undir miklum og skæðum áföllum af skriðuhlaupum úr því stóra Bjarnarfjalli, sem er út og upp undan bænum. Hlaupa þessi skriðuföll efst ofan úr fjalli og lengst fram um engi, ekki til alllittiss skaða. Þar hjá er jörð þessi mesta vetrarríkis jörð, sem hæð fjallsins orsakar.” SSB, 69.

1916-1918: “Lýsing jarðarinnar: Túnið allþýft, snögglent og í lélegri rækt. Stærð um 6.1 ha. Töðufall 30 hestar. Engjar allar sléttar og máské sumpart véltækar, samfeldar, fremur votlendur og snögglendir. Meginið nærtækt og engjavegur að mestu góður. Uppistöðuáveita á miklum hluta engjanna nýgerð alveg. Heyfengur undanfarið um 300 hestar. Gott stararhey. Búfjárhagar fremur þröngir. Sumarhagar góðir fyrir sauðfé, lélegir fyrir gripi. Vetrarheit engin sökum snjóþyngsla. Landið fremur kjarngott. Fjárgeymsla heldur erfið. Rekfjörubeit nokkur. Mótak ekki teljandi, en torfista fremur góð og nærtæk. Lítilsháttar reki sum árin og silungsvart. Ekkert útræði. Erfitt um aðrætti því jörðin liggur í útkjálka sveit og langt til verzlunarstaða. Engjabætur með áveitu liggja vel við, enda mikið að þeim gjört tvö síðustu árin. Snjóflóð og skriður geta valdið skemmdum. Talið að jörðin Grýtubakki eigi þriðjung rekans. Jörðin mun framfleyta: 1 kú 2 hrossum og 100 fjár. Hús: Íbúðarhús úr steinsteypu. Pappþak. Stærð 13.80 x 4.39 m með kjallara og kvisti. Gamall torfbær. Fjós og fjárhús fyrir 380 fjár. Jarðabætur síðastl. 10 ára. Steinsteypugarður hlaðinn í kvísl af Fjarðará, áveituskurðir gerðir og hlaðnir flóðgarðar, alls um 250 dagsv. Mat jarðarinnar: Jörðin sjálf: Kr. 1300.00. Jarðabætur Kr. 500.00. Hús Kr. 5000.00.” Fasteignamat Suður-Þingeyjarsýslu 1916-1918 - undirmat I, 70.

SP-040:001_1 *Kaðalstaðir* bæjarhóll bústaður

541838 626155

“Líndal [flutti á jörðina c. 1912] byggði steinhús yfir ráðsmann sinn og sauðfé, en þá skall ólánið á. Snjóflóð féll á fjárhúsin [011] og drap flest féð [...] Eftir að Björn Líndal hætti búskap á Kaðalstöðum



Á þessari loftljósmynd má sjá stóran hluta túnsins á Kaðalstöðum og minjar í því en fyrir miðri mynd er bæjarhóllinn 001_1. Horft til ASA.



Bæjarhóll Kaðalstaða 001_1 og aðrar minjar sem á honum eru. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

var þar búið í nokkur ár [...], en er hann [Jóhannes Kristinsson] flutti að Þönglabakka [SP-044], fóru Kaðalstaðir í eyði, og allmikið íbúðarhús, sem Lindal lét byggja þar, var rífið.” segir í bókinni Fagurt er í Fjörðum. “Byggt íbúðarhús úr steinsteypu 22 x 8 álnir að stærð, ein hæð, kjallari og port með þremur kvistum á framhlið,” segir um yngsta íbúðarhúsið í Árbók Þingeyinga 2013. Bærinn er sýndur innan norðurhluta heimatúnsins á túnakorti frá 1918. Á bæjarhólnum sjálfum 001_1 eru fimm aðrar fornleifar; tóft síðasta torfbæjarins 001_2, tóft steypst íbúðarhúss frá því snemma á 20. öld 001_6, útihústóft 001_3, súrheysgryfja 001_4 og kálgarður 001_5. Bæjarhóllinn er mikið raskaður vegna byggingar fyrrnefnds íbúðarhúss. Það var með kjallara sem enn sést, húsið sjálft var rífið. Á nyrsta odda bæjarhólsins er búið að koma fyrir salernisaðstöðu fyrir ferðafólk og hefur hlotist nokkuð rask af völdum þeirra framkvæmda. Heimatúnið er í grónum hvammi sunnan við á sem nefnist Kaðla eða Kaðalá. Fast norðan við bæjarhóllinn er lækur, líklega bæjarlækurinn. Vegslóði liggur í gegnum mitt heimatúnið og þetta er eina túnið sem var raskað á 20. öld, eftir að byggð leggst af í Fjörðum. Innan túnsins sjást ummerki um handsléttun vestan og sunnan við bæinn, annars er það stórþýft. Mikið af tóftum er innan túnsins.

Bæjarhóllinn er neðarlega í brekku, á mörkum þurrlendis og mýra. Hann er enn umfangsmikill, þrátt fyrir rask á 20. öld. Hann er um 41 m í þvermál og til norðurs gengur tunga að bæjarlæknum. Þar er nú salernisaðstaða fyrir ferðafólk. Hóllinn er 1,5-3 m á hæð og grasivaxinn. Hann er hæstur til vesturs frammi á hlaðinu, skagar fram á flatlendið og bratt er þar niður af. Viðsýnt er yfir Hvalvatnsfjörð af hólnum sem virðist hafa verið sléttaður að hluta. Hóllinn er lægstur til austurs og fjarar út í túnið. Hann er 1 m á hæð þar. Þar sem klósettið er staðsett er búið að grafa niður vatnsslöngu og skarð er í hólnum þar. Vísbendingar eru um að tóft hafi verið á hólnum, undir klósettinu, en þar er óljóst. Þessi hluti hólsins er 1-1,5 m á hæð og norðurbrúin brött.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Túnakort 1918; Fagurt er í Fjörðum, 87, 102-103; Árbók Þingeyinga 2013, 57

SB-040:001_2 tóft bústaður

541853 626159

Öll bæjartóftin (torfbær í fasteignamati 1916-1918) er 17x12 m að stærð og snýr norður-suður. Stafnar bæjarins snéru án efa til vesturs en steypur grunnur íbúðarhúss 001_6 er yfir þeim hluta og raskaði tóftinni. Bæjartóftin er austan við grunninn og líklega var innangengt úr húsinu, yfir í torfbæinn. Í



Mynd tekin beint niður á bæjarhól Kaðalstaða 001_1. Á henni sést bæjartóftin 001_2 vel, sem og grunnur steinsteypst húss 001_6 auk fjárhúsa 002.

miðri tóftinni eru stutt göng A sem liggja til austurs. eru þau andspænis opi á austurhlið steypa húsgrunnins og enda við hól B, í torfbænum. Göngin eru 3,1x1,1m að innanmáli. Jarðvegur liggur yfir austurhluta þeirra. Veggirnir eru 0,2-1 m á hæð, algrónir nema inni til norðausturs. Þar glittir í þrjú umför af grjóthleðslu, annars glittir í steina hér og þar. Úr göngunum er op til norðurs, yfir í hól B. Það er 3,5x2,5m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,2-0,3 m á hæð og algrónir og signir. Hól C er sunnan við göng A og var þar að líkindum hlaða/fjós. Það er 9,5x3,1 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hólfið er grafið niður í bæjarhólinn, veggirnir eru 0,2 m á hæð að utan en 2,2 m að innan. Ekki er

hlaðinn veggur sýnilegur í vesturenda en hann kann að hafa raskast við byggingu húss 001_6. Í öðrum veggjum sjást 3 umför af grjóthleðslu í innrabyrði hér og þar en þeir hafa að miklu leyti fallið inn í hólfið. Hól D er í norðausturhorni tóftarinnar. Ekki er gengt inn í það úr tóftinni en op er á hólfinu í suðausturhorni. Hólfið er 3x1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru 1 m á breidd, 0,2 m á hæð og hér og þar glittir í steina. Hólfið er í halla til suðurs.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Túnakort 1918

SB-040:001_3 tóft útihús

541864 626164



Úthústóft 001_3, horft til austurs.

Fast austan við bæjartóft 001_2 er útihús, norðaustarlega á bæjarhól 001_1 er útihústóft 001_3. Tóftin er 9,5x4,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,1-0,2 m á hæð og algrónir. Þeir eru 1-2 m á breidd og op er í norðvesturhorni, við bæinn. Það glittir í grjóthleðslur í opinu. Öll tóftin er óljós en var að öllum líkindum ekki sambyggð bænum. Óljós þúst er sunnan við miðjan suðurvegg, að öllum líkindum hrun.

Hættumat: hætta, vegna rasks

SP-040:001_4 tóft hlaða

541837 626162



Leifar af votgheysgryfju 001_4, horft til suðurs.

Niðurgrafin, hringlaga tóft er vestarlega á bæjarhólnum. Hún er 6,7x5,7 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin er 1,5 m djúp og hrun er í botni hennar. Veggirnir eru 0,1-0,3 m á hæð, útflattir og grasivaxnir. Ekki mótast fyrir opi á yfirborði. Sé tekið mið af lögun og staðsetningu er um votgheysgryfju að ræða.

Hættumat: hætta, vegna rasks

SP-040:001_5 gerði kálgarður

541850 626142



Kálgarður 001_5, horft til NN.

Kálgarður er sunnan í bæjarhólnum. Hann er 11x7 m að stærð og snýr austur-vestur. Torfhlaðið gerði afmarkar kálgarðinn nema norðurhliðina. Veggir þess eru um 0,2-0,3 m á hæð, algrónir og signir. Ekki sjást beð inni í kálgarðinum, þar er slétt og grasivaxið svæði.

Hættumat: hætta, vegna rasks

SP-040:001_6 tóft bústaður

514842 626161



Steypur húsgrunnur 001_6, horft til vesturs.


Eina steinsteypa húsið í Fjörðum var reist á Kaðalstöðum af Birni Líndal 1912-1913. Í fasteignamati frá 1916-1918 segir: „Íbúðarhús úr steinsteypu. Pappak. Stærð 13.80 x 4.39 m með kjallara og kvisti.“ Íbúðarhúsið var rífið þegar bærinn fór í eyði en enn má sjá kjallarinn. Hann er 1 m á dýpt. Hlutar úr húsinu liggja enn suðvestan við bæjarhólinn og ofan í kjallaranum sem er fullur af rusli. Grunnurinn er 13x4,5 m að stærð og ljóst að húsið var ílangt sem vekur athygli. Op er á miðri austurhlið húsgrunnsins, í átt að bæjartóft 001_2 og líklega var innangengt á milli gamla og nýja íveruhússins.

Hættumat: hætta, vegna rasks

SP-040:002 tóft fjárhús

541886 626170

Á túnakorti frá 1918 er útihús merkt um 40 m norðaustan við bæ 001 og um 15 m norðan við útihús



Fjárhús 002, horft til vesturs á ljósmynd.

003. Tóft þess er á háum hrygg milli tveggja lækja, sá nyrðri rennur í Köðlu skammt norðan við tóftina. Lækirnir klofna um 40 m suðaustan við tóftina, ofar í túninu og eru í þröngum, grýttum farvegum.

Tóftin er uppi á brekkubrún, norðan við bæjarlækinn. Klettur er beint vestan við tóftina í grýttum lækjarfarvegi. Heimatúnið er grasivaxið og stórþýft.

Tóftin er 15x15 m að stærð og skiptist í fjögur hólf. Austasta hólfíð er hlaða en hin nýtt undir sauðfé. Hólf A er suðvestast. Það er 7x3,5 m að innanmáli og snýr VNV-ASA. Veggirnir eru 1,2-1,5 m á hæð að utan og þar glittir víða í 2-3 umför af smáu grjóti. Víða er þó gróið yfir hleðslur. Op er í norðvesturhorni hólfinsins. Að innan eru veggirnir 1,5 m á hæð og þar má sjá 4-6 umför af grjóthleðslum til vesturs. Grjótið er fengið úr næsta nágrenni tóftarinnar, bæði smátt og stórt. Austurveggurinn er hruninn inn í hólfíð. Hólf B er NNA við hólf A. Það er 7,5x3 m að innanmáli og er ekki hlaðinn veggur á VSV gaffli þess þar sem hefur verið timburþil. Veggirnir eru 0,2-0,5 m á hæð og grjót sést í innrabyrði í öllum veggjum, 1-3 umför. Nokkuð er hrunið úr veggjum til austurs. Hólf C er NNA við hólf B. Það er 7,5x1 m að innanmáli og snýr VNV-ASA. Op er á því í NNV-enda. Veggirnir eru 0,5-1,5 m á hæð og eru umfangsmestir á NNA-hlið (að utan). Það má sjá 2 umför af hleðslu í veggjum inni í hólfinu. Í suðvesturhorni að utan er grjóthrun og í því glittir í 3 umför af grjóti. Hólf D, hlaða, er ASA við hin hólfín. Ekkert op sést inn í hana. Hlaðan er 13x2,5 m að innanmáli, veggirnir eru 0,6-1,2 m á hæð og 2 umför grjóthleðslu sjást í innra byrði veggja. Veggirnir eru lægstir að utan. Hlaðan er hærra uppi í brekkunni en fjárhúsin og er ekki niðurgráfin. Hún stendur um 0,8 m hærra og er það nokkuð óvanalegt.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Túnakort 1918


SB-040:003 tóft útihús

541882 626161

Á túnakorti frá 1918 er útihús merkt um 25 m austan við bæ 001 og er um 5 sunnan við útihús 002, á milli þeirra rennur lækur. Heimatúnið er sundurskorið af smáum lækjum, útihúsin eru hryggjum og tungum milli þeirra. Tóft útihússins er í halla til vesturs og líklega má greina tvö byggingarstig í henni.

Lækur er fast norðan við tóftina. Heimatúnið er gróið og stórþýft. Ummerki um handsléttun eru ekki nærri þessari tóft. Túnið er í aflíðandi halla til vesturs.

Öll tóftin er 12x6 m að stærð, snýr austur-vestur og skiptist í tvö hólf. Allt eins gæti verið um tvö byggingarstig að ræða. Yngri tóftin (hólfíð) er austar og ofar í brekkunni. Hún er 3,4x1,1 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,5 m á hæð og 2-3 umför af grjóti sjást í innrabyrði norðurveggjar. Suðurveggurinn er ekki eins vel varðveittur, hann er lægri og hruninn út að hluta. Þar sést glitta í eitt umfar grjóthleðslu. Yrabyrði suðurveggjar er 0,2 m á hæð. Rof er í suðvesturhorni tóftarinnar vegna ágangs sauðfjár. Eldri tóftin (hólfíð) er vestar og er 0,5 m lægri en eystri hlutinn. Tóftin snýr norður-suður og er 5x1,5 m að innanmáli. Op er á því í suðurenda. Veggirnir eru 0,3-0,5 m á hæð, 2 m á breidd,



Útihús 003, horfi til austurs á ljósmynd.

algrónir og hæstir í norðurenda.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Túnakort 1918

SP-040:004 tóft útihús

541869 626115

Á túnakorti frá 1918 er útihús sýnt rúmum 40 m SSA við bæ 001 og er 5 m vestan við útihús 033. Tóft útihússins sést enn og er hún ein af yngri tóftum innan heimatúnsins og er nánast í miðju þess. Fyrir utan tóftina er „stallur”, slétt svæði til að auðvelda aðgengi að fjárhúsunum sem voru í brekku.

Tóftin er í halla, niður túbrekkuna. Fyrir ofan túnið er malarás.



Útihús 004, horfi til austurs á ljósmynd.

Tóftin er 18x17 m að stærð og snýr norður-suður. Hún skiptist í sex hólf og fá þau bókstafi til aðgreiningar í lýsingu þessari. Veggirnir eru 0,2 - 1 m á hæð og víða má sjá 2-3 umför af grjóthleðslu. Austurhluti tóftarinnar er þýfður og einna ógreinilegastur. Hólf A er í norðvesturhorni tóftarinnar. Það er 5,5x2,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Grjóthlaðinn garði er í miðju þess, hann er 0,3 m á hæð og tæplega 1 m á breidd. Op er inn í hólfid í vesturenda fram í brekkuna. Annað op er úr hólfinu til austurs, yfir í hólf B. Það hólf er fremur óljóst, beint ofan við garðann í hólf A. Það snýr norður-suður, innanmálið er 3x1,1 m og það er fullt af hruni. Austan við hólfid er þúst, líklega veggjahrun. Einnig gæti þústin hafa verið notuð til að auðvelda aðkomu með hey ef þetta var hlaða með opi til austurs. Hólf C er sunnan við hólf B. Það er 1,5x1,5 m að innanmáli og op er inn í það í vesturenda. Ytri brún austurveggjar sést ekki

og líklega var hann grafinn inn í brekkuna. Veggir eru 0,5 m á hæð að innanverðu en 1-3 m á hæð að utanverðu á norður- og suðurhliðum. Hólf D er vestan við hólf C, op er á milli þeirra. Hólfið er 3,2x2,2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Annað op er úr því í suðvesturhorni, yfir í hólf E. Það hólf er óljóst, er 3,5x2,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á miðri vesturhlið, út úr tóftinni. Veggirnir eru 0,5 m á hæð til norðurs en 0,2 m til annarra átta og óskýrir, Búið er að fylla upp í bæði opin með grjóti. Hólf F er syðst í tóftinni og einna ógreinilegast. Þetta var að öllum líkindum aðhald eða rétt, utan við tóftina. Hólfið er 5,1x2,3 m að stærð og snýr austur-vestur. Ekki er hlaðinn veggur á vesturhlið þess.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1918

SP-040:005_1 heimild um traðir

541836 626072

Á túnakorti frá 1918 eru sýndar traðir sem lágu til suðurs frá bæ 001. Traðirnar á túnakortinu voru á svipuðum stað og núverandi vegur sem liggur eftir austanverðum Hvalvatnsfirði. Gata 005_2 er litlu vestar og hefur sömu stefnu og traðirnar en hún er mögulega aðeins fjárgata.

Túnið á Kaðalstöðum er gróið og stórbýft.

Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði og hafa þau líklega horfið vegna vegagerðar en ekki er útilokað að búið hafi verið að jafna traðirnar áður en vegurinn var lagður.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1918

SP-040:005_2 gata leið

541851 626105



Gata 005_2, horft til norðurs.

Um 15 m austar en áætluð lega traða 005_1 sést gata liggja til norðurs frá opi á túngarði 018_1. Ekki er ljóst hvort um aðra útgáfu af leið að bænum er að ræða eða hvort þetta sé eingöngu kindagata.

Túnið er gróið og býft. Austan við götuna hækkar land til austurs.

Gatan er mjög greinileg í túninu og er 0,5 m á breidd, 0,2 m á dýpt og sést á 100 m löngum kafla. Gatan sést fyrst rétt sunnan og utan túns og fjarar út vestan við útihús 004 í túninu.

Hættumat: engin hætta

SP-040:006 *Búðatorfa* heimild um verbúð

542162 627560

“Inntökuskip hafa hjer ekki verið í manna minni, en að fornu hafa þau þó verið nokkur, því verbúða tóftarústir eru hjer nokkrar við sjóinn, og þerrigarðar hlaðnir á mölinni [sjá 007],” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712. Í örnefnaskránni Úr Fjörðum segir: “Nokkru norðar [en Illaskriða í Bjarnarfjalli] er grastorfa, sem Breiðatorfa heitir, og þar næst Búðartorfa, og er hún upp af beitarhúsunum [011] á kambinum við sjóinn. Geta má þess til, að þar hafi áður verið sjóbúð á kambinum og þess vegna beri torfan nafn þetta.” Er það mjög sennileg tilgáta að verbúðir hafi verið nærri Búðartorfu, ofan við lendingu 013 og um 1,4 km NNA við bæ 001.

Verbúðir í landi Kaðalstaða hafa að líkindum verið uppi á grýttum sjávarkambinum eða við Bjarnarfjall, á mörkum kams og fjalls.

Engin ummerki sjást um verbúðir vegna landbrots.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM XI, 59; Ö-Úr Fjörðum, 10

SP-040:007 heimild um herslugarð

542156 627571

“Inntökuskip hafa hjer ekki verið í manna minni, en að fornu hafa þau þó verið nokkur, því verbúða tóftarústir [006] eru hjer nokkrar við sjóinn, og þerrigarðar hlaðnir á mölinni,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712. Ekki er vitað hvar herslugarðar voru í landi Kaðalstaða en líklegt verður að telja að þær hafi verið nærri lendingu 013 og verbúðum 006, austast í Hvalvatnsfirði, á svipuðum stað og fjárhús 011 og 1,4 km NNA við bæ 001.

Herslugarðarnir hafa verið á sjávarkambinum sem skilur á milli sjávar og Hvalvatns. Þar er sjávarmöl og lábarið grjót.

Engin ummerki sjást um herslugarða vegna landbrots.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM XI, 59

SP-040:008_1 Arnórsstaðir þúst óþekkt

541904 626279

“Norðan við Köðlu er Bjarnarfjall [...]. Utan við heita Arnórsstaðir,” segir í örnefnaskrá. Í viðbótum og athugasemdum við örnefnaskrá segir: “Rústirnar við Köðlu [...] telur Stefán að hafi verið nefndar Kvíar [...]”



Arnórsstaðir 008. Minjar á túnstæði býlisins og næsta nágrenni þess. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

“Arnorstader kallast hjáleigunefna bygd fyrir utan sjálfa ána, sem Kaðla kallast, af einum manni, sem Arnór hjet, hjer um fyrir 40 árum, og var hann þar við 2 eður 3 ár, hefur hvorki bygst áður nje síðan.

Byggingarkosti veit enginn nálægur að undirjetta. Aftur má hjer byggja, ef folk til fengist,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712. Líklega eru leifar af Arnórsstöðum norðan við Köðlu þar sem sjá má eina grjóthlaðna tóft frá yngsta búsetuskeiði á jörðinni og eldri tóftir í kring. Alls eru sjö greinanlegar minjaeiningar á bæjarstæði Arnórsstaða á svæði sem er 60x60 m að stærð en ekki hafa þær allar tilheyrt býlinu. Innan svæðisins er rústahóll 008_1, stór fjárhústóft 008_2 sem grafin er inn í hann og er greinilega yngsta mannvirkið á svæðinu, sigin býlistóft 008_3, kvíatóft 008_4, útihústóft 008_5 og þúst 008_6. Að auki er tún býlisins skráð sérstaklega 008_7.

Túnið er í afliðandi brekku niður til vesturs en brekkan hækkar nokkuð skarpt þegar ofar dregur og efst í henni er grýtt lítið holt eða hóll. Innan og sunnan við rennur Kaðla í gljúfri og steypist í fossum niður á láglandið. Áin rennur sunnan við túnið á Arnórsstöðum og greinist þar í tvær kvíslar. Á milli kvíslanna eru grónar grjóteyrar. Líklega má segja að túnstæðið endi þar sem brekkan hækkar og verður brattari, þar er meira grjót sem stendur upp úr sverði og minni grasvöxtur. Mestur grasvöxtur er í kringum tóftir 2 og 3 og meintan bæjarhól sem tóft 2 er grafin inn í. Þær eru suðvestast í meintu túni. Í bland við gras í túni er víðir, beitilyng, berjalýng.

Hefst lýsingin á rústahóli 008_1, suðvestast á minjasvæðinu. Hann er fast norðan við ána Köðlu og sunnan við grunnt lækjargil sem liggur austur-vestur. Hóllinn er um 20x16 m að stærð, breiðastur austast þar sem dálítil tota liggur út úr honum til norðurs. Hóllinn er ekki ýkja afgerandi og mikið rask hefur orðið á honum við byggingu tóftar 008_2. Að austanverðu má segja að sé raunveruleg hólmyndun en þar er 0,5 m há hæð sem tóft 008_2 er grafin inn í, að því er virðist. Þýft er neðan/vestan við minjar 008_1-2.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kaðalstaðir, 2; Ö- Kaðalstaðir Viðb. og aths., 1; JÁM XI, 59



Rústahóll 008_1 og fjárhústóft 008_2, horft til ASA.



Fjárhústóft 008_2, horft til austurs.

SP-040:008_2 tóft fjárhús

541904 626278


Stór fjárhústóft 008_2 er byggð ofan í og á rústahóli 008_1. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti, skiptist í tvö greinileg hólf og líklega eitt heystæði að auki. Tóftin er 14x12 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Í suðurhluta tóftarinnar eru stór fjárhús og er innra byrði veggja grjóthlaðið. Fjárhúsin eru 8x5,5 m að innanmáli og snúa austur-vestur. Ekki er hlaðinn veggur á vesturgaffli og hefur þar verið timburþil með dyrum. Plastkassi og rekaviðardrumbur eru inni í fjárhúshlutanum. Norðan við fjárhúsin er lítið og mjótt hólf sem er niðurgrafið. Það er 4,5x1,5 m að innanmáli og snýr líka austur-vestur. Op er inn í það í vesturenda en það er samansigið. Í norðurenda tóftar er svo óljóst hólf, líklega heystæði, sem er 2x2,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ekki er að sjá að veggur hafi verið á norðurhlið þess. Suðurveggur tóftar stendur allur upp úr jörðu en austurveggur er hlaðinn upp að rústahóli, ytri brún hans sést því ekki. Norðurhluti tóftar er fremur siginn og sést ekki í grjóti í veggjum þar. Suðurveggurinn er 0,8 m á

hæð utanmáls. Þar sjást 3 umför hleðslu en innanmáls sjást 4-5 umför. Á tóftinni vex mikið af grænu og kraftmiklu grasi.

Hættumat: engin hætta

SP-040:008_3 tóft bústaður

541911 626272



Mynd sem sýnir bæjartóft Arnórsstaða 008_3 auk fjárhústóftar 008_2 og rústahóls 008_1.

Meint bæjartóft Arnórsstaða 008_3, horft til SSV.

Tóft 008_3 er fast austan og ofan við rústahól 008_1 og tóft 008_2. Hún er nokkuð fornleg en virðist ekki ævaform. Á henni vex gras sem er gulara og gróskuminna en það sem vex á tóft 008_2, einnig vex mosi og gulmaðra á henni. Tóftin er farin að ganga í þúfur og er orðin aflöguð. Stórir hlutar hennar eru illgreinilegir. Tóftin er 22x10 m að stærð og snýr hún nálega norður-suður. Hún skiptist í 5-6 hólff og hefst lýsing þeirra í suðurenda. Þar er op inn í lítið og samansigið hólff sem er 1x2 m að innanmáli og snýr þvert á tóftina. Úr því er op inn í aflangt, nokkuð greinilegt hólff sem snýr eins og tóft og er 3,5x2 m að innanmáli. Úr því er op inn í lítið hólff sem er 2,5x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Allstórt en ógreinilegt hólff er þar norðan við sem er 5x3,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er inn í það í suðausturhólffi. Þá er dálítill flati þar norðan við. Ekki sést skýrt innanmál þar en gæti verið samansigið hólff. Allra nyrst er nokkuð greinilegt hólff sem gæti verið niðurgrafið að litlu leyti. Það er 4x1,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er inn í það á austurgaffli. Mögulega er þetta nyrsta hólff sérstök tóft því að samband þess við syðri hluta tóftarinnar er ekki mjög skýrt. Mesta hæð veggja er 0,3 m og eru þeir greinilegastir á austurhlið. Líklega er grjótt í veggjum auk torfs en það sést þó ekki í hleðslum. Hlutverk tóftarinnar er óljóst en af umfanginu að dæma er líklegt að þetta sé bæjartóft Arnórsstaða.


Hættumat: engin hætta

SP-040:008_4 tóft kvíar

541942 626264

Sigin og gróin tóft er sunnan undir allhárri brún fast norðan við ána Köðlu, 27 m suðaustan við meinta býlistóft 008_3. Tóftin er hlaðin út frá stóru bjargi sem stendur út úr brúninni þar sem hún fer lækandi til vesturs. Líklegt er að tóftin sé af kvíum en hún liggur í sveig frá bjarginu í norðri til vesturs þar sem op er á henni. Hún er 7x4 m að stærð, veggir eru vaxnir lyngi og grasi og eru 1-1,2 m á breidd. Hæstir eru þeir um 0,5 m í suðvesturhorni. Suðaustur-veggur er lægri og mjórri á kafla en annarsstaðar í tóft og er það mögulega vegna rofs þar þó að þess sjáist ekki merki á gróðrinum. Bendir lögun og staðsetning tóftarinnar helst til þess að hún hafi gegnt hlutverki kvía. Líkt og fram hefur komið hefur örnefnið Kvíar verið notað um rústirnar á Arnórsstöðum. Ekki er ljóst hvort að sé í tengslum við þessar kvíar eða hvort að aðrar kvíar hafi verið á svæðinu.


Hættumat: stórhætta, vegna landbrots



Kvíatóft 008_4, horft til norðurs á ljósmynd.

SB-040:008_5 tóft útihús

541902 626320



Útihústóft 008_5, horft til VNV á ljósmynd.


Tvískipt útihústóft er norður af bæjarstæði Arnórsstaða, um 35 m NNV við meinta býlistóft 008_3 og virðist hafa verið samtíða henni af gróðrinum að dæma. Hún er vaxin grasi, beitylengi, krækiberjalynghi og gulmuðru. Tóftin er í aflíðandi halla til vesturs, fast sunnan við eldri útgáfu af vegarslóða út austanverðan Hvalvatnsfjörð og hefur sú vegagerð skemmt norðurhlið tóftarinnar. Tóftin er 8,5x4,5 m að stærð og snýr nálæga austur-vestur. Í norðvesturhorni er op inn í hólfi sem er 2x2,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Innanmálið er óreglulegt vegna hruns. Austast í tóftinni er heystæði þar sem veggir eru mun lægri og mjórri. Það er um 2,5 m í þvermál. Ekki er op inn í það. Veggirnir í vesturhlutanum eru hlaðnir úr torfi og grjóti en ekki sést fjöldi umfara vegna gróðurs. Mesta hæð þeirra er 0,3 m. Veggirnir í austurhlutanum eru eingöngu torfhlaðnir og eru 0,2 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

SB-040:008_6 þúst óþekkt

541930 626262

Fremur flöt og ferköntuð þúst sem vaxin er grænu grasi er fast norðan við Köðlu, 9 m austan við kvíar 008_4 og 20 m suðaustan við meinta býlistóft 008_3. Þústin er 5x3 m að stærð og snýr ANA-VSV. Ekki er ljóst um hvers konar mannvirki hér er að ræða en það virðist fremur ungt af gróðri og útliti að dæma og minnir helst á heystæði. Þústin er víðast 0,2 m á hæð en hæst er hún 0,3 m. Neðan og sunnan við hana er talsvert mikil grænka meðfram ánni en ekki er ljóst hvað veldur þessum grasvexti.



Þúst 008_6, horft til VSV á ljósmynd.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SP-040:008_7 sáðslétta tún

541885 626295



Tún Arnórsstaða 008_7 er norðan við Köðlu sem skilur á milli þess og túns Kaðalstaða. Horft til norðurs á ljósmynd.

Túnið á Arnórsstöðum er mjög lítið, um 100x40 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Það mjókkar til beggja enda og er tæpir 0,3 ha. Túnið er ekki mjög þýft en ekki sjást heldur nein merki um sléttun innan þess. Líklegt er að Kaðla hafi brotið af sunnanverðu túninu.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SP-040:009 Kaðalsstaðasel heimild um sel

541875 624448

“Selfjall nefnist lágfjallið út frá Selgili, fyrir ofan Selið (Kaðalsstaðasel), sem er beint á mótí Kussungsstöðum [SP-038] en þar er nú rétt [012] skammt frá seltóttunum. Lægð er ofan við Selfjallið (gengur út eftir miðju fjallinu eða fjallshlíðinni), sem heitir Seldalur,” segir í viðbótum og athugasemdum við örnefnaskrá. “[...] hvorki maldagar né nein önnur skjöl eða munnmæli geta gjört núlifandi mönnum ljóst hvar Kaðalstaðsel það, sem forðum fylgt hefur jörðunni hafi verið [...],” segir í Landamerkjabréf Kaðalstaða, þinglýstu 1890. Kaðalstaðasel var að öllum líkindum á sama stað og býlið Kúsveinsstaðir SP-040b:001, rúmum 1,7 km sunnan við bæ 001. Á Kúsveinsstöðum eru umtalsverðar minjar og án frekari rannsókna er ekki hægt að aðskilja minjar um selið frá minjum um býlið. Nánari upplýsingar um Kúsveinsstaði og minjar sem taldar eru tilheyra þeim eru undir jarðanúmerinu SP-040b.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö- Kaðalstaðir Viðb. og aths., 1; Landamerkjabréf Kaðalstaða No. 104

“Norður af Hvalvatni er hár malarkambur gróinn, þar er mikið um fugl. Á kambinum eru gamlar fjárhúsrústir, aðrar eru svo nær fjalli [sjá 011] [...]” segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað nákvæmlega hvar þessi fjárhús voru því að mikið landbrot hefur átt sér stað á sjávarkambinum. Líklegasti staðurinn er þar sem lítt greinileg þúst er á malarkambinum niður við sjó. Er sú þúst 84 m vestan við fjárhústóft 011 og 1,4 km norðan við bæ 001.



Útlínur þústar 010 sýndar ofan á lofimynd frá Loftmyndum ehf.

Ógreinileg þúst þar sem beitarhús 010 hafa að líkindum verið, horft til austurs.


Langur og breiður malarkambur skilur á milli Hvalvatns og sjávar. Í honum er gróf möl og sandur innan um stærra fjörugrjót. Ekki er lengur mikill gróður á kambinum en þó er einhver grasvöxtur sunnan við þúst innan um möl og grjót sem berst inn á kambinn. Einnig er grasgróður í jöðrum þústarinnar. Vestar er kamburinn er talsvert gróinn og má þar sjá krækiberjalýng, gras og mosa.

Þústin er fremur flöt að ofan og nokkuð sporöskjulaga þó að mörk hennar til norðurs og vesturs sjáist nánast ekki. Hún er 13,5x7,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Hæst er hún að sunnanverðu þar sem hún er um 0,3 m á hæð. Ofan á henni miðri er sandur, möl og grjót sem er að færa hana smám saman í kaf. Engin merki sjást um hólfaskiptingu eða veggjahleðslur og óljóst hvort eitthvað af því grjóti sem er í þústinni sé úr hleðslum en ekki eingöngu aðborið sjávargrjót.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Kaðalstaðir, 1

“Norður af Hvalvatni er hár malarkambur gróinn, þar er mikið um fugl. Á kambinum eru gamlar fjárhúsrústir [010], aðrar eru svo nær fjalli, en þær fór snjóflóð yfir,” segir í örnefnaskrá. “Líndal [átti jörðina 1909-1920] byggði steinhús yfir ráðsmann sinn og sauðfé, en þá skall ólánið á. Snjóflóðið féll [árið 1919] á fjárhúsin og drap flest féð [...]” segir í bókinni Fagurt er í Fjörðum. “Úti við sjóinn, vestan undir Bjarnarfjalli, voru beitarhús frá Kaðalstöðum, og þótti gott að eiga þar sauði. Þó var sá galli á, að þarna var mjög hætt við snjóflóðum, og beið Kaðalstaðabóndinn oft afhroð af þeim sökum,” segir í bókinni Í verum eftir Theódór Friðriksson. Auk snjóflóðsins sem féll á beitarhús Björns Líndals árið 1919, er þess getið í Árbók Ferðafélags Íslands frá 2000 að snjóflóð hafi einnig fallið úr Bjarnarfalli árið 1872 yfir fjárhús. Er gert ráð fyrir því að um svipaðan eða sama stað sé að ræða og þau fjárhús því ekki skráð sérstaklega. Tóft yngstu beitarhúsanna á þessum stað sem hýsti fé Björns Líndals snemma á 20. öld er nú (2019) varla annað en þúst, þó að veggjabrot sjáist enn í vesturhluta hennar. Er tóftin 84 m austan við óljósar minjar um beitarhús 010 og 1,4 km norðan við bæ 001.



*Beitarhúsatóft 011 og þúst 017. Loftmynd:
Loftmyndir ehf.*



Leiðar af beitarhúsatóft 011, horft til ANA.

Tóftin er litlu vestan við brekkurætur í Bjarnarfjalli sem eru grónar upp í hlíðina en grýttar. Hún er á grýttum malarkambi og brotnar af og gengur yfir það í miklum sjógangi. Grasgróður er sunnan við tóftina en hann er sandi orpin og er mikið grjót á þessu svæði. Nokkur rekakefli eru á kambinum en ekki er mikið um þau.



*Mynd úr bókinni Fagurt er í Fjörðum (bls. 87) sýnir
beitarhúsatóft 011 fyrir nokkrum áratugum og ljóst að
hún hefur látið mjög mikið á sjá.*

Halldór Stefánsson var ráðsmaður Björns Líndals á Kaðalstöðum á árunum 1914-1920 og lýsir beitarhúsunum í grein sem birtist í Árbók Þingeyinga 2013: “Það voru fjögur samstæðuhús. Norðurveggur var byggður úr torfi og grjóti. Suðurveggur úr steinsteypu. Framhlið, sem sneri móti vestri, úr timbri og voru þar útidyr allra húsanna. Garðar úr torfi og grjóti en milligarðar úr timbri. Bak við húsin var í fyrstu heytóft á að giska metri á dýpt en nú hafði verið byggð hlaða úr steinsteypu fyrir þrjár samstæður en við eina þá nyrstu var tóftin óhreyfð. Timburskilrúm var á milli hlöðu og húsa.” Beitarhúsin hafa verið allstór af lýsingunni hér að framan að dæma og voru 170 fjár í þeim þegar snjóflóðið féll 1919. Lítið sést orðið af þessum húsum vegna mikils landbrots og ágangs sjávar. Enn má sjá ógreinilega tóft sem er 15x10 m að stærð og snýr ASA-VNV. Vestasti

hluti tóftarinnar er greinilegastur og þar sjást veggjabrot og veggur sem er 0,6-0,7 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð. Í honum sjást 3 umför utanmáls. Það virðist móta fyrir þremur hólfum í tóftinni sem raðast frá vestri til austurs en líklega er lítið að marka það vegna þess hversu aflöguð og illa farin tóftin er.


Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Kaðalstaðir, 1; Fagurt er í Fjörðum, 87; Theódór Friðriksson, 132; ÁFI 2000, 163; Árbók Þingeyinga 2013, 54

SP-040:012 tóft rétt

541897 624426

“Selfjall nefnist lágfjallið út frá Selgili, fyrir ofan Selið (Kaðalsstaðasel 009), sem er beint á móti Kussungsstöðum [SP-038], en þar er nú rétt skammt frá seltóttunum [sjá SP-040b],” segir í viðbótum og athugasemdum við örnefnaskrá. Þetta var rúningsrétt að sögn Haraldar Höskuldssonar, heimildamanns, sem notuð var af bændum sem ráku fé á fjall eftir að byggðin í Fjörðum lagðist af. Réttin er rúma 1,7



Réttartóft 012, horft til austurs á ljósmynd.

km sunnan við bæ 001, í miðju túni Kúsveinsstaða SP-040b. Réttin er yngsta mannvirkið á svæðinu og tengist hvorki selinu né byggðinni á Kúsveinsstöðum. Af þeim sökum er réttin skráð undir þessu númeri. Réttin er á flatlendu svæði, um 15 m sunnan við bæjarhól SP-040b:001_01 og sést illa fyrir en að henni er komið.

Flatt, gróið svæði. Líklega er ármelur hér undir og gróðurþekja er þunn. Svæðið er ekki ræktað, lyng og blóðberg eru áberandi.

Réttin er 18x7 m að stærð, einföld og snýr ANA-VSV. Op er til norðvesturs, á nyrðri langhlið. Veggirnir eru algrónir og hvergi glittir í grjóti. Veggirnir eru torfhlaðnir, 1-1,5 m á breidd og 0,3 m á hæð. Lítið sem ekkert lyng vex í veggjunum, bara í rofi eftir efnistöku sem sést umhverfis alla réttina. Sé tekið mið af ástandi jarðvegsins þar sem efnistakan var sést að gróður er seinn að ná sér aftur á strik á svæðinu.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Kaðalstaðir viðb.og aths., 1

SP-040:013 heimild um lendingu

542165 627581

“Heimræði er hjer og gott skipsuppsátur, en lending mjög brimsöm, og urðu því svipul aflabrögðin,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712. Ekki er ljóst hvar skipsuppsátur eða lending hefur verið á Kaðalstöðum. Í litlu brimi er hægt er að lenda báti hvar sem er við sjávarkambinn sem skilur á milli sjávar og Hvalvatns en líklegast er að lending hafi verið austast á kambinum, nærri Bjarnarfjalli. Þar heitir Búðatorfa í fjallinu sem bendir til þess að verbúðir 006 hafi verið þar í grenndinni. Eru um 1,4 km frá sjávarkambinum að bæ 001.

Miklar breytingar hafa orðið á ströndinni í gegnum tíðina og því ekki gott að átta sig á aðstæðum eins og þær voru í upphafi 18. aldar. Nú (2019) er sandfjara næst sjónum og svo mól en uppi á sjálfum sjávarkambinum tekur við meira stórgrýti. Svo virðist sem að aðstæður til þess að lenda bátum á Kaðalstöðum hafi breyst til hins verra og er þess getið í örnefnaskránni Úr Fjörðum að á fyrri hluta 20. aldar hefi ekki verið hægt að lenda við Kaðalstaðasand “nema ekki væri bára á sjó”.

Landbrot hefur þurrkað út öll ummerki um lendingu og skipsuppsátur á sjávarkambinum.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: JÁM XI, 59; Úr Fjörðum, 22

SP-040:014 Söðull þjóðsaga tröllabústaður

541987 626508

“Söðull er vik eða dálítill hvílt í öxlinni, sem gengur SV úr Bjarnarfjalli, og líkist sæti. Ekki kannast Stefán [Halldórsson] við að þar sé nein leið yfir í Flateyjardal. Þjóðsögu hefur hann heyrt um að tröllkarlinn Bjarni í Bjarnarfjalli hafi setið í Söðlinum og kallast á við tröllið Sveig í Sveigsfjalli, suður á Leirdalsheiði,” segir



Söðull 014 í Bjarnarfjalli, horft til norðausturs.

í viðbótum og athugasemdum við örnefnaskrá. Söðullinn er afgerandi stallur í fjallinu þar sem það gengur lengst til suðvesturs. Niður af því eru brattar skriður en grónir hvammar inn á milli í brekkunni. Vegarslóði út að sjó liggur neðarlega í hlíðum fjallsins.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kaðalstaðir viðb. og aths., 1

SP-040:015 *Klif* heimild um leið

541936 626573

“Klif var kallað fyrir neðan Söðullinn í Bjarnarfjalli [sjá þjóðsögu 014] (þ.e. öxlin sem lengst gengur fram), en um Klif og Stóruskriðu var beitarhúsavegurinn á Kaðalstöðum [sjá 011],” segir í viðbótum og athugasemdum við örnefnaskrá. “Undir þessu snarbratta fjalli [Bjarnarfjalli], eða réttara sagt hömrum, eru götur út að sjó, og var það talinn 15 mínútna gangur,” segir í bókinni Í verum eftir Theódór Friðriksson. Malarslóði liggur út austanverðan Hvalvatnsfjörð utan í Bjarnarfjalli og er líklegt að hann liggja á sama eða svipuðum stað og eldri göngu- og reiðleiðir.

Undir Söðlinum, í Klifinu, eru grýttar, brattar brekkur með grónum svæðum á milli. Annarsstaðar meðfram fjallinu eru grónar eða hálfgrónar skriður sem eru ekki mjög brattar og gróin svæði inn á milli í lægðum á milli skriða.

Á milli Kaðalstaðabæjarins og sjávar liggja margar fjárgötur en engar aðrar götur sem hægt er að tengja þessari leið. Mögulega hafa þær farið undir malarveg.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Kaðalstaðir viðb. og aths., 1; Theódór Friðriksson, 132

SP-040:016 heimild um rist

“Torfrista og stúnga lök, þó brúkanleg,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1712. Ekki er vitað hvar torf var rist í landi Kaðalstaða og engin ummerki fundust þegar fornleifaskráning var unnin fyrir jörðina.

Heimildir: JÁM XI, 59

SP-040:017 þúst óþekkt

542103 627575

Á milli beitarhúsa 011 og 010 virðist vera einhver fyrirstaða á sjávarkambinum þannig að hann bungar út á stuttum kafla. Þar sjást ekki óyggjandi ummerki um mannvirki en líkur eru til þess að hleðslur séu þarna grafnar undir grjóti og mynda fyrirstaða í kambinum. Í Árbók Ferðafélags Íslands 1992 segir: “Frá Kaðalstöðum er rúmur kílómetri út að sjó [...]. Þá tekur við fjörुकambur, stórgrýttur og hár. Á kambinum eru tættur þriggja útihúsa [sjá einnig 010 og 011] og mikið er um rekavið.” Mögulega er meint mannvirki sem hér er skráð leifar af þriðja útihúsinu en hin eru beitarhús 010 og 011. Meint mannvirki er 50 m austan við beitarhús 010 og 25 m vestan við beitar hús 011 en 1,4 km norðan við bæ 001.

Langur og breiður malarkambur skilur á milli Hvalvatns og sjávar. Í honum er gróf möl og sandur innan um stærra fjörugrjót.



Þúst 017, horft til vesturs.

Mannvirkið eða þústin er 8,5x8 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er flöt að ofan fram að brún fjörुकambsins en frá henni er aflíðandi halli í þústinni niður í malarfjöru. Suðurmörk þústarinnar eru vart greinanleg en að norðan er kamburinn með þústinni um 2 m hár. Grunn vik ganga inn í þústina að norðanverðu og sést þar í jarðveg en ekki er hægt að sjá greinileg mannvistarlög eða veggjahleðslur.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: ÁFÍ 1992, 124

SP-040:018_1 garðlag túngarður

541830 626059

“Þá er mikið og gott berjaland strax utan við gömlu túngirðinguna [...]” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1992. Ekki er víst að túngarður hafi afmarkað allar hliðar túnsins á Kaðalstöðum og á túnakorti frá 1918 er ekki sýndur túngarður, aðeins mörk túnsins. Túnið er tæpur 1,5 ha að stærð. Austur- og suðurhliðar túngarðsins sjást enn á svæði sem er um 100x100 m að stærð og myndar túngarðurinn nánast 90°horn. Við túngarðinn voru einnig skráð útflött tóft 018_2, tóftir 018_3 og 4, eldri túngarður 018_5 og kantur 018_6.

Túnið er í halla til vesturs, neðarlega í hlíðum Hnausafjalls, sunnan við á sem kallast Kaðla/Kaðalá. Heimatúnið er þýft og mjög gróið. Innan þess eru fjölmargar minjar, djúpir lækjarfarvegir og brattir bakkar.



Túngarður 018_1 og sambyggð mannvirki. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Túngarður 018_1 afmarkaði að öllum líkindum heimatúnið til allra átta nema vesturs, þar var deiglendi nýtt til aðgreiningar. Túnið náði að öllum líkindum lengra til norðurs en túnakortið sýnir, þar sést hlaðinn kantur og garðlag fast norðan við Köðlu. Áin virðist hafa runnið norðar á einhverjum tímamarki. Túngarðurinn er rofinn á nokkrum stöðum, aðallega vegna lækja og er hverjum hluta lýst fyrir sig til að auðvelda umfjöllun í lýsingu. Hluti A er suðvestast í túninu, vestan við malarveginn sem liggur í gegnum túnið og út að sjó. Hann er 53 m að lengd, 1-2

m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð. Túngarðurinn er algróinn, líklega torfhlaðinn þar sem hvergi sést glitta í grjóti nema í þeim hluta sem er norðan við Köðlu. Viða eru skörð eftir ágang sauðfjár. Við vesturenda túngarðsins er tóft 018_03 og utan við hann miðjan er tóft 018_06. Hluti B er austan við veginn, og afmarkar suðaustur- og austurhlið túnsins. Hann er L-laga og ástand er eins og í hluta A. Hann er 100 m að lengd og liggur til suðurs frá þurrum lækjarfarvegi og sveigir til vesturs að tóft 018_04. Hér og



Túngarður 018_1 á suðurhlið túnsins, horft til vesturs.

þar líkist þessi hluti kanti, sérstaklega til austurs, í brekkunni. Hluti C er á milli tveggja farvega austast í túninu. Útflött tóft 018_2 er sambyggð honum. Hann er 13 m langur og liggur austur-vestur. Vestan við bæjarlækinn er sést óljós kantur D liggja í sveig að Köðlu. Hann er rúmlega 40 m að lengd og fjarar út í brekku sem hallar til norðurs að ánni. Kanturinn er 0,1-0,2 m á hæð og hvergi glittir í grjót. Hluti E er norðan við Köðlu og eini hluti túngarðsins sem er grjóthlaðinn. Hann er 25x2 m á lengd og liggur norður-suður. Ekki er vitað hvenær áin breytti farvegi sínum en líklegt er að hann hafi reglulega tekið einhverjum breytingum. .

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1918; ÁFÍ 1992, 121

SP-040:018_2 tóft útihús

541928 626133



Útflött tóft 018_2, horft til norðurs.

Austast í túninu, fast sunnan við meintan bæjarlæk, er útflött tóft 018_2 sambyggð utanverðum túngarði 018_1. Staðsetning tóftarinnar gefur einna helst til kynna að um útihús sé að ræða. Hún er 0,5 m á hæð, 5x3,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er algróin og ekki er hægt að sjá op eða nein ummerki um innanmál á yfirborði. Lag tóftarinnar bendir einna helst til þess að op hafi verið á útihúsinu á þeirri hlið sem var sambyggð túngarðinum og að hún hafi því opnast inn í túnið en það þarfnast frekari staðfestingar.

Hættumat: engin hætta

SP-040:018_3 tóft rétt

541794 626069



Réttartóft 018_3, horft til vesturs.


í suðvesturhorni heimatúnsins er rétt, byggð utan við túngarð 018_1. Túngarðurinn afmarkar norðurhlið réttarinnar sem skiptist í tvö hólf. Hún er 10x7 m að stærð og snýr austur-vestur. Réttin er í mýri og deiglent inni í henni. Þetta svæði hefur að öllum líkindum alltaf verið rakt sem vekur furðu þegar horft er til staðsetningar réttarinnar. Veggirnir eru 0,3-0,5 m á hæð. Eystra hólfid er 3,8x2,7 m að stærð og snýr norður-suður. Tvö op eru sjáanleg á yfirborði við túngarðinn, til norðausturs inn í tóftina og til norðvesturs yfir í vestara hólfid. Það er 5,5x2 m að stærð og snýr norður-suður. Annað op er til norðvesturs, inn í heimatúnið. Þar er túngarður/rétt 018_5, norðan

við túngarð 018_1.

Hættumat: engin hætta

SP-040:018_4 tóft útihús

541852 626061



Útihús 018_4, horft til norðvesturs á ljósmynd.


Syðst í heimatúni er útihús 018_4, sambyggt innanverðum túngarði 018_1. Útihúsið er mitt á milli traða 005_1 og götu 005_2 og 3 m breitt op er á túngarðinum fast austan við það. Tóftin er 15x7 m að stærð, snýr austur-vestur og skiptist í þrjú hólf. Austasta hólfíð er 4,8x3,3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru 1,5-2 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Þeir eru algrónir og lítið annað en þýfðir bakkar. Mjótt og ílangt hólf er í miðju tóftarinnar. Það er 5x1,5 m stórt, snýr norður-suður og er opið til norðurs. Vestasta og greinilegasta hólfíð er 4x2,5 m stórt og snýr norður-suður. Op er í norðvesturhorni. Veggir þess eru 0,5 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

SP-040:018_5 garðlag túngarður

541798 626076

Innan túnsins er eldri túngarður 018_5 fast norðan við túngarð 018_1 og rétt 018_3. Túngarðurinn sést í tveimur hlutum, leið 035 liggur á milli þeirra. Vestari hlutinn er bogadreginn, 22 m að lengd og 2 m á breidd. Hann er algróinn, grasi- og mosavaxinn. Hann er 0,2-0,4 m á hæð og lægri en túngarður 018_1.



Kort sem sýnir yngri og eldri hluta túngarðs 018 auk fleiri sambyggðra mannvirkja.

Eldri túngarður 018_5, horft til suðurs.

Ekki er útilokað að þessi hluti garðsins hafi í raun verið sambyggð rétt. Eystri hlutinn er öllu ógreinilegri og sést lítið sem ekkert á yfirborði. Það má sjá tvö garðlög sem bæði liggja norðvestur-suðaustur, um 1,5 m eru á milli þeirra en bæði eru þau sigin og ógreinileg á yfirborði. Auðveldara er að sjá þau á loftmynd. Syðra garðlagið er 17 m langt og hið nyrðra er 16 m.

Hættumat: engin hætta

SP-040:018_6 tóft útihús

541807 626066




Tóft 018_6 er 10 m austan við rétt 018_3 og liggur leið 035 á milli þeirra. Tóftin er byggð sunnan við túngarð 018_1 sem afmarkaði norðurhliðina og skiptist í tvö hólf. Tóftin er 6x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Vestara hólfíð er 2,1x1,1 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Op eru til norðvesturs og norðausturs, við túngarðinn. Eystra hólfíð er 2,x1 m að stærð og snýr norður-suður. Op er einnig á því í norðvestur- og norðaustur-hornum, við túngarðinn. Veggirnir eru 0,3 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

Útihústóft 018_6, horft til norðurs.

SP-040:019 tóft óþekkt

541885 626412



Tóft 019, horft til suðurs á ljósmynd.

Lítill aflöng tóft er fast neðan við vegarslóða út austanverðan Hvalvatnsfjörð og niður við engjar. Tóftin er neðst í gildragi þar sem djálækir renna út á engin. Hún er 20 m vestan við tóft 023 og 260 m norðan við bæ 001.

Tóftin er á flatlendi og er grasi vaxin en valllendisgróður vex í kringum hana.

Tóftin er 7x3 m að stærð og snýr norður-suður. Hún virðist einföld en þó er mögulega veggjabrot í henni miðri sem skiptir henni í tvö svipað stór hólf. Op er inn í tóftina í norðurenda og nær austur-langveggur litlu lengra til norðurs en vestur-langveggur. Suðurgaffl tóftarinnar er óverulegur en veggir eru víðast um 1 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð utanmáls. Þeir eru algrónir en eru líklega hlaðnir úr torfi og grjóti. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en líklega er að um heystæði sé að ræða en skepnuhús.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

SP-040:020 garðlag áveita

541499 626199

“Björn Líndal [...] keypti Kaðalstaði árið 1908 [...]. Langir skurðir og veitugarðar voru gerðir á engjunum niður undan bænum,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1992. Í grein í Ábók Þingeyinga eftir Halldór Stefánsson sem var bústjóri á Kaðalstöðum 1914-1920 segir: “Miklar engjabætur gjörðar, s.s. grafinn áveituskurður 200 m. Hlaðinn stíflugarður um 100 m. Hlaðnir flóðgarðar 400 m.” Gríðarmikil áveitumannvirki eru á Kaðalstaðaengjum vestan við túnið á Kaðalstöðum.

Áveitan er á flötu og grasgefnu mýrlendi a milli farvega Köðlu og Austurár/Fjarðarár.

Áveitan nær yfir svæði sem er um 1000x500m að stærð og snýr norður suður. Hún samanstendur af einni stíflu, 5 flóðgördum sem liggja þvert yfir svæðið frá vestri til austurs og 4 áveituskurðum. Að jafnaði eru um 135m á milli flóðgarðanna en milli nyrsta flóðgarðsins á svæðinu og þess sem liggur næst suður af honum eru um 470m. Hér fyrir neðan verður byrjað á að lýsa áveitunni frá suðri til norðurs. Hvert mannvirki fær bókstaf til aðgreiningar í lýsingu.

Syðst á svæðinu er stífla A í læk sem runnið hefur til norðvesturs og er farvegur hans vestan við áveituna. Með þessari stíflu hefur því verið stjórnað hvenær og hversu lengi vatni var veitt á engin. Í heild hefur stíflan verið tæplega 40m að lengd og legið frá suðvestri til norðausturs. Stíflan hefur



Áveitumannvirki 020 eru á svæði sem er 1000x500 m að stærð og samanstendur af stíflu, gördum og skurðum. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

verið rofin í tvo hluta sem eru á sitt hvorum lækjarbakknum. Suðvestari hluti hennar er um 21m að lengd og er sennilega að stórum hluta torfhlaðinn en austasti endi hans er steypur og liggur sá endi út í lækjarfarveginn. Torfhleðslan er um 1m á breidd og um 50cm á hæð en steypiti hlutinn er um 80cm á breidd og að lágmarki 70-80cm á hæð en óvíst er hvað hann nær djúpt niður í jarðveginn. Lengd hans er 90-100cm. Norðaustari hlutinn virðist eingöngu hafa verið torfhlaðinn en hann er um 10m á lengd, um 1m á breidd og 50cm á hæð. Austan við norðausturendann á stíflunni er syðri endinn á áveituskurði B sem er rúmlega 300m á lengd, um 50-100cm á breidd og 20-80cm á dýpt. Mjög norðarlega klofnar hann og er þar á honum 90 gráðu beygja þar sem vatninu í honum er veitt í læk. Syðsti flóðgarðurinn C og sá fyrsti af 5 sem hér verður lýst er 200m norðan við stífluna. Hann liggur í L og er lengri armurinn um 170m langur og snýr vestur austur en styttri armurinn sem liggur til suðurs frá vesturenda þess lengri er um 50m á lengd. Flóðgarðurinn er 30-50cm á hæð og um 50-70cm á breidd. Um 110m norðan við syðsta flóðgarðinn er annar flóðgarður D sem einnig liggur



Stifla 020A, horft til vesturs.



Skurður 020G, horft til vesturs.

í L á sambærilegan hátt og sá syðsti. Lengri armurinn er um 270m langur og snýr vestur austur en styttri armurinn sem liggur til suðurs frá vestari enda þess lengri er rúmlega 60m á lengd. Graðlagið er nokkuð skarpt, um 60cm á breidd og 30-40cm á hæð. Þriðji flóðgarðurinn E er samtals um 330m á lengd. Hann liggur í L á sambærilegan hátt og sá flóðgarðarnir sem lýst er hér að ofan en á lengri leggnum er að auki eitt mjög gleitt horn. Austurhluti lengri leggjarins er um 160m langur og liggur aust-norðaustur og vest-suðvestur en vesturhlutinn er tæplega 130m langur og snýr vestur austur. Frá vesturenda þessa vesturhluta liggur styttri armurinn til suðurs og er rúmlega 40m langur. Flóðgarðurinn er 60-70cm á breidd og 30-50cm hár. Áveituskurður F sem er um 75m langur liggur meðfram austurenda þessa flóðgarðs að sunnanverðu. Frá austurenda áveituskurðarins er kröpp beygja til suðvesturs og er sá hluti um 40m langur.

Stuttur áveituskurður G er 10m austan við þessa kröppu beygju sem er 30m langur og snýr vest-norðvestur og aust-suðaustur. Fjórði flóðgarðurinn H er um 170m norðar en sá þriðji. Hann er í heild



Áveitugarður 020E, horft til vesturs.



Áveitugarður 020H, horft til norðurs.

tæplega 290m langur og liggur í L svipað og þeir sem áður hefur verið lýst. Lengri leggurinn er um 250m langur og liggur austur vestur en styttri leggurinn liggur frá vestari enda þess lengri til suðvesturs og er um 40m langur. Flóðgarðurinn er 50-70cm á breidd og 10-60cm á hæð. Austurhluti flóðgarðsins er mun verr farinn en vesturhlutinn. Sunnan megin við austurenda lengri leggjarins er áveituskurður I sem liggur á tæplega 120m löngum kafla meðfram flóðgarðinum en beygir svo í gegnum hann til norðurs eina 150m þar sem hann sameinast læk. Áveituskurður þessi er um 50cm breiður og um 80cm djúpur, bakkar hans eru mikið yfir grónir.

Nyrst er svo fimmti flóðgarðurinn J og er hann greinilega best hlaðinn og öflugastur. Heildarlengd hans er 560m og liggur hann í L eins og hinir nema á honum er liggur skemmri leggurinn frá austur endanum öfug við hina. Lengri leggurinn er 440m langur og liggur austur vestur. Frá austur enda hans liggur skemmri leggurinn til suðurs og er hann um 120m á lengd. Flóðgarðurinn er tæpur metri á breidd og 30-60cm á hæð, skýrastur vestast. Á lengri leggnum eru tvo op sem lækir liggja um. Ummerki eftir stíflu má sjá við vestara opið

Hættumat: engin hætta

Heimildir: ÁFÍ 1992, 121; Árbók Þingeyinga 2013, 57

SP-040:021 þúst óþekkt

541786 626113



Þúst 021, horft til norðurs.

Um 60 m suðvestan við bæ 001 og 15 m vestan við tóft 027 er þúst, norðan í þurrum lækjarfarvegi eða lág sem liggur þvert í gegnum allt heimatúnið. Hlutverk hennar er óþekkt en miðað við staðsetningu er líklegt að hún tengist vatnsnýtingu á einhvern hátt.


Farvegurinn er þurr. Umhverfis er stórpýft tún, nánast á flatlendi. Brún farvegarins er 0,4 m há og aflíðandi norðan við þústina

Þústin er grasivaxin og sker sig frá nánasta umhverfi sökum mikillar grænku. Hún er 0,3 m á hæð, 3 m í þvermál og brúnir hennar eru brattar. Sé tekið mið af lögun gæti þetta verið brunnur en ekki er hægt að staðfesta það án frekari rannsókna.

Hættumat: engin hætta

SP-040:022_1 tóft heystæði

541665 626361



Kort sem sýnir tóftir heystæða 022.



Heystæði 022_1, horft til norðurs.

Þrjár tóftir eru vestarlega á Kaðalstaðamýrum innan áveitu 020 og 250 m norðvestan við bæ 001. Þær eru þétt saman á svæði sem er 28x12 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Út frá gerð þeirra og staðsetningu má ætla að þær hafi allar verið notaðar sem heystæði.

Kaðalstaðamýrar eru flatar, deiglendar og grösugar.

Lýsingin hefst á tóft 022_1 sem er suðaustast á svæðinu. Tóftin er einföld, 3x2m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Hólf hennar er 1x1m að innanmáli og er op á því til norðvesturs. Upphleðsla veggja er um 60cm. Tóftin er öll á kafi í grasi, hlaupin í þúfur og sjást engar grjóthleðslur í henni. Framan við op tóftarinnar er þúst eða ójafna sem er 2x1m að stærð og snýr eins og tóftin.

Hættumat: engin hætta

SP-040:022_2 tóft heystæði

541649 626374



Heystæði 022_2, horft til vesturs.

Tóft 022_2 er í norðvesturenda svæðisins. Hún er 7x6m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Tóftin er einföld og er op á henni til norðausturs. Hún er öll mjög þýfð en vegghleðslur hennar eru 1-1,5m á breidd og 30-60cm á hæð. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Tóftin er á mjög þýfðum rústahól sem er 10x10m að stærð og er upphleðsla hans 50-100cm.

Hættumat: engin hætta

SP-040:022_3 tóft heystæði

541663 626369



Heystæði 022_3 er lengst til hægri á myndinni en í forgrunni er heystæði 022_1, horft til vesturs.

Tóft 022_3 er á miðju svæðinu. Hún er 12x6m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hún myndar hálfhring og ekki er að sjá veggjahleðslu á suðvesturhlíð. Ekkert grjót sést í þessari tóft. Breidd vegghleðslu er mjög ójöfn eða frá 30cm og upp í 2m og hæð 20-40cm. Tóftin er á kafi í grasi og þýfð.

Hættumat: engin hætta


SP-040:023 tóft fjárhús

541914 626411

Tvískipt tóft er fast austan og ofan við vegarslóða út austanverðan Hvalvatnsfjörð, í aflíðandi gróinni brekku suðvestan undir Söðli í Bjarnarfjalli. Tóft 019 er neðan vegar, um 20 m vestar en óvíst er að þessar tóftir tengist nokkuð. Frá tóftinni eru 130 m að Arnórsstöðum til suðurs og 260 m að bæ 001 til sömu áttar. Ólíklegt er að tóftin sé í tengslum við búsetu á Arnórsstöðum en til þess er hún of langt frá bæjarstæðinu og auk þess nokkuð unglegrí að sjá. Hlutverk tóftarinnar er óljóst en líklega er hér um einhvers konar skepnuhús að ræða og koma fjárhús helst til greina.

Tóftin er norðan við gildrag þar sem dýjalækir renna niður á engjar ofar úr hlíðinni. Nokkuð bratt en ekki hátt barð er framan við tóft niður að vegarslóðanum og stutt niður á Kaðalstaðaengjar.

Tóftin er 10x4,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er tvískipt og grasi gróin, lítillaga tekin að ganga í þúfur. Í norðvesturenda er op inn í hólf sem er í aflíðandi halla til norðvesturs og er 5x2 m



Fjárhústóft 023, horft til norðvesturs á ljósmynd.

að innanmáli, snýr eins og tóft. Op er úr því inn í minna hólfi í suðausturenda sem er á jafnsléttu. Það er 2,5x1,5 m að innanmáli og snýr einnig eins og tóft. Mesta hæð veggja er 0,4 m utanmáls og eru þeir allt að 1 m á breidd. Mögulega er grjót í veggjum sem virðast að mestu torfhláðir en hvergi sést í það.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

SP-040:024 náma mógrafir

541935 624546



*Mógrefasvæði 024 við Kúsveinsstaði 040b/
Kaðalstaðasel 009. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*


Mógrefir 024, horft til norðurs.

Mógrefir eru rúnum 1,6 km sunnan við bæ 001 og 80 m norðan við rétt 012, fast norðan við tún Kúsveinsstaða SP-040b. Mógrefirnar eru í deiglendum hvammi/dalverpi og lækur rennur úr þeim til vesturs, í Fjarðará. Mógrefirnar eru ekki skráðar með Kúsveinsstöðum enda líklega yngri en minjar sem tilheyra býlinu.

Svæðið er mýrlent, nánast hringlaga, og meðfram því er lyng, mosi og birkikjarr.

Mógrefasvæðið er 65x50 m stórt og snýr austur-vestur. Mógrefirnar sjálfar sjást vel og skipta tugum. Ekki er búið að fylla upp í þær né raska með neinum hætti. Mógrefirnar eru misjafnar að stærð sem og áttahorf þeirra. Stærstu mógrefirnar eru 10x5 m stórar og um 1 m djúpar. Þær minnstu eru 2x2 m og álíka djúpar. Vatn er í mógrefunum austast en það hverfur þegar vestar dregur innan svæðisins.

Hættumat: engin hætta




Stekkur 025, horft til vesturs á ljósmynd.

Tóft er tæpum 700 m sunnan við bæ 001 og 150 m suðaustan við syðsta hólfi áveitu 020. Tóftin er nánast miðja vegu milli bæjar og Kaðalstaðasels 009, uppi í brekku. Lögun hennar og staðsetning bendir til þess að um stekk sé að ræða. Þurr lækjarfarvegur er norðan við tóftina en raskar henni ekki. Kindastígur liggur fast austan við tóftina.

Tóftin er vestarlega á lágri brekkubrún. Deiglendi er til vesturs en hlíðar Hnausafjalls til austurs. Svæðið er gróið, aðallega lyng og mói.

Tóftin er 9,5x6,5 m stór, skiptist í tvö hólfi og snýr norður-suður. Veggirnir eru algrónir lyngi og mosa, eru 0,3-0,4 m á hæð og 2 m á breidd. Hrun úr tóftinni er til vesturs, niður brúnina. Stærri hólfið er í suðurhluta tóftar. Það er 3,8x2,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á miðri vesturhlíð. Hólfið er flatt og lyngivaxið að innan. Lambakróin er í norðurenda. Hún er 2x1,1 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Ekkert op sést þar inn og veggir síga niður til norðurs, að læknum.

Hættumat: engin hætta



Afstaða og stærð þústa 026 í túni Kaðalstaða.

Þúst 026_1 í túni, horft til vesturs.

Innan heimatúnsins, fast austan við malarveg sem liggur þar í gegn, eru þrjár þústir. Hlutverk þeirra er óljóst en þær gætu m.a. tengst vegagerð, tilraunum til túnasléttunar eða verið leifar af útihúsum.

Þústirnir eru á svæði sem er 34x15 m að stærð og snýr norður-suður.

Heimatúnið er grasvaxið, þýft og víða sjást tilraunir til handsléttunar.

Þúst 026_1 er syðst á svæðinu. Hún er 11x4,5 m að stærð og 0,2-0,3 m á hæð. Hún er þýfð og algróin en hvergi sér móta fyrir beinum bökkum eða hólfum. Hliðarnar eru fremur beinar.

Hættumat: engin hætta

SP-040:026_2 þúst óþekkt

541845 626099

Þúst 026_2 er 4 m norðan við þúst 026_1. Þústin er öllu óskýrari, signari og þýfðari en þúst 026_1. Ekki mótast fyrir innanmáli hólfa á yfirborði. Þústin er 12,5x5 m að stærð 0,2 m á hæð og snýr austur-vestur.

Hættumat: engin hætta



Þúst 026_2, horft til VSV.



Þúst 026_3, horft til norðurs.

SP-040:026_3 þúst óþekkt

541838 626119


Þúst 026_3 er 18 m norðan við þúst 026_2. Hún er 15x8 m að stærð, 0,3 m á hæð og algróin. Hún er eins og hinar í útliti nema grænni og sléttari.

Hættumat: engin hætta

SP-040:027 tóft útihús

541805 626111

Lítill tóft er 2 m vestan við tóft 028 og 50 m suðvestan við bæ 001, vestarlega í heimatúninu. Útihúsið



Útihús 027, horft til vesturs á ljósmynd.

og tóft 028 eru fast sunnan við deiglenda lág, á brún ofan hennar. Sé tekið mið af staðsetningu og lagi tóftarinnar er um útihús að ræða.

Lágin liggur niður allt heimatúnið, í halla til vesturs. Hún er 0,2-1 m á dýpt og nokkrir metrar á breidd. Þetta er líkast til gróinn lækjarfarvegur eða farvegur skriðu. Hliðarnar eru aflíðandi nema norðan við tóftirnar, þar eru þær brattar.


Tóftin er 6,5x5 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Op er á miðri vesturhlið. Veggir eru algrónir, þýfðir og hvergi glittir í grjóti. Þeir eru 0,2-0,3 m á hæð og eru lágstir til austurs, upp í brekkuna.

Hættumat: engin hættu

SP-040:028 tóft útihús

541814 626114

Lítill tóft er 2 m austan við útihús 027 og tæpum 50 m suðvestan við bæ 001. Tóftin er á þýfðum bakka eða brún sunnan við lækjardrag/lág. Sé tekið mið af staðsetningu og lagi tóftarinnar er um útihús að ræða.



Útihús 028, horft til VNV á ljósmynd.

Lágin liggur niður allt heimatúnið, í halla til vesturs. Hún er 0,2-1 m á dýpt og nokkrir metrar á breidd. Þetta er líkast til gróinn lækjarfarvegur eða farvegur skriðu. Hliðarnar eru aflíðandi nema norðan við tóftirnar, þar eru þær brattar.

Tóftin er 5,5x5,3 m stór og er einföld. Op er á miðri austurhlið, upp í brekkuna. Tóftin er í aflíðandi halla til vesturs og sígur örlítið niður til norðurs, í farveginn. Veggirnir eru algrónir, þýfðir og 0,2-0,3 m á hæð og 1,5 2 m á breidd.

Hættumat: engin hættu

SP-040:029 tóft kvíar


541858 626038

Ílöng kvíatóft er rétt utan og sunnan við heimatúnið. Tóftin er rúma 110 m sunnan við bæ 001 og 15 m sunnan við tóft 018_4. Kvíarnar eru vel varðveittar og leið 005_2 liggur fast vestan þeirra.

Gróið, þýft svæði. Ofar í brekkunni er lyng og mosi áberandi en minnkar eftir því sem neðar dregur. Óræktað svæði er umhverfis kvíarnar.

Tóftin er 13x4 m að stærð, snýr austur-vestur og er einföld. Tóftin er grafin inn í brekkuna til austurs og op er á miðjum vesturvegg, undan halla. Veggirnir sjást lítið að utan en eru hlaðnir úr torfi og grjóti. Það má sjá stórt hleðslugrjót í innra byrði þeirra. Þeir eru 0,1-0,2 m á hæð að utan, 0,5 m að innan og þar má sjá 3 umför af hleðslu. Mikið hrun er inni í tóftinni og hún er aflöguð í austurenda.

Hættumat: engin hættu




Kvía 029, horft til ASA á ljósmynd.

SP-040:030 tóft útihús

541890 626139

Tóft er í heimatúni um 40 m suðaustan við bæ 001 og tæpum 10 m vestan við útihús 033. Tóftin er fast norðan við lækjardrag/lág sem liggur í gegnum allt heimatúnið. Tóftin er nánast hringlaga og tilheyrir minjum af eldra búsetuskeiði í túninu.

Tóftin er á hjalla í brekku sem hallar til vesturs. Túnið er ósléttað og stórþýft. Til norðvesturs frá tóftinni er hóll, líkast útmokstur frá henni.



Tóft 030, horft til vesturs á ljósmynd.

Tóftin er um 8m í þvermál og er einföld. Að innan er hún ferhyrnd og op er í norðvesturhorni, að hinum meinta útmokstri. Veggirnir eru 2 m á breidd, 0,3-0,5 m á hæð og algrónir. Það glittir í örfáa steina til suðausturs, inni í tóftinni. Útmoksturinn er álíka stór og tóftin.


Hættumat: engin hættu

SP-040:031 hleðsla óþekkt

541909 626177

Óljós hleðsla er 5 m norðvestan við útihús 036 og 40 m ANA við bæ 001. Hleðslan er austarlega í heimatúninu á austurbrún djúps lækjargils. Ekki er ljóst hvaða mannvirki þetta var en sé tekið tillit til staðsetningar var líklega um útihús að ræða. Umfangið bendir hins vegar helst til kálgarðs og gæti hluti hans hafa hrunið niður í gilið.

Hleðslan er á svæði innan túnsins sem ekki hefur verið ræktað. Mosi er áberandi á svæðinu næst hleðslunni.



Hleðsla 031, horft til suðvesturs á ljósmynd.

Hleðslan er L-laga, 0,6 m á beidd og 0,2 m á hæð. Hún afmarkar svæði sem er 4,3x2,5 m og snýr nálega austur-vestur. Hún er mosavaxin en gras sést á stöku stað. Hún er 0,2 m á hæð og það glittir í grjót hér og þar.


Hættumat: engin hætta

SP-040:032 tóft útihús

541908 626156

Tóft af hringlaga útihúsi er tæpum 50 m austan við bæ 001 og rúmum 10 m sunnan við útihús 036. Tóftin er suðaustast á sama hrygg/tungu og útihús 002. Lækir renna í þröngum farvegum sunnan og norðan hennar og greinast skammt austan við tóftina. Tóftin er á mörkum ræktaðs túns til vesturs og lyngmóa til austurs.

Tóftin er í austurhelmingi heimatúnsins, ofarlega í brekku.



Útihústóft 032, horft til suðvesturs á ljósmynd.


Tóftin er 6x6 m að stærð og er einföld. Norðurhluti hennar hallar niður í lækjargil. Bratt er niður í gilið en það er ekki djúpt. Op er til vesturs, fram í túnið. Veggirnir eru 0,2-0,4 m á hæð, hæstir að utan. Að innan er tóftin flatlend. Hvergi glittir í grjót og veggirnir eru algrónir grasi.

Hættumat: engin hætta

SP-040:033 tóft útihús

541906 626110

Útihústóft er austarlega í heimatúninu, um 5 m austan við tóft 004 og 50 m suðaustan við bæ 001. Tóftin



Útihústóft 033, horft til vesturs á ljósmynd.

er í afliðandi brekku sem hallar til vesturs. Hún er greinilegust til austurs en verður signari eftir því sem vestar dregur. Tóftin er á hól sem að öllum líkindum eru uppsöfnuð mannvistarlög að mestu.


Heimatúnið er í halla til vesturs, er stórþýft og gróið.

Tóftin er á grónum hól sem er 23x7,5 m að stærð og 0,3 m á hæð. Suðurhliðin er bein en norður- og vesturhliðar eru óljósari vegna veggjahrens og til austurs fjarar hann út. Tóftin er nánast á öllum hólum, Austurhluti hennar er betur varðveittur og allt eins gæti verið um yngra byggingarstig að ræða. Tóftin er öll 17x9 m að stærð, snýr ASA-VNV og skiptist í þrjú hólf. Austast er hólf A sem allt eins gæti verið yngri tóft. Hólfíð er 3,2x1 m að innanmáli og snýr nálega austur-vestur. Veggirnir eru algrónir, 0,2 m á hæð og hvergi glittir í grjóti. Op er á vesturhlið, yfir í hólf B. Það hólf gæti verið gerði eða eldri tóft. Það er 5x5 m að innanmáli og op í norðvesturhorni, yfir í hólf C. Veggirnir sjást vel á suður- og norðurhliðum en óskýrir á vesturhlið. Þeir eru 0,2 m á hæð og 1,5-2 m á breidd. Hrun er til norðurs, niður hólinn. Hólf C er vestan við hólf B og er óljóst á yfirborði. Það er 4x2,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Mikið er um þúfur, beina bakka og grænku, allt gefur þetta mannvist til kynna. Það mótar fyrir veggjum á norður- og austurhliðum en vesturhliðina vantar. Mögulega var timburþil á þeirri hlið.

Hættumat: engin hætta

SB-040:034 tóft útihús

541903 626139



Útihústóft 034, horft til suðvesturs á ljósmynd.

Tvískipt útihústóft er í heimatúni um 17 m norðan við tóft 033 og um 40 m ASA við bæ 001. Tóftin er á sömu tungu og útihús 030, lækjardrag liggur niður túnið skammt norðar.

Tóftin er ofarlega í austurhluta heimatúnsins. Svæðið er gróíð og ummerki um handsléttun sjást umhverfis tóftina.

Tóftin er 9,5x5 m að stærð og snýr austur-vestur. Austurveggurinn er einna óskýrastur en annars eru veggir 0,3 m hæð að innan og 0,1-0,2 m að utan. Í vesturenda er hólf sem er 3x2,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er inn í tóftina og hólfíð í vesturenda, veggirnir eru 0,4-0,6 m á hæð og algrónir. Annað hólf er í austurenda tóftar, ofar í brekkunni. Innanmál þess er 1,5x1,5 m og ekkert op á því er greinilegt á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

SB-040:035 gata leið

541799 626065



Gata 035, horft til NNA.

Gata liggur til suðvesturs frá bæ 001, niðurheimatúnið til suðvesturs. Gatan liggur að opi á túngarði 018_1, milli tófta 018_3 og 018_6. Leiðina er hægt að rekja á stuttum kafla utan túnsins áður en hún hverfur. Til greina kemur að meint gata sé renna sem notuð var til að veita vatni af túninu en traðir 005_1 eru litlu austar.

Heimatúnið er í halla til vesturs, þýft og grösugt. Leiðin sést á 50 m löngum kafla innan heimatúnsins. Hún líkist kindagötu nema er dýpri og stefnir að fyrirnefndu opi á túngarðinum sem er um 3 m breitt. Leiðin er 0,5 m á breidd og 0,3 m á dýpt.

Hættumat: engin hætta


SB-040:036 tóft útihús

541917 626170

Tóft er tæpum 60 m austan við bæ 001 og um 5 m suðaustan við hleðslu 031. Tóftin er austarlega í heimatúninu, á mörkum lyngmóa og ræktaðs svæðis. Ætla má að tóftin hafi gegnt hlutverki útihúss.

Tóftin er innan heimatúnsins, ofarlega í brekku fast norðan við bratt lækjargil. Túnið hefur ekki verið ræktað á þessu svæði.

Tóftin er einföld, 6,2x4,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Op er inn í tóftina á miðjum norðausturvegg. Veggir eru algrónir, 0,4-0,6 m á hæð og hvergi glittir í grjóti. Suðausturhluti tóftarinnar er hærri en sá norðvestari þar virðist hafa verið stungið út úr henni og er hún 0,2 m dýpri þar að innan.



Lítill útihústóft 036, horft til norðurs á ljósmynd

Hættumat: engin hætta


SB-040:037 gerði kálgarður

541801 626168

Gerði er norðvestast í heimatúninu, vestan við veg sem liggur í gegnum það. Gerðið er 45 m vestan við bæ 001 og rúmum 30 m norðan við tóft 027. Gerðið er ekki sýnt á túnakorti frá 1918 en er að hluta innan heimatúnsins líkt og það var afmarkað þá. Líklegt er að gerðið hafi verið hlaðið eftir að túnakortið var gert. Lögun gerðisins og staðsetning bendir eindregið til þess að um kálgarð sé að ræða. Minjaskilti/vegvisir er austan við kálgarðinn.

Kálgarðurinn er á mörkum mýrlendis og túns. Lækur rennur fast norðan við hann, meðfram túnjaðrinum. Gróðurþekja innan kálgarðsins og umhverfis hann er þunn og stutt niður á mól og grjót.

Kálgarðurinn er 18,5x10,5 m að stærð og snýr norður-suður. Hann skiptist í tvö hólf og þúst er innan þess nyrðra. Veggirnir eru 0,6-1 m á breidd, 0,2 m á hæð og algrónir. Kantur afmarkar suðurhliðina en



Kálgarður 037, horft til austurs á ljósmynd.

ekki er ljóst hvað afmarkaði hann til austurs. Kálgarðurinn er í afliðandi halla til vesturs. Nyrðra hólfíð er 7,6 x 6,6 m að innanmáli og snýr norður-suður. Þústin fyllir hólfíð og er 0,2-0,4 m á hæð, slétt og ferhyrnt. Tilgangur hennar er óljós en gæti tengst þurrkun á heyi eða mó. Veggir eru hæstir til norðurs við lækinn. Syðra hólfíð er 9x5,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Op er til vesturs, við skilin á milli hólfanna. Það glittir í grjót í norðausturhorni hólfinsins.

Hættumat: engin hætta

SB-040:038 tóft heystæði


541563 626037

Tóft af heystæði er rúmlega 280m suðvestan við bæjarhól 001. Hún er innan áveitu 020 og fast norðan við einn flóðgarð 020E.

Tóftin er í mjög blautu og grösugu engi.

Tóftin er einföld, 10x10m að stærð og er op á henni til suðurs. Vegghleðslur eru 30-50cm á hæð og 60-100cm á breidd. Engar grjóthleðslur sjást í þeim. Tóftin er öll á kafi í grasi en blaut í botninn svo að ef tóftin hefur verið heystæði eins og ætla mætti út frá staðsetningu og gerð tóftar hefur staðsetningin ekki verið góð en vera má að aðstæður hafi breyst frá því að hún var í notkun. Vestan við hana er óljós 2m breiður bakki sem mögulega er manngerður.

Hættumat: engin hætta



Heystæði 038, horft til vesturs á ljósmynd.


SP-040:039 tóft heystæði

541878 626404

Ógreinileg tóft, líklega af heystæði, er fast neðan vegarslóða út austanverðan fjörðinn, litlu suðvestan við tóft 019 og 250 m norðan við bæ 001. Er tóftin niður við engjar, neðst í mýrlendu gildragi. Lækir renna niður gilið og sameinast í einn læk sem rennur litlu sunnan við tóftina.

Tóftin er á svæði sem er grasgefið og smápýft og á því vex votlendisgróður í bland við gras.

Tóftin er 4x3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er fremur flöt að ofan og henni hefur verið



Heystæði 039, horft til suðausturs á ljósmynd.

raskað lítillega af vegagerð. Innan tóftarinnar má óljóst sjást móta fyrir innanmáli eins hólfs. Veggir virðast torfhlaðnir og eru 0,1-0,2 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar


SP-040:040 sáðslétta tún

541801 626134

Heimatúnið á Kaðalstöðum er í grónum hvammi sunnan við Kaðalá eða Köðlu. Það er afmarkað af túngarði 018_1 að sunnan- og suðaustanverðu. Til er kort af túninu frá 1918.

Túnið er í halla til vesturs og er það mjög grösugt. Vegslóði liggur í gegnum mitt heimatúnið og þetta er eina túnið sem var raskað á 20. öld, eftir að byggð leggst af í Fjörðum. Í túninu er leyfilegt að tjalda og er kamar í norðurjaðri þess.

Túnið á Kaðalstöðum er rúmir 1,4 ha að stærð en á túnakorti er það 1,3 ha. Innan túnsins sjást ummerki um handsléttun vestan og sunnan við bæinn, annars staðar er það stórbýft. Í fasteignamati frá 1916-1918



Kort sem sýnir umfang túnsins á Kaðalstöðum og helstu minjar innan þess. Loftmynd: Lofmyndir ehf. Túnakort frá 1918 er á innfeldri mynd.

er túnið á Kaðalstöðum sagt 6,1 ha og hljóta þá að vera talin með tún utan heimatúnsins.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1918; Fasteignamat Suður-Þingeyjarsýslu 1916-1918 - undirmat I, 70




Loftljósmynd af túninu á Kaðalstöðum, tekin til austurs.

SP-040b Kúsveinsstaðir

Líklega er átt við Kússungsstaði SP-038 frekar en Kúsveinsstaði þar sem Kúsveinsstaðir eru nefndir í máldaga Laufáskirkju frá 1318. Þar er jörðin sögð eign kirkjunnar. DI II, 447. Kússungsstaðir voru áfram í eigu Laufáskirkju en Kúsveinsstaðir í eigu Grýtubakkakirkju.

1533: „[...] kirkian æ grytubacka æ [...] ij eydikot j eystrum fiordum er heita Jorunnarstader og kususveinsstadir [...]” : DI IX, 652. 1569: “Grytubacka kirkia hun A [...] tuo eydikot er heita Iorunna[r]stader og Kusueinstader j eystrum Fiordum. eingin hus A. og eigi bygdar j næstu hundrad ár.” DI XV, 343.

“Kusveinstader, í eyði undir 20 ár, en þar fyrir bygt eitt ár eður tvö, og þar fyrir bjuggu hjer tveir menn um fáein ár hvor, en oftast hefur þetta kot í eyði legið í manna minni. Dýrleikinn óviss, því þetta kot hefur ei tíundast so menn viti. Eigandinn Grýtubakka kirkja eður sjálfur staðurinn Grýtubakki. Byggíngarkosti veit enginn nálægur að undirrjetta, en meinast af þeim alllitlir, þá bygt hefur verið [...]. Ekki má hjer aftur byggja fyrir heyskaparleysi. Enginn brúkar nú þetta eyðikot.” JÁM 1712 XI, 58.



Minjar í túni Kúsveinsstaða og nágrenni. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

SP-040b:001_1 Kúsveinsstaðir bæjarhóll bústaður 541888 624445

“Sagan segir að Kúsveinsstaðir hafi staðið litlu norðar en Jorunnarstaðir. Bent hefur verið á að þeir hafi staðið þar sem kallað hefur verið Kaðalstaðasel [SP-040:009] skammt norðan við Stekkjarnes [SP-038:006]. Þar eru grónar tættur við rétt [SP-040:012] sem notuð var til rúnings og hafa kunnigir talið tættur tilheyrja Kúsveinsstöðum. Tættur gætu þó hafa skemmst á síðustu árum þar sem áin er farin að þrengja að þeim. Árið 1525 töldust Kúsveinsstaðir gamalt eyðiból. Þar var þó búið öðru hvoru á 17. öld en jörðin fór endanlega í eyði 1690,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1992. Í Árbók Ferðafélagsins frá 2000 segir: “Kúsveinsstaðir heita fornar rústir 3 km sunnan við Kaðalstaði [SP-040], fara í eyði á 17. öld.” “Sagnir eru um að þetta býli [Kúsveinsstaðir] hafi í upphafi verið sel og heitið Kaðalstaðasel,” segir í Árbók Þingeyinga 2012. Bæjarhóll Kúsveinsstaða og tóftir á honum sjást enn. Ekki er unnt að aðskilja tóftir tengdar Kaðalstaðaseli SP-040:009 frá Kúsveinsstöðum án frekari rannsókna en selið var án efa á þessu svæði, að öllum líkindum á sama stað og bærinn. Minjarnar eru í fornu túni ásamt fjölda tófta en Fjarðará rennur vestan við það. Brekkur neðst í Hnausafjalli eru upp af túninu til austurs. Rétt SP-040:012 er innan túnsins er ekki skráð með minjum sem taldar eru geta tilheyrt Kúsveinsstöðum því



Lofljósmynd af túni Kúsveinsstaða og næsta nágrenni, horft til norðausturs.

hún er rúningsrétt frá því eftir að byggðin í Fjörðum lagðist af.

Óljóst mótar fyrir túni umhverfis minjarnar sé horft til gróðurfars. Það er flatt og gróðurþekja er þunn. Stutt er í ármel undir sverði í heimatúni til austurs.

Bæjarhóll Kúsveinsstaða 001_1 er 26,5x21 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er 0,5-1,5 m á hæð, gróinn og smápýfður. Mannvistarlög eru greinilega hér undir sverði og túnstæðið ágætt. Sunnarlega í bæjarhólnum sjást óljósir bakkar sem bendir til byggingaleifa. Ekki er vitað hvort að selstaða var á þessum stað áður en býlið byggðist eða hvort að sel var byggt á býlisrústum eftir að það fór endanlega í eyði. Eins getur verið að á þessum stað hafi ýmist verið selstaða eða heilsársbúseta í gegnum tíðina.



Minjar á bæjarstæði Kúsveinsstaða 001. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: ÁFÍ 1992, 116; ÁFÍ 2000, 164; Árbók Þingeyinga 2012, 76

SP-040b:001_2 tóft bústaður

541881 624449

Bæjartóft 001_2 er á miðjum bæjarhól 001_1. Hún er 20x11 m að stærð og snýr norður-suður. Bærinn snéri líklega stöfnum til vesturs en Kaðalstaðasel var að öllum líkindum á sama stað. Tóftin er umfangsmikil og má sjá fleiri en eitt byggingarstig í henni sem er þó ekki gott að greina á milli. Veggirnir eru stórþýfðir, grasivaxnir og mikið veggjahrun er inni í tóftinni. Engu að síður má greina 12 hólfa á yfirborði sem öll

eru fremur óskýr. Allir veggir eru algrónir, þýfðir og hvergi glittir í grjót. Í tóftinni eru þrjár raðir hólfa sem hvert fær bókstaf til aðgreiningar í lýsingu. Fremst og vestast eru fjögur hólfa, í miðri tóft eru þrjú hólfa og aftast og austast eru þrjú hólfa. Tvö laustengd hólfa eru syðst í tóftinni. Hólf A syðst í vestasta hluta tóftarinnar. Innanmálið er 1,7x0,5 m og það snýr norður-suður. Op er á miðri vesturhlið, líklega hluti



Bæjartóft 001_2 Kúsveinsstaða. Mynd tekin til norðausturs, beint ofan á minjarnar.

af framhliðinni. Hrun er í opinu og veggirnir eru 0,2-0,4 m á hæð. Hólf B er norðan við hólf A. Það er 3x0,8 m að stærð og snýr austur-vestur. Það er opið til vesturs og veggirnir eru 0,3 m á hæð. Hólf C er norðan við hólf B. Það er 1,8x0,5 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Ekkert op sést þar inn en veggir eru 0,2 m á hæð. Hólf D er norðan við hólf C. Innanmálið er 2x0,5 m og það snýr austur-vestur. Op er til vesturs og veggir eru 0,2 m á hæð. Hrun er til austurs, yfir hólfina. Hólf E er austan við hólf A, í sunnarlega í miðri tóftinni.

Það er 2x1 m stórt og veggirnir eru 0,5 m á hæð. Ekkert op sést þar inn en lág er í norðvesturhorni sem bendir til staðsetningu þess. Veggir eru 0,3 m á hæð til vesturs. Hólf F er norðan við hólf E. Það er 2,5x1,3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Líkt og í hólf E eru veggirnir 0,3-0,5 m á hæð. Hólf G er norðan við hólf F og er L-laga. Veggirnir eru innri brún veggja er illgreinanleg vegna hruns en áætluð stærð þess er 2x1,3 m. Hólfid sveigir til ANA í norðurenda. Veggirnir eru 0,4 m á hæð. Hólf H er ANA við hólf G, nyrst í tóftinni. Það er 1,7x1 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Ekkert op sést þar inn. Veggirnir eru 0,3 m á hæð. Hólfid er lægra niðri en restin af tóftinni og gæti verið eldra. Hólf I er sunnan við hólf H. Það er 2x1,5 m að stærð og snýr norður-suður. Það er 0,5 m djúpt og mikið veggjahrun er þar inni. Ekkert op sést á yfirborði. Hólf J er sunnar. Innanmál þess er 3,7x2,1 m og er þetta stærsta hólfid í tóftinni. Op er norðarlega á austurhlið þess. Veggirnir eru 0,5 m á hæð. Hólf K og L eru sunnan við bæjartóftina og eru óljós. Það mótar fyrir suðurveggjum beggja hólfa sem grónum bakka og stærð þeirra er álíka. Veggirnir eru nánast útflattir, 0,2 m á hæð og grasivaxnir. Bæði hólfín opnast til norðurs og innanmálið er 2x1,4 m. Líklegt er að þau séu hluti af eldri tóft eða hafi verið heystæði með óverulega vegg.

Hættumat: engin hættu


SP-040b:002 tóft útihús

541853 624439

Niðurgrafin tóft er 20 m VSV við bæ 001 og 25 m sunnan við tóft 008. Tóftin er grafin inn í brekku til austurs. Sé tekið mið af staðsetningu tóftarinnar er um útihús að ræða. Vegslóði eru fast vestan við tóftina en raskar henni ekki.

Flatt, gróið svæði sem líklega var hluti heimatúnsins.

Tóftin er 6,5x5,5 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Innanmálið er nánast hringlaga og op er í suðvesturhorni. Tóftin er niðurgrafin um 0,2 m, flöt í botninn og öll grasivaxin. Veggirnir eru 0,3-0,5 m á hæð og ekkert grjót sést í þeim.



Tóft 002, horft til NNA á ljósmynd.


Hættumat: engin hætta

SP-040b:003 tóft útihús

541888 624401

Um 30 m sunnan við bæ 001 og 16 m norðvestan við rétt 004 er tóft af útihúsi. Hún er suðvestarlega, innan meints heimatúns.

Tóftin er framarlega á brekkubún, skammt frá árbakkanum. Áin liggur í bug og sveigir til NNV skammt sunnar.



Útihústóft 003.

Mynd tekin úr vestri beint ofan á tóftina.

Tóftin er 10,5x9 m að stærð, snýr norður-suður og skiptist í fjögur hólf. Hvergi glittir í grjóti í veggjum sem eru algrónir. Hólf A er syðst í tóftinni og sést einna best. Eins gæti verið um yngra byggingarstig sé að ræða. Hólf B er 1,7x1,7 m stórt og ekkert op sést þar inn á yfirborði. Hólf C er 0,2 m hærra en aðrir hlutar tóftarinnar og veggirnir eru 0,3-0,5 m á hæð, signir og algrónir. Hólf D er austan við hólf A. Það er 4,6x1,1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hólf E liggur eftir allri austurhlíð tóftarinnar. Í miðju þess er óljós bakki. Veggirnir eru mosavaxnir og 0,3 m á hæð. Op er á miðjum norðurvegg. Hólf F er norðan við hólf A. Það er 2,5x1,9 m stórt og snýr ANA-VSV. Op er á hólfinu til vesturs. veggirnir eru lægri en í hinum hólfunum og meiri grasgróður á þeim. Þeir eru 0,2-0,3 m á hæð. Úr hólfi C er einnig op til norðurs, inn í hólf D. Innanmál þess er 1,6x0,7 m, veggjahæð 0,4 m og það snýr austur-vestur.


Hættumat: engin hætta

SB-040b:004 tóft útihús

541909 624381

Útihústóft er 18 m suðaustan við tóft 003 og 65 m sunnan við bæ 001. Hún er syðst í túninu og suðvesturhlutinn er fallinn ofan í lækjarfarveg. Tóftin er útfloft, sigin og virðist á meðal elstu minja á svæðinu.

Lækur rennur sunnan og vestan við meint heimatún. Um 2 m eru niður frá túninu í lækinn og brúnin er brött. Tóftin er á brúninni og hlutar hennar þegar fallnir niður.



Útihústóft 004, horft til austurs á ljósmynd.

Tóftin er 11x3 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún virðist vera tvískipt. Í austurhluta hennar eru veggirnir signir, þýfðir og lyngivaxnir. Þeir eru 0,2 m á hæð og 1 m á breidd. Eystra hólflið er 6x4,5 m að stærð og snýr eins og tóftin. Ekki er hlaðinn veggur á vesturhlið hólfins. Flatlent er inni í þessum hluta tóftarinnar en sama gróðurfar og í veggjum. Þeir sjást einna best að utanverðu, einkum norðurveggur. Vestara hólflið er 3x2 m að innanmáli og snýr einnig eins og tóftin. Suðurhluti þess er fallinn niður í lækinn.


Hættumat: hætta, vegna landbrots

SB-040b:005 tóft útihús

541908 624402

Útfloft tóft er 10 m austan við tóft 003 og um 50 m SSA við bæ 001. Tóftin er að öllum líkindum ein af elstu minjum á svæðinu, gróðurfarið gefur það til kynna.

Tóftin er á grónu, flötu svæði sem líklega var hluti heimatúnsins.



Tóft 005, horft til austurs á ljósmynd.

Tóftin er 5,6x4 m að stærð, 0,3 m á hæð og snýr austur-vestur. Hún er grasi- og lyngivaxin og einna greinilegust að norðan- og austanverðu. Það mótast óljóst fyrir litlu veggjarbroti á norðurhlið en annars sjást mörk veggja ekki. Ætla má að um leifar af útihúsi sé að ræða.


Hættumat: engin hætta

SP-040b:006 tóft útihús

541955 624424

Tvískipt tóft er um 90 m suðaustan við bæ 001 og 40 m austan við rétt SP-040:012. Hún er í brekkurótum Hnausafjalls og land hækkar snögglega til austurs frá henni. Öll tóftin er sigin, óljós og líkast forn.

Jarðvegur sígur niður fjallið og tóftin er aflöguð af þeim sökum að hluta. Ekki er ljóst hvort að hún var




Útihústóft 006, horft til ASA á ljósmynd.

innan túns eða utan. Tóftin er á lágru brún og deiglendi er til vesturs.

Tóftin er um 7x7 m að stærð og er op á vesturhlið hennar í átt að heimatúninu. Veggirnir eru algrónir lyngi og mosa og eru útflattir. Þeir eru 0,2-0,3 m á hæð. Nyrðra hólflið er 2x1,5 m að innanmáli, op er á miðri vesturhlið. Gras er inni í hólfinu. Syðra hólflið er óskýrara. Það er 2x1 m að stærð og snýr austur-vestur. Vesturhliðin er röskuð en líklega var op þar til vesturs fremur en öll hliðin hafi ekki verið til staðar.

Hættumat: engin hætta



Heystæði 007, horft til norðurs á ljósmynd.

SP-040b:007 tóft heystæði

541872 624467

Heystæði er um 10 m norðan við bæ 001 og 15 m austan við tóft 008. Tóftin virðist tilheyra yngri minjum á svæðinu og óvíst að hún tengist beint búsetu á Kúsveinsstöðum.

Tóftin er á flatlendu svæði sem virðist hafa verið heimatún Kúsveinsstaða.


Tóftin er einföld, 6,5x4,5 m að stærð og snýr NNV-SSA. Veggirnir eru 0,2 m á hæð og grasivaxnir. Fyrir sunnan tóftina sést hvar efni var tekið við gerð hennar. Ristan er um 1 m breið og 0,1 m á dýpt. Ekkert op sést inn í tóftina.

Hættumat: engin hætta

SP-040b:008 tóft útihús

541851 624467

Skeifulaga tóft er norðvestast í heimatúni Kúsveinsstaða, 25 m norðvestan við bæ 001 og 15 m vestan við tóft 007. Tóftin er sigin og nokkuð óljós en líklegt er að hún hafi gengt hlutverki útihúss.




Tóft 008, horft til norðvesturs á ljósmynd.

Túnið er flatt og gróið en öll rækt farin úr því fyrir löngu. Lækur sem rennur úr mógrofum SP-040:024 er litlu norðan við tóftina, við túnmörk.

Tóftin er 5,2x5,2 m að stærð, einföld og myndar skeifu sem er opin til austurs. Veggirnir eru grónir 0,1-0,2 m á hæð og 1 m á breidd. Tóftin er mjög þýfð og því ógreinileg af þeim sökum.

Hættumat: engin hætta



Heystæði 009, horft til vesturs á ljósmynd.

SP-040b:009 tóft heystæði

541870 624590

Fornlegt heystæði er 130 m norðan við bæ 001 og um 35 m norðaustan við tóft 010. Tóftin er á grónu svæði, norðan við mógrafir SP-040:024, utan meints heimatúns Kúsveinsstaða. Tóftin tilheyrir minjum frá elsta skeiði á svæðinu sé horft til gróðurfars.

Tóftin er í brekkurótum. Allt umhverfis vex mosi og lyng.


Tóftin er 3,2x3,2 m að stærð, einföld og nálega ferhyrnd. Veggirnir eru lyngi- og mosavaxnir og engin grænka sjáanleg í þeim. Þeir eru 0,2-0,3 m á hæð og 1 m á breidd, hærri að utan en innan. Ekkert op sést á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

SP-040b:010 tóft stekkur

541835 624558

Tóft er tæpum 110 m NNV við bæ 001 og 35 m suðvestan við heystæði 009. Tóftin er á tungu sem skagar til vesturs að grýttum farvegi Fjarðarár, utan heimatúnsins. Lækur sem rennur úr mógröfum SP-040:024 er nokkuð sunnar. Sé tekið mið af lagi tóftarinnar er um stekk eða fjárhús að ræða sem tilheyrir minjum af yngsta skeiði á svæðinu. Tóftin er mögulega tengd búskap á Kaðalstöðum, mögulega hluti af



Meint stekkjartóft 010, horft til austurs á ljósmynd.

minjum um Kaðalstaðasel SP-040:009 en ekki er hægt að skera úr um það án frekari rannsókna.

Svæðið við tóftina er flatlent og gróið. Skammt vestar er brött brún niður í grýttan farveg árinna.

Tóftin er 10x8 m að stærð og snýr norður-suður. Veggir eru 0,3-0,8 m á hæð, grasivaxnir og þýfðir. Rof er í vesturvegg að utanverðu. Syðra hólfið er 2,7x3,8 m að innanmáli og það snýr austur-vestur. Op inn í hólfið og tóftina er í norðvesturhorni hólsins. Op er einnig úr syðra hólfinu til norðurs inn í minna hólfið, mögulega lambakró í stekk. Nokkuð veggjahrun er inni í hólfinu og rof í veggjum. Innanmál hennar er 3x1,1 m og hún snýr austur-vetur. Veggir eru hástir að utan á vesturhlíð.

Hættumat: engin hætta


SP-040b:011 tóft stekkur

541830 624567

Lítill tvískipt tóft er 2 m norðvestan við stekk 010 og tæpum 120 m norðan við bæ 001. Tóftin er mun fornlegri en stekkur 010 en kann að hafa haft sama hlutverk.

Tóftin er uppi á gróinni brún, fast austan við grýttan farveg Fjarðarár.

Tóftin er 6,6 x 4,4 m að stærð og snýr norður-suður. Veggirnir eru algrónir, 0,2-0,3 m á hæð og signir. Tóftin er aflöguð og mun síga til norðurs, niður brúnina, að endingu. Syðra hólfið er 2x1 m að innanmáli




Meint stekkjartóft 011, horft til norðvesturs á ljósmynd.

og snýr norðvestur-suðaustur. Op er til vesturs í átt að brúninni. Nyrðra hólfið er 2 x 0,6 m að innanmáli. Hólfið snýr norður-suður og er op á því til norðurs.

Hættumat: engin hætta

SP-040b:012 sáðslétta tún

541938 624407



*Kort sem sýnir umfang túnsins á Kúsveinsstöðum og helstu minjar innan þess.
Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

Skámynd tekin til suðurs sem sýnir túnið 012 en í forgrunni eru tóftir 010-011 sem eru utan túns.

Túnið á Kúsveinsstöðum er á flatlendi vestan undir Selfjalli en lítið undirlendi er þar. Vestan við túnið eru gamlir farvegir Hvalvatnsfjarðarar sem hefur að líkindum brotið talsvert af landinu í austanverðum firðinum, þar með talið túninu á Kúsveinsstöðum. Ekki er til kort af túninu frá upphafi 20. aldar.

Túninu hallar lítillega til vesturs. Það er grasi gróið en austast í því, næst fjallinu, er lynggróður.

Túnið á Kúsveinsstöðum virðist hafa verið um 1,3 ha. Það er 165x110 m stórt og snýr NNV-SSA. Lítið er um þýfi í túninu en ekki sjást skýr ummerki um túnasléttun.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

SP-041 Tindriðarstaðir



Minjar í túni Tindriðastaða og nágrenni. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

1686: 10 hdr., Höfðakirkjueign. BL, 290.

1696: Jarðardýrleiki óviss, Höfðakirkjueign. BL, 290.

1712: “Jarðardýrleiki óviss, því þetta er og kallað heimaland Höfðastaðar, sem áður segir um Brekku. [...] í eyði næstu 3 ár [...] Enginn brúkar þetta kot, síðan það lagðist í eyði.” JÁM XI, 56.

1847: 10 hdr., Höfðakirkjueign. JJ, 316.

“Tindriðastaðir. Fornt mat 10 h. (svo í jarðab. 1760), nýtt 10,8 h. Í byggð 1703, en í eyði frá 1709 um skeið, á ný í byggð a.m.k. frá 1735. Eign lénskirkjunnar í Höfða og síðan kirkjujörð,”BT, 38.

Jörðin er einnig nefnd Tundrastaðir, e.g. DI II, 446.



Farið yfir Fjarðará á Tindavaði 004 neðan við Tindriðastaði. Á myndinni sem líklega er tekin um 1940 má sjá gamla bæinn og fjárhús 031 og 015 (fjár bæ). Myndin birtist í bókinni Hvað segja bændur nú?

Jarðarinnar er fyrst getið í máldaga Höfðakirkju 1318, og er þá sögð eign kirkjunnar á Höfða (DI II, 446); sbr. einnig máldagi Höfðakirkju 1394 (DI III, 568-569).

Jörðin fór í eyði 1944. Ö-Tindriðarstaðir, 1.

1918: Túnstærð 1,3 ha, þar af 1/7 slétt.

1712: “Engið er mest alt á mýrar ennum og sprettur sémilega. Úthagarnir góðir og miklir.” JÁM XI, 56.

1839: “Jörð þessari tilheyrir mikið en graslítið beutiland upp í Lútfjallinu [fjallið fyrir ofan Tindriðastaði heitir Bollafjall] að austanverðu, en mikið og fagurt slægjuland á Austurfjarðarár hólum og bökkum suður og út frá bænum. Önnur hlunnindi veit eg ekki fylgja koti þessu.” SSB, 68.

1916-1918: “Lýsing jarðarinnar: Túnið þýft og rækt lakleg. Stærð um 2.23 ha. Töðufall 30 hestar. Engjar sémilega grasgefnar og sléttar, en votlendar, samfeldar að nokkru; nærtækar en engjavegur ógreiðfær og yfir á að sækja. Heyfengur 120 hestar af góðu heyi. Búfjárhagar all víðlendir. Sumarheit ágæt fyrir allar skepnur og nærtæk. Vetrarheit lítil sökum snjóþyngsla. Fjárgeymsla í meðallagi. Mótak allgott. Torfrista góð og byggingarefni nærtækt. Vegleysa að bænum og samgöngur afar erfiðar. Engjabætur líklegar. Ágangur af afréttarfé, og nokkuð hættusamt fyrir skepnur. Jörðin framfleytir: 1 kú, 1 hrossi og 45 kindum. Hús: Baðstofa, búr eldhús, eldviðarkofi, 2 skemmur og bæjardyr. Fjós undir baðstofu. Hesthús fyrir 2 hross. Fjárhús yfir 70 fjár. Mat jarðarinnar: Jörðin sjálf Kr. 600. Hús Kr. 700.” Fasteignamat Suður-Þingeyjarsýslu 1916-1918 - undirmat I, 68.


SB-041:001_1 Tindriðastaðir bæjarhóll bústaður

540920 626058

Á túnakorti frá 1918 er bærinn merktur sunnanlega í túninu, fyrir miðju. “Tveir örlitlir gluggar voru á austurhlíðinni, og sá þar austur yfir bakkana og engjarnar. Fjós var undir palli og loftið í baðstofunni því nær óþolandi, þegar allir voru settir inn á kvöldin,” segir í bókinni Í verum eftir Theódór Friðriksson. Tindriðastaðir eru norðaustan undir Bollafjalli en fast vestan Fjarðarár og er bæjarhóllinn einungis um 30m vestan við árbakkann.

Bæjarhóllinn og leifar af síðustu bæjarhúsunum eru í túni sem hallar til austurs að Fjarðará. Landið rís ört til vesturs og ofan við túnið taka við gróðurvana klapparhólar og grónar lægðir á milli þeirra.

Bæjarhóllinn er 70x57m að stærð og snýr norður suður. Upphleðsla er 4-5m og er hún greinilegust



*Kort sem sýnir minjar á bæjarstæði Tindriðastaða.
Loftmynd: Loftmyndir ehf.*



Bæjarhóll 001_1, horft til vesturs.

austan megin við hólinn. Á bæjarhólnum er bæjartóftin 001_2 og meintur öskuhaugur 001_3.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1918; Theódór Friðriksson, 159


SP-041:001_2 tóft bústaður

540916 626061

Í fasteignamati frá 1916-1918 eru talin upp eftirfarandi hús sem ætla má að tilheyrt hafi yngsta torfbænum: “Baðstofa, búr eldhús, eldviðarkofi, 2 skemmur og bæjardyr. Fjós undir baðstofu.” Bæjartóftin er 26x16m að stærð og snýr NNA og SSV. Framhlið bæjarins hefur snúið nálega til austurs. Sjö hólfr eru í tóftinni sem hér verða aðgreind með bókstöfum frá A-G til að auðvelda umfjöllun. Við lýsingu



Gamli bærinn á Tindriðastöðum og útihús í túni að hrúni komin. Ljósmynd sem var í eigu Björgvins Sigmundssonar. Ljósmyndari og ártal ekki þekkt en myndin virðist tekin nokkrum árum eftir að jörðin fer í eyði árið 1944.



Bæjartóft Tindriðastaða 001_2, horft til vesturs á ljósmynd.

á hólfunum verður einnig stuðst við gamlar ljósmyndir sem til eru af bænum til frekari skýringa. Sú eldri þeirra er tekin um 1940, þegar enn var búið í bænum, og sú yngri er tekin nokkru eftir að bærinn er farinn í eyði, mögulega á 6. áratug síðustu aldar. Fremstu húsin eða þau sem eru austast í tóftinni eru fimm talsins. Syðst þeirra er hólf A og er það 4,5x2,5 að innanmáli og snýr norðvestur og suðaustur. Á gömlu ljósmyndunum er ekki augljóst að þak hafi verið á þessu húsi á þeim tíma sem þær eru teknar. Ekki virðist hafa verið hlaðinn veggur á suðaustur-gafla þess. Næsta hólf til NNA er hólf B og er það 6x4m að innanmáli, snýr það suðvestur-norðaustur. Á áðurnefndum ljósmyndum sést að þarna var hús úr timbri með skúrþak undir lok búsetu á bænum. Hólf C er næst NNA við hólf B, er það 3x2,5m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Ummerki eftir bruna sáust í þessu hólfi sem gæti bent til þess að þar hafi eldhúsið hugsanlega verið. NNA við hólf C er svo hólf D sem er 4x1,5m að innanmáli og snýr austur-vestur. Síðasta hólfið í þessari röð er svo hólf E sem er NNA við hólf D. Það er 4x2m að innanmáli og snýr einnig austur-vestur. Á eldri ljósmyndinni sjást timburþil á ASA-göflum þessara síðasttöldu hólfa og er líklegt að í þeim hafi verið skemmur. Bæjardyrnar hafa verið á milli hólfa B og C og liggja göng frá þeim til VNV. Op er úr þeim til NNA í miðri tóftinni inn í hólf F. Ekki er hlaðinn veggur á þeirri hlið sem vísar inn í göngin. Hólf F er 5x2 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Mögulega var þar búið. Við VNV-enda ganganna er svo stórt hólf G sem er 5x3m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Á gömlu ljósmyndunum sést glitta í timburþil með glugga í efsta hluta SSA-gafls og rís þessi hluti tóftarinnar hæst. Fjósbaðstofa var á Tindriðastöðum og eru allar líkur á því að hún hafi verið innst í bænum, í hólfi G. Tóftin er torf- og grjóthlaðin og er ytra byrði um 2m á hæð en innrabyrði 90-200cm á hæð. Víða má sjá leifar timburgrindar og grjóthlaðið innrabyrði og þá eru leifar af bárujárni hér og þar í tóftinni.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Fasteignamat Suður-Þingeyjarsýslu 1916-1918 - undirmat I, 68

SB-041:001_3 öskuhaugur

540931 626057

Fast austan við bæjartóft 001_2 er stór hólmyndun með tveimur kollum og mun þar vera öskuhaugur. Hólarnir liggja saman og mynda eitt svæði sem er um 30x18m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Upphleðsla þeirra er frá 50-200cm og er syðri hólbungan hærri. Skilti er á syðri hólbungunni þar sem fram kemur bæjarheitið og hvenær bærinn fór í eyði.


Hættumat: engin hættu

SB-041:002 tóft útihús

540890 626094

Tóft af útihúsi er um 30m norðvestan við bæ 001 og er hún merkt inná túnakort frá 1918. Hún er tæpa 15m austan við tóft 003 og um 30m norðan við tóft 030.

Tóftin er í þýfðu og grösugu túni sem hallar til austurs niður að Fjarðará.



Útihústóft 002, horft til austurs á ljósmynd.

Tóftin er á upphlöðnum hól sem er rúmir 2m á hæð. Tóftin er tvískipt, 13x10m að stærð og snýr norður og suður. Op er á henni til austurs og liggur það að syðra hófinu sem er 3x2m að innanmáli og snýr vestur og austur. Innrabyrði þess er um 160cm. Norðan við það er annað hól sem er 3x1m að innanmáli og snýr norður og suður. Innrabyrði þess er 30-50cm. Op er á milli hólfanna. Ytrabyrði tóftar er 160-200cm á hæð og eru veggir um 2-4m á þykkt. Engar grjóthleðslur sjást í veggheðslum en þó munu miklar líkur vera á því að tóftin sé hlaðin bæði úr torfi og grjóti en að þekjan, sem gera má ráð fyrir að hafi hrunið inn í tóftina, hylji þær. Tóftin er mjög grösug og í henni leifar timburgrindar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1918


SP-041:003 tóft útihús

540861 626094

Tóft af útihúsi er í túni rúma 35m vest-norðvestan við bæ 001, um 12 m vestan við tóft 002 og um 4m norðan við tóft 019.

Tóftin er í grösugu þýfðu túni sem hallar nokkuð til austurs niður að Fjarðará.

Tóftin er tvískipt, 22x8m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hólfin eru hvert upp af öðru. Vestara hólfið er 6x1,5 að innanmáli og snýr eins og tóftin. Innrabyrði þess er 60-80cm á hæð og er op á því til austurs að eystra hófinu sem er 3,5x3,5m að innanmáli. Innrabyrði austara hólfins er um 70cm á hæð og þá er op á því á suðausturgaffi. Tóftin er að hluta niðurgrafin og má ætla að hólfinn sem hún er grafin niður í hafi að hlaðist upp af eldri byggingaleifum. Ytri byrði tóftar er 30-60cm á hæð. Tóftin er vel gróin og grösug og er ekkert rof í henni. Það sjást engar grjóthleðslur í henni en það má þó fastlega gera ráð



Útihústóft 003, horft til vesturs á ljósmynd.

fyrir því að hún hafi verið grjót- og torfhlaðin.

Hættumat: engin hætta

SP-041:004 *Tindavað* heimild um vað

541012 626013

“Góð vöð eru á Hvalvatnsfjarðaá undan Tindriðastöðum, vanalega rétt liðlega hnédjúp,” segir í Árbók Ferðafélags 1992. Samkvæmt Haraldi Höskuldssyni, heimildamanni, var þetta vað kallað Tindavað og var það niður undan bæ 001 en það hefur breyst eftir því sem áin hefur breytt farvegi sínum í gegnum tíðina.

Flatar og sléttar engjar eru á bökkum Fjarðarar/Austurár þar sem farið var yfir hana móts við bæinn á Tindriðastöðum.

Engin ummerki sjást um umferð yfir ána austan við bæ.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: ÁFÍ 1992, 120

SP-041:005 *Torfhólar* örnefni rista

540288 626559

“Upp af Merkgigli heitir Torfhólar og Torfhólamyri,” segir í örnefnaskrá. Í örnefnaskrá Brekku er talað um Torfdal og Torfdalshóla á sama svæði (sjá SP-043:006). “Torfrista og stúnga næg,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712. Örnefnin Torfhólar og Torfhólamyri gefa til kynna að þar hafi verið torfrista en þetta svæði er 900 m norðvestan við bæ 001.

Torfhólamyri eða Torfdalur er nokkuð víðfeðmur dalur austan undir Hraunum í Lútinni. Hann er mýrlendur og grasgefinn.

Merkin milli Brekku og Tindriðastaða liggja yfir Torfhólamyri/Torfdal. Í honum er fjöldi mógrafa auk fleiri minja og í landi Brekku sjást ummerki um torfskurð, sjá SP-043:006. Sambærileg ummerki sáust ekki í landi Tindriðastaða en líklegt er að torfrista hafi líka verið í suðurhluta dalsins. Þar er en hann hins vegar er heldur þurrari en norðurhluti dalsins sem er í landi Brekku.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Tindriðastaðir, 1; Ö-Brekka, 3; JÁM XI, 56

SP-041:006_1 *Grænur* náma mógrafir

540274 626680

“Norður af bæ er hóll, sem heitir Sökkuhóll [...]. Svo eru tveir hólar, annar beint upp af heitir Sjónarhóll og annar út og upp heitir Grænuhóll; dregur hann nafn af Grænunum, sem eru fyrir ofan hann. Þar var



Kort sem sýnir minjar 006 í Grænum og aðra minjar í grennd. Loftmynd: Loftmyndir ehf.



Mógrafir 006_1, horft til suðurs.

tekinn svörður áður fyrir,” segir í örnefnaskrá. Ekki er alveg ljóst hvar Grænur voru en í örnefnaskrá Brekku segir: “Upp af Merkgili heitir Torfdalur (sjá 005 og SP-043:006) og Torfdalshólar; þar heita svo Grænur.” Lýsingin bendir helst til þess að Grænur séu í Torfdal en þar er talsvert af mógröfum (sjá einnig 025, 026_1, SP-043:032 og SP-043:031). Það mógrafasvæði sem hér er skráð er 50 m suðvestan við mógrafir SP-041:032 og 900 m norðvestan við bæ 001. Auk mógrafanna eru fjórar tóftir og ein þúst á svæði sem er 50x30 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur.

Minjarnar eru vestast í Torfdal innan um þýfða lyngmóa. Mógrafasvæðið er fremur blaut og grösug mýri. Allt í kring eru lyngi vaxnir móar en litlu austar, neðar í dalnum, er sléttlent og flatlent mýrlendi. Lækur ofan úr fjalli rennur til austurs inn á minjasvæðið og eftir suðurjaðri mógrafanna.


Lýsingin hefst á mógröfum 041_1 eru á svæði sem er 34x16 m og snýr norðvestur-suðaustur. Mógrafirnar eru grónar að miklu leyti en víða stendur enn vatn í þeim þar sem dýpstu grafirnar eru. Mógrafirnar sjást bæði samfelld svæði en líka sem dýpri grafir inn á milli, einkum í jöðrum. Mesta dýpt er 0,5 m. Grafirnar eru grynntar efst (norðvestast) en verða dýpri neðar (suðaustar). Þúst 006_6 er innan mógrafasvæðisins og kann að vera uppmokstur úr gröfunum en gæti einnig verið móstæði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Tindriðastaðir, 2; Ö-Brekka, 3

SP-041:006_2 tóft skemma

540287 626678



Móstæði 006_2, horft til SSV á ljósmynd.

Tóft 006_2 af móstæði er 5 m austan við suðausturenda mógrafa 006_1. Hún er lítil, torfhlaðin og ferköntuð. Tóftin er ílöng, 4x2,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Ekkert op er á tóftinni. Veggir hennar eru 0,3-0,5 m á hæð. Innanmál skýrt.


Hættumat: engin hætta

SP-041:006_3 tóft skemma

540267 626690

Lítill ferhyrnd og torfhlaðin tóft af móstæði er við norðausturjaðar mógrafa 006_1. Hún er 2,7x2,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir hennar eru 0,4 m á hæð. Ekki er op á tóftinni.

Hættumat: engin hætta




Móstæði 006_3, horft til SSA á ljósmynd.

SB-041:006_4 tóft skemma

540253 626708

Tóft 006_4 er 8 m norðvestan við mógrafasvæði 006_1 og sker sig nokkuð frá hinum tóftunum á svæðinu. Hún er á þurrum bakka, smápýfðum og grasivöxnum. Tóftin er 6x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Op virðist vera á henni í ANA-horni og á henni er nokkuð grænni grasgróður en



Tóft 006_4, horft til ANA á ljósmynd.

á öðrum tóftum á svæðinu. Veggir eru torfhlaðnir, 0,6-0,7 m á breidd og 0,4 m áhæð. Inni í tóftinni er þýfi og ójöfnur. Mögulega má greina ummerki um hólfskiptingu en líklega er það aðeins veggjahrun. Mögulega hefur þessi tóft verið heystæði en ekki móstæði eins og hinar tóftirnar en lítill munur er yfirleitt á þessum minjum.


Hættumat: engin hætta

SB-041:006_5 tóft skemma

540263 626718

Tóft 006_5 er lítil, torfhlaðin tóft vaxin grasi og mosa. Hún 14 m norðan við mógrafasvæði 006_1 og er á mörkum þýfðs lyngmóa og við grasi vaxins þurlendis. Tóftin er 4x4 m að stærð og stendur nokkuð hátt. Veggir hennar eru 0,3-0,4 m á hæð. Innanmál er mjög ógreinilegt og ekkert op er á tóftinni.


Hættumat: engin hætta



Móstæði 006_5, horft til suðvesturs á ljósmynd.

SP-041:006_6 þúst óþekkt

540276 626676



Þúst 006_6, horft til ASA á ljósmynd.

Að lokum er afgerandi þúst innan mógrafasvæðis 006_1, í suðausturenda þess. Þústin er kúpt, 0,5 m á hæð og 4x2 m að stærð, snýr austur-vestur. Þústin er á grafarbakka og gæti verið uppmokstur úr þeim en einnig kemur til greina að þarna hafi verið móstæði.

Hættumat: engin hættu

SP-041:007 heimild um leið

540934 625977

“[Bæjarmýri er] út frá bæ og Bæjartangi var næst ánni. Þar voru götur, sem lágu yfir Síkið,” segir í örnefnaskrá. Ekki er fullljóst hvar örnefnin Bæjartangi og Síki eru en líklega var Bæjartangi þurrlandur bakki austan við Bæjarmýrina og Síki deigland renna á milli tangans og mýrarinnar.

Bæjamýri og svæðið austur af henni að Fjarðará/Austurá er flatlent, grösugt og smápýft.

Engar götur eru sýnilegar á því svæði sem hér er talið að lýsing úr örnefnaskrá eigi við, aðrar en götur ferðafólks sem liggja frá göngubru yfir ána og upp á bæjarhól Tindriðastaða 001_1. Sennilegt er að þær götur sem þar eru nefndar hafi tilheyrt leið SP-621:002 sem lá yfir að Þönglabakka SP-044.

Hættumat: engin hættu


Heimildir: Ö-Tindriðastaðir, 2

SB-041:008 tóft óþekkt

540923 625980

Í mólendi sunnan við tún er tóft um 60m sunnan við bæ 001 og 15m vestan við tóft 016.

Mólendið er grösugt og nokkuð þýft og er í halla til austurs að Fjarðará.



Tóft 008, horft til suðurs á ljósmynd.

Tóftin er einföld, 8x4m að stærð og snýr norður og suður. Hólflið er 4,5x2m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Op er á tóftinni á norðurgafli. Vegghleðslur eru töluvert aflagaðar og eru frá 1-2m að breidd. Innrabyrði þeirra er 50-60cm á hæð en ytra byrði 50-100cm á hæð. Tóftin vel grösug og sker sig nokkuð frá umhverfi sínu en ekkert hleðslugrjót sést í henni. Hlutverk þessarar tóftar er ekki þekkt.


Hættumat: engin hætta

SB-041:009 tóft rétt

540877 626060

Tvískipt tóft er rúmum 30 m VSV við bæ 001 og rúmum 20 m austan við tóft 022, á suðurbakka Bæjarlækjarins. Farvegur hans dýpkar norðan við tóftina og er allt að 5m djúpt. Tóftin er ekki innan heimatúnsins líkt og það var á túnakorti árið 1918 og réði Bæjarlækurinn suðurmörkum túnsins. Lögun tóftarinnar bendir einna helst til þess að hún hafi verið lítil rétt.

Sunnan við túnið á Tindriðastöðum er þýft vallendi en þegar hærra dregur til vesturs verða mosi og lyng ríkjandi gróður.



Réttartóft 009, horft til vesturs á ljósmynd.

Tóftin er 7x6 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggirnir eru grasivaxnir, 2-2,5 m á breidd og 0,5 m á hæð. Þeir eru þýfðir og standa vel. Stærra hólfið í vesturenda er 2,2x1,8 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á því í norðausturhorni, yfir í fremra og eystra hólfið. Það hólfi er 2,7x0,7 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á því í norðausturhorni, út úr tóftinni.


Hættumat: engin hætta

SP-041:010 renna vatnsból

540837 626059

Um 60m vestan við bæ 001 sjást ummerki eftir niðurgrafna rennu sem hefur verið grafin til að veita vatni úr bæjarlæknum að bænum. Hún liggur til austurs að bæjarhólnum en á henni eru nokkrir smávægilegir hlykkir. Sunnan við bæjarhólinn sameinast rennan læknum aftur.

Rennan liggur um grösugt tún og utan í bæjarhól, samsíða bæjarlæknum sem er sunnar og eilítið neðar í landinu en rennan.



Kort sem sýnir rennu 010 sem vatni var veitt eftir heim að bæ 001. Loftmynd: Loftmyndir ehf.


Renna 010, horft til norðausturs.

Meðfram rennunni að sunnanverðu er lítið garðlag sem sennilega hefur verið gert úr uppmokstri rennunnar. Garðlagið er um 50cm breitt og 30cm hátt en rennan er um 50cm breið og 50-70cm djúp. Rennan er tæplega 100m löng.

Hættumat: engin hætta

SP-041:011 tóft útihús

540870 626179



Tóft 011 er rétt utan við við túngarð 012, horft til norðurs á ljósmynd.

Tóft er tæpa rétt utan og vestan við horn á túngarði 012, 100m norð-norðvestan við bæ 001 og rúma 20m norð-norðvestan við tóft 031. Hlutverk hennar er ekki þekkt en líklegt er að hún sé af útihúsi.

Tóftin er utan túns í grösugu mólendi sem hallar til austurs niður að Fjarðará.

Tóftin er 7x6m að stærð, einföld og snýr suðvestur og norðaustur. Ekkert op sést á tóftinni en hólfíð er 2x2m að innanmáli. Vegghleðslur eru skarpar og er breidd þeirra um 2m. Tóftin er að hluta niðurgrafin. Ytra byrði er 30-140cm á hæð, það er hæst að austanverðu en lítið sem ekkert að vestanverðu þar sem hún er grafin inn í landið. Innrabyrði hennar er 80-180cm á hæð og hæst vestast. Tóftin er mjög grösug og sjást engar grjóthleðslur í henni.

Hættumat: engin hætta

SB-041:012 garðlag túngarður

540849 626104

Túngarður afmarkar tún Tindriðastaða til vesturs. Suðurendi hans er um 2m vestan við tóft 003, hann er um 60m vestan við bæjarhól 001_1 og svo er norðurendi hans um 2m vestan við tóft 015.

Garðlagið er á mörkum túns og mólendis í landi sem hallar nokkuð til austurs.



Túngarður 012, horft til suðurs.




Önnur mynd af túngarði 012, horft til norðausturs.

Garðlagið er um 165m að lengd og liggur meðfram vesturhlið túnsins. Hliðar þess eru skarpar og er það um 50-100cm á hæð og um 1m á breidd. Það hefur rofnað á þremur stöðum en gróið aftur og er það vel grösugt. Ekki var hægt að sjá neinar grjóthleðslur í því.

Hættumat: engin hætta

SB-041:013 tóft útihús

540843 626074



Útihústóft 013, horft til suðurs á ljósmynd.

Einföld tóft er við vesturjaðar túnsins, rúma 50m vestan við bæ 001 og fast sunnan við tóft 019. Ætla má að hún hafi gegnt hlutverki útihúss.

Tóftin er á mörkum túns og grösugs mólendis í landi sem hallar til austurs niður að Fjarðará.

Tóftin er einföld, 9x5m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Það er op á henni á norðvestur langhlið. Hún er 2,5x2m að innanmáli og snýr hólfið í norðvestur og suðaustur. Tóftin er niðurgrafin og er innrabyrði hennar skarpt á meðan ytra byrði hennar er meira aflíðandi. Innrabyrðið er um 1m á hæð en ytra byrði er 70-100cm á hæð, hæst að sunnanverðu. Breidd veggja er 2-3m. Í innanverðri tóftinni glittir í grjóthleðslur hér og hvar og má sjá u.þ.b. 2 umför. Grjóthleðsla er einnig norðan megin við opið og mun tóftin vera hlaðin úr torfi og grjóti.

Hættumat: engin hætta

SP-041:014 *Kvíaból* tóft kvíar

540890 626022



Meint kvíatóft 014, horft til SSA á ljósmynd.

Mjög sigin og ógreinileg tóft er rétt utan heimatúnsins, í brekku sem hallar niður til austurs að Fjarðará. Tóftin er tæpum 40 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 30 m sunnan við rétt 009. Hlutverkið er óþekkt en ekki er útilokað að þarna hafi verið kvíar því að tóftin er á svæði sem nefnist Kvíaból auk tófta 009 og 022 en þær bera það síður með sér að hafa verið kvíatóftir. Um Kvíaból segir í örnefnaskrá: “Kvíaból var sunnan við Bæjarlækinn rétt upp af götunni [SP-621:013].”

Tóftin er á sléttum hól í valllendi sem skagar fram úr brekku til austurs.

Tóftin er einföld, 8x5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er mjög sigin og kann að hafa verið sléttuð að einhverju leyti. Austurveggur er aðeins 0,2 m á hæð og ekki sést vesturveggur en þó mótar fyrir innanmáli hans. Ekki sést skýrt op á tóftinni en líklega hefur það verið í norðurenda.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Tindriðastaðir, 2


SP-041:015 tóft fjárhús

540897 626244

Fjárhústóft er um 150m norðan við bæ 001, 50m vestan við kálgarð 033 og fast austan við norðurendann á túngarði 012.

Tóftin er á mörkum túns sem farið er í óráekt og grösugs mólendis sem hallar til austurs niður að Fjarðará.

Tóftin er tvískipt, fjárhús og kró eða mögulega hlaða. Tóftin er 15x11m að stærð og snýr vestur og austur. Vestast í henni er kró / hlaða sem er 5x2m að innanmáli og snýr norður suður. Austan við króna / hlöðuna eru fjárhúsin sem eru um 7x3,5m að innanmáli og snúa austur vestur. Op er á milli króar og fjárhúsa og svo er op á fjárhúsunum til austurs og má ætla að þar hafi verið timburgafl. Eftir



Fjárhústóft 015, horft til austurs á ljósmynd.

endilöngum fjárhúsunum liggur garði sem er um 9m á lengd, 40-50cm á hæð og 70-80cm á breidd. Hann er grjóthlaðinn og má telja í honum 2-3 umför. Garðinn er mjög sunnarlega í húsunum og hefur því hugsanlega verið jata meðfram norður langhliðinni. Veggheðslur eru um 3m á breidd, mjög rúnnaðar og þýfðar. Tóftin er niðurgrafin og er ytra byrðið 30-140cm á hæð og er það lægst við vesturgafflinn en hæst við opið að austanverðu. Innrabyrðið er almennt frá 60-160 cm á hæð. Leifar timburgrindar og bárujárns eru í tóftinni. Mikið rof er í veggjum tóftarinnar og þá sér í lagi í austurenda syðri langveggjar.

Hættumat: engin hætta

SP-041:016 tóft óþekkt

540942 626984

Tóft er tæpum 80 m sunnan við bæ 001 og 15 m austan við tóft 008, í deiglendi vestan við Fjarðará. Tóftin er á þurrum rima fast sunnan við læk sem rennur úr mýrlendinu, en litlu austar er mýri allt að ánni. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin gegndi en sé tekið mið af lagi tóftarinnar er þetta rétt eða heystæði. Leið SP-621:013 liggur litlu vestar, á milli þessarar tóftar og tóftar 008.

Tóftin er rétt utan heimatúnsins á grónu svæði.



Tóft 016, horft til suðausturs á ljósmynd.

Tóftin er 5,5x5 m að stærð og nánast ferhyrnd. Veggirnir eru bogadregnir, lyngi- og mosavaxnir. Þeir eru þýfðir, 1,5-2 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Op er á tóftinni í norðausturhorni í átt að læk. Sé tekið mið af gróðurfari er tóftin nokkuð forn.

Hættumat: engin hætta

SP-041:017 garðlag óþekkt

540952 626207



Garðlag 017, horft til norðausturs.

Lítið garðlag er norðaustast í túni, um 105m norður af bæ 001, um 40m suður af kálgarði 033 og rúma 60m aust-suðaustur af fjárhúsum 015.


Garðlagið er á mörkum túns og Bæjarmýrar, neðst í votlendu sundi á milli Sökkuhóls og túns.

Garðlagið er um 7m langt, tæplega 1m á breidd og 50-60cm á hæð. Það er vel gróið og hleðslur skarpar en engar grjóthleðslur sjást í því. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi það var hlaðið en mögulega er um einhvers konar fyrirhleðslu í áveitu að ræða.

Hættumat: engin hættu

SP-041:018 tóft heystæði

541031 626213



Tóft 018, horft til suðurs á ljósmynd.

Suðaustan í Sökkuhól er lítil tóft, tæpum 150m norð-norðaustan við bæ 001. Uppi á sama hóli eru heystæði 034-036. Hlutverk tóftar er óþekkt en sennilega er um heystæði að ræða.

Tóftin er í grösugu mólendi nærri bakka Fjarðarár.

Tóftin er einföld, 5x3,5m að stærð og snýr austur og vestur. Hún er 3x1,5m að innanmáli og snýr hólfið eins og tóftin. Það er op á tóftinni í austurenda. Hún hefur hlaðinn vesturgافل og norður langhlið en suður langhliðin er að stórum hluta bara grafin inn í lágan bakka sem tóftin er byggð uppað. Vegghleðslur eru um 1m á breidd. Innrabyrði tóftar er 60-80cm en ytra byrði er 10-80cm á hæð. Ekkert hleðslugrjót sést í tóftinni.


Hættumat: engin hættu

SP-041:019 tóft óþekkt

540847 625084

Tvískipt tóft er í vesturjaðri túnsins, rúmum 50m vestan við bæ 001, um 6m sunnan við tóft 003 og fast norðan við tóft 013.

Tóftin er á mörkum túns sem komið er í órækt og grösugs mólendis sem hallar nokkuð ört til austurs niður að Fjarðará.



Tóft 019, horft til austurs á ljósmynd.

Tóftin er um 13x10m að stærð og snýr vestur og austur. Op er á austurgafli inn í stærra hólfi tóftarinnar sem hefur sennilega verið fjárhús. Er það 5x2m að innanmáli og snýr vestur og austur. Sunnan við þetta hólfi er annað lítið sem er 1,5x1m að innanmáli og snýr norður og suður. Ekkert op sést á þessu hólfi sem hefur það líklega verið hlaða. Tóftin er nokkuð ójöfn og er stærra hólfið ógreinilegra en minna hólfið. Vegghleðslur eru grösugar og mjög þýfðar. Engar grjóthleðslur sjást í þeim og lítur helst út fyrir að tóftin hafi verið sléttuð að einhverju leyti. Vegghleðslur eru 1-4m á breidd og 30-50cm á hæð.

Hættumat: engin hætta

SP-041:020 tóft heystæði

541050 625996

Tóft af heystæði er á engjum Tindriðastaða austan við Fjarðará, skammt sunnan við göngubrú yfir ána. Tóftin er tæpum 140 m suðaustan við bæ 001 og tæpum 620 m NNV við heystæði 023.


Engjarnar eru flatar flæðiengjar og er mikil gróska á svæðinu.

Tóftin er 9x7 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er illa varðveitt, þúfur sýna veggina einna best, hún sígur í mýri og er torfhlaðin. Veggirnir eru 1 m á breidd, 0,2 m á hæð og algrónir. Tvö hólfi eru í tóftinni, bæði eru þau opin til norðurs. Eystra hólfið er 5,5x2,3 m að stærð og snýr norður-suður. Vestara hólfið er 1,6x1,6 m að innanmáli og snýr eins. Í vestara hólfinu er jarðfall sem er fullt af vatni, það er 0,2 m djúpt.

Hættumat: engin hætta

SP-041:021 garðlag vörslugarður

540771 626143



Heystæði 020, horft til suðurs á ljósmynd.

Vörslugarður sést norðvestan við bæ 001, norðan við svokallað Bæjargil. Hann er rúmum 150 m norðvestan við bæ 001 og 250 m ANA við vörslugarð 046. Þessi garður er án efa hluti af sama kerfi og vörslugarðar 046 og 044 og allir eru þeir fornir.



Forn vörslugarður 021, horft til suðvesturs.

Garðurinn er í brekku sem hallar til austurs, að heimatúninu. Hann er á flatlendi, á hjalla í brekkunni og stór hluti hans er rofinn.

Ummerki um garðinn má sjá á 125 m löngu svæði sem snýr norðaustur-suðvestur. Suðvestast, við Bæjargil, sést garðurinn sem rof eða kantur sem er 0,3 m á hæð. Rofið er beint, fast austan við gróðurþekju og melur er vestan þess. Rofið myndar nokkurs konar rás í jarðveginum og er tæplega 80 m langt. Sjálfur garðurinn er varðveittur á 22 m kafla, norðaustan við rofið.

Hann er 2-3 m á breidd, 0,3-0,4 m á hæð og

mosa- og lyngivaxinn. Norðausturhlutinn sést aftur sem rof og er 18 m að lengd. Kindagata liggur eftir mörkum milli rofsins og garðsins á þessu svæði. Til norðausturs fjarar rofið út í brekku með lítilli gróðurþekju. Ekki er ljóst hvert garðurinn lá í framhaldinu til norðurs.

Hættumat: engin hætta


SB-041:022 tóft útihús

540849 626055

Tóft er rúmum 70 m vestan við bæ 001 og 22 m vestan við rétt 009, sunnan við Bæjarlækin. Gilið dýpkar norðan við tóftina og er allt að 5m djúpt. Tóftin er ekki innan heimatúnsins líkt og það er afmarkað á túnakorti frá 1918, heldur fast sunnan þess. Engu að síður er líklega um útihús að ræða vegna nálægðar við bæinn.

Grasvaxið og þýft vallendi en þegar hærra dregur til vesturs verða mosi og lyng ríkjandi gróður.

Tóftin er 6x4,5 m að stærð, er einföld og snýr austur-vestur. Veggirnir eru algrónir, 0,2-0,3 m á hæð og



Útihústóft 022, horft til vesturs á ljósmynd.

ekki er mikil grænka í þeim. Tóftin er opin til austurs.


Hættumat: engin hætta

SP-041:023 tóft heystæði

541404 625484

Útflött tóft er syðst á engjum Tindriðastaða, austan Fjarðarár. Tóftin er um 750 m suðaustan við bæ 001 og 620 m sunnan við heystæði 020. Að öllum líkindum er þetta heystæði.

Engjarnar eru flatar flæðiengjar og er mikil gróska á svæðinu.



Heystæði 023, horft til ANA á ljósmynd.

Tóftin er 8x5 m að stærð, 0,2 m á hæð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er algróin og ekki mótar fyrir innri brún veggja í henni.

Hættumat: engin hætta

SP-041:024 náma mógrafir

540649 625802



Mógröf 024. horft til vesturs.

Stök mógröf er 14 m austan við fornan vörslugarð 044_1 og tóft 044_2 og um 360 m suðvestan við bæ 001. Mógröfin er í fjallshlíð, ofan við bæinn til vesturs.

Mógröfin er í deiglendri hvilft eða hvammi. Lækur rennur skammt sunnar niður gróna hlíðina en inn á milli eru malarhryggir.

Mógröfin er 3x3 m stór, 0,5 m djúp og rök. Það mótar óljóst fyrir fleiri mógröfum í næsta nágrenni en þær hafa gróið upp og ummerki þeirra nánast horfin.

Hættumat: engin hætta


SP-041:025_1 náma mógrafir

540181 626561

Mógrafir eru á tveimur stöðum sunnarlega og vestarlega í Torfhólamáryri/Torfdal (sjá 005 og SP-043:006). eru þær í mýrlendi sem hallar til austurs og er neðan við Hraun í Lútinni. Mógrafirnar, sem skráðar eru í sitthvoru lagi, eru á svæði sem er 48x15 m að stærð og snýr austur-vestur. Ekki sjást móstæði í næsta nágrenni við mógrafasvæðin.

Mýrlendið grafirnar eru í eru í þýfðu mólendi, neðan og austan við skærgrænan gróður, djámosa og gras. Á svæðinu vex mýrargróður og lyng.

Mógrafir 025_1 eru vestast á svæðinu, á flata ofarlega í þessari litlu mýri. eru þær á svæði sem er 7x5 m



Mógrafir 025. Loftmynd: Loftmyndir ehf.



Mógrafasvæði 025_1, horft til suðurs.

að stærð og snýr NNA-SSV. Grafirnar eru grunnar og grónar, varla meira en 0,3 m djúpar. Þær eru vel grónar og ekki stendur vatn í þeim.

Hættumat: engin hætta

SP-041:025_2 náma mógrafir



Mógrafir 025_2, horft til ANA.


540207 626563

Mógrafir 025_2 eru 17 m austar og neðar í mýrinni en grafir 025_1. Þær eru á svæði sem er 25x11 m að stærð og snýr ANA-VSV. Grafirnar eru samfelldar á litlu svæði neðst í mýrinni en innan þess sjást stokkagrafir innan þess. Þær eru vel greinilegar en að mestu grónar, eru víðast 0,5 m djúpar. Vatn stendur í þeim í ANA-enda.

Hættumat: engin hætta

SP-041:026_1 tóft skemma

540380 626699




Minjasvæði 026. Loftmynd: Loftmyndir ehf.



Yfirlitsmynd sem sýnir mógrafir 026_3 og mótóftir 026_1-2, horft til suðurs.

Tvær mótóftir og ummerki um mótekju eru í viki austast í Torfhólamýri/Torfdal nærri merkjum á milli Tindriðastaða og Brekku. Minjarnar eru á svæði sem er 60x20 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftirnar eru á þurrum bakka norðaustan við mógrafasvæðið. Minjarnar eru 15 m norðan við heystæði 045 og 800 m norðvestan við bæ 001.

Hólar og mólendi er austan við minjarnar en vestan við þær er grasi vaxið deiglendi í Torfhólamýri/Torfdal.




Mótóft 026_1, horft til ASA á ljósmynd.

Lýsingin hefst á tóft 026_1 sem er 16 m norðvestar en tóft 026_2. Hún er einföld og torfhlaðin, vaxin grasi og lyngi. Tóftin er ferhyrnd og er um 2x2 m að stærð. Op er inn í hana í vesturhorni. Veggir eru 0,4 m á hæð og líklega að mestu torfhlaðnir en ekki er útilokað að grjót sé einnig í veggjahleðslum.

Hættumat: engin hættu

SP-041:026_2 tóft skemma

540390 626684



Mótóft 026_2, horft til SSV á ljósmynd.

Tóft 026_2 er 16 m suðaustan við tóft 026_1 og er mjög lík henni að stærð og gerð. Hún er 3x3 m að stærð og eru horn hennar nokkuð rúnuð. Óljóst op er á suðausturhlið. Á henni vex meira lyng og minna gras en á tóft 026_1. Veggir tóftarinnar eru 0,2-0,4 m á hæð, líklega að mestu torfhlaðnir.

Hættumat: engin hættu

SB-041:026_3 náma mógrafir

540390 626672

Grunnt og óljóst mógrafasvæði er í mýri suðvestan við tóftir 026_1 og 026_2. Það er 60x17 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Mógrafasvæðið er nokkuð skýrt afmarkað á norðaustur og suðausturjöðrum en afmörkun sést ekki að öðru leyti. Í suðausturhluta mógrafasvæðisins virðist hafa myndast grunn tjörn en þegar skrásetjarar voru á vettvangi sumarið 2019 var hún þurr og í botni hennar mold eða leir. Mógrafasvæðið er um 0,3 m á dýpt.

Hættumat: engin hætta

SB-041:027 náma mógrafir

540490 625719



Mógrafir 027, horft til austurs.

Stórt mógrafasvæði er um 130 m suðvestan við mógrafir 028 og um 500 m suðvestan við bæ 001, uppi í fjallshlíðinni.

Mógrafirnar eru í mýri á hjalla og mjór lækur rennur í gegnum mitt mótekjussvæðið. Engin móstæði sjást við svæðið. Allt nánasta umhverfi er vaxið mosa, lyngi og grasi og er stórbýft. Víða eru hólur og hryggir í brekkunni.

Mógrafasvæðið er nánast eggлага, 100x50 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Mógrafirnar eru djúpar, mjóar og skipta tugum. Mikil efnistaka var á svæðinu og brúnin niður í mógrafirnar er um 0,3-0,5 m há. Mógrafirnar eru misstórar og

djúpar og áttahorfið ólíkt. Sumar þeirra eru þurrar og grónar en í öðrum stendur vatn.

Hættumat: engin hætta

SB-041:028_1 náma mógrafir

540650 625717



Mógrafir 028_1, horft til suðurs.

Um 130 m austan við mógrafir 027 og tæpum 450 m suðvestan við bæ 001 eru mógrafir 028_1 og heystæði 028_2. Minjastaðurinn er uppi í fjallshlíð, á næsta hjalla austan og neðan við mógrafir 027 og fast austan við fornan garð 044_1. Svæðið er 30x15 m að stærð og snýr norður-suður.

Mógrafirnar eru í mýrlendi, í hringлага lág. Allt umhverfis eru vallendisbólur.


Mógrafirnar eru á flatlendu svæði sem er 22x6 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Þær eru í röð undir vallendisbrún og eru a.m.k. 20 talsins. Stærð þeirra og áttahorf er misjafnt. Þær minnstu eru 1,5x1,5 m að stærð en þær stærstu um 5x3 m. Eins eru þær bæði þurrar og votar.

Hættumat: engin hætta

SB-041:028_2 tóft skemma

540659 625707

Móstæði 028_2er 8 m suðaustan við mógrafir 028_1. Tóftin er á lágu hólbarði, í miðri mýrinni. Óljós



Móstæði 028_2, horft til suðurs á ljósmynd.

ummerki um mógrafir sjást austan þess en þær voru ekki skráðar sérstaklega. Tóftin er 7,5x4,5 m stór, er einföld og snýr nálega norður-suður. Veggirnir eru 1 m á breidd og 0,2 m á hæð, algrónir mosa og lyngi.


Hættumat: engin hætta

SP-041:029 tóft óþekkt

540162 625797

Stór sporöskjulaga, fornleg tóft er í fallegum grónum hvammi austan undir hárrí fjallshlíð Bollafjalls og norðan við Hryggi, sem afmarka hvamminn til suðurs. Tóftin er 800 m suðvestan við bæ 001 og 180 m SSV við vesturenda forngarðs 046.


Flatlent og smáþýft er ofan í hvamminum þar sem tóftin er og allt vaxið lyngi og lítilsháttar grasgróðri. Innan hvammsins og í næsta nágrenni er fremur harðlent og ber gróðurinn þess merki að snjór liggi þar fram eftir vori og sumri.



Fornleg tóft 029 með óþekkt hlutverk, horft til norðvesturs á ljósmynd.

Tóftin er einföld, um 7x12 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Ekki er sýnilegt op á henni en líklegt er að það hafi frekar verið í vesturenda en austurenda því veggir eru aðeins lægri þar. Veggir eru 2 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð. Tóftin er vel gróin og hvergi sést í grjóthleðslur í veggjum. Enn sjást nokkur ummerki um efnistöku í kringum tóftina. Ekkert er vitað um hlutverk tóftarinnar en hún er í mjög góðu skjóli þó að hér sé væntanlega mjög snjópungt.

Hættumat: engin hætta



Stekkjartóft 030, horft til suðvesturs á ljósmynd.

Stekkjartóft er tæpum 15 m vestan við tóftir SP-039:037 og um 500 m sunnan við bæ 001, á merkjum Tindriðastaða og Þverár SP-039. Tóftin er fast norðan við gil sem er á merkjum. Tóftin er í brekkurótum, á rima í litlum hvammi, og sígur lítillega undan henni til norðurs.

Lítill lækur rennur fast sunnan við tóftina og mýrlent lækjar drag er norðan hennar. Hvammurinn er mýrlendur en vallendishólar mynda brúnir hans. Tóftir SP-039:037 eru í sama hvammi.

Tóftin er 9x7,5 m að stærð, snýr norður-suður, er algróin og þýfð. Hún er aflöguð vegna mýrlendis sem er beggja vegna við rimann sem hún er á. Veggirnir eru 1,5-2 m á breidd og 0,2-0,7 m á hæð. Þeir eru hæstir á suðurhlíð, á gilbrúninni. Stærra hólfið er í suðurhluta tóftarinnar. Innanmálið er 5x1,5 m stórt og það snýr nálega austur-vestur. Óljóst mótar fyrir þvervegg í miðju hólsins en allt eins gæti verið um veggjahrun að ræða. Op er inn í hólfið úr austurenda. Lambakróin er nyrst í tóftinni. Hún er 1,5x1,5 m að innanmáli og ekkert op sést inn í hana.

Hættumat: engin hætta

SP-041:031_1 þúst útihús

540881 626152

Rústahóll með tóft af fjárhúsum er þar sem útihús er sýnt á túnakorti frá 1918. Minjarnar eru tæplega 80m norð-norðvestan við bæ 001, 40m beint norður af tóft 002 og tæpa 25m suð-suðaustan við tóft 011. Tóftin sem er á rústahólnum er merkt inná túnakort frá 1918.

Rústahóllinn er innan túns sem komið er í töluverða óráekt.

Rústahóllinn 031_1 er um 23x16m að stærð og snýr austur og vestur. Upphleðsla hans er um 1m á hæð og á honum er þrískipt tóft af fjárhúsum 031_2.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Túnakort 1918

SP-041:031_2 tóft fjárhús

540883 626151

Stór fjárhústóft 031_2 er á rústahól 031_1. Af gamalli mynd af túninu á Tindriðastöðum sem birtist í bókinni Hvað segja bændur nú og var tekin um 1940 má sjá að þarna stóðu fjárhús með hlöðu bakatil. Tóftin er 14x14m að stærð og er þrískipt. Hlutar úr timburgrind standa enn í tóftinni. Vestast í er hlaðan, hólfið sem er 6x4m að innanmáli og snýr það norður og suður. Op er á því til suðurs og frá því liggja 5m löng göng til suðurs. Í austurhluta tóftarinnar eru tvö hólfið og hefur sauðfé líklega verið haft í þeim báðum. Það nyrðra er 5x3,5 að innanmáli og snýr vestur austur. Op er á því á austurgaffli. Syðra hólfið

SP-041:031



Fjárhústóft 031_2 á rústahóli 031_1, horft til austurs á ljósmynd.

er 6x3m að innanmáli og snýr austur og vestur. Ekki er hlaðinn veggur á austurgaffli þess og var þar timburpil sem sjá má á áðurnefndri ljósmynd að hafði tvennar dyr. Víða má sjá grjóthleðslur í innra byrði veggja sem er 60-80cm á hæð en ytrabyrðið sem er vel grösugt er 50-100cm á hæð. Breidd veggja er 1-1,5m. Tóftin er á kafi í grasi, mjög þýfð og virðist lítið sem ekkert rof vera í henni.

Hættumat: engin hætta

SP-041:032 varða landamerki

541078 625631



Landamerkjavarða 032, horft til suðausturs.

“Að sunnanverðu ræður bein stefna austur frá aðal-fjarðaránni, fyrst eftir skurði, síðan eftir smávörðum vestur yfir svonefnda Slöpp í Stekkjarlæk [sjá 030] [...]” segir í landamerkjálýsingu Tindriðastaða frá 1890. Ein torfhlaðin varða er á tanga niður við Fjarðará/ Austurá um 440 m sunnan við bæ 001 og 70 m austan við tóftir 043. Varðan er líklega á svokölluðu Þúfnanesi.

Þúfnanes er gróið deiglendi sem verður að hólma í ánni í miklum vatnavöxtum. Alla jafna er þetta landfast svæði.

Varðan er algróin og 1 m á hæð þar sem hún er hæst að austanverðu. Hún er 5x2 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Löggun hennar minnir helst á pýramída en svo er gjarnan þegar um

torfhlaðnar vörður er að ræða.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Landamerkjabréf Tindriðastaða No. 65


SP-041:033 gerði kálgarður

540950 626256

Kálgarður er í gróinni laut í Sökkuhól, um 150m norð-norðaustur af bæ 001 og um 10m vestan við tóft 034.

Hóllinn er niður við Fjarðará en kálgarðurinn er í halla fram af honum til suðvesturs.

Kálgarðurinn er 25x8m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hann er í brekku mót suðvestri. Kálgarðurinn er afmarkaður með garðlagi sem liggur eftir allri norðausturlanghliðinni og báðum




Kálgarður 033, horft til suðausturs á ljósmynd.

skammhliðum. Garðlagið er alveg komið í sundur á nokkrum stöðum vegna rofs sem er enn opið og ógróið sumstaðar. Engin ummerki sjást eftir garðlag meðfram suðvesturlanghlið og hefur þar sennilega bara verið lágur kantur. Garðlagið er um 1m á breidd. innrabyrði er 60-80cm en ytra byrði 40-80cm á hæð. Það virðist eingöngu torfhlaðið.

Hættumat: hætta, vegna rofs

SB-041:034 tóft heystæði

540989 626245



Heystæði 034, horft til vesturs á ljósmynd.

Á Sökkuhól er tóft af heystæði um 150m norð-norðaustan við bæ 001, um 10m vestan við kálgarð 033 og um 30m vest-norðvestan við heystæði 035.

Tóftin er í gróinni hvilft á hólnum sem er ógróinn efst. Umhverfis hólinn eru grösugar engjar.


Tóftin er einföld, 5x3m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Hólflið er 3x1m að innanmáli og snýr eins og tóftin og er op á því til norðausturs. Vegghleðslur virðast frekar óvandaðar og ekki nema 40cm á breidd og um 30cm á hæð. Þær eru grónar grasi og sjást engar grjóthleðslur í þeim.

Hættumat: engin hætta

SB-041:035 tóft heystæði

541017 626229

Á Sökkuhól er tóft af heystæði um 150m norð-norðaustan við bæ 001, tæpa 6m vestan við heystæði 036 og um 30m suðaustan við heystæði 034.



Heystæði 035, horft til suðurs á ljósmynd.


Tóftin er á kalli klapparhóls sem er milli lítillar tjarnar og mólendis. Umhverfis hólinn eru grösugar engjar.

Tóftin er einföld, 3,5x2,5m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Hólflið er 2,5x1m að innanmáli og snýr það eins og tóftin. Op er á tóftinni til norðvesturs. Vegghleðslur eru óvandaðar, um 30cm á hæð og 40-50cm á breidd. Hún er vel grösug en þýfð og sjást engar grjóthleðslur í henni.

Hættumat: engin hætta

SP-041:036 tóft heystæði

541025 626229



Heystæði 036, horft til suðurs á ljósmynd.

Á Sökkuhól er tóft af heystæði tæpum 160m norð-norðaustan við bæ 001, tæpa 15m norðan við heystæði 018 og 5m austan við heystæði 035.

Tóftin er á kalli klapparhóls sem er milli lítillar tjarnar og mólendis. Umhverfis hólinn eru grösugar engjar.

Tóftin er einföld og svo til hringlaga. Hún er 4x3,5m að stærð og snýr norður og suður. Hólflið er 1,5x1,5m að innanmáli og er op á tóftinni til austurs. Vegghleðslur eru tæplega 1m á breidd, ytra byrði er 30-60cm á hæð en innrabyrði um 30cm á hæð. Hún er vel grösug en þýfð og sjást engar grjóthleðslur í henni.

Hættumat: engin hætta

SB-041:037 garðlag óþekkt

540846 626310



Garðlag 037, horft til norðurs.

Garðlag er svo til miðja vegu milli Bæjargils og Litlagils. Það er um 230m norð-norðvestur af bæ 001 og rúma 70m norð-norðvestan við fjárhústóft 015. Hlutverk þess er óþekkt en vera má að það hafi tengst garðlagi 021 sem er 150 m suðvestar.

Garðlagið liggur um brekku sem snýr mót austri. Það liggur um mólendi þar sem mikið er um klapparholt.


Garðlagið er rúmlega 60m langt og liggur frá suð-suðvestri til norð-norðausturs. Það liggur um brekku og er syðri endi þess neðst í brekkunni en norðurendinn ofar. Það er um 1m á breidd og er austurhlíð þess frá 30-100cm á hæð en

vesturhlíðin 20-50cm á hæð. Engar grjóthleðslur sjást í því og eftir því endilöngu liggur gata á leið SB-621:002.

Hættumat: engin hætta

SB-041:038 tóft heystæði

541478 625745



Heystæði 038, horft til austurs á ljósmynd.

Þrjár tóftir af heystæðum (sjá einnig 039 og 040) eru út við merki móti Kaðalstöðum, á flatlendum engjum austan Fjarðará. Syðsta tóftin sem hér er skráð er 600m suðaustan við bæ 001 og 110m sunnan við heystæði 039.

Tóftin er fremst á lágum bakka í annars flötu og grösugu mýrlendi.


Tóftin er 12x6m að stærð, snýr suðvestur og norðaustur. Hún er í raun upphlaðinn pallur sem er um 120cm á hæð. Á honum er óvönduð vegghleðsla sem afmarkar hól sem er um 8x2m að innanmáli og er ekkert op á því. Þessi vegghleðsla er 30-40cm á þykki og er innrabyrði hennar 40-50cm á hæð.

Hættumat: engin hætta

SB-041:039 tóft heystæði

541438 625849

Þrjár tóftir af heystæðum (sjá einnig 038 og 040) eru út við merki móti Kaðalstöðum, á flatlendum engjum austan Fjarðará. Miðtóftin sem hér er skráð er 550m suðaustan við bæ 001 og 110m norðan við



Heystæði 039, horft til austurs á ljósmynd.

heystæði 038.


Tóftin er fremst á lágum bakka í annars flötu og grösugu mýrlendi.

Tóftin er einföld, 9x5m að stærð, snýr vest-norðvestur og aust-suðaustur. Innanmál hennar er 6x3m og snýr það eins og tóftin. Op er á því á suðvesturlanghlið. Ytrabyrði tóftar er um 1m en innrabyrði 40-50cm. Breidd veggja er 50-100cm. Engar grjóthleðslur sjást í henni en tóftin er á kafi í grasi sem er grænna en grasið í kringum hana. Það er þó rof í norðausturhlið hennar og er hún þó nokkuð farin að hlaupa í þúfur.

Hættumat: engin hætta

SP-041:040 tóft heystæði

541278 626108



Heystæði 040, horft til suðurs á ljósmynd.

Þrjár tóftir af heystæðum (sjá einnig 038 og 039) eru út við merki móti Kaðalstöðum, á flatlendum engjum austan Fjarðará. Nyrsta tóftin sem hér er skráð er 350 m austan við bæ 001 og 304 m norðvestan við heystæði 039.


Tóftin er fremst á lækjarbakka í flötu graslendi.

Tóftin er upphlaðinn pallur sem er 5x3,5m að stærð og snýr svo til vestur og austur. Ytrabyrði hans gæti verið 20-30cm á hæð. Eftir báðum langhliðum hans eru veggheðslur sem eru 30-50cm breiðar og um 40cm á hæð. Heildar hleðsluhæð tóftar gæti því verið um 60cm. Mikið karga þýfi er fast vestan við tóftina sem er 3x3m að stærð og svo er eins og stóreflis hrun sé austan við tóftina. Heytóftin er á kafi í grasi og orðin mjög þýfð. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni sem sker sig vel út úr umhverfi sínu.

Hættumat: engin hætta

SP-041:041_1 tóft heystæði

540956 625732




Yfirlitskort sem sýnir heystæði 041. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Tóftabyrping er á láglendi niður við Austurá/Fjarðará, spöl norðan við merkin á mótinu Þverá. Minjarnar eru rúmum 100 m norðan við heystæði 043 og rúmum 310 m sunnan við bæ 001. Alls eru sjö fornleifar á svæði sem er 75x17 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Allar tóftirnar virðast vera heystæði en þær eru misgamlar.

Tóftirnar eru í röð eftir þurru hrygg, sem skagar fram úr brekkubrún að Fjarðará sem rennur 50 m austur. Mýri er til austurs og suðurs.

Lýsingin hefst nærri suðvesturenda svæðisins á heystæðistöft 041_1 en hún er fast austan við heystæði 041_7 og leið SP-621:013. Tóftin er 6,6 x 4,3



Heystæði 041_1, horft til suðurs á ljósmynd.

m að stærð og er einföld. Veggir eru grasivaxnir, 0,5-1 m á breidd og 0,3 m á hæð. Op er í norðausturhorni. Tóftin er útflött og er nánast í mýrinni.


Hættumat: engin hætta

SP-041:041_2 tóft heystæði

540954 625742

Heystæði 041_2 er um 5 m norðan við heystæði 041_1. Tóftin er fast sunnan við gróna gilbrún sem er 0,5 m há, lækjar drag rennur þar ofan í. Tóftin er 5x4,5 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og er nánast U-laga. Veggir eru lyngi- og mosavaxnir, 0,2-0,3 m á hæð og 2 m á breidd. Tóftin er opin til suðausturs. Gróðurfar bendir til þess að tóftin sé eldri en heystæði 041_1.

Hættumat: engin hætta




Heystæði 041_2, horft til norðurs á ljósmynd.

SP-041:041_3 tóft heystæði

540962 625740

Tóft 041_3 er tæpum 3 m ASA við tóft 041_2, neðar í brekku. Á milli tóftanna er kindastígur sem raskar þeim ekki. Tóftin er 4,5x4,5 m að stærð og er U-laga. Hún opnast til norðurs að lækjarfarvegi, þeim sama og tóft 041_2 er sunnan við. Veggirnir eru lyngi- og mosavaxnir, 0,2-0,3 m á hæð og 2 m á breidd. Tóftin skagar fram í mýri til austurs.



Heystæði 041_3, horft til austurs á ljósmynd.


Hættumat: engin hætta

SP-041:041_4 tóft heystæði

540961 625752

Tóft 041_4 er um 7 m norðan við tóft 041_3. Hún er norðan við lækjargil sem er 0,5 m djúpt og gróið. Tóftin er 4,2x4,2 m að stærð, einföld og opin til norðurs. Veggirnir eru 0,2-0,3 m á hæð og 1 m á breidd. Þeir eru lyngi- og grasivaxnir og lítið gras vex á þeim miðað við aðrar tóftir á svæðinu.

Hættumat: engin hætta




Heystæði 041_4, horft til suðurs á ljósmynd.

SP-041:041_5 tóft heystæði

540977 625764

Tóft 041_5 er 15 m norðaustan við tóft 041_4, nánast í mýri. Líkast til er þetta yngsta tóftin á svæðinu,



Heystæði 041_5, horft til ANA á ljósmynd.

hún skiptist í tvö hólf og mikil grænka er í henni. Tóftin er 6,5x5 m að stærð, snýr nálega norður-suður og er á stakstæðum hól. Veggir eru 1-1,5 m á breidd. Nyrðra hólflið er 2,5x1,5 m stórt og snýr austur-vestur. Op er á austurhlið. Syðra hólflið er 2x1 m stórt og snýr norður-suður. Op er til suðurs. Lögun tóftarinnar gæti bent til þess að um fjárhús eða rétt sé að ræða en líklegast er að hún sé af heystæði eins og aðrar tóftir á þessu svæði.


Hættumat: engin hættu

SP-041:041_6 tóft heystæði

540984 625776

Stór og nokkuð fornleg tóft 041_6 er tæpum 5 m norðaustan við tóft 041_5. Tóftin er 10x7,5 m stór, einföld og snýr norður-suður. Ekki má sjá greinilegt op á henni en lægð er í vegg í norðausturenda. Veggirnir eru algrónir grasi, mosa og lyngi og eru 0,3 m á hæð. Tóftin er í mýri og þó að hún sé nokkuð frábrugðin hinum heystæðunum á svæðinu er líklegast að hún hafi einnig verið heystæði.

Hættumat: engin hættu




Heystæði 041_6, horft til norðurs á ljósmynd.

SP-041:041_7 tóft heystæði

540943 625735

Tóft 041_7 er 8 m vestan við tóft 041_1, suðvestast á svæðinu. Þetta er eina tóftin sem er vestan við leið SP-621:013. Tóftin er í brekku sem hallar til austurs, veggirnir stórbýfðir og grónir. Þeir eru 2 m á breidd



Heystæði 041_7, horft til vesturs á ljósmynd.

og 0,2-0,3 m á hæð. Gras vex norðan við hana en lyng og mosi sunnan við. Tóftin er 15x7 m að stærð, skiptist í tvö hólf og snýr norður-suður. Norðurhluti tóftarinnar gæti verið yngri eða sérstök tóft. Hólfíð/tóftin er 5,2x4,1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er í suðvesturhorni. Syðra hólfíð er 3x2,2 m að innanmáli og opið til norðurs. Veggir eru lyngvaxnari í suðurhlutanum en í norðurhlutanum og kann það að gefa til kynna að hann sé eldri.

Hættumat: engin hætta

SP-041:042_1 tóft óþekkt

540239 626667

Tvær lyngi vaxnar og nokkuð fornlegar tóftir eru örfáum metrum suðvestan við mógrafir 006, vestast í Torfhólamáryri/Torfdal, og 900 m norðvestan við bæ 001. Tóftirnar eru á svæði sem er 19x8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hlutverk þessara minja er ekki þekkt en stærri tóftin líkist helst stekkjartóft. Tóftirnar eru byggðar sunnan í hæðarbrún sem er í lyngmóa. Framan við tóftir til suðurs er flatlent og sléttlent graslendi á litlu svæði en mýrlent austar.


Lýsingin hefst á stærri tóftinni sem er suðvestast á svæðinu. Sú tóft er tvískipt og 7x7 m að stærð. Í



Fornlegar tóftir 042. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

vesturhluta hennar er nokkuð stórt hólf sem er 4x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er inn í það á miðri suðurhlið. Í austurhluta tóftarinnar er lítið hólf sem er 1,8x2,2 m að innanmáli og snýr það einnig norður-suður. Op er inn í það í suðausturhorni en ekki er op á milli hólfanna. Norðurveggur tóftarinnar er hlaðinn upp að hæðarbrún en ytri brún veggjar sést engu að síður. Mesta hæð veggja er 0,6-0,7 m. Tóftin er öll vel gróin og líklega að mestu leyti torfhláðin. Óvíst er hvort grjótt sé einnig í veggjahleðslum en það virðist líklegt.

Hættumat: engin hætta



Tvískipt tóft 042_1, horft til austurs á ljósmynd.



SP-041:042_2 tóft óþekkt

540247 626676

Einföld tóft 042_2 er 4 m norðaustar en tóft 042_1. Hún er 5x3 m að stærð og snýr austur-vestur. Norðurhlið hennar er að mestu grafín inn í lágan bakkann og ytri brún norðurveggjar sést nánast ekki. Op er á tóftinni í suðausturhorni. Tóftin er vel gróin og eru veggir hennar 0,7 m á hæð. Hvergi sést í



Tóft 042_2, horft til austurs á ljósmynd.




grjóthleðslur.

Hættumat: engin hætta

SP-041:043_1 tóft heystæði

541007 625630

SP-041:043



Heystæði 043_1-2.



Heystæði 041_1, horft til norðausturs.

Tvö heystæði eru um 100 m sunnan við heystæðistöftir 041 og um 430 m sunnan við bæ 001. Tóftirnar eru á svæði sem er 25x6 m stórt og snýr austur-vestur. Tóft 043_1 er austar í mýri en tóft 043_2 er vestar, hlaðin undir brekkubrún. Lögung og staðsetning tóftanna bendir til þess að um heystæði sé að ræða.

Fast austan við tóftirnar er kvísl úr Fjarðará. Milli árinna og brekku að vestan er mýri. Svæðið er smápýft og rakt.

Tóft 043_1 er austar, í mýrinni. Hún er 6x4 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er torfhlaðin og algróin. Ekkert op sést á yfirborði og veggirnir síga niður að austan. Þeir eru 0,2 m á hæð. Grænka og þúfur sýna tóftina mjög vel.

Hættumat: engin hætta

SP-041:043_2 tóft heystæði

540987 625630



Heystæði 043_2, horft til norðausturs.

Tóft 043_2 er 15 m vestan við tóft 043_1. Hún er hlaðin norðan undir valllendisbrún (2 m á hæð) og kantur afmarkar hana til suðvesturs. Tóftin er 4,4x2,3 m stór, U-laga og snýr NNA-SSV. Veggir tóftarinnar eru 1 m á breidd, 0,3 m á hæð og algrónir. Ekkert op er á tóftinni.

Hættumat: engin hætta



Forn vörslugarður 044_1, horft til suðurs á báðum myndum.


Fornlegur garður liggur til suðurs frá Bæjargili og hverfur skammt norðan við landamerki á mótum Þverá SP-039. Í suðurenda hverfur garðurinn á gilbrún en ætla má að garðurinn hafi náð alla leið að merkjum en er horfinn á kafla vegna rofs. Tóft 044_2 er í rofi milli tveggja hluta garðsins en var líklega sambyggð honum, tengslin á milli eru rofin. Kindastígur liggur að hluta til á sama stað og garðurinn, sérstaklega þar sem hann er rofinn. Sé tekið mið af legu garðsins í fjallshlíð er um vörslugarð að ræða sem án efa er hluti af sama kerfi og garðlög 021 og 046.

Garðurinn liggur eftir mólendi, mýrum og grónum svæðum og sést ekki fyrr en að honum er komið. Í mólendinu eru víða ógrónir hólkollar.

Garðurinn er varðveittur í átta hlutum og liggur til suðurs frá Bæjargili, eftir fjallshlíðinni endilangri. Garðurinn er á hjalla í brekkunni og rof er víða þar sem lækir renna í gegnum hann. Rekja má garðinn á rúmlega 530 m löngu svæði, milli tveggja gilja. Syðra gilið er á merkjum og eftir því rennur Stekkjarlækur sem dregur nafn sitt af stekki 030. Garðurinn er að öllum líkindum forn, hann er hæstur 0,7 m og 2,5-3,5 m á breidd. Hann er lyngi- og mosavaxinn og lítill grænka er í honum nema þar sem hann liggur í mýrum. Hann er rofinn á köflum en útlínur hans sjást engu að síður, eingöngu sést í mold í rofinu og engar grjóthleðslur sjáanlegar.

Hættumat: engin hætta

SP-041:044



Heystæði 044_2, horft til SSV á ljósmynd.

SP-041:044_2 tóft heystæði

540634 625806

Tóft 044_2 er fast vestan við mógrafir 024, norðan við miðjan garð 044_1. Hún er 5x4 m stór, einföld og snýr norðaustur-suðvestur, Ekkert op sést á tóftinni sem bendir til þess að hún hafi verið heystæði. Veggirnir eru lyngivaxnir og lítil sem engin grænka í þeim. Þeir eru 0,2 m á hæð og 1 m á breidd.

Hættumat: engin hætta

SP-041:045_1 tóft heystæði

540388 626646


Tvær litlar tóftir af heystæðum eru á lágri hæð í þýfðum móa fast austan við Torfhólamýri/Torfdal 15 m sunnan við mógrafir og tóftir 026 og 800 m norðvestan við bæ 001. Tóftirnar eru á svæði sem er 8x4 m að stærð og snýr ANA-VSV. Hlutverk þeirra er ekki þekkt en af staðsetningu þeirra og útlit að dæma er líklegt er að þær séu af heystæðum en grösugt er í Torfdalnum. Ekki er þó hægt að útiloka að þær hafi verið notaðar sem móstæði.

Hólar og mólendi er austan við minjarnar en vestan við þær er grasi vaxið deiglendi í Torfhólamýri/Torfdal.

Tóft 045_1 er austar á svæðinu. Hún er einföld og torfhlaðin. Tóftin er 4x3 m að stærð og snýr norður-suður. Innanmál er orðið óljóst og ekki er op á henni. Veggir eru 0,3-0,4 m á hæð utanmáls og lyngi vaxnir.

Hættumat: engin hætta

SP-041:045



Heystæði 045_1-2, horft til suðausturs á ljósmynd.

SP-041:045_2 tóft heystæði

540383 626645

Tóft 045_2 er fast vestan við tóft 045_1 og er 3,5x2,7 m að stærð, snýr norður-suður. Tóftin virðist torfhlaðin og eru lyngi vaxnir veggir hennar 0,3-0,4 m á hæð. Innanmál er orðið ógreinilegt og ekki er op á henni en rof er í norðausturhorni.

Hættumat: engin hætta

SP-041:046 garðlag vörslugarður

540482 625980

Mjög fornlegur garður liggur úr vestri frá Bollafjalli meðfram norðanverðu Bæjargili og hættir að sjást þar sem það liggur ofan í gilið, þegar komið er niður úr mesta brattanum. Líklegt er að þessi garður hafi tengst öðrum forngröðum í landi Tindriðastaða (021 og 049) sem eru austar og liggja út og suður. Vesturendi garðsins er 170 m norðan við fornlega tóft 029 og austurendinn er 425 m vestan við bæ 001. Hlutverk garðsins er ekki þekkt en hann hefur án efa gegnt hlutverki vörslugarðs.



Forn vörslugarður 046 liggur meðfram norðanverðu Bæjargili, horft til VNV. Pælan meðfram garði 046 sést enn vel, horft til austurs.

Garðurinn liggur um nokkuð bratta hlið í lyngmóa. Bæjargilið sem garðurinn liggur meðfram er alldjúpt en ekki sérlega þröngt. Í mólendinu eru víða ógrónir hólkollar.

Garðurinn er torfhlaðinn og er 270 m á lengd, siginn og lyngi vaxinn. Þar sem garðurinn stendur best er hann 1,5 m á breidd en þar sem hann er mjög siginn er breiddin 2-3 m. Víða meðfram garðinum sést pælan enn vel og er hún 1,5-2 m breið og 0,2-0,3 m djúp beggja vegna við garðinn. Þar sem garðurinn er siginn og hefur samlagast brún pællunnar næst honum virðist garðurinn breiðari og hærri en hann er í raun. Innri eða syðri brún garðsins er 0,5-0,6 m á hæð og er litlu hærri en ytri brúnin. Sumsstaðar er komið rof í garðinn en það er ekki víða. Garðurinn verður mjög ógreinilegur þar sem hann liggur ofan í Bæjargilið áður en hann hverfur.

Hættumat: engin hætta

SB-041:047 sáðslétta tún

540917 626177

Túnið á Tindriðastöðum er ofan og vestan við lítið engjastykki á vesturbakka Fjarðarár (líklega Bæjarmýri). Til er kort af túninu frá 1918.

Túnið er í halla til austurs og er nokkuð mishæðótt. Mikill grasvöxtur er enn í því.

Túnið á Tindriðastöðum er 1,5 ha en á túnakorti er það sagt vera 1,3 ha. Það er 180x120 m að stærð og snýr NNA-SSV, breiðast syðst. Túnið er ekki mjög þýft og sjá má að hlutar þess hafa verið sléttaðir. Á túnakorti er 1/7 hluti sagður sléttaður. VNV-hlið túnsins er að mestu afmörkuð af túngarði 012 en ekki er að sjá leifar af túngarði annarsstaðar. Í fasteignamati frá 1916-1918 er túnið sagt vera 2,23 ha og má því ætla að inni í þeirri tölu séu tún utan heimatúnsins.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1918; Fasteignamat Suður-Þingeyjarsýslu 1916-1918 - undirmat I, 68



*Kort sem sýnir umfang túnsins á Tindriðastöðum og helstu minjar innan þess.
Loftmynd: Loftmyndir ehf. Túnakort frá 1918 er á innfeldri mynd.*

SP-042 Eyri / Arnareyri



Minjar í túninu á Arnareyri ef frá er skilinn nyrsti hluti þess. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

1686: 10 hdr., bændaeign. BL, 290.

1696: 8 hdr., bændaeign. BL, 290.

1712: 10 hdr., bændaeign. “[...] í eyði næstu 3 ár.” JÁM XI, 55.

1847: 10 hdr., bændaeign. JJ, 316. Í neðanmálsgrein á sama stað segir: “1805 er jörð þessi talin 5 h. að dýrleika, og nefnir prestur hana eign einn Arnareyri.”

“Eyri (Arnareyri). Fornt mat 10 h., nýtt 9,0 h. Var í byggð 1703-09 og á ný frá því um 1760 til um 1790, loks frá 1794 til um 1930. Einkaeign. Sjálfsábúð um 1794-1844 og á ný lík. 1860-1930.” BT, 37.

Jörðin er einnig nefnd Eyri, e.g. DI VI, 615.

Í Finnboga sögu ramma segir: “Um várit fór Finnbogi út til Íslands ok skorti eigi fjárhlut góðan ok

gripi ágæta. Skiljast þau Ingibjörg hinir beztu vinir, heldu í haf ok urðu vel reiðfara ok kómu skipi á Arnareyri.” ÍF XIV, 291.

1488, 28. apríl: “Tylftardómur útnefndr af Finnboga lögmanni Jónssyni, kongs umboðsmanni í Þingeyjarþingi, um kærur Magnúsar Þorkelssonar til Jóns Sigmundssonar um Grýtubakka [SP-031] og Hlýskóga [SP-030] og önnur fjármál [...]. Gudni euiolfsson tok at sier grytubakka og hlýskoga epter eyiolf arnfinnzson daudan. og þar til hundrada i fridum peningum og ofridum sua og iardirnar grimnes [SP-049] og eyri i fiordum [...].” DI VI, 614-615.

1531, 14. júlí: “Jón biskup á Hólum [SK-249] selr Þorsteini bónda Finnbogason kauphlutann í jörðinni Ási í Öxarfirði [NP-024] og jarðirnar Tóvegg og Haga á Árskógarströnd fyrir kauphlutann í Grýtubakka í Höfðahverfi [SP-031] og jarðirnar Hlíðskóg [SP-030] og Hringsdal [SP-053]; segir hvor um sig til kirkjujarða, og Þorsteinn geldr Grýtubakkakirkju jörðina Grímsnes [SP-049] með sex kúgildum í reikningsskap; lýsa þeir og fleirum jarðarþingum, er þeir hafi átt [...] sagdi greindur Þorsteinn böndi ad kirkian a Grýtubacka ætti þridiung i heimalandi ad auk þess sem adur skrifad stendur og þar til væri gömul eign kirkunnar a Grýtubkka jarderner Syrisveller. Eyri i eistri forðum og Höll i vestrum fiordum [SP-046]. Og þar til lukti greindur Þorsteinn kirkunni a Grýtubacka jörðina Grimnes med 6. málmuty kúgilldum [...].” DI IX, 593-594.



Skámynd af túninu á Arnareyri, horft til VSV. Gríðarmikið landbrot er við ströndina og fjöldi minja í stórhættu.

1533, 31. janúar: “Jón biskup á Hólum gefr “vorum kæra frænda” síra Sigurði Jónssyni presti á Grenjaðarstað jarðirnar Grýtubakka [SP-031] Hlýskóga [SP-030], Jarlstaði [SP-036], Hringsdal [SP-053], Steindyr [SP-051], Miðhús [SP-332], Grímsnes [SP-049], Svínárnes hált [SP-052], allar í Höfðahverfi, hált Nes í Höfðahverfi [SP-062]. Eyri í eystrum Fjörðum, Hól í vestrum Fjörðum [SP-046], með þeim fjár, er jörðunum fylgja, og segir biskup til jarða og kúgilda Grýtubakkakirkju, og kvittar kirkjureikning.” DI IX, 651-652.

1560, 14. ágúst: “Jarðaskiptabréf, og er skipt Eyri í Fjörðum fyrir Brettingsstaðir í Laxárdal [SP-220].” DI XIII, 515; sjá einnig Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 236.

Eyðibýli: Soffiukofi (SP-042:022). Ö-Arnareyri aths. og viðb.a, 3.

Jörðin fór í eyði 1934. Ö-Arnareyri, 1.

1918: Túnstærð: 1,6 ha; slétt.

1712: “Rekavon í lakara lagi, og eiga Höfðakirkja og Grýtubakkakirkja allan rekann hvals og við. Túnið er mikinn part eyðilaggt af sandfoki og sjáfargangi, og horfir til eyðileggingar. Engjar nær sem öngvar á landi, en jörðin á einn hólma í Hvalvatni, þar eru slægjur nokkrar, en mjög svipull heyskapur, og enginn þegar vatnið stendur uppi, því þá er hólminn í kafi. En sjór setur malarkamp í ósinn, þegar vatnið stendur þannig uppi. Úthagarnir eru mjög litlir og hrjóstrugir. [...] Þessa jörð brúkar nú til slægna og beitar ábúandinn á Brekku, og geldur fyrir þá nytkun xx álnir í landaurum.” JÁM XI, 55.

1839: “Jörðinni tilheyrir lítið grýtt og graslítið beitaland í Þorgeirshöfða. Gengur því fénaður á öllum tímum í Þönglabakkalandi [SP-044], því mesti og besti partur höfðans liggur undir prestssetrið. Rekaland á jörð þessi frá bænum og austan, og utan undir Höfðanum. Reka- og beitalönd liggja saman tveimur áminnstum bæjum. Jörð þessi hefur mikið og fagurt star- og flæðiengi með Austurfjarðaráróss suður frá bænum, áfast við Brekku slægjuland.” SSP, 68.

1916-1918: “Lýsing jarðarinnar: Túnið að mestu slétt, snögglent, en rækt nokkur. Stærð um 2 ha. Töðufall 38 hestar. Engjar sléttar, grasgefnar, votlendar en samfelldar. Nokkuð fjarri. Engjavegur dálítið ógreiðfær, blautur og yfir á að fara. Búfjárhagar. Beitaland fremur lítið og snjóþungt. Kjarnagott. Sumarhagar fremur góðir. Fjörubeit allgóð. Torfrista litil. Steypumöl næg og nærtæk. Trjáreki nokkur. Útræði ekki gott og samgöngur slæmar. Vegleysa um sveitina, sem er útkjálkasveit og langt til verzlunarstaða. Jarðabætur örðugar. Túnið liggur fyrir nokkru foki af sjávarsandi. Jörðin er talin framfleyta: 2 kúm, 2 hrossum og 90 fjár. Hús: Baðstofa, búr, eldhús, stóarhús, framhús og skemma og 3 kofar. Fjós og hesthús fyrir 3 hross. Fjárhús fyrir 60 fjár. Hlöðurúm fyrir 120 hesta. Mat jarðarinnar: Jörðin sjálf Kr. 1500.00. Hús Kr. 1100.00.” Fasteignamat Suður-Þingeyjarsýslu 1916-1918 - undirmat I, 67.

SP-042:001_1 Arnareyri bæjarhóll bústaður

541381 628191

Á túnakorti frá 1918 er bærinn merktur sunnarlega í túni. Bæjarhóllinn á Eyri er í mishæðóttu en nokkuð jafnlendu og flötu túni austan undir Stakhóli. Til norðausturs er fjörðurinn og innan við bæ til suðvesturs er Leira sem var áður aðalengi Arnareyrar en það er að miklu leyti komið undir vatn sem gengur inn að brekkurótum neðan við túnið í Brekku og er því túnið á Eyri á flatlendistanga milli sjávar og vatns. Á bæjarhólnum 001_1 er stór bæjartóft 001_2 en ekki eru aðrar sýnilegar minjar á hólnum.

Túnið er smáþýft og mikið brýtur af því vegna sjógangs. Grjót hefur kastast langt inn á það sem og fjöldi rekaviðardrumba.



Minjar á bæjarstæði Arnareyrar 001, horft til VSV á ljósmynd.

Bæjarhóll 001_1 er ekki mjög afgerandi og helst sést hann sunnan við bæjartóftina en þar eru jaðrar

hans mjög skýrt afmarkaðir til suðurs og vesturs eins og skorið hafi verið af honum en ekki er ljóst í hvaða tilgangi það hefur verið gert. Þar er hann rúmur 1 m á hæð og líklega hvergi hærri en 1,2 m. Hóllinn er um 30x26 m að stærð og snýr NNA-SSV. Ætla má að bærinn hafi verið byggður á dálitilli hæð í túninu upphaflega. Óvenjulítil uppsöfnun mannvistarlaga er á bæjarhóli Arnareyrar og ekki loku fyrir það skotið að bærinn hafi verið fluttur innar á túnið eftir því sem ágangur sjávar hefur brotið af því.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Túnakort 1918

SP-042:001_2 tóft bústaður

541385 628195

Stór bæjartóft 001_2 er á bæjarhólnum 001_1. Í Fasteignamati fyrir jörðina frá 1916-1918 eru eftirfarandi hús talin upp sem líklegt er að hafi öll verið hluti af bæjartóftinni: “Baðstofa, búr, eldhús, stóarhús, framhús og skemma og 3 kofar.” Að auki er getið um fjós og hesthús fyrir þrjá hesta sem einnig gætu hafa verið samtengd bæjartóftinni. Hún er grjóthlaðin að miklu leyti en torf er vitaskuld einnig í veggjum. Tóftin er 22x21 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin skiptist í tvo meginhluta og hefst lýsingin í suðurhlutanum þar sem aðalíveruhúsin hafa að líkindum verið. Í þeim hluta snúa öll hólfin eins og tóftin, nema annað sé tekið fram. Í tóftinni má greina 12 hólfa og fá þau bókstafi til aðgreiningar. Fremst eða austast í tóftinni er ílangt hólf A sem er 10x2,5 m að innanmáli. Ekki er nema mjög lágur veggur eða kantur meðfram suðausturlanghlið þannig að þar hefur án efa verið timburpil með bæjardyrum. Suðvestast í hólfinu er niðurgrafinn kjallari, 2x1,3 m að innanmáli, og snýr eins og hólfið. Úr miðju þessu hólfi liggja samansigin göng inn í bæinn sem varla er hægt að ganga eftir. Mjótt op er inn í fyrsta hólfa á hægri hönd (B) sem kann að vera lítillaga niðurgrafið. Hólfið er 2x1,5 m að innanmáli. Á vinstri hönd er stórt hólf C en ekki er op inn í það úr göngum, heldur er gengið inn í það á suðvesturhlið tóftar. Úr opinu eru um 0,5 m niður í þetta hólf sem er 4,5x2 m að innanmáli. Úr því er op inn í hólf D til



Bæjartóftin á Arnareyri 001_2. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

norðvesturs. Er það 2,5x1,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur, þvert á stefnu annarra hólfa í þessum hluta tóftar. Í því hólfi eru járnaleifar sem gætu verið úr eldavél. Næsta hólfi (E) á hægri hönd úr bæjargöngunum er innan við hólfi B. Opið inn í það er jafnbreitt hólfinu sem er 3x2 m að innanmáli. Á móti því, á vinstri hönd úr göngum er lítið hólfi F. Opið inn í það er einnig jafnbreitt hólfinu sem er um 1,5x1,5 m að innanmáli. Áfram er haldið inn göngin og við enda þeirra er stórt niðurgrafið hólfi G. Það er 6x2,5 m að innanmáli. Talsvert hefur hrunið úr veggjum ofan í það í norðausturenda. Afgerandi rof er á utanverðum norðvesturlangvegg. Til greina kemur að fjósbaðstofa hafi verið innst í bænum í hólfi G og að rofið í útveggnum sé í raun ummerki um op sem hægt var að moka heyi inn um eða moka mykju út. Þess er hins vegar ekki getið í Fasteignamatinu og hefur því ekki háttað þannig til í bænum þegar það var gert. Lýsing á norðausturhluta tóftar hefst einnig frammi á hlaðinu, á suðausturhlið tóftarinnar. Í austurhorni er hólfi H sem er 3x2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er hlaðinn veggur á suðausturgaffli þess þar sem hefur verið timburþil. Líklegt er að skemma eða smiðja hafi verið í þessu hólfi. Suðvestan við það er mjótt hólfi I sem er 3x1,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki



Lofljósmynd af bæjartóftinni 001_2 tekin til VNV.

er heldur hlaðinn veggur á suðausturgaffli þess. Úr því hólfi er gangur til norðvesturs og samansigið op úr honum til norðausturs inn í hólfi J. Það er L- laga og um 2x2 m að innanmáli. Hitt framhólfið er nokkuð stórt og innanmál skýrt. Að lokum eru tvö heldur litilfjörleg hólfi í norðurhorni tóftarinnar. Veggir þeirra eru lágir og mjóir og óljós op eru inn þau. Helst kemur til greina að þarna séu heystæði. Óljóst op er inn í þessi hólfi á norðvesturhlið og allra nyrst er hólfi K sem er 5x2,5 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Ytra byrði veggja í þessu hólfi er 0,7-0,8 m á hæð en innra byrðið aðeins 0,1-0,2 m. Op er úr því til suðvesturs í hólfi L sem er 4x2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Á milli þessara síðastnefndu hólfa og norðvestan við þau er þúst M sem hefur ekki greinanlegt innanmál. Hún er 0,4 m á hæð og lítillaga kúpt. Ekkert grjót er í nyrsta hluta tóftarinnar. Veggir eru hæstir suðvestast í tóftinni þar sem þeir eru 1,1-1,2 m á hæð og sjást mest sjö umför hleðslu innanmáls en 3-4 utanmáls.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Fasteignamat Suður-Þingeyjarsýslu - undirmat 1916-1918, 67

SB-042:002 tóft útihús

541425 628149

Útihús er um 50 m suðaustan við bæ 001 og um 10 m sunnan við útihús 003. Tóft útihússins sést en er að brotna í sjó. Neðan þess er 2m hátt barð og þar sést í mikil mannvistarlög, bæði vegg og dyraumbúnað. Sjórinn virðist ekki búinn að brjóta lengi af tóftinni en hún verður að öllum líkindum horfin innan fárra



Útihústóft 002 er illa farin af landbroti, horft til suðurs á ljósmynd.

ára engu að síður.

Túnið er flatlent og gróið tún, mikið af grjóti og rekavið er í því. Ljóst er að sjór gengur hér yfir í stórviðrum.


Tóftin er 9x5 m að stærð, snýr norður-suður og skiptist í tvö hólf. Veggir tóftarinnar eru 0,5-1 m á hæð og hlaðnir úr torfi og grjóti. Syðra hólflið er nánast ferkantað, 2,2x2,2 m að innanmáli og op er til suðvesturs. Bakhlið (austurhlið) hólfins er að brotna í sjó. Veggirnir eru grjóthlaðnir að innan og þar sjást 3-4 umför hleðslu. Að utan eru veggirnir lægri og þar sjást 2-3 umför af grjóti ofan við rofið. Grjót úr tóftinni liggur í fjörunni, neðan við bakkann sem sjórinn brýtur af. Mannvistarlög og torf sjást þar greinilega í rofinu og ljóst að mannvirki hafa staðið hér öldum saman. Nyrðra hólflið er 2,3x1,7 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Það er opið til austurs, fram á rofbakkann. Ummerki um dyraop inn í hólflið sjást í rofinu. Veggirnir eru grónir en víða glittir í grjót án þess að greinileg umför sjáist. Hólflið er fullt af veggja- og þakhruni. Ekki er gengt á milli hólfanna.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SP-042:003_1 þúst útihús

541419 628167

Á túnakorti frá 1918 er útihús teiknað um 45 m suðaustan við bæ 001 og um 10 m sunnan við útihús 057. Á svæði sem er 21x11 m stórt eru þrjár fornleifar: rústahóll/þúst 003_1, hleðsla 003_2 og útihús 003_3. Útihúsið er nánast horfið vegna ágangs sjávar, rofsniðið er 2-2,5 m á hæð og þar sjást m.a. aska, gripir úr kopar eða eir, torf- og grjóthleðslur. Frekari rannsóknir þarf til þess að hægt sé að segja til um aldur minjanna og hlutverk þeirra en ljóst er að þarna eru uppsafnaðar mannvistarleifar margra alda að



Rústahóll 003_1, hleðsla 003_2 og leifar af tóft 003_3.



Rofsnið í minjum 003, horft til vesturs



Rústahóll 003_1, horft til suðurs.

rannsókn. Þústin er slétt að ofan og gróin.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Túnakort 1918

SB-042:003_2 hleðsla útihús



Hleðsla 003_2, horft til suðurs

SB-042:003_3 tóft útihús



Leifar af tóft 003_3, horft til austurs.

skolast út á sjó.

Slétt, grasivaxið tún. Mikið landbrot er við túnið að austan og gróðurþekja er þunn.

Rústahóll/þúst 003_1 er undir yngsta byggingarskeiði útihúsa á staðnum. Hóllinn er 13,5 x 8 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er algróinn, 0,6 m á hæð og í rofi til austurs sjást mikil mannvistarlög. Aska bendir jafnvel til búsetu á einhverjum tím punkti, Mikið sjávarrof er við hólinn og líklega er allur austurhlutinn horfinn. Það mótar fyrir bogadregnu garðlagi/kanti 003_2 norðvestarlega á hólnum, líklega veggjabrot úr eldra húsi, sem var undir útihúsi 003_3, en ekki er hægt að staðfesta það án frekari

541417 628156

Fast SSV við hól 003_1 er L-laga hleðsla eða veggur 003_2. Hann er talinn hluti þessa minjastaðar en ekki eru bein tengsl á milli, utan nálægðar. Veggurinn er 0,3-0,4 m á hæð, Hann 7 m langur (norður-suður) og beygir til austurs í suðurenda þar sem hann er 4 m langur. Óljóst mótar fyrir öðrum hliðum til austurs en rekaviður lá þar yfir og byrgði sýn á minjarnar. Ekkert er vitað um hlutverk þessara brotakenndu minja en þar sem um minjar í túni er að ræða eru mestar líkur á því að um einhvers konar útihús sé að ræða.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

541423 628166

Tvö veggjabrot eru uppi á hól 003_1, á rofbrúninni. Veggirnir eru á svæði sem er 6x1,8 m stórt og eru hluti af langhliðum útihúss sem er nánast horfið vegna landbrots. Tóftin var opin til vesturs og sést það enn. Nyrðri veggurinn er nánast horfinn, hann er 2 m langur, 0,9 m breiður og 0,7 m á hæð. Það glittir í grjóti í honum. Syðri veggurinn er 2,2 m langur, 1,9 m breiður og 0,5 m á hæð. Hann er algróinn og óljós. Tóftin mun hverfa á næstu árum.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SP-042:004_1 Soffiukofi þúst

541403 628217

“Norðan við bæinn [001] og fast við hann stóð Soffiukofi. Þjó þar Soffía karlmaður. Var hún nefnd svo af því að hún vann öll karlmannsverk, svo sem að stunda sjóróðra. Svo langt er síðan Soffía þessi var við lýði, að faðir Bjarna mundi ekki eftir henni [Bjarni f. 1919],” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Soffiukofi er í túnjaðri, um 5m norðaustan við bæ 001, um 7m norðan við þúst 022 og tæpa 30m suðaustan við tóft 050. Á þessum rústahól er óljós býlistóft 004_2 með a.m.k. 6 hölfum en ofan á þá tóft hefur að auki verið byggð yngri tóft 004_3.

Tóftin er í jaðri flatlands túns, við fjöruborðið í Hvalvatnsfirði og hefur sjórinn nú þegar brotið hluta hennar.



Minjar um Soffiukofa 004. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Rústahóll 004_1, horft til norðurs.

Rústahóllinn er 20x15m að stærð og snýr í norður og suður. Upphleðsla hans er 30-50cm og hefur töluvert brotnað af honum í sjó fram. Á honum er bæjartóft 004_2 og útihústóft 004_3.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Arnareyri, aths. og viðb. a, 3

SP-042:004_2 tóft bústaður

541411 628215

Allstór býlistóft 004_2 er á rústahóli 004_1. Hún er 21x17 m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Tóftin er orðin mjög útflött og óljós en það má þó sjá móta fyrir 6 hölfum í henni. Þau liggja flest í einfaldri röð frá norðaustri til suðvesturs og snúa flest þvert á tóftina. Hverju hólfi verður gefinn bókstafur



Allstór býlistóft 004_2, horft til norðausturs.

Tóftinni er ógnað af landbroti, horft til suðurs.

til aðgreiningar í lýsingu sem hefst í norðausturenda. Þar er hólf A sem er 4x1m að innanmáli. Það er stórt op á því í norðvesturenda og má hafa verið timburgafl á því þar. Suðvestan við hólf A er hólf B og er það 4x3m að innanmáli. Lítið op er á því til norðvesturenda. Suðvestan við hólf B er hólf C. Það er 11x2m að innanmáli. Þröngt op er á því í norðvesturenda og annað til suðvesturs inn í stutt göng. Hólf D er suðvestan við hólf C og beint suðaustur af áðurnefndum göngum. Það er 2x2m að innanmáli. Op er úr vesturhorni þess til suðvesturs inn í hólf E sem er 1,5x1 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Úr því er svo op til suðausturs í hólf F sem er 2x1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Vegghleðslur eru mjög rúnnaðar og hafa að öllum líkindum eitthvað verið sléttaðar. Þær eru um 1-1,5m að breidd og 30-60cm á hæð. Það er greinilegt að norðausturhluti tóftarinnar hefur eyðst sökum landbrots. Hversu stór hluti af bæði rústahól og býlistóft hefur brotnað er erfitt að meta en það má ætla að það sé ekki minna en 10x5m. Beint suðaustur af hólfi B er yngri tóft 004_3.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SB-042:004_3 tóft útihús

541409 628219



Yngri tóft 004_3, horft til norðurs.


Á tóftabrotum 004_2 er yngri tóft 004_3. Hún er einföld, um 6x4m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Hún er 4x1m að innanmáli, snýr hólfið eins og tóftin og er op á hólfinu til suðvesturs. Ytrabyrði tóftar er 60-120cm á hæð og er það hæst við norðausturgafflinn en innra byrðið er einungis um 30cm á hæð. Vegghleðslur eru mjög rúnnaðar, um 1-1,5m að breidd og glittir sumsstaðar í grjóthleðslur. Umför verða þó ekki talin. Líklegt er að tóftin hafi gegnt hlutverki útihúss.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SB-042:005_1 tóft fjárhús

541355 628260

Á túnakorti frá 1918 er útihús merkt um 70 m norðvestan við bæ 001. Þar er stór fjárhústóft 005_1 sem er byggð ofan á túngarð 007_1. Fast suðvestan við hana er þúst 005_2. Minjarnar eru vestast í túninu á afgerandi hólbrún sem afmarkað hefur túnið áður fyrr. Ílöng laut er á milli túns og Stakhóls til



Fjárhústóft 005_1, horft til VSV á ljósmynd.

norðvesturs.

Túnið er fremur flatlent, grasi gróið og smápýft.

Tóftin er 22 m á lengd og víðast er hún 6 m á breidd en um miðbikið er hólf byggt utan í hana og þar er hún 9 m breidd. Hún snýr norðaustur-suðvestur og skiptist í fjögur hólf. Ekki sjást augljós ummerki þess að eldri bygging sé hér undir en þó er nokkuð afgerandi hólmyndun sunnan við tóftina og suðvestan við hana þar sem er grænni grasgróður en í kring (fyrir utan tóftina sjálfa). Þessi hólmyndun getur verið náttúruleg. Tóftin er af fjárhúsum með garða og sambyggðri hlöðu. Hún er frá yngsta búsetuskeiði á jörðinni og er talsvert af timbri úr grind og þaki enn í tóftinni. Hleðslur standa enn nokkuð vel en hlaðan er samansigin og hrúnið hefur ofan í hana. Op er inn í fjárhúsin í austurhorni. Það er samfallið. Fjárhúsin eru 8,5x3 m að innanmáli og snúa eins og tóftin. Garði skiptir fjárhúsunum í tvær krær. Hægt er að komast á milli þeirra við norðaustur-enda hans. Garðinn um 0,6 m á breidd og 0,5 m á hæð. Í honum sjást 3-4 umför hleðslu. Vestari króin er talsvert samansignari en sú austari. Innanmáls í fjárhúsunum sjást 6 umför í hleðslum og þar eru veggir 1,3 m á hæð þar sem þeir standa best á austurhlið. Ekki er sýnlegt op á milli fjárhúsa og hlöðu sem er suðvestan við þau. Hlaðan er 5,5x2 m að innanmáli og snýr eins og tóft og fjárhús. Hún virðist tvískipt en að öllum líkindum er það hrun úr veggjum sem lætur það líta þannig út. Hlaðan er grafin inn í hæðina sem áður er nefnd en veggur í fullri hæð er á norðvesturhlið hólfins. Suðvestan við hlöðuna er óljóst hólf sem hefur nánast enga vegg, líkist helst heystæði en innanmál þess er þó furðu skýrt. Er það 1,5x2,5 m að innanmáli og snýr þvert á tóftina. Lítið hólf er byggt utan í miðja norðvesturhlið tóftarinnar, utan við vesturhorn fjárhúsanna. Það er hlaðið í hallann sem er niður af túnjaðrinum. Hólfið er 2,5x1 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Op inn í það sést ekki lengur en hefur verið í norðausturenda. Hólfið er fremur grunnt og hefur líklega fyllst af hrúni og þakefni. Líklega hefur verið hrútakofi í þessu hólf. Hæð veggja í tóftinni er víða 1,1 m en hæstir eru þeir 1,4 m, þar sjást 5 umför hleðslu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1918

SP-042:005_2 þúst óþekkt

541344 628242



Þúst 005_2 vestan við túngarð 007_1, horft til NNA.


Afgerandi þúst 005_2 er 3,5 m suðvestan við fjárhústóft 005_1 og fast suðvestan við hæð þá sem suðvesturhluti fjárhúsanna er á. Hún virðist vera í götu sem liggur að túngarði 007_1 og um op á honum. Þústin er 3x2 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er 0,2-0,4 m á hæð, hæst í suðvesturenda. Þústin er vaxin grænu, kraftmiklu grasi en einnig mosa. Ekki er ljóst hvort eða hvernig þessi mannvirki tengjast.

Hættumat: engin hætta

SP-042:006 *Lambhúshóll* tóft lambhús

541345 628195

Á túnakorti frá 1918 er útihús merkt um 40 m suðvestan við bæ 001. Líklega er það lambhús sem nefnd eru í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá: „Lambhús stóðu á Lambhúshól suðvestur af bæ [001].” Stór tvískipt tóft er enn á þessum stað vestan við bæ, á hæðarbrún. Er hún frá yngsta búsetuskeiði á jörðinni.



Lambhús 006, horft til vesturs á ljósmynd.

Túnið er grasi vaxið og smáþýft. Flatar engjar eru neðan við til suðurs og eru þær að stórum hluta undir vatni.

Tóftin skiptist í fjárhús og hlöðu. Ekki er sýnilegt op á milli hólfa og hefur það líklega ekki verið. Tóftin er 13x14 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er að mestu grjóthlaðin en torf er einnig í hleðslum (lítið þó). Suðaustara hólfið er fjárhúshlutinn. Op er inn í það sunnan við miðja suðausturhlið. Innan við op, í suðurhorni, eru ummerki um niðurgröft og er grjót þar ofan í, allt gróið. Fjárhúshlutinn er 6x6 m að innanmáli. Ekki sjást undirstöður garða skýrt en þrír ílangir, lágir hryggir liggja suðaustur-norðvestur í hólfinu. Sá suðvestasti er stystur vegna meints niðurgrafar sem nefndur var hér að framan. Hlaðan er norðvestan við fjárhúshlutann og er hún lítið niðurgrafin. Hún er 7,5x2,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á miðjum norðvestur-vegg og er gengið ofan í hlöðuna. Utan og norðvestan við hlöðuna eru óljós ummerki um mannvirki sem gætu hafa myndast við athafnir utan við hlöðuna eða rask. Á þessu svæði má sjá grunna lægð og lágan hrygg þar norðaustan við en lítt greinilegur hryggur er hinum megin við til suðvesturs, á hólbrun. Í tóftinni er mesta hæð veggja utanmáls um 1,3 m (hlaða) en víðast eru veggir um 1 m á hæð. Fjöldi umfara sést ekki vel utanmáls en þar sem hægt að greina þau sjást mest 5 umför. Veggir standa nokkuð vel. Það er sérkennilegt að í austurhorni er eins og tekið hafi verið út úr horninu eða eins og að suðaustur-veggur sé seinni tíma viðbót því hann nær bara að norðaustur-vegg en ekki fyrir endann á honum. Í kverk á milli hlöðu og fjárhúsa á norðausturhlið er grjóthrúga sem virðist ekki vera hrun eða hluti af mannvirkinu.


Hættumat: engin hættu

Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Arnareyri, aths. og viðb.a., 3

SB-042:007_1 garðlag túngarður

541345 628240

Meðfram norðvesturjaðri túnsins á Arnareyri má sjá tvær útgáfur af túngörðum en túnið hefur verið fært út til norðvesturs, a.m.k. í tvígang. Síðasti garðurinn sem afmarkaði túnið til norðvesturs var lágur grjóthlaðinn garður 024. Er það sá garður sem hefur verið við líði þegar túnakort fyrir bæinn var gert árið 1918. Einnig hefur túngarður 023 afmarkað hluta túnsins undir lok búskapar á jörðinni en hann er skráður á sérnúmer þar sem samband hans við þá hluta túngarðsins sem hér eru skráði er ekki augljóst og virðist hann umfangsminni og yngri en þeir. Alls voru skráðar níu fornleifar sem tilheyra þessum minjastað og er því um nokkuð flóknar minjar að ræða. Túngarður 007_1 og 007_6 eru hluti af sama garðinum sem virðist elsta sýnilega útgáfa túngarðs sem afmarkaði norðvesturhlið túnsins. Túngarðshluti 007_6 hefur verið sléttaður út þegar túnið var fært út, þá var túngarðshluti 007_1 endurhlaðinn og túngarðshluti 007_8 hlaðinn utan við eldri garðinn. Alls eru sex tóftir sambyggðar öllum þessum gördum, langflestar eru sambyggðar túngarði 007_1, en þær eru fjórar talsins. Minjar um túngarða og sambyggðar tóftir eru rúmum 50 m norðvestan við bæ 001. Þær eru á svæði sem er 142x38 m að stærð og snýr norðaustur-



Túngarður 007_1 og tóftir 007_2-4.

Túngarður 007_1 suðvestan við fjárhús 005, horft til suðvesturs.

suðvestur.

Túnið er fremur flatlent og jafnlent, lítið sem ekkert þýft og er ekki mikill grasvöxtur í því. Norðvestarlega í því er nokkuð afgerandi náttúruleg lægð. Norðvestur- og suðvesturjaðrar túnsins eru afmarkaðir af allgreinilegri brún sem virðist að miklu leyti náttúruleg en hefur mögulega byggst upp í gegnum tíðina við það að túngarðurinn hefur verið endurhlaðinn. Túngarðurinn er í það minnsta hlaðinn ofan á þessa brún að norðvestanverðu og kann einnig að hafa verið að suðvestanverðu þó að ummerki þess sjáist ekki lengur greinilega. Mikið af rekaviði er á dreif um túnið og mikið af grjóti næst fjörunni. Gríðarlega mikið landbrot er í túninu af völdum sjávar.

Minjalýsingin hefst á túngarði 007_1 sem tengdist eldri garði 007_6 og yngri garði 007_8. Hann er suðvestast á minjasvæðinu og er 44 m langur og liggur norðaustur-suðvestur en beygir til suðausturs í suðvesturenda og sést þar á stuttum kafla þar til hann hverfur í tún. Garðurinn hefur verið endurhlaðinn úr torfi og er 0,8-1,2 m á breidd. Hæstur er hann um 0,6 m utanmáls. Nærri norðausturenda er skarð í túngarðinn, líklega hefur þar verið hlið á honum. En þúst 005_2 sem skráð er með fjárhúsum 005_1 er utan við skarðið og heftir þannig för um meint hlið á garðinum. Þessi hluti túngarðsins endar rétt norðaustan við skarðið.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

SP-042:007_2 tóft útihús

541326 628222

Við utanvert vesturhorn túngarðs 007_1 er ógreinileg tóft 007_2 sem virðist með eldri tóftum af þeim



Sigin tóft 007_2, horft til NNA.

sem sambyggðar eru þessum hluta túngarðsins. Er það aðallega gróðurinn sem gefur það til kynna en í henni vex minna gras og meiri mosi en í hinum tóftunum. Tóftin er 8,5x6,5 m að stærð (ef túngarðurinn er mældur með í breidd tóftar). Í vesturhorni tóftar er breitt op inn í hana og úr því er op til norðausturs inn í hól sem er 3x1,5 m að innamáli og snýr eins og tóftin (norðaustur-suðvestur). Innri brún veggja er mjög lág og er hólfið líkt flötum stalli. Tóftin er í nokkrum halla til norðvesturs og ekki ljóst hvar veggir endar og náttúruleg brún tekur við. Veggir eru mjög signir og eru um 0,3 m á hæð þar sem þeir eru hæstir. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftin gegndi en

líklegt er að hún sé af útihúsi.

Hættumat: engin hætta

SP-042:007_3 tóft útihús

541327 628228

Fast norðaustan við tóft 007_2 er önnur einföld tóft 007_3 sem virðist yngri. Þessar tvær tóftir eru mjög þétt saman og kunna að hafa verið sambyggðar en þá hefur sá hluti sem hér er skráður verið lengur í notkun. Tóftin er 7,5x5,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er gróin og sigin og sést ekkert grjót í veggjum sem eru 0,4-0,5 m á hæð þar sem þeir eru hæstir í norðvesturenda. Í þeim enda virðist hafa verið op inn í tóftina. Hlutverk tóftarinnar er óljóst en líklega er hún af útihúsi.

Hættumat: engin hætta



Útihústóft 007_3, horft til suðausturs.

Heystæði 007_4 sem byggt er ofan á eldri tóft 007_5, horft til suðvesturs.

SP-042:007_4 tóft heystæði

541335 628234

Norðaustan við tóft 007_3 og sambyggð utanverðum túngarði 007_1 er lítil tóft 007_4 með skýrt innamál. Hún virðist byggð ofan á eldri tóft 007_5. Tóftin er líklega eingöngu torfhláðin og er 4x3,5 m að stærð. Eitt hól er í tóftinni og óljóst op inn í hana er í norðvesturenda. Veggir tóftarinnar eru mjóir og lágir, 0,4-0,5 m á breidd og 0,1-0,2 m á hæð utanmáls. Bendir það til þess að þarna hafi ekki verið hús undir þaki og er þá líklegt að þarna hafi verið heystæði.

Hættumat: engin hætta

SP-042:007_5 tóft útihús

541333 628235


Útflött tóft 007_5 virðist vera undir tóft 007_4 við utanverðan túngarð 007_1. Hún er 7,5x6,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Í henni sjást tveir steinar standa upp úr sverði norðvestan við tóft 007_4 og þar sem utanmál veggja sést (helst upp við túngarð 007_1) eru þeir 0,2-0,3 m á hæð. Líkt og aðrar tóftir sem eru sambyggðar túngarðinum er líklegast að þessi hafi gegnt hlutverki útihúss.

Hættumat: engin hætta

SP-042:007_6 garðlag túngarður

541383 628257

Útflattur hluti af túngarði 007_6 sem var samtengdur garði 007_1 er í beinu framhaldi af honum í sveig til ANA. Suðvesturendi fjárhústóftar 005 er rétt utan við þessa túngarða þar sem rof er á milli þeirra. Tóft eða gerði 007_7 er sambyggð þessum hluta túngarðsins að innanverðu. Ætla má að þessi garður hafi



Hluti af túngarði 007_6 og gerði 007_7.

Útflattur hluti af túngarði 007_6, horft til austurs.

verið sléttaður með handverkfærum þegar túnið var fært út og túngarður 007_8 reistur. Garðurinn sést á 32 m löngum kafla þar sem hann liggur frá VSV til ANA. Garðurinn er mjög óskýr í VSV-enda þar til komið er austur fyrir tóft/gerði 007_7. Þaðan er hann aðeins greinilegri þar til hann hverfur í ANA-enda í grýttu túninu þar sem sjórinn hefur borið mikið af grjóti inn á það. Garðurinn er 4-5 m á breidd og 0,3 m á hæð þar sem hann er hæstur. Ekkert grjót sést í honum en ekki er ljóst hvort að hann hafi eingöngu verið torfhláðinn.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SP-042:007_7 gerði óþekkt

541371 628248

Allstórt, útflatt gerði er sambyggt túngarðshluta 007_6 að innanverðu. Það er 12,5x8,5 m að stærð (að garðinum fráöldum) og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir þess eru 2-2,5 m á breidd og 0,2 m á hæð. Mögulega er op á því í suðurhorni en það kann að hafa myndast við umferð sauðfjár.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots



Útflatt gerði 007_7, horft til norðurs.



Túngarður 007_8, horft til suðurs.

SP-042:007_8 garðlag túngarður

541387 628325


Þriðji og síðasti hluti túngarðsins 007_8 liggur til norðausturs frá norðurhorni fjárhústóftar 005_1. Hann hefur verið hlaðinn þegar túnið var fært út og túngarðshluti 007_6 var sléttaður. Garðurinn er gróinn og virðist að mestu torfhlaðinn. Hann sést á 74 m löngum kafla en endar við tóft 007_9. Innri brún garðsins sést illa, sérstaklega eftir því sem lengra dregur til suðvesturs. Þar sem garðurinn stendur best er hann 0,3-0,4 m á hæð og víðast er hann 1,5-2 m á breidd.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SP-042:007_9 tóft útihús

541390 628334

Tóft 007_9 er sambyggð norðaustur-enda túngarðs 007_8, er utan við garðinn og þar af leiðandi utan túns áður en túnið var fært út í síðasta sinn (sjá túngarð 024. Ætla má að hún hafi gegnt hlutverki útihúss af einhverju tagi. Tóftin virðist vera torf- og grjóthlaðin en þó er ekki útilokað að grjótið sem sést í sverði



Tóft 007_9, horft til suðausturs á ljósmynd.

í tóftinni hafi borist í hana með sjógangi. Tóftin er 9,5x6,5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hún virðist einföld með op á SSV-gaffli. Innst í tóftinni kann að vera hrun en ekki er útilokað að þar hafi verið annað óljóst hólf sem er 2x2,5 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Framan við það, í SSV-enda er þá annað hólf sem er 3,5x2 m að innanmáli og snýr eins. Mesta hæð veggja í tóftinni er 0,4 m.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SP-042:008 hleðsla brú

541185 628160



Meintar leifar af brú 008, horft til vesturs.

“Leiran er suðvestur frá bænum [001]; farið var á hellubru yfir Bæjarlækinn [sjá 047] en hann var tekinn úr Brekkulæk, því hér var enginn lækur til nema úr Höfðavatni,” segir í örnefnaskrá. Ekki er víst hvar brúin yfir Bæjarlækinn var en þó er líklegt að hún hafi verið þar sem Brekkulæknum var veitt eftir rennu 047 í átt að bænum sunnan undir Eyrarhóli/Stakhóli, um 200 m vestan við bæ 001. Meint brú er í mjóum farvegi kvíslar úr Brekkulæk sem rennur til suðausturs út í Leiruna. Hleðsluleifar eru fast neðan við rennu 047 þar sem hún virðist byrja.

Minjarnar eru á flatlendu deiglendi neðan við

lyngivaxna brekku. Votengi er til suðvesturs.

Í kvíslarfarvegi Brekkulækjar sést í nokkra steina þar sem læknum var veitt eftir rennu heim að Eyri og eru það líklega leifar af brúnni. Á sama stað má einnig sjá mosagróna timburplanka og rekaviðardrumba. Grjótið sést á svæði sem er innan við 1 m á kant. Ofan og vestan við það er kvíslarfarvegurinn gróinn og gæti hleðslan hafa náð lengra til vesturs. Ekki sést steinn yfir steini. Hafi verið brúarhleðsla á þessum stað hlýtur hún einnig að hafa gegnt hlutverki stíflu í læknum til þess að hægt væri að veita vatni eftir rennunni. Leið SP-621:001 á milli Tindriðastaða, Brekku og Eyrar lá ofan við og meðfram rennunni og var brúin á þeirri leið. Ekki er útilokað að brúin hafi verið annarsstaðar á Bæjarlæknum/rennu 047 og nær bæ en þá er ekki vitað hvar hún var.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Arnareyri, 2

SP-042:009 *Kvíar* örnefni kvíar

“Uppi á Hálsi er aðalbeitiland jarðarinnar. Þar uppi er Startjörn, sem fyrir getur, Kvíar, og Hrossasteinn eða Hestasteinar sem er skammt ofan og sunnan götunnar [SP-621:011],” segir í örnefnaskrá. Startjörn er mitt á milli Þönglabakka og Brekku. Þrátt fyrir leit á svæðinu nærri Startjörn fundust engar tóftaleifar sem bent gætu til að þar hafi verið kvíar og er harla ólíklegt að ær hafi verið mjólkaðar í kvíum svo langt frá bæjum. Gæti örnefnið vísað til náttúrulegra aðstæðna sem minna á kvíar en ekki er vitað hvar þær eru.

Heimildir: Ö-Arnareyri, 2

SP-042:010 gryfja óþekkt

541358 628201



Gryfja 010, horft til norðvesturs.

Grunn lítil gryfja er á milli bæjar 001 og útihúss 006 á flatlendum hluta túnsins og smápýfðum, nærri suðurjaðri þess. Útflött tóft 040 er fast suðaustan við hana.

Túnið er fremur flatlent og smápýft, mikið er af rekaviði hér allt í kring.

Gryfjan er 1,5 m í þvermál og 0,2 m á dýpt. Ekki sést grjót í henni en suðvestast í henni, á efri brún, er fremur grönn spýta sem gæti hafa tilheyrt henni. Óljóst má greina kraga í kringum gryfjuna þar sem gróður er minni eða meira nagaður af sauðfé en annarsstaðar í nágrenninu. Kraginn er 1,5 m á breidd. Útlit mannvirkisins minnir helst á brunn en ýmis önnur hlutverk koma til greina.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM XI, 55

SP-042:011 heimild um heystæði

“Nykurtjörn [SP-044:034] er hér uppi á hálsinum. Við tjörnina eru rústir, líklega eftir heystæði, of langt frá bæ til að vera kvíar,” segir í örnefnaskrá. Engar tóftir fundust hjá Nykurtjörn og verður að tejust hæpið að þar hafi verið heystæði nema að þar hafi átt sér stað gríðarlegar umhverfisbreytingar því að afskaplega lítið graslendi er á þessum slóðum.

Heimildir: Ö-Arnareyri, 2

SP-042:012 heimild um landamerki

541694 627782

“Milli Eyrar og Kaðalstaða [SP-040] ræður varða, sem hlaðin var á Kaðalstaðamöl,” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Ekki er vitað nákvæmlega hvar varðan á Kaðalstaðamöl stóð en hún er horfin vegna landbrots. Ætla má, út frá landamerkjálýsingum, að hún hafi verið norður af Köðluósi, um 190 m suðaustan við ós Hvalvatns og 500 m suðaustan við bæ 001.

Kaðalstaðamöl er grýttur sjávarkambur og rótar sjórinn möl og grjóti upp á hann.

Engin ummerki sjást lengur um vörðuna en ekki er vitað hvenær hún hvarf.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Arnareyri Aths. og viðb.a., 1

SP-042:013 heimild um myllu

541097 628181



Mögulega var mylla 013 á tanga sem gengur út í Brekkugil, horft til norðausturs.

“Brekkulækur fellur í djúpu gili, sem kallað er Brekkugil. Þar var fallhæð lækjarins nokkur og notuðu Eyrarmenn afl hans til að knýja kvörn til að mala korn, einkum bygg,” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Ekki er vitað hvar mylla var í Brekkulæk og sáust engin skýr ummerki um hana. Hins vegar er líklegur staður ofarlega í Brekkugili, 60 m vestan við bæinn á Brekku SP-043:001 og 420 m vestan við bæinn á Arnareyri 001.

Brekkugil er gróið að miklu leyti, einkum Brekkumegin, þar sem bakkar þess eru lægri. Brekkulækur er ekki vatnsmikill og nokkuð grýttur í botninn.

Brekkugil er fremur vítt og grunnt efst og þar gengur flatur tangi út í farveg Brekkulækjar. Þar

er líklegt að mylla hafi staðið en engar mannvirkjaleifar sjást á tanginum sem er gróinn og þýfður. Hann er 10x10 m að stærð. Svo virðist sem að mjór skurður hafi verið grafinn í gegnum norðvestanverðan tangann þar sem vatni úr læknum kann að hafa verið veitt inn í mylluna. Meintur skurður er um 9 m langur, allur samansiginn. Ofan og suðvestan við tangann er talsvert grjót í lækjarfarveginum sem kann að hafa tilheyrt mannvirkjum í tengslum við mylluna en um það verður ekki fullyrt.

Hættumat: hættu, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Arnareyri Aths. og viðb.a., 1

SP-042:014 Uppspretta lind vatnsból

541386 628512

“Utan við Eyri er heilsulind,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 2000. “Um 200 m. norðaustur frá bænum [001] var Uppspretta, kom hún upp úr klettasprungu,” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Tæpum 300 m fyrir utan (norðan) bæ 001 er ein uppspretta, hún rennur fram undan steinum en er langt frá því að vera tær eða vatnsmikil. Líklega er það Uppspretta sem nefnd er í heimildum því það er ekki önnur lind sjáanleg á þessum slóðum.

Lindin er í brekku sem hallar til austurs, þar sem svonefnd Klauf opnast norðan við Eyrarhól/Stakhól. Svæðið er gróið, lyng og mosi eru áberandi. Jarðvegur skríður fram til austurs, undan halla.

Vatnið rennur undan jarðvegi/steinum á tveimur stöðum. Nyrðri lindin er stærri og þar er stendur vatn með slýi. Sú syðri er smærri og hreinni en engu að síður full af mold. Lækjarspræna rennur til sjávar og fellur niður kletta frá lindinni.



Lindaruppspretta 014 rennur til austurs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: ÁFÍ 2000, 162: Ö-Arnareyri Aths. og viðb.a., 3

SP-042:015 *Ytra-Dys* þjóðsaga legstaður

540996 628465



Horft til ANA frá Innra-Dys 016 að Ytra-Dys 015.

“Þegar komið var upp fyrir Stakhól var skammt í hól einn, sem kallaður var Ytra-Dys, en nokkru innar var Innra-Dys [016], sögur eru um, að á þessum stöðum hafi fornir menn verið dysjaðir. Milli dysanna voru svarðargrafir [017] Eyrarmanna,” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Líklega er Ytra-Dys stór og hár hól, næsti hól vestan við Stakhól/Eyrahól. Hóllinn er 430 m norðvestan við bæ 001 og 390 m ASA við Innra-Dys 016.

Hóllinn er blásinn ofan í mel að ofan en gróinn neðar. Uppi á honum er möl og grjót. Frá honum sést að Brekku SP-043 og að Innra-Dys 016 en ekki heim að bæ 001.

Engin mannvirki sjást á hólnum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Arnareyri Aths. og viðb.a., 2

SP-042:016_1 *Innra-Dys* þjóðsaga legstaður

540620 628510

“Þegar komið var upp fyrir Stakhól var skammt í hól einn, sem kallaður var Ytra-Dys [015], en nokkru innar var Innra-Dys, sögur eru um, að á þessum stöðum hafi fornir menn verið dysjaðir. Milli dysanna voru svarðargrafir [017] Eyrarmanna,” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Innra-Dys er allhár hól norðaustan og upp af Startjörn sem er grasi vaxin. Hóllinn er 390 m VNV við Ytra-Dys 015 og 815 m norðvestan við bæ 001.

Hóllinn er í halla til vesturs niður af Þorgeirshöfða og er hæst fram af honum til vesturs. Neðan við hann tekur við annar lægri hól. Hóllinn er blásinn ofan í mel að ofanverðu en gróinn neðst. Efst á honum eru klappir. Frá hólnum sést yfir að Ytra-Dysi og Brekku SP-043 en ekki heim að bæ 001.

Engin ummerki sjást á hólnum um heiðnar dysjar en á honum er hleðsla 016_2.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Arnareyri, aths. og viðb.a., 2



Hleðsla 016_2 á hólnum Innra-Dys 016_1 horft til austurs.

Hleðsla 016_2 er á sunnarlega á hólnum Innra-Dys og er hún á stóru jarðföstu bjargi sem er 2 m á lengd, 1 m á breidd og 0,4 m á hæð. Hleðslan er aflöng og snýr norður-suður, er 1,6x0,6 m að stærð. Hún er 0,2 m á hæð og aðeins sést eitt umfar hleðslu í henni. Mögulega hefur hrunið úr henni til austurs. Hleðslan er gróin syðst en nyrst er hún aðeins skófum vaxin. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessi hleðsla hefur gegnt en meðal þess sem kemur til greina er þarna hafi verið refagildra.

Hættumat: engin hættu

“Þegar komið var upp fyrir Stakhól var skammt í hól einn, sem kallaður var Ytra-Dys [015], en nokkru innar var Innra-Dys [016], sögur eru um, að á þessum stöðum hafi fornir menn verið dysjaðir. Milli dysanna voru svarðargrafir Eyrarmanna,” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Svarðargrafir eru í grunnum dal á milli Dysjanna, um 650 m norðvestan við bæ 001.

Dalurinn er í halla til suðurs, niður af Þorgeirshöfða. Hann er votlendur og gróinn. Neðst í honum virðist vera blautast og þar vex engjagróður. Þurrara verður eftir því sem ofar og norðar dregur í dalnum.



Mógrafir 017, horft til austurs.

Ummerki um mótekju eru í miðjum dalnum þar sem er deiglent en ekki forarblautt. Þar er votlendisgróður í bland við mólendisgróður.

Greina má mógrafir á svæði sem er 45x26 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Neðst og suðvestast á svæðinu eru grafir í jaðri mýrlendis á stelli í dalnum. Greinilegri ummerki um mótekju eru á þurrara svæði ofar og norðaustar á svæðinu. Mógrafirnar eru alldjúpar og stendur vatn í þeim summsstaðar. Þær eru misdjúpar en víða er dýpt þeirra 0,5-0,6 m. Líklegt er að mór hafi verið tekinn á stærra svæði en ekki sjást ummerki annarsstaðar í dalnum.


Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Arnareyri, aths. og viðb.a., 2

“Við endann á túninu, sem náði fram á Eyrarrófu, var hlaðinn garður um svokallaðan Sáðgarð,” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Sáðgarður er mikið raskaður og einungis ein hlið hans sést enn. Kálgarðurinn er rúmum 50 m SSA við bæ 001 og 8 m VSV við útihús 002. Hann er utan túns eins og það var skilgreint á túnakorti frá 1918.

Gróið tún, í aflíðandi halla til suðurs. Mosi og gras eru ríkjandi. Deiglent er til vesturs.

Kálgarðurinn var að öllum líkindum um 7x6 m stór og snéri austur-vestur. Hann sést enn að hluta, norðurveggurinn er varðveittur og kantur þar sem austurveggurinn var. Norðurveggurinn er 7x1,5 m að



Kálgarður 018, horft til suðurs á ljósmynd.

stærð, 0,3 m á hæð og er algróinn. Austurhliðin sést sem kantur sem fjarar út til suðurs. Hann er 0,1-0,2 m á hæð og gróinn.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Arnareyri, aths. og viðb.a., 2

SP-042:019 *Heystöður* heimild um heystæði

“Leiran og Eyrarhólminn voru aðalútengin. Þau voru á kafi á vorin. Var þar mikill heyskapur á sumrum. Heystöður, fram á bökkunum suður af Eyri, meðfram ánni, á móti Tindriðastöðum [SP-041]. Þar stóð alltaf uppúr og var þar haft hey,” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Ekki liggur ljóst fyrir hversu langt Eyrarhólminn hefur náð til suðurs en svo virðist sem að Brekkuhólmi hafi verið í framhaldi af honum og sunnan við hann og náð að engjum Tindriðastaða. Vesturbakki Eyrarhólma stendur nokkuð hátt og er smápýfður og grösugur. Svæðið var ekki gengið skipulega og ekki sjást skýrar tóftir af heystæðum á því af loftmynd en víst má telja að þau hafi verið á nokkrum stöðum. Mögulega eru einhverjar þeirra horfnar vegna landbrots af völdum Fjarðarár. Ein heystæðistöft er skráð á Eyrarhólma (sjá 059) en hún er syðst á hólmanum og ekki á bakka Fjarðarár.

Heimildir: Ö-Arnareyri, aths. og viðb.a., 2

SP-042:020 *Brunnhús* brunnur brunnur

541381 628140

“50 til 100 m suðaustur frá bænum, niður við vatnið, voru Brunnhús, yfirbyggður brunnur, mynduðu



Leifar af brunni 020, horft til austurs á ljósmynd.

þau nokkurn hól,” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Að öllum líkindum er þessi brunnur á flatlendum og þurrum bakka suðaustan við bæinn. Þar er lág þúst með sýnilegu grjóti í miðju. Brunnurinn er 50 m sunnan við bæ 001 og 10 m SSV við meintan brunn 048. Brunnagata 038 hefur legið frá bæ að brunninum.

Brunnurinn er á grasivöxnu, lítillaga deiglendu svæði, á milli túns og Leirunnar. Það er flatlent og sléttlent. Rof er í jarðvegi sunnan við brunninn og standa steinar þar upp úr sverði.


Þústin sem sést á yfirborði er 3x4 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún stendur 0,1 m upp úr umhverfi sínu. Brunnurinn virðist hafa verið fylltur af grjóti þegar hann fór úr notkun en einnig getur verið að grjótið sem sést í honum miðjum sé úr hleðslum sem hafa hrunið inn í hann.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Arnareyri. aths. og viðb.a., 3

SB-042:021 þúst óþekkt

541368 628180



Þúst 021, horft til suðvesturs á ljósmynd.

Stór þúst er á flatlendi rétt utan túns, 6 m suðvestan við bæjarhól 001_1 og 15 m suðaustan við tóft 040. Svæðið í kringum þústina er slétt og þurrt en getur orðið deiglent ef vatnsstaðan hækkar í Leirunni. Gróður einkennist af grasi og engjagróðri í bland.

Þústin er 9,5x6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er tiltölulega flöt að ofan en í henni suðaustarlega er grunn lögð og í henni er lítil hola. Mögulega er þar samansigið innanmál í tóft. Þústin er hæst í suðausturenda þar sem hún er 0,3-0,4 m á hæð en lækkar til norðvesturs. Ekki er ljóst hvers konar mannvirki hér kann að leynast undir sverði.

Hættumat: engin hættu

SB-042:022 þúst óþekkt

541412 628197

Tvær þústir eru í túni, tæpum 5m austan við bæ 001 og um 5m sunnan við Soffiukofa 004. Þær skera sig frá umhverfi sínu sökum mikillar grósku.

Þústirnar eru fremst á sjávarbakka og má fastlega gera ráð fyrir því að hluti þeirra hafi eyðst sökum landbrots.

Þústirnar eru á svæði sem er 14x6m að stærð og snýr norður suður. Nyrðri þústin er 8x6m að stærð og snýr norður og suður. Mikið af sjávargrjóti er á henni en ekki er hægt að greina neitt hleðslugrjót í henni. Upphleðsla hennar er 60-80cm. Þústin gæti hafa tengst hinni þústinni sem er 2m sunnar en sú þúst er 5x2,5m að stærð og snýr vestur og austur.



Pústir 022, horft til suðurs.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SP-042:023 garðlag túngarður

541396 628411

Túnið á Arnareyri hefur tekið töluverðum breytingum vegna mikils landbrots og hefur það verið fært út til norðurs og norðvesturs til að bregðast við minnkandi túni. Túngarður 007_1 og 007_6 og 007_8 eru hlutar



Túngarður 023, horft til suðurs.

af eldri túngarði en meðfram austurjaðri mjórrar túnræmu nyrst í túninu er einnig túngarðshleðsla sem skráð er undir þessu númeri. Ekki er ólíklegt að hann hafi tengst túngarði 007_8. Annar ungur og lítilfjörlegur garður 024 er 30 m suðvestar og hefur afmarkað norðvesturhlið yngstu útfærslu túnsins.

Garðurinn er í gróinni brekku, í halla til austurs niður af svokölluðum Eyrarhól, niður í Eyrarfjöru. Lyng, mosi og gras eru áberandi ofar í brekkunni er gras neðar.

Túngarðurinn er algróinn, er ytri brún hans (austari) mun skýrari en innri brúnin. Þessi hluti túngarðsins er varðveittur í tveimur bútum. Nyrðri hlutinn er sunnan við fjárhús 035 og endar austan við fjárhús 034. Hann liggur til suðurs frá

snarbröttu barði um gróið túnið. Hann er 43 m að lengd, 0,3-0,4 m á hæð og 2 m á breidd. Syðri hlutinn sést 9 m sunnar og endar vestan við þúst 025. Hann er 28 m langur og 2 m breiður, 0,3 m á hæð og er óskýrari en nyrðri hlutinn. Hrun sést austan við norðurenda og rennur saman við brekkuna til suðurs.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Túnakort 1918

SP-042:024 garðlag túngarður

541337 628282

Túnið á Arnareyri hefur tekið töluverðum breytingum vegna mikils landbrots og hefur það verið fært út til norðurs og norðvesturs til að bregðast við minnkandi túni. Túngarður 007_1 og 007_6 og 007_8 eru hlutar af eldri túngarði en meðfram austurjaðri mjórrar túnræmu nyrst í túninu er einnig túngarðshleðsla 023 og lítilfjörlegur grjóthlaðinn garður sem hér er skráður er 30 m suðvestar og hefur afmarkað norðvesturhlið yngstu útfærslu túnsins. Grjóthlaðið garðlagið sést í brekkurótum Láhóls, 16 m norðvestan við túngarð 007_8 og rúmum 80 m norðvestan við bæ 001. Garðurinn er afar ólíkur túngarði 023 og skráður stakur af þeim sökum.



Grjóthlaðinn túngarður 024, horft til norðurs.

Garðlagið er neðarlega í brekku sem hallar til austurs niður af Láhól. Efst eru klettur en mosi og lyng eru ríkjandi gróður í brekkunni.


Garðlagið er um 55 m langt og 1 m á breidd. Það liggur í sveig eftir brekkunni og hlaðið úr stórum, stökum steinum. Það sést í 1-2 umför af grjóthleðslu sem er 0,2-0,3 m á hæð. Steinarnir eru vaxnir skófum og mosa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1918

SP-042:025 þúst óþekkt

541390 628348



Þúst 025, horft til norðurs á ljósmynd.

“Eyrarlendingin [028] var aðeins vestar en bærinn [001]. [...] Kofi stóð fram á Bakkanum. Nær bænum voru tveir garðar, kallaðir Hvolf [026].” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Um 130 m norðan við bæ 001 og 6 m norðan við tóft 007_09 er þúst, að öllum líkindum ummerki um kofann sem talað er um hér að framan. Mikið landbrot er á þessu svæði og eins líklegt að hann sé farinn. Þústin er innan heimatúnsins líkt og það var afmarkað 1918 en hún kann að hafa verið utan túns áður en það var fært út (sjá umfjöllun um túngarð 007).

Gróið, ósléttuð svæði. Ljóst er að sá hluti túnsins sem er utan (norðan og vestan) við túngarða 007 var ekki sléttuður.

Þústin er á sjávarbakka, fjara er fast til austurs og sjórinn brýtur af norðausturhorni hennar. Í 4 m háu rofsniði sjást engin mannvistarlög en ljóst er að töluverð mannvist er undir sverði sunnar í þústinni. Hún er 1-1,5 m á hæð, 18x6 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Hún er algróin og slétt að ofan. Við suðausturhorn þústarinnar sést bogadregin veggur, hann er 2 m á breidd, 0,6 m á hæð og algróinn.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Arnareyri Aths. og viðb.a., 3

SB-042:026 *Hvolf* heimild um naust

Eyrarlendingin [028] var aðeins vestar en bærinn. [...] Kofi [025] stóð fram á Bakkanum. Nær bænum voru tveir garðar, kallaðir Hvolf. Bjarni [M. Stefánsson f. 1919] telur að bátum hafi verið hvolft á milli þeirra,” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Ekki er vitað hvar þessir garðar voru en samkvæmt lýsingunni hafa þeir verið nýttir sem naust. Afar líklegt er að öll ummerki um þessar minjar séu horfin vegna landbrots. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja naustið.

Heimildir: Ö-Arnareyri Aths. og viðb.a., 3

SB-042:027 *Grindahjallur* heimild um hjall

“Hjallur var frammi á bakkanum, kallaður Grindahjallur,” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Ekki er vitað hvar hjallurinn var staðsettur. Líklega er hann kominn í sjó eða undir grjót við fjöruna. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja hjallinn en líklegt að hann hafi verið í nágrenni við lendingu 028.

Heimildir: Ö-Arnareyri Aths. og viðb.a., 3

SB-042:028 *Eyrarlending* heimild um lendingu

541413 628347

“Heimræði er hjer, þó lending sje brimsöm, en skipsuppsátrið er sæmilegt,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1712. “Eyrarrif liggur þar meðfram Eyrarfjöru og spillir mjög lendingunni, þá er Eyrarfjara eða Eyrarlending [...],” segir í örnefnaskrá. “Eyrarlending var aðeins vestar en bærinn [001] [...]. Bátar voru settir upp í Vörina, en hún var rudd upp undir Bakkann [...],” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Ekki er vitað hvar lendingin var en miðað við núverandi aðstæður er líklegt að hún hafi verið um 130 m norðan við bæ 001 og austan við þúst 025. Samkvæmt heimildum var erfitt að viðhalda lendingunni og hún fylltist af grjóti.

Eyrarfjara er nokkuð stórgrýtt. Er grýttur bakki við túnið en sjávarbakkinn hækkar umtalsvert norðan við tóft 025.

Engin ummerki um lendingu sjást vegna landbrots og grjóts sem sjórinn ber með sér og rótar í fjörunni.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: JÁM XI, 55; Ö-Arnareyri, 1; Ö-Arnareyri Aths. og viðb.a., 3

SB-042:029 þjóðsaga

541041 629173



Nykurtjörn, horft til vesturs. Höfðalækur rennur úr vatninu.

“[...] Höfðalækjur. Munnmælasögur segja, að milli tjarnarinnar og sjávar séu göng og gæti í tjörninni flóðs og fjöru,” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Höfðalækur á upptök sín í Nykurtjörn (sjá SB-044:034) sem er um 1km norð-norðvestur af bæ 001.

Heimildir: Ö-Arnareyri Aths. og viðb.a., 3

SP-042:030 *Kaðalstaðabúð* heimild um sjóbúð

“[...] frá Eyri var róið í Hvalvatnsfirðinum, þó lending [028] væri þar ekki góð, en við Kaðalstaðasand var það ekki hægt, nema ekki væri bára á sjó, enda höfðu frambæingar þar (Eyri) aðstöðu sína, er þeir vildu á sjó fara. Höfðu þeir sjóbúð þar úti á bakkanum, en ekki var hún notuð til útvegs, frá því ég [Jónatan Stefánsson f. 1901] man til, en í henni voru sauðir hýstir; samt bar hún alltaf nafnið Kaðalstaðabúð,” segir í örnefnaskránni *Úr Fjörðum*. Mögulega er þetta sama búð og Theódór Friðriksson nefnir í bók sinni *Í verum*: „Við bárum svo farangurinn upp í gamla sjóbúð, sem var neðarlega í Eyrartúninu.” Ætla má að Kaðalstaðabúð hafi verið í grennd við lendingu 028 sem er um 150 m norðan við bæ 001. Þar er mikið landbrot og litlar líkur til þess að nokkuð sé eftir af sjóbúðinni. Engar af þeim minjum sem skráðar voru á landi eru líklegar til þess að vera leifar af Kaðalstaðabúð, nema ef til vill útflött og ógreinileg tóft 046 sem er utan við elstu útgáfu af túngarði 007_6.

Heimildir: Ö-Úr Fjörðum, 22; Theódór Friðriksson, 212

SP-042:031 *Láhóll* heimild um huldufólksbústað

541327 628325



Láhóll 031, horft til norðvesturs.

“[...] en fyrir ofan bæinn [001] er Eyrarhóll og utan í honum er Láhóll[,] í honum eru klappir og eru sagnir um álfabyggð þar,” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Eyrarhóll er einnig nefndur Stakhóll og er afgerandi hár hóll norðvestan við túnið á Eyri. Láhóll er talsvert minni og lægri hóll sem er neðan og austan undir Stakhóli/Eyrarhóli. Hann er um 120m norð-norðaustan við bæjarhól 001. Hóllinn er ílangur og gróinn neðst í hlíðum en ógróið klettabelti er efst í honum að austanverðu. Engar þekktar sagnir eru um álfa eða huldufólk í Láhóli.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Arnareyri, aths. og viðb.b, 1

SP-042:032 varða óþekkt

541107 628995

Grjóthlaðin varða er á Þorgeirshöfða, tæpa 120m suðaustan við Nykurtjörn og um 830m norð-norðvestan við bæ 001.



Varða 032, horft til norðvesturs.

Varðan er á háum og áberandi kletti sem stendur hærra en gróðurlaus klettaholtin umhverfis.

Varðan er um 120cm á hæð og um 1m í þvermál. Hún er svo til hringlaga. Ofarlega í henni er steinn sem skagar út frá henni og vísar til suðurs inn Hvalvatnsfjörðinn. Varðan er vaxin skófum, stendur vel og er ágætlega hlaðin. Ekki fundust aðra vörður á svæðinu sem gætu bent til þess að hún væri hluti af varðaðri leið. Þess má geta að landamerki milli Þönglabakka og Arnareyrar sem koma frá RALA (Rannsóknarstofnun Landbúnaðarins) liggja í þessa vörðu og er ekki útilokað að hún hafi gegnt hlutverki landamerkjavörðu á síðari tímum. Í

landamerkjalyðingu jarðanna frá 1890 kemur hins vegar skýrt fram að merkin lágu upp í Höfðavatn/ Nykurtjörn og þaðan í Startjörn og má af lýsingunni skilja að línan hafi legið í yfir vatnið/tjörnina en ekki austan við þar sem varðan er.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM XI, 55

SP-042:033 heimild um lögn

“Netaveiði var stunduð í vatninu meðan búið var á Arnareyri, og þótti gott búsilag,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1992.

“Silúngsveiði í Hvalvatni að nokkru gagni með lagnetjum,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712. Hvalvatn er innan við Kaðalstaðamöl sem er sjávarkambur innst í Hvalvatnsfirði. Miklar breytingar hafa orðið á vatninu og ós þess hefur færst mikið til vesturs, nær Arnareyri.

Ekki er vitað hvar netaveiðin var stunduð eða hvort að nokkur mannvirki voru í tengslum við hana. Ekki tókst því að staðsetja lögnina með innan við 50 m skekkju.


Heimildir: ÁFÍ 1992, 124; JÁM XI, 55

SP-042:034 tóft fjárhús

541379 628390

Greinileg tóft er nyrst í yngsta hluta heimatúnsins, um 190 m norðan við bæ 001 og rúmum 40 m sunnan við tóft 035. Sé tekið mið af staðsetningu og gerð er tóftin af fjárhúsum. Tóftin er ofarlega í brekku og ekki í stórhættu vegna landbrots að svo stöddu.

Tóftin er í nokkrum halla til norðausturs, niður af Láhóli. Lyng vex ofar í brekkunni og svæðið er nokkuð þýft.



Fjárhústóft 034, horft til austurs á ljósmynd.

Tóftin er 11x6 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún skiptist í tvennt, fjárhús og hlöðu að baki. Veggirnir eru 0,6-1,5 m á hæð og það má greina 2-4 umför grjóthleðslu í þeim. Fjárhúsin eru í austurhlutanum. Hólfíð er 3x1,6 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er til austurs fram í brekkuna og annað til vesturs yfir í hlöðuna. Ekki sér til garða inni í hólfinu. Hlaðan er grafin inn í brekkuna stendur engu að síður hærra en fjárhúsin sem óvanalegt en sést víðar í Fjörðum. Hólfíð er 3x1,8m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru grónari en í fjárhúsunum og allt að 2 m á hæð.


Hættumat: hætta, vegna landbrots

SB-042:035 tóft fjárhús

541393 628440

Stæðileg fjárhústóft er tæpum 50 m norðan við fjárhús 034 og rúmum 220 m norðan við bæ 001. Hún er nyrst í heimatúninu líkt og það er afmarkað á túnakorti 1918. Einungis 2 m eru frá tóftinni fram á snarbrattan sjávarbakka og ljóst að brotna mun af tóftinni á næstu árum. Um 5 m brattur rofbakki er niður í fjöruna.

Tóftin er í gróinni brekku sem hallar til austurs, niður Láhól. Brekkan er þýfð en skammt ofan við tóftina er lyng og rýrari gróður ríkjandi.



Fjárhústóft 035, horft til austurs á ljósmynd.

Fjárhúsin eru 13x9 m að stærð og snúa nálega austur-vestur. Veggirnir eru algrónir en að innan glittir í 2-3 umför grjóthleðslu. Þeir eru lægstir að utan. Fjárhús með garða eru í austurhluta tóftarinnar. Þau eru 6,3x2,2m að innanmáli og er ekki hlaðinn veggur á austurgafli þar sem ætla má að hafi verið timburþil. Ljóst er að mikið landbrot er við tóftina og frá austurgaflinum eru einungis tæpir 2 m niður að bröttum rofbakka. Veggirnir eru grjóthlaðnir 0,3-1 m á hæð og að innan má greina 2-3 umför grjóthleðslu. Garðinn er 0,4 m á hæð og algróinn. Gera má ráð fyrir að hann sé engu að síður grjóthlaðinn. Í vesturenda tóftar er niðurgrafin hlaða. Hún er 5,2x2,7 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ekkert op sést á henni. Engu að síður er gólfíð hærra en í fjárhúsunum, brekkan er það brött. Veggirnir eru 0,2-1,8 m á hæð og það sjást grjóthleðslur inni í hlöðunni í suðurhluta.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SB-042:036 þúst óþekkt

541396 628185

Óregluleg þúst er í túni fast SSA við bæjartóft 001_2. Aðeins er tæpur 1 m á milli þústar og suðausturveggjar í gerði 037 en þessar minjar virðast ekki tengjast.

Túnið er fremur flatlent í kringum bæinn, smáþýft og grösugt. Talsvert mikið af rekaviði og grjóti hefur borist upp á túnið.

Þústin er þýfð og er eins og S laga lína liggja í gegnum hana miðja sem skiptir henni í tvo hluta. Þústin er 6x2,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Er 0,2-0,3 m á hæð, hæst í austurenda. Frá henni liggur óljós veggur eða hleðsla í boga til ASA að meintum kálgarði 049. Hún er smáþýfð og




Þúst 036, horft til norðurs.

jarðlæg, 0,7-0,8 m á breidd og 0,1 m á hæð. Brunngata 038 liggur frá henni til suðurs. Óljóst er hvernig þetta tvennt tengist. Ekkert er vitað hvers konar mannvistarleifar eru hér undir sverði en ekki er útilokað að þústin sé gróinn öskuhaugur.

Hættumat: engin hætta

SP-042:037 gerði kálgarður

541397 628177



Kálgarður 037 er sýndur á korti til vinstri, sunnan við þúst (mögulegan öskuhaug) 036. Ljósmynd til hægri sýnir kálgarðinn, horfti til ASA.

Fáum metrum sunnan við bæjartóft 001_1 eru leifar af gerði, líklega kálgarði. Ekki er ósennilegt að það hafi tengst garði 049 sem er 3 m NNA við og virðist einnig hafa afmarkað kálgarð.

Túnið er fremur flatlent í kringum bæinn, smápýft og grösugt. Talsvert mikið af rekaviði og grjóti hefur borist upp á túnið.

Gerðið samanstendur af tveimur gördum og er rof á milli þeirra. Þeir afmarka svæði sem er þríhyrningslaga og er 12 m breitt yst og næst bæ en mjókkar í hvasst horn til suðurs. Sá garður sem afmarkar ASA-hliðina er nánast útflattur, 2,5 m á breidd og 0,1-0,2 m á hæð. Ógreinilegastur er hann í SSV-enda. Brunngata 038 liggur á milli þessa garðs og garðlags 049. Garður á suðvesturhlið gerðisins er í túnjaðri og er lágur kantur fram af honum til suðvesturs. Hann er mun greinilegri en fyrrnefndi garðurinn þar sem hann sést best, í norðvesturenda. Þar er hann þó ekki nema 0,1-0,2 m á hæð og verður mjög ógreinilegur eftir því sem lengra dregur til suðausturs. Nokkuð afgerandi bil er á milli bæjarhóls 001_1 og gerðisins, eins og að þar hafi verið allbreitt hlið.

Hættumat: engin hætta

SP-042:038 gata leið

541400 628187

Brunngata liggur frá bæ 001 í sveig til SSV í átt að brunni 020 og meintum brunni 048. Gatan sést þar sem hún liggur í milli kálgarða 049 og 037 og niður af túninu.

Leiðin liggur um fremur flatlandan hluta túnsins sem er smápýfður og grýttur en sjórinn hefur borið mikið af grjóti inn á túnið.

Á leiðinni er ein mjó og gróin gata. Hún er mjög grunn en dýpst er hún 0,1 m þar sem hún liggur fram af suðvesturbrún túnsins. Hægt er að fylgja henni á 26 m löngum kafla frá bæ en hún hverfur þegar kemur niður á deiglent flatlandi sunnan við túnið.


Hættumat: engin hætta



Brunngata 038, horft til SSN.

SP-042:039 tóft kvíar

541302 628245



Kvíar 039, horft til SSA á ljósmynd.

Kvíatóft er skammt frá túni, neðst við rætur Stakhóls. Hún er tæpa 80m norðvestan við bæ 001 og um 40m vestan við fjárhústóft 005.

Tóftin er utan túns á mörkum mólendis og graslendis.

Kvíatóftin er einföld, 8x5m að stærð og snýr norð-norðaustur og suð-suðvestur. Hún er 6x1m að innanmáli og er op á henni í suð-suðvesturenda. Innrabyrði tóftar er allt grjóthlaðið en einnig ytrabyrði norð-norðvesturgaffls. Innrabyrðið er skarpt og stendur vel og er það um 80cm á hæð. Ytrabyrðið er 60-80cm á hæð og er öllu ávalara en innrabyrðið. Breidd veggja er 1-1,5m og eru hleðslur mjóstar í norð-norðvesturgaffli, ásamt norðurhorninu. Má vera að einhvern tíman hafi verið virkt rof í tóftinni þar sem er nú gróið. Að öðru leyti er tóftin vel gróin.


Hættumat: engin hætta

SP-042:040 tóft útihús

541361 628196

Lítt afgerandi tóft er í suðvesturjaðri túnsins á Eyri á milli lambhúss 006 og bæjar 001. Gryfja 010 er fast norðan við hana.

Túnið er fremur flatlent og smápýft, mikið er af rekaviði hér allt í kring.



Tóft 040, horft til suðurs á ljósmynd.

Tóftin er 5,5x6 m að stærð, litlu lengri ANA-VSV. Hún er nokkuð flöt að ofan og 0,3 m á hæð þar sem hún er hæst í norðausturhorni. Tóftin er nokkuð skýrt afmörkuð að norðan- og norðaustanverðu en að öðru leyti eru ytri mörk hennar ekki skýrt afmörkuð. Ekki sést innanmáli í tóftinni en ætla má að þarna hafi verið útihús. Hún er grasi vaxin og ekkert grjótt sést í henni.


Hættumat: engin hætta

SP-042:041 *Stekkjargrund* tóft stekkur

451623 629063

“Þá tekur við lægð ein, sem nefnd er Bælingarlaut, og sunnan við hana Stekkjargrundin. Að austan er á kafla ekkert undirlendi, aðeins snarbrattar skriður,” segir í ornefnaskránni Úr Fjörðum. Stekkjartóft er austan undir Þorgeirshöfða um 670m norðan við bæ 001, rúma 150m sunnan við mógrafir 043 og rúma 420m austan við vörðu 032.

Stekkurinn er á mjóu undirlendi sem liggur milli brattrar skriðu og þverhniþra sjávarkletta. Allmikill jarðvegur hefur borist niður af höfðanum til austurs með leysinga- og rigningavatni beggja vegna við stekkin og er mikil hætta á því að aur og jarðvegur muni færa tóftina í kaf.



Stekkur 041, horft til austurs á ljósmynd.

Tóftin er tvískipt, 13x5m að stærð og snýr suð-suðvestur og norð-norðaustur. Op er inn í nyrðra hólfið á NNA-gafla. Það er 5x2,5m að innanmáli og snýr eins og tóft. Op er úr því upp í syðra hólfið sem stendur litlu hærra í landinu. Þar hefur lambakróin verið og er hún 3,5x1m að innanmáli, snýr einnig eins og tóftin. Vesturhluti tóftarinnar er grafinn inn í halla en að öðru leyti er hún hlaðin úr torfi og grjóti. Vegghleðslur eru um 1,5m á breidd, vel grónar grasi en þó er rof komið í norðausturhornið á nyrðra

hólfinu. Ytra byrði tóftar er frá 20-100cm á hæð og er það lægst að vestanverðu sem snýr að brekkunni sem tóftin stendur undir en hæst að austanverðu. Innrabyrði er 60-80cm á hæð. Grjóthleðslur eru bara sýnilegar í syðra hólfinu og má þar telja um 3 umför í vesturlanghliðinni.

Hættumat: stórhætta, vegna skriðufalla

Heimildir: Ö-Úr Fjörðum, 16

SP-042:042 náma mógrafir

541623 629063

Mógrafir eru austan undir Þorgeirshöfða, um 880m norð-norðaustann við bæ 001, um 30m norð-norðaustan mógröf 043 og rúma 500m austan við vörðu 032.

Mógrafirnar eru yst við sjávarkletta í knöppu graslendi undir brattri hlið.

Mógrafarsvæðið er um 30x9m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Mógrafirnar eru um 70-100cm á dýpt og grónar í botninn. Botninn á þeim er töluvert blautur.

Hættumat: engin hætta



Mógrafir 042, horft til austurs.

Mógrafir 043, horft til suðurs.

SP-042:043 náma mógrafir

541591 629020

Mógrafir eru austan undir Þorgeirshöfða, um 830m norð-norðaustann við bæ 001, um 150m norð-norðaustan við stekk 041 og um 30m suð-suðvestan við mógröf 042.

Mógrafirnar eru yst við sjávarkletta í knöppu graslendi undir brattri hlið.

Mógrafarsvæðið er um 30x9m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Mógrafirnar eru um 60-100cm en víða má sjá enn dýpri grafir sem eru fullar af vatni. Margar virðast grónar í botninn en aðrar ógrónar.

Hættumat: engin hætta


SP-042:044 tóft útihús

541348 628216

Stór sigin tóft er í túni fast NNA við lambhús 006 og gengur undir hana. Tóftin er 28 m norðvestan við bæ 001. Staðsetning hennar gefur til kynna að hún hafi gegnt hlutverki útihúss.

Túnið er flatlent, smáþýft og grösugt. Mikið af rekaviði hefur borist upp á túnið og er ofan í og allt í kringum tóftina. Afliðandi halli er frá tóft til norðurs ofan í lægð í túninu.

Tóftin er 10x8 m að stærð og snýr NNA-SSV. Aðeins sést NNA-hluti tóftarinnar og því ekki ljóst hversu langt hún náði til SSV. Eitt hól sést í tóftinni en þó er þrenging í því miðju sem gæti gefið til kynna hólaskiptingu. Veggir tóftarinnar eru signir og virðast hafa verið sléttaðir með handverkfærum. Þeir eru 2-2,5 m á breidd en hæstir eru þeir 0,3 m í NNA-enda. Ekkert grjót sést í tóftinni en líklegt er að það hafi



Útflött útihústóft 044, horft til SSV á ljósmynd. Yngri tóft 006 er að hluta byggð ofan á hana.

verið notað í veggjahleðslur með torfinu.


Hættumat: engin hætta

SP-042:045 tóft útihús

541330 628212

Nokkuð fornleg tóft er í vesturhorni túnsins og liggur túngarður 007_1 ofan á vesturhorni hennar. Mögulega hefur hún verið sambyggð túngarðinum en lent undir honum þegar þessi hluti hans var endurhlaðinn. Staðsetning hennar gefur til kynna að hún hafi gegnt hlutverki útihúss.

Tóftin er frammi á afgerandi náttúrulegri brún sem afmarkar túnið og túngarðurinn er hlaðinn á. Túnið er fremur flatlent á þessum slóðum en afliðandi halli er til norðausturs.



Tóft 045, horft til suðausturs á ljósmynd.

Tóftin er einföld og er 7,5x6,5 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Hún kann að hafa verið lengri til norðvesturs en það sést ekki vegna túngarðs 007_1. Ekki er að sjá að það hafi verið hlaðinn veggur á suðausturgaffli þar sem kann að hafa verið timburpíl. Veggir tóftarinnar eru grónir, 1,5 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Ekki sést í grjóti í veggjum.

Hættumat: engin hætta


SP-042:046 tóft útihús

541379 628276

Meint fornleg tóft er í túni á milli túngarðshluta 007_6 og 007_8 sem mynda þríhyrnu nyrst í túninu. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt og eru líkur til þess að hún hafi verið utan túns, ef hún er eldri en

túngarðshluti 007_8. Helst kemur þó til greina að hún sé af einhvers konar útihúsi.

Túnið er fremur flatlent og lítið þýft en talsvert af grjóti hefur borist inn á það í sjógangi. Víða í þessum hluta túnsins eru ójöfnur sem erfitt er að átta sig á og gætu fleiri mannvirki verið á honum eins og í túninu öllu.



Útflött tóft 046, horft til vesturs á ljósmynd.


Dálítill hæðarhryggur, lágur og illgreinanlegur, gengur út til austurs frá austurhorni fjárhúsa 005_1. Meint tóft er austan í honum eða í framhaldi af honum til austurs og nær nánast að fjörुकambinum. Tóftin er illgreinileg en innanmál hennar þó sæmilega sannfærandi. Tóftin er 12,5x8,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Op er á henni í austurenda þar sem tóftin er alveg útflött. Vesturendi tóftarinnar er einnig óskýr og hefur samlagast brún eða hrygg í túninu. Veggir tóftar eru signir og útflattir, hæstir eru þeir 0,2-0,3 m.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SP-042:047_1 Bæjarlækur renna vatnsból

541243 628203

“Leiran er suðvestur frá bænum [001]; farið var á hellubru [008] yfir Bæjarlækinn en hann var tekinn úr Brekkulæk, því hér var enginn lækur til nema úr Höfðavatni,” segir í örnefnaskrá. Mjög grunn renna 047_1 er á flatlendi neðan Stakhóls meðfram Leirunni, áleiðis að Eyri. Rennan sést um 140 m vestan við bæ 001 og 70 m suðvestan við kvíar 039. Við hana er grjótdreif 047_2 sem mögulega er hluti af vatnsveituf framkvæmdinni.



Kort sem sýnir vatnsveituskurð 047_1 og þúst 047_2.
Lofmynd: Loftmyndir ehf.

Vatnsveituskurður 047_1, horft til VSV.

Meint vatnsveita er í grösugu og deiglendu flatlendi á milli lyngigróinnar brekku í Stakhóli og Leiru, engis sem er á kafi í vatni.

Svo virðist sem að farvegur úr Brekkulæk sem rann lengst til norðurs hafi verið stíflaður, mögulega þar sem talað er um hellubru 008 og því vatni veitt í handgrafna rennu sem hlykkjast eftir láglendinu áleiðis að Eyri. Þessi farvegur lækjarins er nú þurr næst ánni en kemur upp litlu innan við meinta stíflu/brú 008 og rennur út í Leiru. Rennan sem vatninu var veitt eftir sést á 72 m löngum kafla og liggur norðaustur-suðvestur. Hún er grunn og mjó, 0,2 m á breidd og dýpt en breiðari norðaustast þar sem talsvert rof hefur orðið og endar rennan við vatnið. Rennan liggur í hlykkjum.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Arnareyri, 2

SB-042:047_2 þúst óþekkt

541234 628194



Grjótpúst 047_2, horft til suðvesturs.

Um 12 m suðvestan við norðausturenda sýnilegs hluta rennu 047_1 má sjá grjótdreif í rofi við vatnsborðið í Leirunni. Ekki er ljóst hvort að grjótið sé úr hleðslu og þá í sambandi við vatnsveituf framkvæmd eða hvort þeir hafi borist þangað með náttúrulegum hætti. Grjótdreifin er tæpir 3 m á lengd og 0,5 m á breidd.

Hættumat: engin hætta

SB-042:048 þúst brunnur

541386 628151

Lág og gróin grjótpúst er á flatlendi suðvestan við túnið á Arnareyri, um 10 m NNA við brunn 020 og 40 m sunnan við bæ 001. Hlutverk hennar er ekki þekkt en hún er að öllum líkindum brunnur.

Þústin er á grasivöxnu, lítillaga deiglendu svæði, á milli túns og Leirunnar. Það er flatlent og sléttlent.

Þústin er lítillaga aflöng, er 2,5x2 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er 0,1 m á hæð. Ef þetta er brunnur hefur hann líklega verið fylltur af grjóti en einnig er mögulegt að hann hafi fallið saman og að grjótið sem sést í þústinni sé úr hleðslum.


Hættumat: engin hætta



Leifar af brunni 048, horft til norðurs á ljósmynd.

SP-042:049 garðlag kálgarður

541404 628190



Kort sem sýnir kálgarð 049 og aðrar minjar í næsta nágrenni.

Leifar af meintum kálgarði 049, horft til SSV.

Framan og suðaustan við bæ 001 er siginn veggur eða garður. Hann virðist helst geta verið hluti af kálgarði en þó er það óljóst. Er þessi garður örfáum metrum NNA við meintan kálgarð 037 og ekki ólíklegt að þessi mannvirki hafi tengst. Brunngata 038 liggur á milli þeirra.

Garðurinn er á nokkuð flatlendum hluti túnsins sem er smápýfður. Mikið af grjóti og rekaviðardrumbum hefur borist upp á túnið og að garðinum í sjógangi.

Garðurinn er 13 m langur og liggur NNA-SSV. Hann er 2 m á breidd en breikkar mikið í SSV-enda þar sem hann er 4 m á breidd. Garðurinn er 0,3 m á hæð en hæstur í SSV enda þar sem hann er 0,5 m á hæð. Er líklega hlaðinn úr torfi og grjóti en engar grjóthleðslur sjást í honum.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots


SP-042:050 tóft útihús

541382 628248

Mjög óljós tóft er fast sunnan við túngarð 007_6 og austan við tóft 007_7. Hún er enn fremur um 30m norðan við bæ 001 og um 2m austan við þúst 051.

Tóftin er innan túns og nálægt fjöru.

Tóftin er mjög óljós og mun hafa verið sléttuð að einhverju leyti. Hún er 11x8m að stærð og snýr




Útflött tóft 050, horft til austurs á ljósmynd.

austur og vestur. Hún hefur sennilega verið tvískipt og virðist sem op hafi verið á báðum skammhliðum. Vegghleðslur eru mjög aflagaðar en það lítur út fyrir að eystra hólfið sé um 2x1m að innanmáli og snýr eins og tóftin en vestara hólfið sé 3x1,5m að innanmáli og snýr norðvestur og suðaustur. Hleðsluhæð veggja er 30-50cm, mjög rúnnaðar og útflattar og um 3m á breidd. Tóftin er á kafi í grasi og sjást engar grjóthleðslur í þeim.

Hættumat: engin hætta

SP-042:051 þúst óþekkt

541374 628241



Þúst 051, horf til suðvesturs á ljósmynd.

Þúst er í túni um 25m norðan við bæ 001, fast sunnan við tóft 007_7 og fast suðvestan við tóft 050.


Túnið er fremur flatlent, lítið þýft og grasi gróið.

Þústin er svo til ferhyrnd, um 6x6m að stærð með óljósa dæld í miðju. Hún er hugsanlega ummerki eftir tóft sem hefur verið sléttuð með handverkfærum. Upphleðsla hennar er 30-60cm á hæð og er suðvesturhluti hennar hæstur en annars verða engar vegghleðslur greindar. Hún er á kafi í grasi og þá er lábarið grjót og rekaviður á henni sem hefur kastast yfir hana í brimróti.

Hættumat: engin hætta

SP-042:052 tóft útihús

541363 628310



Lítill útihústóft 052, horf til suðvesturs á ljósmynd.

Lítill tóft er í yngsta hluta túnsins á Eyri, suðaustan undir Láhóli. Hún er tæpum 100m norðan við bæ 001, tæpa 6m austan við garðlag 024 og um 8m vestan við túngarð 007_8.

Tóftin er í graslendi í aflíðandi halla til austurs.

Tóftin er einföld og er 5x5m að stærð. Hún er 3,5x1,5m að innanmáli og snýr norðaustur og suðvestur. Op er á henni á norðausturhlið. Vegghleðslur eru 1-2m á breidd, mjög signar og rúnnaðar og 30-40cm á hæð. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni sem er vel vaxin grasi. Ætla má að tóftin hafi gengt hlutverki einhvers konar útihúss.

Hættumat: engin hætta

SP-042:053 Klif gata leið

541467 628757



Tæp gata 053 liggur um Klif, horft til suðurs.

“Að austan er á kafla ekkert undirlendi, aðeins snarbrattar skriður ofan á bakkann. Er það nefnt Klif. Rudd var gata yfir Klifið, sem var allvel fær bæði mönnum og skepnum, ef ekki var harðfenni, og man ég aldrei til þess, að þar kæmi slys fyrir,” segir í ornefnaskránni Úr Fjörðum. Leiðin hefur legið frá bæ 001 að stekki 041 og í úthagann austan og norðan við Þorgeirshöfða. Gata á leiðinni sést fyrst norðan við Uppsprettu 014, 320 m norðan við bæ 001.

Götuslóðin liggur um svokallað Klif sem er brött skriða. Liggur gatan um gróið sem og ógróið land sem hallar nokkuð bratt til austurs niður að sjávarklettum.

Gatan var rakin á um 250m löngum kafla og er hún 15-20cm á breidd. Hún er enn farin af sauðfé

sem heldur henni við að einhverju leyti. Leiðin hefur látið mikið á sjá síðan hún var rudd og hefur hrunið undan henni og grjót og möl skriðið niður hliðina, yfir hana. Er hún ófær á kafla norðan við mitt Klifið.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Úr Fjörðum, 16

SP-042:054 garðlag landamerki

540730 628178

Forn garður liggur meðfram vestanverðum Hálslæg sem skiptir löndum milli Eyrar og Brekku SP-043



Landamerkjagarður 054, horft til suðausturs á báðum myndum.

og því má fastlega gera ráð fyrir því að um landamerkjagarð sé að ræða. Hann er tæpum 650m vestan við bæjarhól 001 og um 130m sunnan við grjóthleðslu 016_2 sem eru á Innra-Dysi 016_1.


Talsverð jarðvegseyðing er beggja vegna við Háslæk í allbrattri brekku frá Startjörn niður í Brekkudal en mólendisgróður er á bökkum lækjarins.

Garðlagið hefur að lágmarki legið á ríflega 330m löngum kafla frá norðvestri til suðausturs en þrjú stór skörð eru komin í það þar sem öll ummerki eftir garðlagið eru alveg horfin. Almennt má segja að garðlagið sé um 2m að breidd og 60-80cm á hæð. Austurhlíð þess er víðast skýrari en sú vestari. Það er fornlegt og allt lyngivaxið. Engar grjóthleðslur sjást í því.

Hættumat: engin hætta

SB-042:055 tóft stekkur

541031 628266



Forn stekkjartóft 055, horft til vesturs á ljósmynd.

Mjög fornleg tóft er suðvestan í Eyrarhóli/Stakhóli, fast vestan við fornan garð 056 og 340m vestan við bæ 001.

Tóftin er í mólendi sem hallar til suðausturs.

Tóftin er tvískipt, um 13,5x11m að stærð og snýr vestur og austur. Austara hólfið er 3x2m að innanmáli og snýr norður og suður. Op er á því í suðausturhorni. Vestara hólfið er 7x2m að innanmáli og snýr vestur austur. Op er á því fyrir miðri suðurlanghlíð. Svo virðist sem stuttur aðrekstrargarður hafi verið hlaðinn vestan við opið. Hann er 5 m langur og liggur til suðausturs frá opinu. Tóftin er lítið eitt niðurgrafin og eru veggheðslur skýrar. Þær eru 60-100cm á hæð og 1-1,5m á breidd. Ekki sjást neinar grjóthleðslur í þeim. Útlit tóftar og veggja benda til þess að tóftin hafi ekki verið byggð í einu lagi og virðist sem austari hlutinn sé mögulega eldri en vesturhluti hennar. Út frá staðsetningu má gera ráð fyrir að tóftin hafi verið notuð sem stekkur.

Hættumat: engin hætta

SB-042:056 garðlag vörslugarður

541067 628293

Forngarður er í suðvesturhlíð Eyrarhóls/Stakhóls. Hann er fast austan við stekkjartóft 055 og um 330m vestan við bæ 001.

Garðurinn er í nokkuð bröttu mólendi sem hallar til suðurs.

Forngarðurinn liggur frá suð-suðvestri til norð-norðausturs. Syðri endi þess er um 12m norðan við Brekkulæk og liggur upp suðvesturhlíð Stakhóls á rúmlega 100m löngum kafla til norð-norðausturs. Það




Forn vörslugarður 056, horft til norðausturs.

er um 2m breitt, mjög sigið og mosavaxið og er mikið rof í því. Norðvesturhlið þess er 60-80cm á hæð en suðausturhlið 20-50cm á hæð. Engar grjóthleðslur sjást í honum. Ekkert er vitað um hlutverk þessa garðs en helst kemur til greina að hann hafi verið vörslugarður.

Hættumat: hætta, vegna rofs

SP-042:057 heimild um útihús

541427 628186



Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús 30 m ASA við bæ 001. Það er horfið vegna landbrots en gríðarlega mikið hefur brotnað af flatlendu og smáþýfðu túninu á Arnareyri á stuttum tíma. Mikið af grjóti og rekaviði hefur borist inn á túnið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1918

Á þessu korti hefur upprétt túnakort frá 1918 verið lagt ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf. Sjá má að mikið hefur brotnað af túninu og útihús 057-058 eru með öllu horfin.

SP-042:058 heimild um útihús

541418 628242

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús 40 m norðaustan við bæ 001. Það er horfið vegna landbrots en gríðarlega mikið hefur brotnað af flatlendu og smáþýfðu túninu á Arnareyri á stuttum tíma. Mikið af grjóti og rekaviði hefur borist inn á túnið.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1918

SP-042:059 tóft heystæði

541464 626895

Torfhlaðin tóft af heystæði er syðst í Eyrarhólma um 1,3 km sunnan við bæ 001 og 215 m norðan við



Heystæði 059, horft til suðvesturs á ljósmynd.

áveitugarð J sem tilheyrir áveitu SP-040:020 í landi Kaðalstaða.

Eyrarhólmi er flatlendur, smáþýfður og grösugur. Bakkar hans eru þurrir en inni á honum er deiglendara og sumsstaðar eru litlar tjarnir.

Tóftin er líkt og uppblaðinn pallur sem er 7x5m að stærð og snýr norð-norðvestur og suð-suðaustur. Ytra byrði tóftar er um 40cm og er hún mjög þýfð, öll á kafi í háu grasi. Ekki sést innra byrði veggja.

Hættumat: engin hætta

SP-042:060 heimild um ferju

541674 620413



Ós Fjarðará/Hvalvatns, horft til ASA.

“Suður frá Eyrartúninu gengur grjót- og malarkambur alllangur, er nefnist Rófa, og er hann á milli vatnsins og áróssins. Á Rófuendanum var ferjustaður yfir ána, þegar fara þurfti á milli Eyrar og Kaðalstaða,” segir í örnefnaskránni Úr Fjörðum. „Bærinn [001] sjálfur stóð ögn innar [...], austan við ána, sem rann eftir dalnum og hét Fjarðará. Var hún talsvert vatnsmikil [...]. Ferja var á ósnum og þar hægt að komast yfir þegar áin var í vexti,” segir í Árbók Þingeyinga 2013. Ós Fjarðará á sjávarkambinum er um 260 m suðaustan við bæ 001 en ætla má að hann hafi áður fyrr verið nokkru suðaustar.

Áin fellur í straumhörðum ál til sjávar. Hann er um 10 m breiður, grýttur og djúpur.

Engin ummerki um ferjustað sjást á sjávarkambinum og hafi þau verið einhver er líklegt að sjórinn hafi afmáð þau.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Úr Fjörðum, 19; Árbók Þingeyinga 2013, 50

SP-042:061 sáðslétta tún

541367 628228

Túnið á Arnareyri er mishæðótt en nokkuð jafnlent og flatt. Það er austan undir Stakhóli og á milli sjávar og Leiru. Túnið er í stórhættu vegna landbrots og þegar hefur mikið af því horfið af þeim sökum. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín er þess getið að þá sé stór hluti túnsins þegar eyðilagður



Kort sem sýnir umfang túnsins á Arnareyri og helstu minjar innan þess. Loftmynd: Loftmyndir ehf. Á innfeldri mynd er túnakort Arnareyrar frá 1918.

af sandfoki og landbroti.

Túnið að mestu leyti á flatlendi niður við sjó en hefur verið fært upp í neðsta hluta hlíðarinnar austan undir Stakhóli. Hár rofbakki er fram af túninu til vesturs. Nokkuð mikill grasvöxtur er enn í túninu en mikið berst af grjóti og rekaviði inn á það. Túnið er að mestu slétt.

Til er kort af túninu frá 1918 og þá var það 1,6 ha en er nú (2019) 1,2 ha. Það er langt og mjótt, 335x85 m að stærð, snýr norður-suður. Það mjókkar mikið til beggja enda, einkum til norðurs. Túnið hefur verið fært út í tvígang og má ætla að það hafi verið gert til að bregðast við minnkandi túni af völdum landbrots. Rekja má útfærslu túnsins eftir mismunandi útgáfum af túngarði á norðvesturhlið túnsins. Elstur er garður 007_6, þá kemur 007_1 og að lokum túngarður 024. Elsti hluti túnsins er aðeins 0,6 ha að stærð. Engin leið er að vita hversu stórt túnið hefur verið á Arnareyri í öndverðu eða hversu mikið af því eða minjum innan þess hefur þegar farið forgörðum. Í fasteignamati frá 1916-1918 er túnið á Eyri talið vera 2 ha að stærð. Ef til vill er um ónákvæma mælingu að ræða eða að túnskeklar hafi verið utan heimatúnsins.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: JÁM XI, 55; Túnakort 1918; Fasteignamat Suður-Þingeyjarsýslu 1916-1918 - undirmat I, 67



Lofljósmynd af túninu á Arnareyri, horft til VSV.

SP-043 Brekka

1686: 10 hdr., Höfðakirkjueign. BL, 290.

1696: Jarðardýrleiki óviss, Höfðakirkjueign. BL, 290.

1712: “Jarðardýrleiki óviss, því þessi jörð tíundast ekki, því þetta býli er kallað heimaland Höfðastaðar í Höfðahverfi.” JÁM XI, 55.

1847: 10 hdr., Höfðakirkjueign. JJ, 316. Í neðanmálgrein á sama stað segir: “1805 er jörð þessi (líklega af vangá) talin hjáleiga frá Þaunglabakka.” “Brekka. Fornt mat 10 h., (svo í jarðab. 1760), nýtt 6,3 h. Var í eyði 1703-09, síðan samfelld byggð til 1924. Eign lénskirkjunnar í Höfða og síðan kirkjújörð.” BT, 38.

Jarðarítök 1712: Heimajörðin brúkar slægjur og beit á Arnareyri [SP-042] og borgar fyrir það xx álnir á landaurum skv. JÁM XI, 55.


Jarðarinnar er fyrst getið í máldaga Þönglabakkakirkju og Höfðakirkju 1318 og er þá sögð eign kirkjunnar á Höfða (DI II, 444, 446).

1918: Túnstærð 1,4 ha, þar af 1/6 slétt.

1712: “Engið er á sama hátt og áður segir um Eyri [SP-042], bæði í vatninu og á landi. Úthagarnir bjarglegir.” JÁM XI, 56.

1839: “Hér eru landkostir litlir, hlunnindi engin. Þó tilheyrir henni engi gott og fagurt niður við Austurfjarðará þar sem hún hleypur í sjó fram, en beitiland lítið og magurt. Lítilfjörlegt mótak í Brekkudal, mýrarsund út og upp undan bænum.” SSP, 68.

1916-1918: “Lýsing jarðarinnar: Túnið snögglent og í órækt, nálega allt hraunþýft. Stærð um 5.2 ha. Töðufall 25-30 hestar. Engjar sléttar og grasgefnar, votlendur og að mestu samfelldar, nærtækar en engjavegur slæmur. Heyfengur 120 hestar af góðu heyi. Búfjárhagar. Sumarheit góð handa öllum skepnum. Vetrarheit lítil sökum snjóþyngsla. Næðingasamt. Fremur landþröngt. Fjárgeymsla hæg. Mótak gott og einnig torfrista og annað byggingarefni. Jörðin nær eigi til sjávar. Vegir slæmir. Langt



Minjar í túni Brekku og nágrennis. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

til verzlunarstaða og erfiðir aðflutningar. Áveita á engi liggur vel við. Vatnsból gott. Jörðin mun geta framfleytt: 1 kú, 1 hrossi og 60 fjár. Hús: Baðstofa, búr, eldhús, skáli og framhús. 2 fjárhús kofar. Hesthús og 1 hlaða. Mat jarðarinnar: Jörðin sjálf Kr. 700.00. Hús Kr. 400.00.” Fasteignamat Suður-Þingeyjarsýslu 1916-1918 - undirmat I, 66.

SP-043:001_1 Brekka bæjarhóll bústaður

541033 628140


Bæjarstæði Brekku rís nokkuð hátt í mynni Brekkudals. Bærinn er nyrst á miðju túni, á suðurbrún djúps lækjargils og bratt er niður túnið til austurs. Stafnar frambæjarins snéru líklega til suðausturs og víðsýnt var frá hlaðinu yfir Hvalvatnsfjörð. Teikning af bænum sem birtist í bókinni Fagurt er í



Horft til SSA yfir bæjarhól Brekku 001_1.



Bæjarhóll Brekku 001_1, horft til norðurs.



Minjar á bæjarhóli Brekku 001. Loftmynd:
Loftmyndir ehf.

Fjörðum sýnir að mörgu leyti aðra húsaskipan en sjá má í bæjartóftinni. Samtals eru skráðar fjórar fornleifar á svæðinu, bæjarhóll 001_1, bæjartóft 001_2, kálgarður 001_3 og útihús 001_4.

Heimatúnið er stórbýft og grösugt. Við bæinn og útihús 014 sjást ummerki um handsléttun og er túnið að öllu leyti óraskað.

Bæjarhólinn er ekki mjög umfangsmikill, hann er 43x34 m að stærð og snýr norður-suður. Hólinn er 0,5-2 m á hæð, einna lægstur til suðurs. Búið er að slétta hann með handverkfærum að mestu en bæjartóft 001_2 er nánast á miðjum hólnum. Til norðurs er snarbratt gil, 15-20 m hátt. Einnig er mjög brött brún niður af norðanverðum hólnum. Hún er um 2 m há. Mikil grænka er í gílinu norðan við bæinn og möguleiki að ösku og öðrum úrgangi hafi verið varpað þar niður en líklegra er að öskuhóll hafi verið á suðaustanverðum bæjarhólnum, á hlaðinu, þó að engin ummerki um hann sjáist þar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1918

“Snjólaug Jóhannesdóttir frá Skáldalæk í Svarfaðardal sagði mér 1968 frá fjósum í heimabyggð við byrjun 20. aldar: “[...] Á Brekku í Þorgeirsfirði var fjósið undir baðstofunni. [...]” segir í bókinni Auðhumla eftir Þórð Tómasson. Það er sérstakt að bærinn Brekka sé sagður í Þorgeirsfirði en rétt er að hún er í Hvalvatnsfirði. Ekki er útilokað að einhver ruglingur hafi átt sér stað og að í raun hafi verið átt við Botn í Þorgeirsfirði þar sem var baðstofufjós en ef til vill er líklegra að nöfnum fjarðanna hafi verið ruglað saman. Í fasteignamati 1916-1918 eru eftirfarandi hús á Brekku talin upp sem tilheyr



Bæjartóftin 001_2, horft til norðurs.



Miðhluti bæjartóftarinnar, horft til NNV.

hafa bæjarhúsum: Baðstofa, búr, eldhús, skáli og framhús. Tóft síðasta bæjarins í Brekku sést vel og innri skipan hans er nokkuð skýr þrátt fyrir mikið hrun úr veggjum. Tóftin er 20x13,5 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Veggirnir eru algrónir, 2-2,5 m á breidd og 0,5-1,5 m á hæð. Þeir eru hæstir inni í tóftinni. Líklega voru grjóthleðslur neðst í veggjum og torf ofar líkt og annars staðar í Fjörðum. Tóftin skiptist í sex hólfi og hefst lýsingin til norðausturs, á framhlið bæjarins. Líklega var timburþil á hólfi A sem er í suðurhorni tóftarinnar. Það er 4,5x3,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Í norðurhorni hólfsins er annars vegar op til norðausturs inn í hólfi B og hins vegar op inn í bæjargöng til norðvesturs. Hólfi B er 2,5x2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Bæjargöngin eru 4 m löng og 0,8 m að breidd. Það glittir í 3 umför af grjóti neðst í veggjum. Við norðvesturenda ganganna er op úr þeim til suðvesturs inn í hólfi C. Sést opið ágætlega enn þó að hrúnið hafi ofan í það. Hólfi C er 2,6x1,3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Gólfíð virðist niðurgrafið um 0,5 m en veggirnir eru hæstir 2 m. Úr bæjargöngum er einnig op til norðvesturs inn í hólfi D en hrúnið hefur fyrir opið. Það hólfi er nánast ferhyrnt, 2,1x2,1 m að innanmáli. Op er úr því til norðurs inn í innsta hólfið E. Það hólfi er 3,3x2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hólfið er niðurgrafið en veggirnir eru eingöngu 0,3 m á hæð að utan og 1 m að innan. Norðvestast í tóftinni er hólfi F en ekki er gengt inn í það úr bænum. Op er í suðausturhorni að utan og þar var farið inn. Hólfið er 3,5x2 m að innanmáli og snýr VNV-ASA. Hafi verið baðstofufjós í bænum var það að öllum líkindum í hólfi C eða E.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Fasteignamat Suður-Þingeyjarsýslu - undirmat 1916-1918, 66; ÞT. 2019, 45

Kálgarður 001_3 er suðvestarlega á bæjarhól 001_2. Hann er 8x7,5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Veggir eru umfangslitlir, 1 m á breidd og 0,2 m á hæð. Þúfnaraðir gefa þá einna helst til kynna. Norðaustarlega í kálgarðinum, beint sunnan við hólfi F í bæjartóftinni er niðurgröftur sem bendir til þess að eitthvert mannvirki hafi verið innan kálgarðsins.

Hættumat: engin hætta



Kálgarður 001_3 suðvestan við bæinn, horft til austurs.



Tóft 001_4, horft til suðurs.

SP-043:001_4 tóft útihús

541034 628122

Syðst á bæjarhólnum 001_1 sést óljóst tóft 001_4, án efa af einhvers konar útihúsi. Tóftin er ekki samtengd bæjartóftinni, er sigin og þýfð. Hún er 8x7 m að stærð og snýr norður-suður. Syðst sést veggur sem liggur austur-vestur. Hann sveigir lítillega til norðvesturs. Hann er 0,1-0,2 m á hæð og 1-1,5 m á breidd. Norðvesturhorn tóftarinnar sést einnig, þar er bogadreginn veggur og ástand hans er hið sama. Tengslin á milli veggjanna eru rofin.


Hættumat: engin hætta

SP-043:002 tóft útihús

540991 628119

Á túnakorti frá 1918 er útihús sýnt rúmum 40 m VSV við bæ 001. Tóftin sést enn og er rúmum 10 m austan við útihús 040. Þetta eru fjárhús; tvístæð garðahús með niðurgrafinni hlöðu að baki. Að öllum líkindum voru eldri úthús á sama stað, það mótar fyrir þeim til suðausturs og norðurs frá tóftinni. Tóftin er enn fremur á hól sem er uppsöfnuð mannvistarlög að hluta. Renna 035 er fast norðan við tóftina.

Gróið, stórþýft tún í halla til austurs. Útihúsið er vestarlega í túninu, uppi á brekkubrún.



Útihústóft 002, horft til vesturs á ljósmynd.

Tóftin er 15x13 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Hún skiptist í fjögur hólf, í austurhlutanum eru tvö garðahús og í vesturhlutanum er hlaða að baki þeirra. Veggirnir eru 1-2 m á hæð og í þeim sjást 3-4

umför að utan. Að innan glittir í grjót á stöku stað. Líkt og víða í Fjörðum er veggir grjóthlaðnir neðst og torfhlaðnir ofar. Fjánhúsin eru mjög sambærileg að stærð og gerð, eru 4,5-5 m löng og 2-2,3 m breið innanmáls. Snúa þau austur-vestur og eru op á miðjum austurgöflum. Grjóthlaðnir garðar eru liggja eftir endilöngum fjánhúsum. Þeir eru 1 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Veggirnir eru stórhýfðir. Op er úr syðri fjánhúsum til vesturs yfir í niðurgrafna hlöðu. Hún er 8x2,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op inn í það að utan í suðurenda. Veggirnir eru 2-2,5 m á hæð að innan en 0,6-1 m að utan. Hér og þar glittir í grjót. Lítið hól er sunnan og utan við syðri fjánhúsin og er það niðurgrafið. Gryfjan er 2,5x2 m að innanmáli, snýr norður-suður og er 0,2 m á dýpt. Fyrir austan tóftina sjást tveir veggir, mögulega var rétt eða gerði austan við fjánhúsin. Allt bendir til þess að gerðið hafi verið sambyggt fjánhúsunum en gæti allt eins verið eldri. Þetta er L-laga veggur sem er rofin sunnarlega á austurhlið. Hann er 2-2,5 m á breidd og 0,3 m á hæð. Veggurinn er að síga niður hólinn sem tóftin er á. Fast norðan við tóftina sjást einnig óljósir veggir, líkast af eldri tóft.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Túnakort 1918

SB-043:003 *Hólmavað* heimild um vað

541348 627563

“[Merkja-] Línan er austan við svonefnt Hólmavað. Er þar hlaðin varða [009] á ytri bakka árinna,” segir í örnefnaskrá. Hólmavað var á Fjarðará og þurfti að vaða ána til þess að komast út í Brekkuhólma þar sem stór hluti engja jarðarinnar voru. Ef til vill var þetta vað einnig farið af bændum á Arnareyri til þess að komast út í Eyrarhólma en hann var fast norðan við Brekkuhólma. Ekki er vitað nákvæmlega hvar þetta vað var en líklegur staður er við Leirubakka, norðan við lítinn hólma í farvegi Fjarðará, um 690m suð-suðaustan við bæ 001.



Horfti yfir þann stað þar sem Hólmavað 003 var líklega á ánni, horft til austurs.

Bakkar árinna eru fremur lágir og árin breiðir nokkuð vel úr sér þar sem líklegt er að farið hafi verið yfir hana á Hólmavaði.

Mikill sandur er í árbotninum og sandeyrar eru við bakka hennar. Í henni miðri er nokkuð djúpur áll og talsverður straumur í honum. Hafa aðstæður hér efalaust breyst mikið frá því að heyskapur var stundaður í Brekkuhólma og einnig líklegt að staðsetning vaðsins hafi færst til eftir því sem farvegur árinna breytti sér.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Brekka, 1


SB-043:004 *Snorragerði* tóft býli

541118 628040

“Brekkuhólarnir eru margir. Um miðja hólana er Arnarhóll, svo er annar sem heitir Vatnshóll. Þar hjá eru tóftir, Snorragerði,” segir í örnefnaskrá. Í Snorragerði er ein allstór tóft sem skiptist í fjögur hólf. Hún er rúmlega 100m suðaustan við bæ 001 og 190 m norðan við stekk 028.

Tóftin er fremst á bakka, efst á lágum, vel grónum hól. Landið hallar til austurs og er Snorrakil vestan við tóftina.

Tóftin í Snorragerði er 20x11m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Hólfin í tóftinni verða auðkennd með bókstöfum í lýsingu hér á eftir. Í vesturenda er lítið og samansigið hól A. Það er 2x1,5m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er út úr því til suðurs. Austan við það er hól B sem er 3,5x2m að innanmáli og snýr eins og tóft. Op er á hólfi B til norðurs inn í hól C. Það er 3x1,5m að innanmáli og snýr norður-suður. Hól D er í austurenda tóftarinnar og er það 3x1m að innanmáli, snýr norður-suður. Op er út úr því og tóftinni í suðausturhorni. Vegghleðslur eru völdugar og eru að jafnaði 2-3m á breidd.



Snorragerði 004, horft til norðurs á ljósmynd.

Ytrabyrði norðurhliðar er um 160cm á hæð en ytrabyrði suðurhliðar frá 100-120cm á hæð. Innrabyrðið sem er 80-100cm á hæð er skarpt en það ytra rúnað. Tóftin er á kafi í grasi en einnig er hún nokkuð mosavaxin. Það er ekkert rof henni og sker hún sig vel frá umhverfi sínu. Ekki var hægt að sjá neitt hleðslugrjót í veggjum. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessi tóft hefur gegnt en nafnið Snorragerði gefur vísbendingu um að á þessum stað hafi verið búseta í skamman tíma sbr. Káragerði SP-044:011 í landi Þönglabakka og Siggugerði SP-039:020 í landi Þverár.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Brekka, 1


SP-043:005_1 *Seltungur* tóft sel

540796 626925

“Í hólunum er skarð, sem gatan [SP-621:001] liggur um; það heitir Háaskarð og Selborg er framar. [...] Næst við Merkgilið heitir Seltunga eða Seltungur, það er utan við Selborg eða neðan hennar. Þar mótur fyrir tóftum við götuna; þessar Seltungur eru flatir, sem nær að Brekkuhólum. Þar er gamalt Sel,” segir í örnefnaskrá. Selið er vel greinanlegt og er það í litlum hvammi sunnan við Brekkuhóla í Seltungum. Allhá og brött brekka er upp af því til norðurs en votlend mýri til suðurs. Selið sjálf er á hólþungu og á henni eru tvær tóftir; annars vegar stór seltóft 005_1 og hins vegar tvískipt kvíatóft 005_2. Norðaustan við hólinn sem selið er á er mjótt sund á milli brekku og hóls. Innan þess hefur svæði verið girt af með torfgarði 005_4 og innan þess er tóft 005_5 og ummerki um mótekju 005_6. Mögulega var svæðið girt af út af því; til að forða slysum á skepnum í gröfunum. Í brekkunni ofan við selið er svo stórt gerði 005_3 sem er þrískipt. Það virðist fornlegt vegna gróðurs en brekkan er harðlend og í henni vex fjalldrapi, lyng og beitylyng. Gerðið er vaxið sama gróðri. Að auki eru hér tvær meintar tóftir í brekkunni (005_7 og 005_8), mjög signar og fornlegar. Ekki er útilokað að þær séu náttúrumyndun en í brekkunni er mikið um náttúrulega stalla. Alls eru átta fornleifar sem tilheyra selinu og eru þær á svæði sem er 46x66 m að stærð og snýr austur-vestur.

Í kringum selið er nokkuð þýft og þar vex fjalldrapi, lyng og beitylyng. Næst selinu er stórþýft og minna vex þar af beitylyngi en meira af grænum lynggróðri og gulu grasi. Frá selinu sést vítt um til suðurs, inn fjörðinn. Skjólsælt er fyrir norðan- og norðaustanáttum en ef vindur er úr norðvestri þá kemur vindstrengur yfir þetta svæði af Þönglabakkahálsi.

Lýsingin hefst á seltóft 005_1 sem er syðst á minjasvæðinu. Hún skiptist í sex hólf og er mjög vel greinileg en er orðin lyngi vaxin þó að talsvert af grasi vaxi enn á henni. Tóftin er 17x16 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Austurhluti tóftarinnar rís hæst og í honum eru þrjú hólf, hvert upp af öðru. Op er inn í tóftina syðst á austurhlið þar sem komið er inn í lítið hólf sem er um 2x2 m að innanmáli. Op er úr því til norðurs inn í miðhólfið sem er aðeins minna eða 1,5x1,5 m að innanmáli. Úr miðhólfinu er svo óljóst hólf til norðurs í innsta hólfið sem er 2,5x2 m að innanmáli og snýr eins og tóft. ferhyrnt hólf. Þessi



Minjar í seli 005. Tóftir 005_1 og 005_2 hafa verið lengst í notkun. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Þrjú hólf eru samansigin en innanmál þeirra nokkuð greinilegt. Vestan við þessi þrjú hólf eru tvö hólf sem standa lægra en austurhluti tóftarinnar. Syðra hólfíð er óljóst og þýft og óljóst op er inn í það. Hólfíð er 4,5x2,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er svo úr því í nyrðra hólfíð sem er mjög greinilegt, 3x2,5m að innanmáli og snýr líka norður-suður. Innan þess er sléttur botn og grasi vaxið. Sjötta hólfíð í tóftinni er byggt utan í norðausturhorn austurhluta tóftarinnar. Það er um 2 m í þvermál. Ekki er að sjá að gengt hafi verið í það úr austurhlutanum og er óljóst op inn í það í norðvesturhorni sem kann að hafa myndast við rof. Hæð veggja í tóftinni er allt að 1 m. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti en ekki sést grjót í hleðslum vegna gróðurs. Veggir eru hæstir í austurhlutanum en lægri annarsstaðar.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Brekka, 1, 3



Horft til suðausturs yfir minjar í seli 005.



Seltóft 005_1, horft til SSV.




Seltóft 005_1 og kviatóft 005_2.



Kviatóft 005_2, horft til ANA.

Tvískipt kviatóft 005_2 er fast norðaustan við seltóft 005_1. Hún er 12,5x4,5 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Í norðvesturenda tóftar er lítið ferhyrnt hól sem er 2,5x2m að innanmáli og snýr þvert á tóftina. Óljóst op er á suðvesturgaffli hólsins. Ekki er ósennilegt að þak hafi verið yfir þessum hluta tóftarinnar en hann stendur hærra en sjálfar kvíarnar í hólfi sem er í suðausturhlutanum. Það hólfi er 6x1,5 m að innanmáli, snýr eins og tóft. Hólfið er breiðast innst, í norðvesturenda, og mjókkar um miðbikið, líklega vegna hruns. Er inn í kvíarnar í suðurhorni og er norðaustur-langveggur lengri en suðvesturveggur og sveigir til suðurs sem aðrekstargarður. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti en lítið sem ekkert sést í grjóthleðslur vegna gróðurs. Hæð veggja í kvíum er 0,6 m og eru veggjahæð er svipuð í hinu hólfinu, mögulega litlu hærri.

Hættumat: engin hætta



Kálgarður 005_3, horft til suðvesturs á ljósmynd.



Gerði 005_3 er frammi á barði neðst í brekku 20 m norðan við seltóft 005_1. Það virðist fornlegt af gróðrinum að dæma. Gerðið er 19x11,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Það skiptist í þrjú hól og er sennilega að mestu torfhlaðið. Stærsta hólfið er 12,5x8,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Það er

í halla til suðurs og norðurhlíðin er að hluta til grafin inn brekkuna. Ytri brún norðurveggjar sést nánast ekki og óvíst að þar hafi verið mikil hleðsla. Innan hólfsins virðist hafa verið rof sem hefur gróið aftur. Greinilegt rof er einnig í suðvesturhorni. Óljóst op er á miðjum vesturvegg. Í innanverðu suðvesturhorni þessa hólfs virðist vera lítið hól en ekki er útilokað að það hafi myndast við rof og er ytri brún veggja þess illgreinanleg. Meint hól er um 2x1 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Óljóst op inn í það úr stærra hólfinu í norðvesturhorni. Austast í gerðinu er hól sem stendur lægra en stærsta hólfið og gæti hafa verið byggt við seinna. Innanmál þess er nánast ógreinanlegt en virðist vera 5x2,5 m og snýr norður-suður. Líklega var op í norðvesturhorni þess. Veggir gerðisins eru 0,6-0,7 m á hæð þar sem þeir eru hæstir syðst en lækka til norðurs upp í hallann. Ætla má að gerðið hafi gegnt hlutverki kálgarðs og bendir það ef til vill til þess að á þessum stað hafi einhverntímann verið heilsársbúseta.

Hættumat: engin hætta

SP-043:005_4 garðlag vörslugarður

540805 626943



Garðlag 005_4, horft til SSA.

Nokkuð greinilegur garður 005_4 liggur frá brekkurótum 4 m sunnan við kálgarð 005_3, yfir mjótt sund, upp á hólinn sem sel 005_1 er á og að austurhorni á kvíatóft 005_2. Framhald af garðinum virðist svo liggja frá kvíatóftinni og yfir sundið aftur, að brekkurótum. Garðurinn afmarkar svæði sem er 35x15 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hlutverk þessa garðs er ekki alveg ljóst en líklegt er að hann hafi verið hlaðinn í kringum mógrafasvæði 005_6 sem er í sundinu. Við suðausturenda mógrafanna er stuttur og illgreinanlegur þvergargarður og skiptir hann svæðinu sem garðurinn afmarkar í tvo hluta. Suðaustari hlutinn er aðeins 7,5x7 m að innanmáli og er í nokkrum halla til suðurs en norðvestari hlutinn er 25x15 m að innanmáli og

er flatur. Garðhleðslan er allgreinileg í norðvesturenda en verður óljós og þýfð eftir því sem nær dregur kvíatóft 005_2. Garðurinn er 0,3-0,5 m á hæð, líklega torfhlaðinn.

Hættumat: engin hætta

SP-043:005_5 tóft óþekkt

540812 626940



Tóft 005_5 auk mógrafasvæðis 005_6 og annarra mannvirkja. Loftmynd: Loftmyndir ehf.



Tóft 005_5, horft til suðausturs.

Tóft 005_5 er á milli mógrafa 005_6 og garðs 005_4 og má segja að hún byggð upp við hann innanverðan. Tóftin er einföld og torfhlaðin, 5,5x5m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er mjög sigin, innanmál er illgreinilegt og ekki er augljóst op á henni. Veggir tóftarinnar 0,1-0,3 m á hæð og eru vaxnir lyngi, beitilyngi og hreindýramosa. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en mögulega hefur hún verið móstæði í tengslum við mógrafir 005_6.

Hættumat: engin hætta

SB-043:005_6 náma mógrafir

540821 626941



Ummerki eru um mógrafir á flatlendu og deiglendu svæði í mjóu sundi á milli brekku til norðausturs og lágs hóls þar sem seltóft 005_1 og kvíatóft 005_2 eru. Mógrafasvæðið er 23x8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Innan þess eru grónar gryfjur, flestar aflangar og snúa þvert á sundið. Grafirnar eru víðast 2-3 m á lengd og innan við 0,5 má breidd. Dýpstu grafirnar eru 0,3 m djúpar.


Hættumat: engin hætta

Mógrafasvæði 005_6, horft til SSA.

SB-043:005_7 tóft óþekkt

540783 626956


Lítill og mjög ógreinileg tóft 005_7 er á stalli í brekku, um 30 m norðvestan við seltóft 005_1. Hún er einföld, 4,5x4,5 m að stærð og er grafinn inn í brekkuna að litlu leyti þannig að ytri brún veggja á



Tóft 005_7, horft til vesturs á ljósmynd.

norðvestur- og norðausturhliðum sjást ekki. Óljós ummerki sjást um efnistöku suðaustan og suðvestan við tóftina. Hvergi sést í grjóti í veggjum sem eru 0,3 m á hæð þar sem þeir eru hæstir. Op er inn í tóftina í suðurhorn. Sami lynggróður vex á tóftinni eins og umhverfis hana. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin hefur gegnt.

Hættumat: engin hætta



Tóft 005_8, horft til suðausturs á ljósmynd.

Lítill, einföld og sigin tóft er 26 m suðvestan við tóft 005_7 og 26 m norðvestan við seltóft 005_1. Hún er 5x4 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Norðurendi hennar er grafinn að litlu leyti inn í brekkuna sem hallar til suðausturs og sjást því ekki ytri mörk norðurveggjar. Op er á tóftinni í suðurenda. Hvergi sést grjóti í veggjum sem eru útflattir, aðeins 0,1 m á hæð. Sami lynggróður vex á tóftinni og er umhverfis hana. Hlutverk hennar er ekki þekkt.

Hættumat: engin hætta

SB-043:006 Torfdalur náma rista

540333 626807

“Upp af Merkigili heitir Torfdalur og Torfdalshólar; þar heita svo Grænur,” segir í örnefnaskrá. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 segir: „Torfrista og stúnga lök, brúkast þó.” Torfdalur er stór og nokkuð víður dalur austan undir Lút og vestan við Torfdalshóla. Óljós ummerki um torfristu má greina nokkuð miðsvæðis í dalnum, litlu austan við mógrafir 031 og 1,5 km suðvestan við bæ 001.



Horft til suðausturs yfir meint ristusvæði 006 í Torfdal.

Torfdalur er flatlendur og fremur sléttlendur en hann hækkar sunnan við ummerki um torfristu og þar verður hann sundurgrafnari af vatni og mótekju.

Líklegt torfristusvæði er á flatlendu og fremur sléttu svæði sem er vaxið rauðleitum mýrargróðri. Það er hálfdeigt en heldur vel þunga ef stigið á og er því þétt rótarlag þarna. Ekki sjást skýr ummerki um ristu en þó eru eins og raðir af þúfum með reglulegu millibili sem gætu gefið til kynna að á milli þeirra hafi torf verið rist. Ekki er gott að áætla stærð svæðisins en gróflega áætlað er það um 40x40 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Brekka, 3; JÁM XI, 56

SB-043:007 Heystöðuklettur örnefni heystæði

“Framan við Guddulág er Heystöðuklettur,” segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning Heystöðukletts er ekki þekkt og þrátt fyrir leit á svæðinu hjá Guddulág fannst engin heystædistóft. Þess má geta að

tóftir af heystæðum niður við Fjarðará eru syðst í landi Brekku (sjá 012 og 025) en að auki má nefna að Heystöður SP-042:019 eru skráðar í landi Arnareyrar og er möguleiki að örnefniin vísi til heystæða á svipuðum stað.

Heimildir: Ö-Brekka, 3


SP-043:008_1 náma mógrafir

540711 628089


“Land er þarna [vestan við Brekkuhóla] engjar og mómýrar,” segir í örnefnaskrá. “Brekka þótti heldur lélegt kot, en það var helzt talið jörðinni til gildis, að í dalnum skammt frá bænum var ágætt mótak,” segir í bókinni Í verum eftir Theódór Friðriksson. Í Sýslu- og sóknalýsingum Þingeyjarsýslna frá 1839 er hins vegar sagt að í Brekkudal sé lítilfjörlegt mótak. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 segir: „Móskurður hefur að fornu verið, brúkast ei.” Í Brekkudal eru umfangsmiklar minjar um móskurð; mógrafir og mótóftir. Annars vegar er stórt svæði í norðvestanverðum dalnum og norðvestan við Brekkulæk sem hér er skráð og hins vegar er minna svæði innarlega í suðaustanverðum dalnum, sjá 022. Það mógrafasvæði sem hér er skráð er 340x90 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Innan þess eru 16 minjaeiningar; tvö mógrafasvæði og 14 tóftir eða þústir. Ætla má að flestar þeirra hafi gegnt hlutverki mótófta en einnig er eitthvað um heystæði á meðal þeirra. Lýsingin á þessum minjum hefst á mógröfum 008_1 norðaustast á svæðinu.

Brekkudalur er mýrlundur og fremur jafnlundur en þýfðir, lágir hólar eru í honum norðvestanverðum. Þurr börð eru hér og hvar í dalnum, meðfram hólum og hryggjum og vatnsfarvegum. Mógrafir eru víða í farvegnum en einnig á deiglendari svæðum.

Mógrafasvæði 008_1 er 250x90 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Innan þess eru samansignar og grónar grafir en einnig sjást skýrt afmarkaðar stökkagrafir innan svæðisins þar sem vatn stendur enn. Grafirnar eru 0,3-0,8 m djúpar. Innan þessa mógrafasvæðis eru mótóftir 008_2-008_5.



Suðvesturhluti mógrafa, móstæða og heystæða 008 í Brekkudal. Loftmynd: Loftmyndir ehf.



Norðausturhluti mógrafa, móstæða og heystæða 008. Loftmynd: Loftmyndir ehf.


Mógrafir 008_1, horft til suðurs á efri mynd og til norðvesturs á neðri mynd.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Brekka, 2; Theódór Friðriksson, 129; SSP, 68; JÁM XI, 56

SP-043:008_2 tóft skemma

540690 628028



Mótóft 008_2, horft til norðausturs á ljósmynd.


Einföld mótóft 008_2 er nokkuð miðsvæðis á mógrafasvæði 008_1. Tóftin er á þurru lækjarbakka á milli tveggja þýfðra hóla. Hún er torfhláðin og nokkuð ferköntuð, er 7x4,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki sést skýrt op á tóftinni og óvist að það hafi verið til staðar. Tóftin er vaxin lyngi og grasi og eru veggir hennar um 1 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð. Breiðastir virðast þeir vera á suðausturhlíð.

Hættumat: engin hætta

SP-043:008_3 tóft skemma

540663 627973

Lítill ferhyrnd tóft af móstæði er á hæð norðvestast í Brekkudal, suðvestarlega á mógrafasvæði 008_1. Hún er 10 m suðaustan við móstæðistöft 008_4 og 7 m norðaustan við heystæði 008_5. Tóftin er 3,5x2,5 að stærð og snýr NNA-SSV. Veggir eru 0,3-0,4 m á hæð, lægstir í SSV-enda en þar kann að hafa verið op. Tóftin er vaxin mosa og lyngi en gras vex einnig syðst í henni.




Móstæði 008_3, horft til ASA.

Hættumat: engin hætta

SP-043:008_4 tóft skemma

540651 627979



Móstæði 008_4, horft til suðvesturs á ljósmynd.

Tóft 008_4 er á lágri hæð norðvestast í Brekkudal, suðvestarlega á mógrafasvæði 008_1. Hún er 10 m norðvestan við mótóft 008_3 og 7 m norðan við heystæði 008_5. Tóftin er einföld, torfhláðin og virðist fremur ung. Hún er ofan á lágum ílögum hól sem snýr norðaustur-suðvestur eins og tóftin. Tóftin er 5,5x3,5 m að stærð og virðist vera op á henni í suðvesturenda. Tóftin er að mestu leyti á flatlendi en suðvesturhlutinn er í mjög aflíðandi halla til suðvesturs og þar verður hún mjög ógreinleg. Veggir tóftarinnar eru fremur mjóir en allt að 0,7 m á breidd þar sem þeir eru breiðastir á norðvesturhlið. Hæstir eru veggir í austurhorni þar sem þeir eru 0,7 m á hæð.


Hættumat: engin hætta

SP-043:008_5 tóft heystæði

540652 627966

Tóft 008_5 er norðvestast í Brekkudal, suðvestarlega á mógrafasvæði 008_1, hlaðin á fremur þurrlandan bakka við lækjarsprænu á flatlendi. Hún er 10 m suðaustan við mótóft 008_3 og 7 m sunnan við mótóft 008_4. Tóftin er einföld og torfhláðin, 9x6 m að stærð og snýr NNA-SSV. Líklega hefur hún gegnt hlutverki heystæðis. Veggjahleðslur eru orðnar signar og þýfðar en tóftin er vaxin grasi og lyngi. Líklega var op á henni í NNV-horni. Veggir eru 1-2 m á breidd og 0,5-0,6 m á hæð.

Hættumat: engin hætta




Heystæði 008_5, horft til suðurs á ljósmynd.

SP-043:008_6 tóft heystæði

540569 627913

Tóft 008_6 er neðarlega í Dalsbrekku norðvestan Brekkudals, norðvestan við og á milli mógrafasvæða 008_1 og 008_12. Þar sem tóftin er nokkrum spöl frá mýrlendu mógrafasvæðinu er líklegra að hún sé



Heystæði 008_6, horft til norðausturs á ljósmynd.

af heystæði en mótóft. Tóftin er einföld og torfhlaðin, 4x3 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er lyngi vaxin og eru veggir hennar torfhlaðin og 0,4-0,5 m á hæð. Mögulega var op á tóftinni í suðvesturenda þar sem veggurinn er mjög siginn. Einnig eru veggir mjög samansignir í miðri tóft þar sem hefur mögulega verið milliveggur í tóft.


Hættumat: engin hætta

SP-043:008_7 tóft heystæði

540544 627881

Lítill, einföld tóft 008_7 er neðst í Dalsbrekku norðvestan við Brekkudal, í sömu hæð og 008_6 en 35 m sunnar. Hún er norðan við neðsta hluta lækjargils (líklega Nóngils) og sunnan við það eru fjórar litlar tóftir 008_8-11. Tóftin er 3x4 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og er í halla til suðausturs. Greinileg ummerki um efnistöku eru í kringum tóftina. Veggir fremur mjóir og mögulega hefur komist rof að þeim. Innan tóftar er lág bunga og mjó renna er á milli hennar og veggja sem eru 0,1-0,3 m á hæð. Ekki er sýnilegt op á tóftinni. Hefur hér verið móstæði og/eða heystæði.

Hættumat: engin hætta




Heystæði 008_7, horft til suðausturs á ljósmynd.

SP-043:008_8 tóft skemma

540540 627867

Fjórar litlar tóftir (008_8-11) eru sunnan við neðsta hluta lækjargils (líklega Nóngils), neðst í Dalsbrekku sem er norðvestan við Brekkudal. Er tóft 008_8 nyrst og næst lækjargilinu, á lágum en bröttum hól. Hún er einföld og torfhlaðin, 3x3 m að stærð og er lyngi vaxin. Veggur í suðurenda tóftar er afar ógreinilegur og innanmálið er fremur óreglulegt. Veggir eru 0,5-0,6 m á hæð þar sem þeir eru hæstir. Líklega er tóftin af móstæði.

Hættumat: engin hætta



Móstæði 008_8, horft til austurs á ljósmynd.

SP-043:008_9 tóft skemma

540541 627858

Fjórar litlar tóftir (008_8-11) eru sunnan við neðsta hluta lækjargils (líklega Nóngils), neðst í Dalsbrekku sem er norðvestan við Brekkudal. Er tóft 008_9 í brekkurótum, um 6 m sunnan við mótóft 008_8 og 30 m vestan við mógrafasvæði 008_12. Tóftin er 2x2 m að stærð, ógreinileg, lyngi og grasi vaxin og lítilliga gengin í þúfur. Veggur í VNV-enda er illgreinanlegur en óvíst að þar hafi verið op. Veggir tóftar eru mjög signir, hæstir 0,1-0,2 m á norðurhlið. Helst kemur til greina að tóftin sé af móstæði.

Hættumat: engin hætta



Móstæði 008_9, horft til ASA á ljósmynd.

SP-043:008_10 tóft skemma

540530 627858

Fjórar litlar tóftir (008_8-11) eru sunnan við neðsta hluta lækjargils (líklega Nóngils), neðst í Dalsbrekku sem er norðvestan við Brekkudal. Er tóft 008_10 vestust af þessum fjórum, 8 m vestan við tóft 008_9 og 4,5 m norðan við tóft 008_11. Tóftin er einföld og torfhláðin, um 2,5x2 m að stærð, snýr norður-suður. Mögulega var op í suðurenda. Tóftin er lyngivaxin og virðist nokkuð fornleg af þeim sökum en lynggróður er ríkjandi hér í kring. Veggjahæð er 0,2-0,3 m. Er tóftin líklega af móstæði.



Móstæði 008_10, horft til suðausturs á ljósmynd.


Hættumat: engin hætta

SP-043:008_11 tóft skemma

540532 627851

Fjórar litlar tóftir (008_8-11) eru sunnan við neðsta hluta lækjargils (líklega Nóngils), neðst í Dalsbrekku sem er norðvestan við Brekkudal. Er tóft 008_11 syðst af þeim, um 35 m vestan við mógrafasvæði 008_12 og 4,5 m sunnan við tóft 008_10. Tóftin er allstór og greinileg og virðist fremur ungleg af gróðri að dæma en hún er vaxin lyngi og grasi. Tóftin er 3,5x3 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Ekki er greinilegur veggur í suðurenda. Þar hallar niður af tóft til suðurs og þar er talsvert þýfi með sama gróðri og á tóft. Innanmál tóftarinnar er fremur skýrt. Hæð veggja er mest um 0,5 m og fara þeir lækkandi til suðurs. Bæði kemur til greina að tóftin sé af heystæði og móstæði.

Hættumat: engin hætta



Móstæði 008_11, horft til norðausturs á ljósmynd.

SP-043:008_12 náma mógrafir

540582 627859




Mjög greinilegar mógrafir 008_12 eru suðvestast á minjasvæðinu. Þær skera sig úr öðrum mógrafasvæðum og eru því skráðar sérstaklega. Mógrafasvæðið er 85x40 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Grafirnar eru nokkuð samfelldar grafir en dýpri stökkagrafir inn á milli og í jöðrum svæðisins. Grafirnar eru að mestu grónar og óvída stendur vatn í þeim. Dýpstar eru þær um 1,5 m.

Hættumat: engin hætta

Mógrafir 008_12, horft til austurs.

SP-043:008_13 tóft skemma

540599 627894




Móstæði 008_13, horft til suðvesturs á ljósmynd.

Ógreinileg og torfhlaðin mótóft 008_13 er á norðvesturbakka mógrafa 008_12. Hún er 3,5x2,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er einföld og veggir eru óverulegir, 0,5 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Ekki sjást veggjahleðslur á norðausturhlið.

Hættumat: engin hætta

SP-043:008_14 hleðsla skemma

540636 627912




Hleðsla 008_14, horft til austurs á ljósmynd.

Torfhleðsla 008_14 liggur frá norðausturbakka mógrafa 008_12 til NNV. Hleðslan er 4 m löng, 1,5 m breið og 0,5 m á hæð í NNV-enda þar sem hún er hæst. Lægð er í miðri hleðslunni. Óljóst má greina mögulegt framhald af torfhleðslu til suðvesturs frá NNV-enda hleðslunnar. Hlutverk þessara minja er óljóst en ætla má að þær tengist líklega verkun og geymslu á mó.

Hættumat: engin hætta

SP-043:008_15 tóft skemma


540644 627907



Móstæði 008_15, horft til suðvesturs á ljósmynd

Óljós tóft 008_15 er við norðausturenda mógrafa 008_12 og 6,5 m ASA við hleðslu 008_014. Hún er torfhlaðin og einföld en innanmál veggja er vart greinanlegt. Tóftin sést sem flatur stallur og er 3,5x3 m að stærð, snýr nálega norður-suður. Mesta hæð veggja er 0,5 m. Ætla má að tóftin sé af móstæði.

Hættumat: engin hætta



Móstæði 008_16, horft til ASA.

Torfhlaðin, ferköntuð tóft 008_16 er á litlum hól um suðaustan við og á milli mógrafasvæða 008_1 og 008_12. Þar er þýft og lyngi vaxið en fast norðaustan við tóftina er rofblettur. Tóftin, sem er vaxin lyngi og grasi, er 3x2,5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Ekkert op sést á tóftinni og er innanmál hennar mjög ógreinilegt. Veggir eru 0,5 m á hæð þar sem hæstir en lægstir í SSV-enda.

Hættumat: engin hætta

SP-043:009 *Háugarða* heimild um landamerki

“[Merkja-] Línan er austan við svonefnt Hólmaða [003]. Er þar hlaðin varða á ytri bakka árinna,” segir í örnefnaskrá.

“Að austan ræður merkjum lína eftir miðju vatninu sem liggur fyrir sunnan Eyrartún, ræður eftir miðri Leirunni í Fjarðarána, austan við svonefnda Háuvörðu, er þar hlaðin varða á ytri-bakka árinna,” segir í Landamerkjabréfi Brekku, No. 66, þinglýstu 1890. Þrátt fyrir leit á bökkum Fjarðarár fannst engin varða og verður að teljast líklegt að áin hafi séð um að ryðja öllum ummerkjum um hana í burtu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Brekka, 1; Landamerkjabréf Brekku No. 66

SP-043:010 tóft óþekkt


540240 626769

Fornleg, einföld tóft er litlu norðan við merki á milli Tindriðastaða og Brekku, neðst í lyngi vöxnum brekkum vestan við Torfdal 006 og austan undir Hraunum í Lútinni. Er tóftin 60 m sunnan við tóft 024 og 1,6 km suðvestan við bæ 001. Nokkuð skýr brún er neðan við tóftina og stendur hún nokkur hærra en mýrin fyrir neðan.

Í fjallshlíðinni er þýfður lyngmói innan um mýrardrög. Austan við tóftina er flatlent, grasi vaxið mýrendi í Torfdal. Lítil rofblettur er fast norðaustan við tóft en rof ógnar ekki þó ekki.

Tóftin er vaxin lyngi og mosa og lítillaga farin að ganga í þúfur. Hún er 6x4 m að stærð og snýr norður-suður. Op er á henni í norðausturhorni. Veggir eru 0,4-0,5 m á hæð. Innanmál er orðið óskýrt en greinanlegt. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en vel kemur til greina að um gamalt heystæði sé að ræða.

Hættumat: engin hætta



Fornleg tóft 010, horft til austurs á ljósmynd.

SP-043:011 Snorragil þjóðsaga

541090 628047



Snorragil 011, horft til norðurs.

“Sunnan við bæ er gil, sem ef til vill heitir Snorragil; þar sást fólk sem kom til kirkju fara niður í gilið, en svo sást það ekki aftur,” segir í örnefnaskrá. Snorragil er um 90m suðaustan við bæjarhól 001 og beint vestur af Snorragerði 004. Suðausturhlið túngarðs 020 liggur eftir norðvesturbrún gilsins. Ekki er augljóst hverjir hafa farið þessa leið að kirkju á Þönglabakka, en helst kemur til greina að það hafi verið fólk á Kaðalstöðum. Fyrir aðra væri það mikið úrleiðis að fara út með Fjarðaránni og upp hjá Brekku að kirkju.

Engin mannvirki eru í gilinum sem er vel gróið grasi. Hlíðar þess eru nokkuð brattar beggja vegna og er halli þeirra sennilega meiri en 45gráður.


Örlítill flati er í því neðst og er þar smá vatnslæna.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Brekka, 3

SP-043:012 tóft heystæði

541197 626648



Heystæði 012, horft til suðurs á ljósmynd.

Tóft af heystæði er í Brekkuhólma, á eystri bakka Fjarðarár, um 215m austan við heytóft 025 og 1,5 km sunnan við bæ 001.

Eins og áður sagði er tóftin á árbakka og eru flatar engjar í kringum hana.

Tóftin er einföld, 9x4m að stærð og snýr norður-suður. Það er op á henni til suðurs út að ánni. Tóftin er að hluta niðurgrafin og er innrabyrðið 30-50cm á hæð. Vegghleðslur eru um 1m á breidd en ytra byrðið er mjög óljóst og ekki meira en 20cm á hæð. Engar grjóthleðslur eru sýnilegar í tóftinni.


Hættumat: engin hætta

SP-043:013 tóft útihús

541110 628147

Lítill útihústóft er í túni neðarlega í brekku, rúmum 60 m austan við bæ 001 og rúmum 20 m norðan við útihús 015. Tóftin er ekki sýnd á túnakorti frá 1918. Fast norðan við tóftina er bratt gil, Brekkugil.

Túnið er stórbýft og er túnið í brekku til austurs.




Útihústóft 013, horft til suðurs á ljósmynd.

Tóftin er 5,5x3,5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er einföld og opin í báða enda. Tóftin hefur aflagast vegna jarðvegssigs í brekkunni og er líklegra aðeins hafi verið op í suðurenda. Veggirnir eru 1-1,5 m á breidd, 0,3 m á hæð, algrónir og stórbýfðir.

Hættumat: engin hætta

SP-043:014 tóft útihús

541056 628158



Útihústóft 014, horft til norðausturs á ljósmynd.

Útihústóft er tæpum 9 m norðaustan við bæ 001 og um 50 m vestan við útihús 013. Útihúsið er á stakstæðum, bröttum hól og sést vel og víða að. Ein renna tilheyrandi áveitu 035 er á milli bæjarhólsins og hólsins sem útihúsið er á. Útihúsið er ofarlega í túninu og er ekki sýnt á túnakorti frá 1918 og hefur útihúsið sem þarna var líklega verið fallið úr notkun. Svo virðist sem hólinn undir útihúsinu sé uppsöfnuð mannvistarlög og hafa mannvirki verið lengi á þessum stað. Fast norðan við tóftina er 15-20 m snarbrött brekka niður í Brekkugil. Sunnan við tóftina er 5 m brött brekka niður að áveitunni.

Hólinn sem tóftin er á er grasivaxinn og sléttur. Umhverfis tóftina er búið að slétta túnið með handverkfærum. Tóftin er á brattri tungu, milli áveituskurðar 035 og Brekkulækjar. Túnið er engu að síður þýft, bara ekki eins stórþýft og hinir hlutarnir. Tóftin er grænni en nánasta umhverfi.

Tóftin er 5,5x5 m að stærð og snýr norður-suður. Ekki er hlaðinn veggur á suðurgaffli hennar og þar er líklegt að hafi verið timburþil. Veggirnir eru 2-2,5 m á breidd og 0,3-1 m á hæð.


Hættumat: engin hætta

SP-043:015 tóft útihús

541120 628120

Útihús er austast í heimatúni, um 70 m ASA við bæ 001 og rúma 20 m sunnan við útihús 013. Útihúsið er neðarlega í brekkunni sem hallar til austurs frá bænum, skammt vestan við túngarð 020. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1918 og líklega var það ekki í notkun á þeim tíma.

Heimatún Brekku er í miklum halla til austurs, er stórþýft en engu að síður sést tóftin vel. Útihúsið er á lágu hólbarði.



Útihústóft 015, horft til austurs á ljósmynd.


Tóftin er 11,5x7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur, Veggirnir eru 0,6-1 m á hæð, 2 m á breidd og algrónir. Tóftin sjálf skiptist í tvö hólf en það þriðja er sambyggt henni að vestanverðu, líklega heystæði. Hólf A er nyrst. Það er 2,3x2,3 m að innanmáli og op er í austurhorni. Hólf B er sunnar og öllu ógreinilegra. Það er 3x1 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er suðausturenda en ekki er op á milli hólfa. Í suðvesturenda eru veggirnir útflattir og mynda nokkurs konar “hrygg”. Þeir eru allt að 3 m á breidd, þýfðir og algrónir. Vestan við tóftina er U-laga veggur sem bendir til þess að sambyggt heystæði hafi verið þar. Mjótt bil er á milli þess og tóftarinnar. Veggir þess sjást betur að innan en utan, eru 2 m á breidd og 0,3 m á hæð. Ekki er útilokað að það sem er túlkað sem heystæði sé í raun leifar af eldri tóft.

Hættumat: engin hætta

SP-043:016 tóft heystæði

541174 628111

Einföld tóft er tæpum 130m aust-suðaustan við bæ 001, rúma 80m norðaustan við Snorragerði 016 og



Tóft 016, horft til norðurs á ljósmynd.

tæpa 50m austan við tóft 015.

Tóftin er austan undir mjög þýfðri og brattri brekku en austan við tóftina er grösugt flatlendi við ós Brekkulækjar.

Tóftin er einföld, 10x5m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Hún er 4x1,5m að innanmáli, snýr hólfið eins og tóftin og svo er op á miðri suðausturhlið. Vegghleðslur eru 1,5-2m að breidd. Innrabyrði þeirra er 30-70cm á hæð en ytrabyrði 30-60 á hæð. Ytrabyrði suðvesturgafis er mjög óljóst. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni sem sker sig lítt úr umhverfi sínu. Út frá staðsetningu má ætla að um heystæði sé að ræða.


Hættumat: engin hætta

SP-043:017 tóft útihús

541008 628150

Ógreinileg tóft er í túni 13 m vestan við bæ 001, einn hluti af áveitu 035 er á milli tóftar og bæjar. Útihús 018 er 11 m norðvestar. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1918 og hefur líklega ekki verið lengur í notkun þá.

Tóftin er innan heimatúnisins, á hól sem hækkar til norðausturs frá bænum. Svæði vestan við tóftina er sléttað með handverkfærum.



Útihústóft 017, horft til norðausturs á ljósmynd.

Tóftin er 5x4 m að stærð, einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Suðausturhornið er skemmt. Tóftin líkist einna helst heystæði en óvíst að slík mannvirki hafi verið innan heimatúns. Veggirnir eru 1 m á breidd, 0,2-0,3 m á hæð og algrónir.


Hættumat: engin hætta

SB-043:018 tóft útihús

540995 628160

Útihústóft er 18 m er vestan við bæ 001 og rúmum 10 m VNV við tóft 017. Tóftin er norðvestarlega innan heimatúnsins og er ekki sýnd á túnakorti frá 1918. Tóftin er á lágum hól, í halla til vesturs niður að gili Brekkulækjar.

Tóftin er í norðvesturhorni heimatúnsins, á stakstæðum hól. Gil er til vesturs og norðurs og um 5-10 m bratt þar niður. Allt umhverfis tóftina er þýft tún.



Útihústóft 018, horft til vesturs á ljósmynd.

Tóftin er 11x8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggirnir eru 2-2,5 m á breidd og 0,3-0,5 m á hæð. Veggirnir eru enn nokkuð veglegir þrátt fyrir að þeir séu að síga undan halla til norðvesturs. Tóftin skiptist í þrjú hól en er nokkuð röskuð. Hólf A er suðaustast, er 3,5x2,3 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er inn í það í suðausturenda og úr því er op til norðvesturs, yfir í hólf B. Það hólf er 3,6x1 m að innanmáli. Op er úr suðurhorni á hólf B til suðausturs í hólf C. Það hólf er í halla til vesturs að Brekkugili. Veggirnir eru mjórri í þessu hólf en öðrum hlutum tóftar. Þeir eru 1,5 m á breidd, 0,2 m á hæð og algrónir. Munur á umfangi veggja er það mikill að ekki er útilokað að um tvö byggingarstig sé að ræða. Hólf C er 3,5x3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir þess eru brotarkenndir og ekki sést veggjahleðsla á suðausturhlið.

Hættumat: engin hætta

SB-043:019 tóft útihús


540971 628073

Tóft er við vesturenda túngarðs 020_1, um 70 m suðvestan við bæ 001 og 25 m sunnan við útihús 040. Tóftin opnaðist að öllum líkindum út úr túninu og sést ekki á túnakorti frá 1918. Skammt sunnar er svokallaður Kvíahóll sem dregur nafn sitt af kvíum 020_2 sem eru rétt austar. Sé tekið mið af lagi tóftarinnar er þetta útihús.

Tóftin er í vesturjaðri heimatúnsins, á svæði sem er í litlum halla. Til norðurs er stórþýft heimatúnið en til suðurs og suðvesturs er lyngivaxið mólendi.

Tóftin er 7x4 m að stærð, er einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Túngarður 020_1 endar 4 m austar en ekki er ljóst hvað afmarkaði túnið áfram til vesturs. Op er á tóftinni á suðausturgaffli. Veggirnir eru 0,3-0,6 m á hæð og algrónir. Öll tóftin er þýfð en líklega er hún hlaðin úr torfi og grjóti. Vestan og sunnan við tóftina mótast fyrir ummerkjum um efnistöku.

Hættumat: engin hætta




Útihústóft 019, horft til vesturs á ljósmynd.

SP-043:020_1 garðlag túngarður

541130 628108

Túngarður afmarkar tún Brekku til suðurs og austurs. Að norðan afmarkaði djúpt gil heimatúnið en ekki er ljóst hvað réði til vesturs. Gilið er 15-20 m djúpt og bratt. Túngarðurinn er víða rofinn en leið 043 lá að bænum úr suðaustri, í gegnum op á honum. Við túngarðinn voru einnig skráðar kvíar 020_2 og tóftir 020_3 og 020_4. Túnið í Brekku er um 1,5 ha að stærð og minjar um túngarð og samtengdar tóftir eru á svæði sem er 100x150 m að stærð og snýr ASA-VNV.

Tún Brekku er í brattri brekku, sem hallar til austurs. Túnið er stórþýft og víða við bæ 001, sjást ummerki um sléttun með handverkfærum.



Austurhluti túngarðs 020_1 og gerði 020_3.
Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Túngarður 020_1, horft til norðurs.


Túngarðurinn er hér og þar í brekkubrúnum og í þeim tilvikum sést hann sem kantur. Annars er hann 2 m a breidd, algróinn lyngi og grasi. Hann er 0,6-1,2 m á hæð. Í lýsingu þessari er túngarðinum skipt í þrjá hluta og fær hver þeirra bókstaf til aðgreiningar. Hluti A afmarkar túnið að austanverðu. Hann liggur til austurs frá tóft 013, sveigir til suðurs, framhjá útihúsi 015 og sveigir aftur til vesturs litlu sunnar. Rof er á tveimur stöðum í þessum hluta túngarðsins sem er 70 m langur. Hluti B er 26 m suðvestar. Þessi hluti er 28 m langur og snýr norðaustur-suðvestur. Hluti C er 10 m sunnar og afmarkaði suðurhlið túnsins. Túngarðurinn er rúmlega 90 m að lengd og snýr VNV-ASA. Rof er á tveimur stöðum en eystra rofið gæti allt eins verið manngert hlið því leið 043 lá þar í gegn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1918

SP-043:020_2 Kvíahóll tóft kvíar

540979 628068



Kvítóft 020_2 og tóft 020_4 við túngarð 020_1.
Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Kvítóft 020_2, horft til norðvesturs á ljósmynd.


“Austan við Brekkudalinn eru svonefndir Brekkuhólar og heitir hinn nyrsti Kvíahóll, en næsti hóll sunnan við hann Slétthóll,” segir í örnefnaskránni Úr Fjörðum. Kvíar 020_2 eru sambyggðar utanverðum hluta C af túngarði 020_1. Þær eru suðvestan við heimatúnið, nærri Kvíahóli. Túngarðurinn afmarkar norðurhlið kvíanna. Þær eru 8x4,5 m að stærð, einfaldar og snúa austur-vestur. Op er í austurenda. Veggirnir eru hlaðnir úr torfi og grjóti, hellur sjást hleðslum inni í kvíunum. Veggirnir eru 1-1,3 m á hæð og 2 m á breidd.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Úr Fjörðum, 18

SP-043:020_3 gerði rétt

541122 628132



Gerði 020_3, horft til VNV á ljósmynd.

Lítill rétt er sambyggð innanverðum túngarði 020_1, norðaustarlega í heimatúni. Réttin er 8,1x4,3 m að stærð og snýr norður-suður. Túngarðurinn afmarkar austurhlið hennar. Veggirnir eru ógreinilegir, þúfur gefa þá helst til kynna. Þeir eru 1-2 m á breidd, 0,2-0,4 m á hæð og algrónir. Op er á réttinni til norðurs,

í átt að Brekkugili. Óljós hyggur liggur til norðvesturs frá réttinni, að tóft 013 sem er ofar í brekkunni.

Hættumat: engin hætta

SP-043:020_4 tóft útihús

541045 628052



Útihústóft 020_4, horft til vesturs á ljósmynd.


Útihús er sambyggt túngarði 020_1, innan heimatúnsins. Það er syðst í túninu og óljóst vegna gróðurs og stórþýfis. Tóftin er 5,5x2 m að stærð, er einföld og snýr austur-vestur. Op er á henni í austurenda. Veggirnir eru 0,5 m á hæð og tóftin er mjög sigin.

Hættumat: engin hætta

SP-043:021_1 tóft beitarhús

540420 627447


Tvær tóftir og ein þúst eru í kvos norðan við Torfdal 006, vestan við Brekkulæk og fast norðan við mógrafir 023. Minjarnar eru 920 m suðvestan við bæ 001 á svæði sem er 18x10 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur.



Tóftir og þúst 021, horft til suðurs á ljósmynd. Fjær sjást mógrafir 023_1.

Grasi gróið er í kringum minjarnar. Vestan við þær er lyngi vaxin brött brekka, hálfgróinn melur er til norðvesturs og flatlent mýrlent svæði til suðausturs. Frá minjunum sést inn í Brekkudal en ekki heim að bæ. Fjölfarin gata á leið SP-621:002 yfir að Þönglabakka liggur rétt norðvestan við minjarnar.

Lýsingin hefst á tóft 021_1 sem er norðaustast á svæðinu. Hún er einföld, 11x7 m að stærð, snýr



Tóft 021_1, horft til norðausturs á ljósmynd.

norðaustur-suðvestur. Op er á henni í suðvesturenda. Innanmál er orðið ógreinilegt og veggir eru signir. Greinilegt sig eða hrun er í austurhorni tóftar. Tóftin virðist því nokkuð fornleg og mesta hæð veggja er 0,5 m. Hlutverk hennar er ekki þekkt en til greina kemur að þarna hafi verið beitarhús sem þó hefur varla verið hægt að nota á vetrum vegna snjóþyngsla.


Hættumat: engin hætta

SP-043:021_2 tóft óþekkt

540414 627439

Tóft 021_2 er fast suðvestan við tóft 021_1 og stendur lægra. Hún er einnig einföld, 7x4,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Mögulega er óljóst op á miðjum norðausturvegg móts við op inn í tóft 021_1. Veggir tóftarinnar eru mjög signir og innanmál orðið óljóst en greinanlegt. Veggir eru 0,2-0,3 m á hæð. Hvergi sést í grjót í hleðslum. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt.

Hættumat: engin hætta



Tóft 021_2 og þúst 021_3, horft til suðvesturs á ljósmynd.

SP-043:021_3 þúst óþekkt

540420 627439

Þúst 021_3 er fast austan við austurhorn á tóft 021_2 og kann að hafa tengst henni. Einnig getur verið að hún hafi myndast við efnistöku á svæðinu. Þústin er 2x1,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er 0,3-0,4 m á hæð.

Hættumat: engin hætta



Mógrafasvæði 022. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Mógrafir 022, horft til norðurs.

Suðaustast í Brekkudal eru mógrafir í kringum allstóran en lágan hól sem er rofinn að ofan en lyngi vaxinn í hliðum. Mógrafirnar eru 75 m suðaustan við mógrafir 008_12 og 490 m suðvestan við bæ 001. Í Brekkudal er flatlend, blaut og grösug mýri en hér og hvar eru þurrir hólar og hæðir.

Mógrafir sjást á allstóru svæði sem er 280x80 m að stærð og snýr norður-suður. Þær eru víðast grónar og nokkuð samansignar. Meira virðist vera um stökkagrafir innan svæðisins frekar en samfelldar, stórar grafir. Dýpstar eru grafirnar 0,7-0,8 m en sumsstaðar allt að 1 m. Víðast eru þær mun grynri. Engin móstæði eru sýnileg innan mógrafasvæðisins eða í næsta nágrenni þess.

Hættumat: engin hætta

SP-043:023_1 náma mógrafir

540416 627413

Mógrafir eru á afmörkuðu svæði sunnan við Brekkudal, fast suðvestan við leið SP-621:002 yfir í Þorgeirsfjörð. Mógrafirnar eru um 950 m suðvestan við bæ 001 og um 15 m sunnan við tóftir 021. Tvær fornleifar eru innan minjastaðarins, mógrafir 023_1 og móstæði 023_2. Svæðið er 94x43 m stórt og snýr



Mógrafasvæði 023_1. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Mógrafir 023_1, horft til norðausturs.

austur-vestur. Mógrafirnar eru í litlu dalverpi en tóftin uppi á austurbrún þess.


Mýrlent dalverpi. Lyngigróin, brött brekka til vesturs. Hálfgróinn melur til norðvesturs og flatlent mýrlent svæði til suðausturs.

Mógrafasvæði 023_1 er beggja vegna við Brekkulæk sem rennur úr Torfdal 006. Það er 60x40 m að stærð og snýr austur-vestur. Innan þess mótar fyrir hið minnsta 20 mógröfum og ljóst að einhverjar þeirra hafa runnið saman. Áttahorfið er misjafnt sem og stærð mógrafanna. Sumar eru um 2x2 m að stærð meðan aðrar eru 6x3 m. Þær eru allar deiglendar og blautar. Grafirnar sem eru vestan við Brekkulæk eru mun greinilegri en grafir austan við lækinn sem hafa sigið saman og gróið.

Hættumat: engin hætta

SB-043:023_2 tóft skemma

540494 627392



Móstæði 023_2, horft til vesturs á ljósmynd. Fjær sjást mógrafir 023_1.

Um 30 m austan við mógrafir 023_1 er móstæði. Tóft þess er í brekku uppi af dalverpinu fast sunnan við leiðina að Þönglabakka. Tóftin er 4,5x2,5 m að stærð, er einföld og snýr suðvestur-norðaustur. Op er mögulega í norðausturhorni. Veggirnir eru 0,5-0,8 m á breidd og 0,3 m á hæð. Þeir eru grasi- og lyngivaxnir og sést innanmál þeirra lítið sem ekkert.

Hættumat: engin hætta

SB-043:024 tóft heystæði

540263 626828



Heystæði 024, horft til suðausturs á ljósmynd.

Tvískipt, torfhlaðin tóft er í vestanverðum Torfdal, um 60 m norðan við tóft 010, 40 m norðvestan við mógrafir 031 og 1,5 km suðvestan við bæ 001.

Tóftin er neðarlega í grösugri hæðarbungu neðan og austan við Hraun í hlíðum Lútarinnar. Hún er á fremur þurru svæði í deiglendi.

Tóftin er torfhlaðin og tvískipt. Hún er 8,5x6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Í norðvesturenda tóftar er hólf sem er á jafnsléttu og er 3,5x m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur. Op er í vesturhorni þess en ekki er útilokað að það hafi myndast vegna rofs. Í suðausturenda og í halla til suðausturs er annað hólf sem er 4,5x1,5 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Ekki er op milli hólfa. Veggir tóftarinnar eru víðast innan við 1 m á breidd og eru 0,2-0,4 m á hæð. Líklega hefur tóftin gegnt hlutverki heystæðis.

Hættumat: engin hætta

SP-043:025_1 tóft heystæði

540986 626687


Suðaustan Seltungu [sjá 005] og austan við Merkigil eru tvær tóftir sem eru mjög þétt saman á svæði sem er 9x4m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Út frá staðsetningu og útliti má ætla að þær hafi verið notaðar sem heystæði. Þær eru rúman 1,4km suður af bæ 001 og tæpa 300m suðaustan við Brekkusel 005.

Tóftirnar eru syðst í landi Brekku, í brekkurótum sunnan við Brekkuhóla. Þær eru vestast og syðst í Hólamýri, grösugu flatlendi sem liggur að Fjarðará.

Norðvestari tóftin 025_1 er einföld, um 5x4m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hún er 2,5x1,5m að innanmáli og snýr hólfid eins og tóftin. Op er á tóftinni austast á suðausturskammhlið. Ytrabyrði tóftar er 60-80cm á hæð en innrabyrði 30-50cm á hæð. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni sem er á kafi í grasi.

Hættumat: engin hætta

SP-043:025



Heytóftir 025_1-2, horft til suðurs á ljósmynd.

SP-043:025_2 tóft heystæði

540990 626686

Suðaustari tóftin 025_2 sést sem upphlaðinn pallur og er hann 4x4m að stærð. Ytrabyrði pallsins er 30-50cm á hæð. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni sem er á kafi í grasi.

Hættumat: engin hætta

SP-043:026 varða óþekkt

540970 627457

Varða er í Brekkuhólum, austan Háasunds. Hún er um 670m sunnan við bæ 001 og um 540m norðan við Brekkusel 005.

Varðan er syðst á gróðursnauðum klettaranum sem liggur svo til frá suðri til norðurs.

Varðan er hringlaga og um 1 m í þvermál. Hún er 70-80cm á hæð, í henni sjást 4-5 umför og er skófum




Varða 026, horft til norðausturs.

vaxið hleðslugrjótið í meðallagi stórt. Enginn gróðurkragi er umhverfis vörðuna. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin. Hún sést hvorki frá bæ né Brekkuseli en kann að hafa verið á leið þar á milli. Þar sem lítið sést til hennar af láglandinu er mögulegt að hún hafi frekar verið notuð sem mið af sjófarendum en annars er hlutverk hennar óþekkt.

Hættumat: engin hætta

SP-043:027 hleðsla brunnur

541021 628148



Leifar af brunnhúsi 027, horft til suðausturs á ljósmynd.

Fast vestan við bæ 001 og austan við rennu 035 er hleðsla, líklega af brunnhúsi. Hún er í vesturhliðum bæjarhólsins, innan heimatúnsins. Bratt gil er skammt norðar.

Hleðslan er ofan í rennu 035 og greinilega notuð til að stífla hana. Hún er 1-2 m á breidd og 0,5 m dýpt. Stórþýft, grasivaxið tún er allt umhverfis.

Hleðslan er 3,5x1 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er bogadregin og 0,3 m á hæð. Hún liggur þvert yfir rennuna, í halla til norðvesturs. Til norðurs er hrun úr bæjarhúsunum en ólíklegt að hleðslan hafi verið hluti þeirra. Ekkert vatn sést í rennunni.

Hættumat: engin hætta


SP-043:028 Stekkjarklöpp tóft stekkur

541160 627845

“Austan undir Bugðumelnum er Stekkjarklöppin, en sunnan við hana er stekkur frá Brekku,” segir í örnefnaskránni Úr Fjörðum. Stekkjartóft er um 300m suð-suðaustan við bæ 001, rúma 30m norðan við mógrafir 040 og um 190m suður af Snorragerði 004.

Tóftin er utan í suðurenda Stekkjarklappar og norðan við grösuga hvilft sem er út frá vesturjarði Háasunds.

Tóftin er 13x5m að stærð og snýr svo til norður og suður. Austurhlið tóftarinnar er að stórum hluta grafin



Stekkur 028, horft til austurs á ljósmynd.

inn hæðina sem hún er utan í og því hefur hún ekkert ytrabyrði þeim megin. Tóftin er þrískipt og eru hólfin hvert upp af öðru frá suðri til norðurs og verða þau hér auðkennd hér með bókstöfum í lýsingu. Nyrst er hólf A og er það 2x1,5m að innanmáli, snýr norður-suður. Það eru tvö op á því, annað til vesturs, út úr tóft, en hitt til suðurs inn í hólf B. Það er 2x1,5m að innanmáli og snýr líka norður og suður. Úr því er op til suðurs inn ó hólf C. Það er 3x2m að innanmáli og snýr vestur og austur. Op er á því til vesturs, út úr tóftinni. Vegghleðslur eru 1-2m á breidd og er ytrabyrði þeirra 80-160cm á hæð. Innrabyrðið er 60-100cm á hæð og má sjá glitta í grjóthleðslur í öllum hólfum þú að umför þeirra verið ekki talin. Tóftin er vel gróin grasi og sker sig nokkuð frá umhverfi sínu. Ekkert rof er í henni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Úr Fjörðum, 19

SP-043:029 *Arnarhóll* heimild um huldufólksbústað

541203 627776



Arnarhóll 029, horft til norðurs.

“Sunnan við Vatnshólinn er Arnarhóll. Er hann með allmikla klettaborg efst, og var þar talin álfabyggð eins og víða fyrr á árum, en sunnan við Arnarhólinn er Guddulág og þar litlu sunnar Gudduklettur niður við jafnsléttu,” segir í örnefnaskránni Úr Fjörðum. Vestan Leiru og norður af Guddulág mun Arnarhóll vera. Hann er rúma 380m suð-suðaustan við bæ 001 og tæpa 30m austan við mógrafir 040.

Arnarhóll er svo til gróðurlaus klettaborg sem er á milli Brekkuhóla og engja á bökkum Fjarðarár. Engar þekktar sögur eru af huldufólki eða álfum í hólnum.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Úr Fjörðum, 19

SP-043:030_1 tóft beitarhús

540609 627998

Tvær tóftir eru neðst í Dalsbrekku í norðvestanverðum Brekkudal, fast norðvestan við mógrafir 008_1 og 440 m suðvestan við bæ 001. Minjarnar eru á svæði sem er 18x8 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftirnar eru á þurru, smáþýfðu og lyngi vöxnu svæði. Lyngi vaxnar bekkur eru til vesturs en grösug mýri til austurs.

SP-043:030



Tóftir 030.




Beitarhús 030_1, horft til austurs.

Lýsingin hefst á beitarhúsatóft 030_1 sem er nyrst á svæðinu. Hún er tvískipt og virðist að mestu torfhlaðin. Framan við hana til suðausturs er þýfður kragi. Torfið í tóftina virðist að hluta stungið úr því þýfi og er lægð framan við tóftina. Tóftin er 8,5x5,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Allstórt hólfi er í suðvesturhluta tóftarinnar og er það lítillega niðurgrafið. Hólfið er 2,5x3 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Norðaustast í því er hlaðinn lágur bálkur (frekar en veggur) og eru innan við 0,5 m á milli hans og veggjar sem skilur hólfin tvö að. Bálkurinn er 0,6 m á breidd og 0,3 m á hæð. Op á þessu stærra hólfi er í austurhorni. Mögulega er op inn í minna hólfið úr stærra hólfi en það hólfi stendur mun hærra (0,5 m) og er líklega heystæði. Rof eða op er einnig á suðausturlangvegg þessa hólfs en virðist ekki vera op. Minna hólfið í norðausturenda tóftar er 2,7x1,8 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Mesta hæð veggja utanmáls er 1 m á suðausturhlíð en veggir lækka til norðvesturs upp í aflíðandi halla.

Hættumat: engin hætta

SP-043:030_2 tóft heystæði


540609 627986



Heystæði 030_2, horft til austurs á ljósmynd.

Lítill, einföld og torfhlaðin tóft er á flatlendi 6 m sunnan við beitarhúsatóft 030_1. Hún er 3,5x2,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir hennar eru 0,2-0,3 m á hæð og 0,3-0,6 m á breidd. Ekki sést op á tóftinni sem að öllum líkindum hefur gegnt hlutverki heystæðis.

Hættumat: engin hætta



Mógrafasvæði 031. Loftmynd: Loftmyndir ehf.



Mógrafir 031_1, horft til suðvesturs.

Mógrafir eru á tveimur stöðum í Torfdal 006, litlu norðan við merkin á milli Tindriðastaða og Brekku. Grafirnar eru á svæði sem er 34x22 m að stærð og er 20 m norðan við stórt mógrafasvæði 032 og 1,5 km suðvestan við bæ 001.

Torfdalur er flatur, deiglendur og grösugur.

Vestari mógrafirnar 031_1 eru á svæði sem er 20x20 m að stærð og eru meðfram lækjarfarvegi á grónum bökkum. Grafirnar eru fremur litlar en margar þeirra eru djúpar og ógrónar. Stendur vatn í sumum þeirra og eru dýpstu grafirnar 1,5-2 m djúpar.

Hættumat: engin hætta



Mógrafir 031_2, horft til suðvesturs.

Mógrafasvæði 031_2 er fast austan við grafir 031_1. Það er 12x10 m að stærð og snýr norður-suður. Innan þess eru skýrt afmarkaðar, ferkantaðar stokkagrafir sem eru nánast fullar af vatni. Grafirnar virðast um 1 m þar sem þær eru dýpstar.

Hættumat: engin hætta

Á merkjum milli Brekku og Tindriðastaða í Torfdal 006 eru miklar og djúpar mógrafir á stóru samfelldu svæði en einnig eru stakar minni grafir rétt við það. Mógrafirnar eru 52 m austan við tóft 010, 20 m sunnan við mógrafir 031 og 1,5 km suðvestan við bæ 001.

Torfdalur er flatur, deiglendur og grösugur.

Mógrafasvæðið er 60x50 m að stærð og snýr norður-suður. Um er að ræða stórt samfelld svæði með dýpri minni gröfum inn á milli. Vatn stendur í dýpstu gröfunum austast á svæðinu og eru þær ógrónar. Mógrafasvæðið er yfir 1 m á dýpt, víða gróið.

Hættumat: engin hætta



Afmörkun mógrafasvæðis 032. Loftmynd: Loftmyndir ehf.




Mógrafirnar, horft til SSA

SP-043:033_1 tóft heystæði

540712 627875

Tvær tóftir eru saman á svæði sem er 18x6 m að stærð nærri norðvesturbakka Brekkulækjar sem rennur eftir Brekkudal. Minjarnar eru rúnum 100 m austan við mógrafasvæði 008_12 og 415 m suðvestan við



Heystæði 033_1, horft til SSA á ljósmynd.

bæ 001.

Tóftirnar eru á nokkuð þurru og grasi grónu svæði en mýrlent er í kringum þær.


Lýsingin hefst á nyrðri tóftinni 033_1 sem er 12 m norðan við tóft 033_2. Hún er einföld og torfhlaðin, vaxin mosa, beitylengi og engjagróðri. Ekki er útilokað að þetta sé í raun náttúrumyndun: lágur hóll með rofi í miðju sem hefur gróið aftur. Meint tóft er 3x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ekkert op sést á henni eru veggir 0,2-0,3 m á hæð. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en af útliti og staðsetningu að dæma kemur helst til greina að hún sé af heystæði.

Hættumat: engin hættu

SP-043:033_2 tóft heystæði

540714 627860

Tóft 033_2 er 12 m sunnan við tóft 033_1, frammi á norðvesturbakka Brekkulækjar. Hún er 5x3 m að stærð, snýr ANA-VSV. Líklega hefur verið op í VSV-enda tóftar sem er vaxin grasi og mosa. Innri brún veggja er lág og ytri brún hæst um 0,5 m. Smáþýft er innan tóftar. Staðsetning og útlit tóftar gefur til kynna að hún sé af heystæði en einnig kemur til greina að hún sé af móstæði. Hins vegar sjást ekki skýr



Heystæði 033_2, horft til austurs á ljósmynd.

ummerki um mósukurð í næsta nágrenni.

Hættumat: engin hætta

SP-043:034 *Grafasund* náma mógrafir

540358 628125

“Norður úr Nónláginni liggur sund fremur mjótt norður að Startjörn, og heitir það Grafasund. Í því eru margar fornar mógrafir, og af því mun nafnið dregið,” segir í örnefnaskránni Úr Fjörðum. Grafasund er syðst á Þönglabakkahálsi og sjást mógrafir í því fast norðaustan við leið SP-621:002 á milli Hvalvatnsfjarðar og Þorgeirsfjarðar. Mógrafirnar eru 660 m austan við bæ 001 og 310 m suðvestan við landamerkjagarð 054.

Grafasund er flatlent og gróið. Það er vaxið engjagróðri, fjalldrapa og beitylengi.



Afmörkun mógrafasvæðisins. Loftmynd: Loftmyndir efh.

Mógrafir 034 í Grafasundi, horft til norðurs.

Mógrafirnar eru á svæði sem er 45x30 m að stærð og snýr norður-suður. Mörk grafanna eru greinileg og sjást bæði grafir á allstórum samfelldum svæðum sem eru aðskilin með jarðvegsbálkum og stakar grafir sem eru stórar og ferhyrndar, sér í lagi í suðvesturjaðri og vesturhorni svæðisins. Þessar stöku grafir eru ógrónar og stendur vatn í þeim. Þær eru 0,6 m djúpar og vatnið er 0,2 m djúpt. Annarsstaðar eru grafirnar grynri og grónari.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Úr Fjörðum, 18

SP-043:035 renna áveita

540976 628124

Í heimatúni Brekku og vestan við það, á Brekkudal, eru umfangsmikil ummerki um vatnsveitu. Vatni var veitt úr Brekkulæk rúmum 350 m suðvestan við bæ 001 eftir handgröfnum skurði sem er fast vestan við Brekkuhóla. Skurðurinn greinist við bæjarhólinn og annar hlutinn liggur meðfram vestanverðum bæjarhólnum til norðurs og að meintum brunni 027 en hinn hlutinn heldur áfram til austurs niður túnið. Heimatúnið er grasivaxið og mjög þýft. Svæðið fast við Brekkuhóla er deiglent og víða eru lágir melar. Tvær rennur (skurðir) tilheyra þessu mannvirki og fá þeir bókstafi til aðgreiningar í lýsingu þessari. Mannvirkin eru á svæði sem er 380x60 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Samanlögð lengd rennanna er 450 m. Renna A er umfangsmest. Hún liggur til norðausturs frá Brekkulæk, vestan við Brekkuhóla og að bæjarhól 001. Líklega var stífla í Brekkulæk þar sem rennan byrjar en hún er horfin,



*Kort sem sýnir vatnsveituskurði 035 og veituskurð 044.
Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

Vatnsveituskurður 035A, horft til norðausturs.

engin ummerki fundust um hana. Rennan er 0,5-1 m á breidd allt að heimatúninu og um 0,5 m djúp. Víða eru hlaðnir kantar meðfram henni. Þeir eru víða horfnir og erfitt að greina þá. Lengd rennunnar frá Brekkulæk að heimatúninu er um 270 m. Sé tekið mið af þessu er ljóst að vatnsveitan var mikið mannvirki. Þegar að heimatúninu kemur liggur rennan í sveig á milli útihúsa 037 og 040, og aftur til norðausturs að útihúsi 002. Þaðan fer hún að bæjarhólnum og klopnar, renna B fer sunnan við bæjarhólinn en renna A heldur áfram vestan við hann, brunni 027 er í henni og þaðan opnast hún til norðurs í snarbratt gil. Líklega var einnig stutt renna úr rennu A að útihúsi 039 skammt vestar og niður í sama gil, það er fremur óljóst. Mögulega var útihús 039 annað brunnhús, tóft þess er byggð yfir þessa óljósu rennu. Renna B liggur til suðausturs frá rennu A, sunnan við bæjarhól 001 og niður allt heimatúnið. Hún er eins að gerð og lögun og renna A. Hún er um 75 m löng og fjarar út miðja veginni milli bæjarins og útihúsa 015.

Hættumat: engin hættu

SP-043:036 hleðsla brú

541020 628131

Grjóthlaðin brú liggur yfir rennu 035, á milli bæjar 001 og útihúsa 002. Fjargata liggur á milli bæjarins og útihússins, og fer yfir brúna. Henni er viðhaldið af lausagöngufé.

Stórþýft, gróið heimatún.

Brúin er hlaðin úr stórum steinum. Hún er um 2x1 m að stærð, 0,2 m á hæð og snýr norðaustur-suðvestur. Vatnið í rennunni fer undir steinana í hleðslunni sem er nokkuð aflöguð.

Hættumat: engin hættu



Brúarhleðsla 036, horft til NNA.




Brúin, horft til vesturs.

SB-043:037 tóft útihús

540945 628101

Útihús er um 80 m suðvestan við bæ 001 og 15 m suðvestan við útihús 040, vestast í heimatúninu. Það er utan túnsins eins og það er skilgreint á túnakorti frá 1918. Renna 035 er fast sunnan við tóftina og sveigir til norðurs austan við hana. Tóftin er í jarði heimatúnsins, uppi á brún og bratt er til suðurs.

Brekkudalur opnast til suðvesturs frá tóftinni sem er á mörkum gróins túns og óræktaðs landsvæðis. Til



Útihústóft 037, horft til suðurs á ljósmynd.

vesturs er mói og mýrlendi sem aldrei hefur verið ræktað. Hár melhóll er sunnan við tóftina.

Tóftin er 9,5x6 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 2-3 m á breidd og 0,2-0,6 m á hæð, hæstir að innan. Veggir eru vaxnir grasi, mosa og lyngi. Útlit tóftarinnar bendir til þess að hún sé eldri en aðrar minjar í túninu. Vestara hólfíð er 1,8x1,8 m að innanmáli og er op inn í það á norðurhlið. Eystra hólfíð er mun óljósara. Það er 2,5x0,8 m að innanmáli og op inn í það í austurenda. Óljósar hleðslur sjást sunnan og suðaustan við tóftina. Þær mynda óljós hólíf, mögulega hluti af eldri mannvirkjum. Suðaustari hleðslan er bogadregin, sigin og 0,2-0,3 m á hæð. Syðri hleðslan er öllu óljósari.

Hættumat: engin hætta

SB-043:038 náma mógrafir

541172 627809

Mógrafarsvæði er nyrst í Háasundi vestan við Arnarhól, sunnan Stekkjarklappar og norðan við Guddulág. Þær eru tæpum 35m sunnan við stekk 028 og um 350m suð-suðaustan við bæ 001.



Djúp gryfja á mógrafasvæði 038, horft til vesturs.

Háasund er grösugt sundi milli klettarana sem liggja frá suð-suðvestri til norð-norðausturs.

Mógrafasvæðið er 24x15m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Tvær gryfjur eru innan svæðisins sem eru áberandi djúpar og fullar af vatni en annars er svæðið frekar grunnt skorið og grynnt sennilega bara um 20cm. Mógrafasvæðið er gróið í botninn nema dýpstu grafirnar.


Hættumat: engin hætta

SP-043:039 tóft brunnur

540959 628122

Lítill tóft er rétt utan túns, tæpum 60 m vestan við bæ 001 og 8 m norðvestan við útihús 040. Tóftin er yfir stuttri rennu sem liggur til norðurs af rennu 035A og sé tekið mið af staðsetningunni er um brunnhús að ræða. Veggirnir eru sitthvoru megin við rennuna. Rennan er 1 m á dýpt og 0,2 m á breidd. Norðan við tóftina dýpkar hún og opnast að gili sem er um 8 m djúpt.

Túnið er gróið og stórþýft. Stakir steinar, lyng og mosi sjást líka víða.



Brunntóft 039, horft til norðurs á ljósmynd.

Tóftin er 4,2x2,8 m að stærð og snýr norður-suður. Op eru í norður- og suðurnendum hennar, þar sem rennan fer í gegn. Veggirnir eru 1 m á breidd, 0,2-0,8 m á hæð og algrónir. Tóftin er í litlum halla til norðurs. Mosavaxinn steinn er í rennunni, sunnan við tóftina.


Hættumat: engin hætta

SP-043:040 tóft fjárhús

540970 628112

Stór, útflött tóft er 50 m suðvestan við bæ 001 og 10 m VSV við útihús 002. Tóftin er ekki sýnd á túnakorti frá 1918. Sé tekið mið af gerð og stærð hennar, er um fjárhús að ræða. Renna 035 er fast norðvestan við tóftina.

Tóftin er vestarlega í heimatúninu á hólhrygg, flatlent svæði er til vesturs. Svæðið er þýft, mosi, gras og stakir steinar eru víða.



Fjárhústóft 040, horft til norðvesturs á ljósmynd.

Tóftin er 13x12 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og skiptist í þrjú hólf. Tóftin er grafin inn í hólinn til austurs. Veggirnir eru algrónir, stórbýfðir og aflagaðir. Lýsingin hefst suðaustast í tóftinni, í fjárhúsum A. Þau eru 5,3x3,5 m að innanmáli og snúra norðvestur-suðaustur. Op er inn í þau í suðausturenda og úr þeim er op í norðvesturenda inn í hólf B. Það er 2x1,5 m að innanmáli og snýr eins og hólf A. Veggirnir í þessum hluta tóftarinnar eru algrónir, 2,5-3,5 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð. Hólf C er í norðurhorni tóftar, samsíða og norðaustan við hólf B. Veggirnir eru fremur óskýrir þrátt fyrir að vera 0,5 m á hæð. Þeir sjást einna best í norðvesturhorni. Hólfið er 4x3 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er hlaðinn veggur á suðausturhlið.

Hættumat: engin hætta

SB-043:041 náma mógrafir

541244 627302



Mógröf 041, horft til suðurs.

Stök mógröf er niður við Fjarðará um 850m suð-suðaustan við bæ 001, um 570m norðaustan við Brekkusel 005 og um 170m suður af Hólmavaði 003.

Mógröfin er í grösugu flatlendi milli klapparrana og Fjarðarár.

Mógröfin virðist vera stök, um 4x3m að innanmáli og snýr norður og suður. Hún er 50-60cm á dýpt, full af vatni og ógróin í botninn. Bakkar hennar eru skarpir.

Hættumat: engin hætta

SB-043:042 tóft útihús


540995 628144

Lítill tóft er tæpum 30 m norðvestan við bæ 001 og 10 m suðvestan við útihús 017. Tóftin er lítil og hlutverk hennar er óljóst. Tóftin er ofarlega innan heimatúnsins.

Tóftin er í grasivöxnu túni. Líklega er búið að slétta svæðið í kringum hana með handverkfærum, þar eru þúfurnar minni en víða annars staðar í túninu.

Tóftin er 2,5x2,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er einföld og veggirnir eru umfangslitlir. Þeir eru 0,6-1 m á breidd og 0,3 m á hæð. Mikil grænka er í tóftinni.

Hættumat: engin hætta



Tóft 042, horft til suðurs á ljósmynd.

SP-043:043 gata leið

541064 628078



Gata 043 í túninu, horft til suðausturs.

Til suðurs frá bæ 001 og út heimatúnið mótast fyrir leið sem er ekki sýnd á túnakorti frá 1918. Ekki er um upphlaðnar traðir að ræða.

Heimatúnið er í halla til austurs. Það er stórbýft og gróið.

Í túninu mótast fyrir einfaldri götu sem stefnir á op á túngarði 020_1. Hægt er að rekja hana á um 70 m löngum kafla uns hún fjarar út, bæði til suðurs og norðurs. Gatan er 0,2 m á breidd og 0,2-0,5 m á dýpt. Hér og þar virðist leiðin niðurgrafin. Leið þessi lá á leiðir SP-621:001 og SP-621:017 að Tindriðastöðum.

Hættumat: engin hætta

SP-043:044 renna

541075 628139



Renna 044, horft til austurs.


Nokkuð afgerandi renna er í túni og liggur frá norðurjaðri þess á milli bæjar 001 og tóftar 014 til austurs, niður aftgerandi halla.

Túnið er stórbýft og grösugt.

Handgráfin renna er 10 m norðar en renna B í vatnsveitu 035. Ekki er að sjá að hún sé tengd því mannvirki. Rennan er 68 m löng og liggur frá VNV niður halla til ASA. Hún er 0,5-1 m á breidd og 0,5 m á dýpt. Hlutverk rennunnar er ekki ljóst en ætla má að hún tengist áveitu á túnið eða fráveitu.

Hættumat: engin hætta

Túnið á Brekku er í mjög ákveðnum halla til austurs ef frá er skilinn vestasti hluti þess. Það er afmarkað af Brekkulæk til vesturs og norðurs og túngarði 020_1 til suðurs og austurs. Kort er til af túninu frá 1918



Kort sem sýnir umfang túnsins á Brekku og helstu minjar innan þess. Loftmynd: Loftmyndir ehf. Á innfeldri mynd er túnakort Brekku frá 1918.

og þá var það 1,4 ha og 1/6 hluti þess var sléttur.

Túnið er stórbýft og grösugt.



Horft til suðvesturs yfir túnið á Brekku frá Arnareyri.

Í Brekkutúni sjást ummerki um handsléttun í kringum bæinn og útihús í norðurhluta túnsins. Svæðið innan túngarðs sem mælt er af loftmynd er rúmur 1,5 ha og er túnið 170x130 m stórt, snýr austur-vestur. Í fasteignamati frá 1916-1918 er túnið á Brekku sagt vera 5,2 ha og er það í miklu ósamræmi við upplýsingar af túnakorti. Ekki er ljóst hvað veldur þessum mikla mun. Ekki er útilokað að um mislestur úr handriti sé að ræða.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1918; Fasteignamat Suður-Þingeyjarsýslu 1916-1918 - undirmat I, 66.

SP-623 Jórunnarstaðaafréttur

1533: „[...] kirkian æ grytubacka æ [...] ij eydikot j eystrum fiordum er heita Jorunnarstader og kususveinsstadir [...]” : DI IX, 652. 1569: “Grytubacka kirkia hun A [...] tuo eydikot er heita Iorunna[r] stader og Kusueinstader j eystrum Fiordum. eingin hus A. og eigi bygðar j næstu hundrad är.” DI XV, 343.1712: “Jórunnarstader, fornt eyðiból austanframm í Hvalvatnsfirði, nokkuð utar en gagnvart Gili. Þar sjást byggíngaleifar af tóftarústum, en ekki girðingar, hefur og ekki bygt verið frá gamalli tíð. Þetta eyðiból liggur undir Grýtubakka með tilliggjandi landi og kallast Bakka afrjett. Ekki má hjer aftur byggja fyrir snjóflóðum, sem menn hyggja að hafi eyðilagt þetta býli. Túnstæði er og nær ekkert og heyskapur mjög lítill.” JÁM XI, 58.

“Takmörk Jórunnarstaða-afréttar eru frá ystu-Lambá að innan að Hnausum að norðan. Á þessu svæði var fyrir afarlöngu býlið Jórunnarstaðir, er eyddist af snjóflóði.” Göngur og réttir IV, 213.



Minjar í túni Jórunnarstaða og nágrenni. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

SP-623:001_1 Jórunnarstaðir bæjarhóll bústaður

542135 622838

Í íslensku fornbréfasafni segir þann 31. janúar 1533: „[...] kirkian æ grytubacka æ [...] ij eydikot j eystrum fiordum er heita Jorunnarstader og kususveinsstadir [SP-040b] [...]” „Jórunnarstader, fornt eyðiból austanframm í Hvalvatnsfirði, nokkuð utar en gagnvart Gili. Þar sjást byggíngaleifar af tóftarústum, en ekki girðingar, hefur og ekki bygt verið frá gamalli tíð. Þetta eyðiból liggur undir Grýtubakka með tilliggjandi landi og kallast Bakka afrjett. Ekki má hjer aftur byggja fyrir snjóflóðum, sem menn hyggja að hafi eyðilagt þetta býli. Túnstæði er og nær ekkert og heyskapur mjög lítill,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1712. „Nokkru utan við Gil er eyðibýlið Jórunnarstaðir, upp af þeim er svonefnd Jórunnarstaðarskál,” segir í örnefnaskrá Gils. “Jórunnarstaðir. Mat óvisst. Í byggð 1811-12. Eign bændakirkjunnar á Grýtubakka [SP-031],” segir í bókinni Eignarhald og ábúð á jörðum



Minjar á bæjarstæði Jórunnarstaða 001. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

í Suður-Þingeyjarsýslu eftir Björn Teitsson. Norðarlega á Jórunnarstaðaafretti, sunnan við Jórunnarstaðahóla, eru sýnilegar minjar á því svæði sem talið er að bærinn hafi staðið. Bæjarhóllinn er nálega í miðju túni og á honum má enn sjá bæjartóft. Jórunnarstaðalækur afmarkaði túnið til norðurs en minni lækur rennur skammt sunnan við bæjartóftirnar og var líklega bæjarlækurinn, túngarður 017 sést beggja vegna hans. Á svæðinu sem er 25x22 m stórt og snýr NNV-SSA, eru þrjár fornleifar, bæjarhóll 001_1, bæjartóft 001_2 og útihús 001_3.

Bæjarhóllinn er uppi á melbrún, norðan við tvo melhóla og er í hvarfi af þeim þar til komið er framhá hólunum ef komið er úr suðri fram Hvalvatnsfjörð. Melbrúnin sem bærinn er á er allhá og er aflíðandi halli niður af henni til vesturs. Ekki er lengur mikill munur á gróðri innan túns og utan túns en þó er aðeins meira gras og grænni gróður í túninu, næst bæjarhólunum. Flestar minjarnar sem sjást í túni Jórunnarstaða og næsta nágrenni eru nokkuð fornlegar en einnig má sjá yngri minjar.

Bæjarhóllinn er 25x20 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hann er 0,5-1 m á hæð en erfitt er greina á milli þess hvað er náttúruleg hæð og hvað uppsöfnuð mannvistarlög. Melhóllinn sem bæjarstæðið er á sést vel til vesturs og norðurs. Bæjarhóllinn er grasivaxinn og smápýfður og á honum miðjum er bæjartóft 001_2 en lítil tóft er í norðausturjaðri hans. Til suðvesturs frá bæjarhólunum gengur lyngi- og mosavaxin tunga og í henni gætu verið mannvistarleifar frá elsta búsetuskeiði á Jórunnarstöðum.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: DI IX, 652; JÁM XI, 58; Ö-Gil HL, 2; BT, 38



Bæjarhóll 001_1 og bæjartóft 001_2, horft til VSV.



Hluti af bæjartóftinni 001_2, horft til norðurs.

SP-623:001_2 tóft bústaður

542139 622838

Bæjartóftin er á miðjum bæjarhólunum. Það eru minjar frá upphafi 19. aldar sem sjást að öllum líkindum

best en þá var búið á þessum stað í eitt ár eða einn vetur. Tóftin er gróin en það glittir í steina úr hleðslum hér og þar. Alls er tóftin 15x11,5 m að stærð og í henni má greina sex hólf. Veggir eru hlaðnir úr torfi og grjóti og er hæð veggja 0,2-0,5 m. Í gegnum miðja tóftina liggja göng A. Þau er 8,5 m löng og 1 m á breidd, liggja austur-vestur og op eru í báðum endum en líklegt er að bæjardyr hafi verið í vesturenda þeirra. Hólf B er norðvestast í tóftinni. Það er 2,5x1,5 m að innanmáli og snýr nálega norðaustur-suðvestur. Ekkert op sést inn í hólfid og ljóst að mikið hefur hrunið ofan í það. Hólf C er suðaustan við hólf B. Op er úr því til suðurs inn í göng A. Hólfid er 2,2x1,3 m að innanmáli og snýr VSV-ANA. Hólf D er austan við hólf C. Það er óljóst en er 1,8x1 m að innanmáli. Ekkert op sést inn í það. Hólf E er sunnan við hólf D, sunnan við göngin. Ekki er sýnlegur veggur á norðurhlið hólfins sem vísar inn að bæjargöngum. Hólfid er 2,7x2,7 m að innanmáli. Hólf F er vestan við hólf E, einnig sunnan við göngin. Það er 3x1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Er það einna greinilegast í allri tóftinni.

Hættumat: engin hætta

SP-623:001_3 tóft útihús

542147 622848



Lítill tóft er norðaustan í bæjarhól 001_1. Hún er 4,3x2,9 m að stærð, einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Veggirnir eru 1-1,5 m á breidd, 0,2-0,3 m á hæð og eru algrónir. Op er á tóftinni í suðausturenda. Tóftin er mun mosavaxnari en bæjartóftin og virðist geta tilheyrt eldri búsetuskeiðum en hún.

Hættumat: engin hætta


Útihús 001_3, horft til vesturs.

SP-623:002_1 tóft rétt

542176 622790

Tvær réttartóftir eru um 40 m suðaustan við bæ 001, austan undir melhól. Réttirnar eru á svæði sem er 25x22 m að stærð og snýr norður-suður. Fjallað verður sérstaklega um hvora tóft fyrir sig og hefst lýsingin á stærri réttinni 002_1 sem er nyrst á svæðinu. Réttirnar tilheyra yngstu minjum á Jórunnarstöðum og voru þær notaðar sem rúningsréttir fyrir afréttarfé en mögulega var fé einnig dregið sundur í þeim.

Melhóllinn sem tóftirnar eru undir er gróðurlaus efst en að öðru leyti er hann gróinn. Mýrlent er austan



Réttir 002_1 og 002_2.



Rétt 002_1, horft til suðvesturs.

við minjarnar.

Rétt 002_1 er 17x15 m að stærð og snýr norður-suður. Í henni hafa verið fimm hólfr og hefst lýsingin á þeim í suðvesturhorni á hólfi A. Það er 7x5m að innanmáli og snýr norður-suður. Lágur og ógreinilegur veggur eða hryggur er á austurhlíð hólfsins og skilur á milli hólfs A og hólfs B. Nær þessi hryggur ekki alveg á milli hólfa og eru því op á milli þeirra við báða enda hryggjarins. Hólf B hefur líklega verið svipað að innanmáli og hólf A en ekki sjást veggir á austur- og norðurhlíðum þess. Mögulega hefur þeim verið raskað þegar rétt 002_2 var byggð fast suðaustan við. Úr norðvesturhorni á hólfi B er op inn í hólf C sem er eitt þriggja hólfa í norðurhluta tóftarinnar. Það er 5,5x4 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Austan við það eru hólfr D og E sem virðast fornlegri en aðrir hlutar tóftarinnar. Veggir þeirra eru lægri, mjórrir og vaxnir mosa og lyngi en ekki grasi eins og aðrir hlutar tóftarinnar. Hólf D er 3,2x1,3 m að innanmáli, snýr norður-suður. Op er á því í suðausturhorni, yfir í hólf E. Það er 4x1,5 m að innanmáli, snýr norður-suður og er ekki hlaðinn veggur á norðurhlíð þess. Veggjahleðslur í tóftinni eru almennt 0,3-1 m á hæð og algrónar. Í hólfum D og E eru veggir 0,2-0,3 m á hæð og eins er hryggur á milli hólfa A og B 0,2 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

SP-623:002_2 tóft rétt

542184 622781




Réttartóft 002_2, horft til suðausturs.

Rétt 002_2 er 2,5 m suðaustan við rétt 002_1. Hún er mun umfangsminni og á deiglendara svæði. Réttin er 9x9 m að stærð og er L-laga. Op er inn í réttina í kverkinni á milli tóftarhluta en í tóftinni voru að líkindum tvö hólfr, annað í norðurhluta og hitt í vesturhluta. Ekki er hins vegar veggur á milli þessara meintu hólfa. Veggirnir í réttinni eru torfhlaðnir, 1 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Ummerki um efnistöku sjást meðfram þeim, utan við réttina. Líklega er þetta mun yngri rétt en stærri réttin 002_1.

Hættumat: engin hætta

SP-623:003_1 náma mógrafir

542250 622772



Yfirlitsmynd, mógrafir 003_1 og tóft 003_2.
Loftmynd: Loftmyndir ehf.



Mógrafir 003_1, horft til suðvesturs.

Allstórt mógrafasvæði 003_1 er í deiglendi fast utan og suðaustan við tún Jórunnarstaða, um 100 m suðaustan við bæ 001 og 20 m suðaustan við rétt 002_2. Fast sunnan við mógrafirnar er eitt móstæði 003_2

Mógrafirnar eru á grasi grónu svæði neðan og vestan við lyngi grónar fjallshlíðar. Um svæðið ganga fjölmargir lækjarfarvegir og er vatn í sumum þeirra en aðrir eru þurrir og grónir.

Mógrafir sjást á svæði sem er 74x38 m að stærð og snýr austur-vestur. Þær eru í affliðandi halla til vesturs. Skýrustu grafirnar eru á suðurhluta svæðisins. Grafirnar eru grónar og víðast þurrar en þó stendur vatn í þeim gröfum sem eru skýrastar og dýpstar.

Hættumat: engin hætta

SP-623:003_2 tóft skemma

542222 622743



Móstæði 003_2, horft til vesturs.


Einföld tóft af móstæði er fast sunnan við mógrafasvæði 003_1. Hún er 4x3 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er torfhláðin og eru veggir hennar 0,2-0,3 m á hæð. Ekki er op á tóftinni.

Hættumat: engin hætta

SP-623:004_1 tóft sel

541915 621794

Syðst í landi Jórunnarstaða eru tvær fornlegar tóftir sem eru líklega seljarústir og ofan í annarri þeirra



Minjar á selstæði 004. Loftmynd: Loftmyndir ehf.



Seltóft 004_1, horft til VSV.

og sunnan við þær eru mun yngri tóftir sem virðast allar vera heystæði. Ummerki um mótekju 025 eru fast austan við tóftirnar. Minjarnar eru um 340 m norðan við Þverá og rúmum 1 km sunnan við bæ 001. Innan minjasvæðisins eru fimm tóftir á svæði sem er 58x16 m að stærð og snýr nálega norður-suður.

Tóftirnar eru á lágri brún vestan og neðan víðáttumikilla og grösugra engja og austan og ofan við flatlandan og grösugan en nokkuð harðan völl. Lækir renna úr mýrlendinu ofan við til vesturs og rennur einn slíkur norðan við minjasvæðið og annar í gegnum það og skiptir því í tvennt.

Lýsingin hefst nyrst, á meintri seltóft 004_1 sem er frammi á lágri brún. Hún virðist að mestu torfhlaðin og skiptist í tvö hólf. Tóftin er 15x5,5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Stærri hólfíð er í NNA-enda, er það 7x3 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Ekki sést op inn í það en úr því er op til SSV í minna hólf sem er 3,5x3 m að innanmáli og snýr líka eins og tóftin. Ekki sést annað op inn í það. Veggir tóftarinnar eru 1-2 m á breidd og 0,3 m á hæð. Tóftin er vaxin grasi, lyngi og beitylengi.


Hættumat: engin hætta

SP-623:004_2 tóft fjárskýli

541916 621780

Hringlaga tóft 004_2 er fast suðaustan við tóft 004_1 og virðast þessar tvær tóftir vera samtíða þó að grænni gróður sé á tóft 004_2 vegna yngri heystæðistöftar 004_3 sem byggð hefur verið ofan í hana. Tóftin er um 10 m í þvermál og eru veggir hennar 2 m á breidd og 0,4-0,5 m á hæð. Innan við helmingur innanmáls tóftarinnar sést vegna yngra heystæðis. Ekkert op er sýnilegt á tóftinni. Hlutverk hennar er ekki þekkt en hringlaga lögun gæti bent til þess að hún sé leifar af fjárskýli en þau eru víða í seljum.

Hættumat: engin hætta



Selminjar 004_1-2 og heystæði 004_3.



Tóftir 004_2-3, horft til suðausturs.

SP-623:004_3 tóft heystæði

541919 621780

Tóft 004_3 er einföld, lítil tóft af heystæði og er byggð ofan í meint fjárskýli 004_2. Hún er 7x4 m að stærð og snýr norður-suður. Veggir hennar eru tæpur 1 m á breidd og 0,3 m á hæð þar sem þeir eru hæstir á göflum. Ekkert op er á tóftinni.

Hættumat: engin hætta


SP-623:004_4 tóft heystæði

541900 621764

Heystæðistöft 004_4 er tæpum 14 m suðvestan við tóft 004_2. Hún er 9x5,5 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Veggirnir eru 1,5-2 m á breidd, algrónir og 0,3-0,5 m á hæð. Ekki er hlaðinn veggur á suðurhlið tóftarinnar. Hún er á þurru rima en mýrlendi er allt umhverfis og að hluta inni í henni

sunnanverðri. Syðsti hluti vesturveggjar sveigir örlítið til vesturs, líklega hefur hann verið hlaðinn þannig í þeim tilgangi að veita vatni frá en mjög deiglent er á því svæði.

Hættumat: engin hætta



Heystæði 004_4-5.



Heystæði 004_4, horft til SSV.

SP-623:004_5 tóft heystæði



Heystæðistöft 004_5, horft til suðurs.


541898 621753

Heystæðistöft 004_5 er rúmum 3 m sunnan við heystæði 004_4. Tóftin er einföld, 11x5,5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Op er sunnarlega á vesturvegg tóftarinnar. Veggirnir eru torfhlaðnir, 2 m á breidd og 0,3 m á hæð. Þeir eru grasi- og lyngivaxnir og þýfðir. Ummerki um efnistöku sjást vel við suður- og austurhliðar hennar.

Hættumat: engin hætta

SP-623:005 tóft heystæði

541926 621649



Heystæði 005, horft til suðausturs á ljósmynd.



Illa varðveitt heystæði er um 130 m SSA við sel 004 og rúmum 1,2 km sunnan við bæ 001. Tóftin er fast norðan við lækjarfarveg, í blautri mýri. Svæðið er fremur þurrt þar sem tóftin er.

Fjölmarginar uppsprettur og lækir eru í mýrinni. Land hækkar til suðausturs og austurs.

Heystæðið er 6,5x2,5 m að stærð, einfalt og snýr norðvestur-suðaustur. Veggirnir eru 1 m á breidd og 0,2 m á hæð. Þeir eru algrónir og þýfðir.

Hættumat: engin hætta

SB-623:006 garðlag óþekkt

541963 622855



Garður 006, horft til suðurs.

Meint garðlag er á flatlendi á mörkum mýrar og móa rétt austan við Fjarðará/Austurá um 175 m vestan við bæ 001.

Mólendið vestan við garðinn er vaxið grasi og lyngi en einungis vex gras í mýrlendinu austan við það.

Garðurinn er 38 m langur og liggur norður-suður. Hann er 1,5-2,5 m á breidd þar sem breiðastur og 0,5 m á hæð þar sem hæstur. Garðurinn fjarar smám saman út til beggja enda. Skarð er í honum miðjum og fast vestan við það er stór þúfa. Hlutverk garðsins er ekki þekkt en helst kemur til greina að hann hafi verið vörslugarður. Ekki er útilokað að hér sé aðeins um náttúrumyndun að

ræða og að hryggur hafi myndast á mörkum mólendisins og mýrlendisins.

Hættumat: engin hætta

SB-623:007 náma mógrafir

542133 622725



Mógrafir 007, horft til suðurs.

Mógrafir eru í mýrlendi fast austan við aflangan hrygg og eru 80 m sunnan við bæ 001 og fast norðvestan við mógrafir 008.

Hryggurinn vestan við mógrafirnar er gróinn í hliðum en ógróinn efst. Mýrlendið er grasi gróið.

Á mógrafasvæðinu, sem er 38x15 m að stærð og snýr norður-suður, má sjá samfelldar, grunnar og grónar grafir sem eru 0,2-0,3 m djúpar.

Hættumat: engin hætta


SB-623:008_1 náma mógrafir

542160 622722

Allstóft mógrafasvæði er í og við lækjargil á deiglendu svæði 15 m suðvestan við mógrafir 003_1, fast suðaustan við mógrafir 007 og 110 m sunnan við bæ 001. Ein tóft er fast utan og suðvestan við mógrafasvæðið. Innan svæðisins er nokkuð fornleg tóft 020 sem skráð er á sér númer.

Grasi gróið svæðið er í afliðandi halla til vesturs.

Fjöldi mógrafa er í og við lækjargil sem liggja úr fjallshliðum til vesturs. Þær eru á svæði sem er um



Mógrafasvæði 008_1 og móstæði 008_2 auk fleiri minja í nágrenninu. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

100x50 m að stærð og snýr austur-vestur. Mórinn hefur verið grafinn út úr lækjarbökkunum. Dýpstu grafirnar eru um 1 m og jafnvel dýpri sumsstaðar en víða er óhægt um að greina á milli móscurðar og lækjarfarvegjar.

Hættumat: engin hætta



Mógrafir 008_1, horft til suðvesturs.

Móstæði 008_2, horft til VNV.

SP-623:008_2 tóft skemma

542127 622672

Ein mótóft 008_2 er sýnileg hjá þessum gröfum og er hún fast suðvestan við þær. Hún er 4x2 m að stærð og snýr norður-suður. Innanmál í henni er illgreinanlegt. Tóftin er torfhlaðin og grasi gróin. Mesta hæð veggja er 0,2 m.

Hættumat: engin hætta

SP-623:009 Illagilsvað heimild um vað

541918 620102

“Illagilsá á Leirdalsheiði [...]. Brött sniðgata (einstigur) liggur beggja vegna ofan hamarinn að vaði árinna Illagils. Þeir sem ferðast héðan úr Fjörðum til Höfðahverfis koma fast undir fjallið - vegurinn liggur frá norðri til hásuðurs - kemur þessi voðalega Spræna ofan úr fjallinu til vinstri hliðar. Þverhnipt strandbjörg halda beggja vegna [að] ánni. Þegar komið er niður fyrir hamarinn er hesturinn þegar stiginn með framfæturnar út í ána. Ekki er áin breiðari en 2-3 hestallengdir. Klettur eru beggja vegna við hestinn. Standi þessir steinar ekki upp úr vatninu er áin ekki fær sökum vaxtar [...]. Ekki er hesturinn kominn upp úr með afturfætur þegar hann teur heima í hamarnum. Liggur þá hins vegar upp einstigur,” segir í Sýslu- og sóknalýsingu Þingeyjarsýslna 1839. Illagilsvað er á leið SP-621:006 sem liggur út Jórunnarstaðaafrétt og allan austanverðan Hvalvatnsfjörð. Það er 180m norðaustan við gamla gangnamannaskálann á Gili og 400 m suðaustan við bæinn á Gili SP-037:001.



Illagilsvað 009, horft til suðausturs.

Illagil er þröngt og alldjúpt og eru hliðar þess lítt grónar. Áin rennur stríð í þröngum og grýttum farvegi. Engin ummerki sjást um vaðið og ekki sjást skýrar götur eða einstigi liggja niður að því en það er ofan við brúnn á gilinu.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: ÁFÍ 1992, 113; SSB, 62-63


SP-623:010 tóft útihús

542143 622858

Útihústóft er tæpum 7 m norðan við bæ 001 og tæpum 15 m norðvestan við útihús 012. Tóftin er uppi á gróinni brún, brekka er niður af henni til norðurs að Jórunnarstaðalæk. Mýrardrag er neðan brekkunnar að ánni. Brúnn sem útihúsið er á er lægri en bæjarhóllinn. Nokkur grænka er í tóftinni og hún tilheyrir að öllum líkindum minjum frá yngsta búsetuskeiði á Jórunnarstöðum.

Grasivaxið, smábýft svæði. Tóftin er í gömlu túni sem öll rækt er farin úr.

Tóftin er 9,5x6,5 m að stærð og snýr norður-suður. Í suðurhluta tóftarinnar eru veggirnir grasivaxnir og lyngivaxnir í norðurhluta. Tóftin skiptist í þrjú hólf og hefst lýsingin syðst, á hólf A. Það er 3,5x2 m að




Útihústóft 010, horft til norðurs.

innanmáli og snýr norður-suður. Op er inn í það úr suðausturhorni. Hólf B er norðan við hólf A. Það er 2x1,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er á því í vesturenda, yfir í hólf C sem er óljósara. Það er 1,5x1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er inn í það í suðvesturhorni. Veggirnir eru 2 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð utanmáls. Þeir eru litlu hærri innanmáls og eru gengnir í þúfur.

Hættumat: engin hætta

SP-623:011 tóft útihús

542092 622866




Útihústóft 011, horft til norðausturs á ljósmynd.

Stór, mjög fornleg tóft, er á lágum mólendishrygg, næst Jórunnarstaðalæk. Tóftin er 15 m norðvestan og utan túngarðs 017 og 45 m norðvestan við bæ 001.

Norðvestan við tóftina er rof á stöku stað í móanum og sést í grjót. Tóftin sjálf er vel gróin og gengin í þúfur. Á henni vex lyng, beitylyng og hreindýramosi.

Tóftin er einföld, líklega torf og grjóthlaðin þó að ekki sjáist í grjóthleðslur. Hún er 13,5x8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Innanmál hennar er nokkuð skýrt en sést skýrt op inn í tóftina. Líklegast er að það hafi verið í suðurhorni. ekki alveg ljóst hvar op en líklegast að hafi verið í suðurhorni. Veggir eru útflattir, 2 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Ekkert er vitað um hlutverk tóftarinnar en þar sem hún er mjög nærri heimatúni Jórunnarstaða er líklegt að hún sé af einhverskonar útihúsi.

Hættumat: engin hætta



Útihústóft 012, horft til suðvesturs á ljósmynd.

SP-623:012 tóft útihús

542158 622848

Lítill og nokkuð fornleg útihústóft er 8 m austan við bæ 001 og tæpum 4 m vestan við tóft 014.

Tóftin er á flötum malarvelli og mosi og lyng er ríkjandi gróður. Ætla má að hún hafi verið innan gamla heimatúns Jórunnarstaða en öll rækt er farin úr því.

Tóftin er 4,5x3,5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er einföld og sigin. Veggirnir eru 1-1,5 m á breidd og 0,2 m á hæð. Ekkert op sést á yfirborði inn í tóftina.

Hættumat: engin hætta

SP-623:013 tóft óþekkt

542084 622814

Tvískipt, nokkuð fornleg tóft er neðan og vestan við tún Jórunnarstaða á fremur sléttlendu og þurrlandu svæði á milli Jórunnarstaðalækjar og vatnsminni lækjar sem rennur í gegnum túnið. Tóftin er 10 m suðvestan við tóft 015 og 60 m suðvestan við bæ 001.

Á svæðinu er grasgróður og lyng auk beitilyngs og vex sami gróður á tóft.



Fornleg tóft 013, horft til ASA á ljósmynd.

Tóftin er líklega að mestu torfhláðin, er 11,5x6,5 m að stærð og snýr norður-suður. Í stærra hólfinu í norðurhluta tóftarinnar er jarðvegskragi í kringum innanmálið sem er 4x1,5 m að stærð og snýr eins og tóftin. Óljóst op er í norðvesturhorni. Syðra hólfið snýr þvert á hitt og er 4x1 m að innanmáli. Op er inn á því í austurenda. Veggir þess eru mjög mjóir (0,5-0,7 m á breidd) en annarsstaðar í tóftinni eru veggir 1,5-2 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en þar sem hún er rétt utan heimatúns Jórunnarstaða er líklegt að um útihús sé að ræða.

Hættumat: engin hætta


SP-623:014 tóft útihús

542165 622845

Nokkuð fornleg útihústóft er tæpum 4 m austan við útihús 012 og tæpum 15 m austan við bæ 001. Fast austan við tóftina er veggheðsla sem án efa tengdist henni og ljóst að eystri hlutinn er verr varðveittur en sá vestari.

Tóftin er á flötum malarvelli og mosi og lyng er ríkjandi gróður. Ætla má að hún hafi verið innan gamla heimatúns Jórunnarstaða en öll rækt er farin úr því.

Tóftin er 6,5x4 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er einföld en ekkert op sést inn í hana. Veggirnir eru 1-1,5 m á breidd, innra byrði er á köflum óljóst. Þeir eru 0,2-0,3 m á hæð að utan en 0,1 m á hæð að innan. Austan við tóftina sést L-laga veggur og bendir allt til þess að hann hafi tilheyrt tóftinni en tengslin milli þessara tveggja hluta eru rofin. Veggurinn er 2 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Saman eru



Tóft 014, horft til austurs á ljósmynd.

tóftin og veggurinn á svæði sem er 13x7,5 m að stærð og snýr austur-vestur.


Hættumat: engin hætta

SP-623:015 tóft útihús

542099 622823

Einföld, fornleg tóft er á fremur sléttlendu og þurrilendu svæði fast suðvestan undir hálfgrónum hól sem túngarður 017_1 liggur yfir og er á milli Jórunnarstaðalækjar og vatnsminni lækjar sem rennur í gegnum túnið. Tóftin er 10 m norðaustan við tóft 013 og 40 m suðvestan við bæ 001.

Á svæðinu er grasgróður og lyng auk beitilyngs og vex sami gróður á tóft.



Forn útihústóft 015, horft til SSV.

Tóftin er 9x6,5 m að stærð og snýr ANA-VSV. Hún er byggð utan í hól og er ANA-veggur hennar aflagaður og hefur samlagast brún neðan við hólinn. Í ANA-enda er hólf sem er 3,5x2,5 m að innamáli og snýr þvert á tóftina. Mögulega er op inn í það í SSA-horni en einnig kemur til greina að þar sé gróið rof. Annað svipað hólf er í VSV-enda tóftar en það er aðeins minna, 3x2 m að innamáli. Ekki sést op á því en það hefur mögulega verið á VSV-hlið þar sem veggir eru lægstir. Ekki er op á milli hólfa. Veggir eru 1-1,5 m á breidd og 0,2 m á hæð. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en þar sem hún er rétt utan heimatúns Jórunnarstaða er líklegt að hún sé af útihúsi.


Hættumat: engin hætta

SP-623:016 tóft útihús

542185 622830

Stór útihústóft, mögulega fjós, er rúmunum 30 m austan við bæ 001 og 20 m sunnan við útihús 021, fast norðan við meintan bæjarlæk. Tóftin er sigin, fornleg og tilheyrir elstu minjum á svæðinu.

Tóftin er á flötum mel, lítil grænka er við hana. Hún er innan heimatúnsins, þar er gras og smáþýft. Tóftin er í afliðandi halla til suðvesturs.



Útihústóft 016, horft til suðvesturs á ljósmynd.

Tóftin er 13x6 m að stór, einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á miðri vesturlanglið. Veggirnir eru 0,2-0,3m á hæð og 2-2,5 m á breidd. Öll tóftin er mosa- og lyngivaxin.

Hættumat: engin hætta

SP-623:017_1 garðlag túngarður


542110 622805

Torfhlaðinn garður 017_1 afmarkar heimatún Jórunnarstaða að vestanverðu. Óljós tóft 017_2 er sambyggð honum að innanverðu og óljós garður 017_3 liggur af honum til vesturs og hefur mögulega tilheyrt sambyggðu gerði. Minjarnar eru um 25 m vestan við bæ 001.

Túngarður og sambyggðar fornleifar eru á þurrlendi svæði sem er vaxið lyngi og grasi. Jarðvegsrof er á hólhrygg sem garðurinn liggur eftir og er vestan við bæinn.

Túngarður 017_1 er um 116 m langur og hann afmarkar svæði sem er 98x26 m að stærð og snýr norður-suður. Ekki sjást nein

ummerki um garð umhverfis túnið nema að vestanverðu en líklega hefur túnið verið 110x110 m að stærð. Garðurinn er víða rofinn af vatnsaga og jarðvegsrofi en greinilegastur er hann í grasi vaxinni lögð á milli tveggja hóla og þar er hann 1 m á breidd og 0,5 m á hæð.



*Túngarður 017_1 auk ógreinilegrar tóftar 017_2 og réttar 017_3.
Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

Hættumat: hætta, vegna landbrots



Túngarður 017_1, horft til SSA.

Óljós tóft 017_2, horft til VSV.

SP-623:017_2 tóft útihús

542110 622839

Mjög óljós tóft 017_2 virðist sambyggð innanverðum túngarði 017_1 þar sem hann liggur yfir lágan hólhrygg. Nokkurt jarðvegsrof er á hryggnum og er tóftin röskuð af þeim völdum, sem og túngarðurinn. Tóftin er einföld, 9,5x7,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggir hennar eru mjög úr lagi gengnir og signir, eru 0,2 m á hæð. Ætla má að þessi tóft hafi verið einhvers konar útihús. Ekki er útilokað að um náttúruleg þúfnamyndun sé að ræða.

Hættumat: engin hætta

SP-623:017_3 gerði rétt

542104 622808



Leifar af meintri rétt 017_3, horft til suðurs.

Mjög siginn og óljós garður 017_3 liggur af túngarði til vesturs fast norðan við læk sem rennur í gegnum heimatúnið. Er hann að líkindum hluti af gerði sem hefur verið áfast túngarði 017_1 og hefur verið einhvers konar aðhald. Aðeins sést þessi eina hlið af gerðinu og er hún 10 m löng, 1 m á breidd og 0,1 m á hæð. Líklegt er að hin langhlið meints gerðis hafi verið á lækjarbakkanum og sé horfin vegna rofs. Hefur gerðið þá verið um 3 m breitt.

Hættumat: engin hætta

SP-623:018 hleðsla óþekkt

542251 622811

Óljós hleðsla er rúmum 100 m ASA við bæ 001 og rúmum 20 m norðan við mógrafir 003.

Hleðslan er neðarlega í affiðandi brekku sem hallar til vesturs. Þar er gróið deiglendi og mýri.

Hleðslan er 10x2 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er 0,4 m á hæð, algróin, liggur þvert í brekkunni og endar í mýri til suðurs. Ekki er ljóst hvaða hlutverki hún hefur gegnt.

Hættumat: engin hætta




Óljós hleðsla 018, horft til suðurs.

SP-623:019 tóft óþekkt

542198 622871

Lítill, einföld og fornleg tóft er á frammi á lágri brún nærri Jórunnarstaðalæk, um 55 m norðaustan við bæ 001 og 6 m norðan við tóft 021. Ekki er ljóst hvort að tóftin hafi verið innan eða rétt utan túnsins á Jórunnarstöðum.



Tóft 019, horft til suðurs á ljósmynd.

Mýrarsund er til suðurs en stallar niður að læknum til norðurs. Brúnin einkennist af mólendi, þar er þýft og vaxið mosa, lyngi og beitilyngi. Tóftin er vaxin sama gróðri og umhverfið. Sumsstaðar er komið rof í gróðurþekjuna á lækjarbakkanum en ekki næst tóftinni.


Tóftin er í mjög aflíðandi halla til vesturs. Hún er 5x3,5 m að stærð, snýr austur-vestur. Ekki er skýrt op á henni en gæti hafa verið í austurenda. Veggir eru hlaðnir úr torfi og eru 0,3 m á hæð. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en vel kemur til greina að um mó- eða heystæði sé að ræða. Ekki útilokað að mór hafi verið stunginn í mýrarsundinu sunnan við hana og næsta víst að slægjur þar hafi verið nýttar.

Hættumat: engin hættu

SP-623:020 tóft heystæði

542141 622694

Fornleg tóft er á hól í mýri innan mógrafasvæðis 008_1, um 20 m NNA við tóft 008_2 og rúmum 130 m sunnan við bæ 001. Tóftin er á þurri tungu milli lækja sem eru sunnan, norðan og vestan við hana. Allt nánasta svæðið var nýtt til mótekju og eflaust sláttar. Byggt á útliti og staðsetningu tóftar er líklegt að hún hafi verið notuð sem heystæði og/eða móstæði en þar sem hún virðist talsvert eldri en mógrafir



Heystæði 020, horft til suðurs á ljósmynd.

008_1 og þó einkum mótóft 008_2 er hún ekki skráð með þeim minjum.

Hóllinn sem tóftin er á rís upp úr umhverfinu og er hún áberandi uppi á honum. Svæðið í kring er flatt og deiglent.

Tóftin er 7,5x4 m að stærð, er einföld og snýr norður-suður. Ekkert op sést á henni og innra byrði veggjanna er óljóst. Veggirnir eru 1 m á hæð utanmáls en erfitt er að greina á milli hólsins og tóftarinnar. Veggirnir eru algrónir mosa og lyngi og eru 0,1 m á hæð innanmáls.


Hættumat: engin hætta

SP-623:021 tóft óþekkt

542198 622858

Lítill og illgreinileg tóft er austarlega í litlu mýrarsundi um 55 m austan við bæ 001 og 6 m sunnan við tóft 019. Ekki er ljóst hvort að tóftin sé innan túns Jórunnarstaða eða rétt utan þess.

Mýrarsundið er grasi gróið en norðan og sunnan við það eru þurrari svæði sem eru vaxin lyngi, mosa og beitylengi.



Tóft 021, horft til SSA á ljósmynd.

Tóftin er torfhlaðin og virðist grafín að nokkru leyti inn í lágan bakka í sundinu til austurs. Heildarstærð tóftarinnar er 9x5 m og snýr hún norður-suður. Syðst í henni er hólf sem er 5x2 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Suður- og vesturveggir eru illgreinanlegir. Líklegt er að op hafi verið í suðvesturhorni. Í norðurenda tóftarinnar er svo annað óljóst hólf sem er að mestu grafið inn í lágan bakka en lítilsháttar torfhleðsla er í norðvesturhorni þess. Ekki sést veggur á vesturhlið. Þetta hólf er um 2,5x3,5 m að


innanmáli og snýr þvert á legu tóftar. Veggjahleðslur eru 0,2 m á hæð. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en helst kemur til greina að þarna hafi verið heystæði eða álíka mannvirki.

Hættumat: engin hætta

SP-623:022 tóft heystæði

542050 622697

Einföld, gróin tóft af heystæði er fast sunnan við læk um 170 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 20 m suðaustan við tóft 024. Hluti af norðurvegg tóftarinnar er horfinn í lækinn og tóftin er í halla til norðurs. Tóftin er í litlum hvammi, fast sunnan við læk. Svæðið er þurrt.



Heystæði 022, horft til suðurs á ljósmynd.

Tóftin er 8x5,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Op er á miðri vesturhlið. Veggirnir eru 0,3 m á hæð og 1-1,5 m á breidd. Þeir eru algrónir grasi en lyng er einnig sjáanlegt í þeim.

Hættumat: engin hætta

SP-623:023 náma mógrafir

542242 622642



Mógrafir 023, horft til suðvesturs.

Óljós ummerki um mótekju eru fast suðaustan við mógrafasvæði 008_1 og 175 m suðaustan við bæ 001.

Mógrafasvæðið er grasi vöxnu mýrlendi sem er mjög votlent á köflum en þurrari brúnir inn á milli.


Ekki er svæðið skýrt afmarkað nema í austurjaðri og nær hann frá mógröfum 008_1 í norðri og til suðurs að læk sem afmarkar minjasvæðið í kringum Jórunnarstaði til suðurs. Áætluð stærð mógrafasvæðisins er 60x30 m og snýr það norður-suður. Mógrafirnar eru grónar og samansignar, 0,2-0,4 m á dýpt.

Hættumat: engin hætta

SP-623:024 tóft heystæði

542029 622714

Lítill, einföld tóft sem er að öllum líkindum af heystæði, er á norðurbrún lækjar, þess sama og tóft 022 er við skammt austar. Tóftin er rúmum 20 m norðvestan við heystæði 022 og tæpum 160 m suðvestan



Heystæði 024, horft til suðvesturs á ljósmynd.

við bæ 001.

Gróið deiglendi og mýri. Lækurinn er mjór og vatnslítill en farvegurinn er engu að síður um 1 m á dýpt. Tóftin er 5,5x4m að stærð, einföld og snýr nálega austur-vestur. Suðurhluti tóftarinnar hefur hrunið ofan í lækinn. Veggirnir eru 1 m á breidd, 0,2 m á hæð og algrónir.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

SB-623:025 náma mógrafir

541930 621797



Mógrafir 025, horft til austurs.

Lítið mógrafasvæði er meðfram lágum bakka í mýri fast norðaustan við sel 004_1 og um 1,1 km sunnan við bæ 001.

Upp og austur af mógröfunum er nokkuð blaut og grösugri mýri en þurrar brúnir framan og vestan við sem eru í stöllum niður á láglandið við Fjarðará/Austurá.

Mógrafasvæðið er 58x12 m að stærð og snýr norður-suður. Dýpstu grafirnar eru hátt í 1 m á dýpt en víðast eru þær grynri. Þar sem grafið hefur verið úr bakka eru mörk mógrafasvæðisins nokkuð skýr til austurs en nánast ógreinanleg til vesturs, undan halla. Grafirnar eru grónar og fremur þurrar.

Hættumat: engin hætta

SB-623:026 tóft rétt


542179 622806

Fornleg tóft er fast norðan við rétt 002_1, austan undir allháum melhóli. Tóftin er 45 m suðaustan við bæ 001 og 17 m sunnan við tóft 016.

Ætla má að tóftin sé innan gamla heimatúnsins á Jórunnarstöðum þó að hún sjálf og umhverfi hennar sé vaxið lyngi og mosa. Deiglent er austan við tóftina og þar vex gras.

Tóftin er einföld og skeifulaga,, er 7x6 m að stærð og snýr norður-suður. Ekki hlaðinn veggur á suðurhlið en mögulega hefur tóftinni verið raskað þegar rétt 002_1 var hlaðin. Veggirnir eru 1-2 m á breidd, 0,3-0,4 m á hæð og mosa- og lyngvaxnir. Þeir eru hæstir á vesturhlið.

Hættumat: engin hætta



Réttartóftir 002 og 026.




Rétt 026, horft til NNA.

SP-623:027 sáðslétta tún

542200 622810

Túnið á Jórunnarstöðum er fast sunnan við Jórunnarstaðalæk, vestan undir háum fjöllum. Það er afmarkað til vesturs af túngarði 017_1 og mögulega er óljós hleðsla 018 í austurjaðri túnsins einnig leifar af túngarði.



Kort sem sýnir hugsanlega afmörkun túnsins á Jórunnarstöðum og helstu mínjar innan þess og rétt utan við.
Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Túnið er í aflíðandi halla til vesturs. Gróðið er innan þess ef frá er skilinn hóll suðvestast í túninu en rof er efst í honum. Ekki er lengur mikill munur á gróðri innan túns og utan túns en þó er aðeins meira gras og grænni gróður í túninu, næst bæjarhólnum.

Túnið á Jórunnarstöðum var að líkindum um 1 ha að stærð en mörk þess eru ekki skýr til austurs og

suðurs. Ekki er til kort af túninu frá upphafi 20. aldar. Innan túnsins vex gras og lyng. Það er ekki mjög þýft en engin skýr ummerki um sléttun sjást í því.

Hættumat: engin hætta



Horft til suðvesturs yfir tún Jórunnarstaða. Lengst til hægri á mynd er Jórunnarstaðalækur í miklum vexti.

Viðauki I: Minjakort Hvalvatnsfjörður

Kortin eru unnin ofan á loftmyndir frá Loftmyndum ehf.

Hvalvatnsfjörður

Yfirlit - norður



SP-042 Arnareyri


SP-043 Brekka

SP-040 Kaðalstaðir

SP-041 Tindriðastaðir

SP-039 Þverá

0 250 500 750 1000 m



Hvalvatnsfjörður

Yfirlit - suður




Sp-040b-Kúsveinsstaðir

Sp-038 Kussungsstaðir


Sp-623 Jórunnarstaðaafréttur

Sp-037 Gil

0 250 500 750 1000 m



Gil - kort 1



Gil - kort 2



037004


621007_1

621007_2

037011


037015

037003



Gil

Heimatún og nágrenni



Kussungsstaðir - kort 1



Kussungsstaðir - kort 2



Kussungsstaðir

Heimatún og nágrenni



0 25 50 75 100 m

Þverá - kort 1



- 041043
- 041032
- 041030
- 039037
- 039034
- 041023
- 039021
- 039016
- 039020
- 039027
- 039007
- 039036
- 039031
- 039018
- 039019
- 039014
- 039035
- 039006
- 039003
- 039039
- 039001
- 039029
- 039008
- 039009
- 039033
- 039017
- 039010
- 039015
- 039013
- 039004
- 039022
- 039025
- 039011
- 039026
- 039012
- 039030
- 038028
- 038023



Þverá

Heimatún og nágrenni



039014

039035

039006

039039

039001

039009

039008

039029

039028

039033

039017

039032

039013

039010

039023

039022

039004

039025

039024

039011

039012

039026



Kačalstaðir - kort 1



043003

042012

042059

0400203

040010

040007

040013

040011

040006

040015

040014

0 100 200 300 400 m

Kačalstaðir - kort 2



043012

040020J

040015

040014

040019

040023

040022

040039

040008

040020I

040020H

040020

040037

040002

040031

041040

040040

040001

040036

040020G

040034

040020F

040035

040028

040033

040020E

040018

040005

040038

040029

040020D

041039

040020C

041038

040020B

040020A

041023


040025

039021


0 100 200 300 400 m

Kađalstađir

Heimatún og nágrenni




Kúsveinsstaðir Heimatún og nágrenni



Tindriðastaðir - kort 1



Tindriðastaðir - kort 2




Tindriðastaðir


Heimatún og nágrenni



0 20 40 60 80 m



Arnareyri - kort 1



044034

042029

042032

042042

042043

042041

042053

042014

042035

042023

042034

042016

042017

042015

0 100 200 300 400 m

N

Arnareyri - kort 2



042015

042035

042023

042034

042025 042028

042031

042052

042056

042024

042046

042055

042039 042051 042058

042054

042047

042045

042022

042013 043017 043014 043013

042008

042006

042057

043039

043035

043015

043016

042048

042002

043008

043037

043043

043020

042020

042030

043019

043045

043011

042060

043033

043028

043038

043029


042012

0 100 200 300 400 m


Arnareyri Heimatún og nágrenni



Brekka - kort 1




Brekka - kort 2



Brekka

Heimatún og nágrenni



Jórunnarstaðaafréttur - kort 1



621006

623006

623011

623010

623019

623021

623015

623027

623017

623002

623018

623024

623007

623003

623022

623008

623020

623023

623025

623004

623005

0 100 200 300 400 m

Jórunnarstaðir Heimatún og nágrenni



0 25 50 75 100 m

